Skrá þessi er tekiu hér eptir afskript Magnúsar Einarssonar á Jörva í Haukadal af skjölum um Dögurðarnes og Dimonarklakka á Breiðafirði, gerðri c. 1730—40, og eru skjöl þau nú í minni eigu. Er afskript sú ágæt og stafrétt eptir frumriti. En frumrit það af þessari skrá og þeirri næstu hér á eptir, er Magnús á Jörva hefir haft fyrir sér, hefir þó varla verið hið upphaflega frumrit skrá:innar frá 13. öld, heldr að öllum líkindum afskript frá c. 1530. Á það bendir stafsetningin um sumt, þó að mart sé fornt í henni. En því ætla eg að frumrit Magnúsar að skránni hafi verið frá hér um bil 1530, að þá og nokkru síðar geingu dómur um þessi landamerki, og þá var einmitt „gömul skrá“ um þau borin í dóm og dæmd „sönn“ og nýt (áreiðardómur séra Ólafs Guðmundssonar og Dada Guðmundssonar 12. Nóv. 1530). Er þá harla líklegt að skrá þessi hafi verið afskrifuð, svo að hún væri til í meira en einu lagi til þess að nýta hana í málum þessum, sem sýnast hafa staðið leingi yfir, og að þeim hafi ekki lyktað fyrri en Ögmundur biskup úrskurðaði á synodo 27. Júní 1537 lögleg þau landamerki. er sú „landamerkjaskrá og áreiðslubréf“ inni héldu, er fyrir hann komu, og getr hér ekki verið átt við annað en þessa skrá og áreiðardóminn frá 12. Nóv. 1530. Ekki getr heldr vel verið átt við annað en þessa skrá í Staðarhólsdómi Jóns lögmanns Jónssonar 23. Apr. 1601, þar er segir, að fram kæmi „ein gömul landamerkjaskrá, hvar eð inni stóð greinilega landamerki á milli“ Dögurðarness og Arnarbælis, og er þar dæmd nýt, en að aungu haldandl öll þau skilríki, „sem á móti hljóða optnefndri skrá, áreið [12. Nóv. 1530] og úrskurði [27. Júní 1537] um fyrr skrifuð landamerki“.

Aldr skrár þessarar er hér settur eptir því, sem líklegast þótti að ráða af nöfnum þeirra manna, er í henni standa og þekkjast nú með

vissu. Steinólfr Ingimundarson er án efa sá, er bjó í Búðardal 1235 (Sturl.¹ II, 171) og bróðir Þorbjarnar, er þar bjó enn 1242—43. En um hina af þeim, er til landamerkjanna segja, er alt óvísara. Þó gæti manni í fljótu bragði dottið í hug, hvort Marteinn Jóansson væri ekki sami maðr og sá, er féll í Grímsey með Fyjólfi Kárssyni úr Flatey 1222 (Bps. I, 533; Sturl.² II, 256), og að Gunnar Markússon sá, sem hér er nefndr væri sá hinn sami Gunnar og nefndr er í Grímseyjarföör og féll þar, og að þeir hefðu báðir verið að vestan og í fylgd Eyjólfis Kárssonar úr Breiðafirði. Ef svo væri, þá ætti skráin að vera gerð nokkru fyrir 1220 eða varla síðar en 1216. En sá er hængr á því, að hér í skránni eru nefndir tveir menn, sem þá hafa ekki verið komnir af barnsaldri, en það eru þeir Bjarni og Guðmundr Snorrasonir, sem án alle efa eru synir Skarð-Snorra. Snorra sjálfs er fyrst getið 1223 (Sturl.² I, 263), og elztu synir hans Bárðr og Sigmundur eru fyrst nefndir sem fulltíða menn 1235 (Sturl.² I, 335, 336), og munu þeir þá ekki fyrir laungu komnir af æskuskeiði. Í Sturlungu er Bjarna Snorrasonar fyrst getið 1264, en þá hefir hann líklega verið nokkuð roskinn maðr, á að gizka um eða undir fimtugt. Guðmundar sonar Skarð-Snorra er að vísu ekki getið í ættatölum, en nafn það er þó í þeirri ætt, og var Guðmundr Snorrason sýslumaðr í Þórnessþingi (d. 1354) sonr Snorra lögmanns Narfasonar, Skarðs-Snorrasonar. Má ætla að synir Skarðs-Snorra hafi verið flestir orðnir fulltíða um 1245.

Það gæti í sjálfu sér oltið á tveim mönnum, hver sá Lambkár sé, sem nefndr er hér í skránni, en það er á Lambkári Gunnsteinssyni í Galtardalstungu (Bps I, 599) og Lambkári bróðursyni hans Þorgilssyni, er ábóti varð og lézt 1249. Að vísu hafa sumir heldr hneigzt að því, að Lambkár Gunnsteinsson muni aldrei hafa til verið, og að í Guðmundarsögu muni það ritvilla ein fyrir: Þorgilssonar, Gunnsteinssonar. En móti þeirri ætlan hnígr það þó heldr, að ekki er getið neinna barna Lambkárs ábóta, en hins vegar er getið bæði Helga Lambkárssonar, — föður þeirra séra Aðalbrands og séra Þorvalds, — og Ingibjargar Lambkársdóttur systur hans í Aðalvík, og kæmi það vel heim tímans vegna, að þau væri börn Lambkárs Gunnsteinssonar. En hitt er eptir að vita, hvort Lambkár Gunnsteinsson hefði verið enn á lífi 1240—50, og er það ekki mjög sennilegt. Verðr því ekki annað fyrir en að Lambkár sá, er tekið hefir þenna landamerkjavitnisburð, sé einmitt Lambkár ábóti. Það verðr og enu sennilegra, þegar þess tvenns er gætt, að Sturla lögmadr Þórðarson hefir átt Dögurðarnes um þetta leyti, eins og sézt á næstu skrá hér á eptir, og svo hins, að svo er að ráða sem Lambkár ábóti muni hafa verið með Sturlu á Staðarhóli hin efztu ár æfi sinnar, að minsta kosti 1242 og úr því (Sturl.² II, 408—409). Má því ætla að hann hafi tekið vitnisburðina í umboði Sturlu, og er þá sízt fjarri að árfæra skrána til hér um bil 1245.

Þessi ero landamerke of Daugurdarnes. at skalastraumur skilur fyrir sunan. En alptavágr fyrir uestan og fyrir nordan vpp at raudalæk. Þa skilr ór raudalæk sionhending fram med setorfnahtollte og þar yfir þuera mýrina j giallkelsuatn. Og er þar j mýrinni pollr diupr sem landzmerkit er. Þa skilr ór uatninv þar sem foglþvf(a) er á uatzstraundinni at enda uazins. og sionhending j saurbru þa er eigi þornar uatn j á sumarit. Enn su bru er j gautu þeirri er liggur framan epter asum til hraunfiallz. Enn v́r saurbru þeirri skilr sionhending ofan med hraunfialli. og só yfir þuera mýri þa er j milli steinsholltz er og hraunfiallz. Og er þar enn pollr diupr j mýrinni sem landzmerkit er. og vr þeim polli skilr sionhending ofan epter mýrinni (sem) j milli steinshollz er og arnarholtz. Og su sionhending allt ofan j skogarholt þat er sem leingst gengur at mýrinni sunnan at fra biarnarstodum. Enn þar í mýrinni fyrir nedan holltith hefst vpp marklækr. og fellr hann j sæ fyrir innan marknes. og skilur sa lækr Davgverdarnes og arnarbæli. þa skilia lón j milli skúleyiar og Dauguerdarnes. allir holmar j þeim lónum ut fra marknesi fylgia Dauguerdarnesi. huort sem ero firr skáley edr nær nema sviney en litla. allir holmar og eyiar þær sem fiarar j vmbhuerfvm dauguerdarnes. fylgia þui.

Þessi aull landamerki um Daugurdarnes. saugdu þeir steinolfir ingimundzson. og pall olafsson. gunnar markusson. Marteinn joansson. og arni manason. at hia veranda. biarna snorasýni. og þordi eyiolfssyni. gvdmvnde snorrasyni. þorleifi marteinssyni. jórundi þorarinssyni. stefani jonssyni og morgum audrum godum monnum. og suo stadfestu þeir þenna sinn vitnisburd. at þeir handfestu lambkári at sueria þessi oll landamerki at vitnvm þeirra manna sem fyr voru nefndir. Og med þessu hafde lamkár sidan attaululaust medan hann átti dauguerdarnes.

2.

[um 1245].

SKRÁ um ítök Dögurdarness á Skarðsströnd, að því, sem

1*

Sturla (lögmaðr) Þórðarson sagði og með slíkum skilgreinum, sem hann kveðst kaupa og selja.

Eftir afskrift Magnúsar Einarssonar á Jórva í Haukadál c. 1730—40 af Dögurðarness og Dimonarklakkaskjöllum, sem getið er hér fyrir framan. Um aldur þessarar skrár er þess að geta, að hún stendr í handritinu áföst fyrri skránni, og má því helzt ætla, að hún sé frá sama tíma. Að öðru leyti verður ekki sagt nákvæmar um aldr hennar.

Þessi fylgia ítök Dauguerðarnesi.

stóðhrossa beit á kuennahuols hialla. tuo mánude. annan a haust. enn annað mánud á vor. fimm hrossum. þrimur gömlum. enn tueimur ungum. og færa suo langt vpp at eigi siai heiman fra bænahus Dyrum. þar í moti á kuennahvoll torfskurd j salltnes. og liggur þar hagagardur vm þuert nesit sæfa í milli. og eig(u) þeir af kuennahuali fyrir fram-an gardinn a medan þar vintz.

annat ítak er j arngrímsstada land. þat er eing allt milli fabeinsúr og úidilækjar. nedan fra raudalæk og allt upp undir laugabrecku. og þar undan breckunni fram j úide-læk. þá er fiarbeit þadan af allt upp vm kallzhaga undir brun í milli fabeinsár og úidilækjar. ef selfór er haufd vr Dauguardarnesi¹⁾.

Þridia ítak a kirkian j Dauguerðarnesi j Budardal undir suartzhamar. sex gelldnauta afriett. og eiga þeir ur Daugverdarnesi at fa mann vm dags sakir at bæta at hagamardi þa (er) nautin ero rekin.

fiorda jtak á enn kirkian j Daugverdarnesi skóg j hravnfialli nedanverdu milli hraunsnefia tueggja. og horfir su skogarkinn ofan at steinsholli.

Med þessum greinum hefir Daugverdarnes bæde verit sellt og keypt at þui sem sturla þordarson sagde. og med slikvm skilgreinum kvezt hann kaupa og selia.

3.

1263.

GAMLI sáttmáli af hendi Íslendinga við Hákon konung gamla um skattgjald og landsréttindi Íslands.

¹⁾ Svo.

Stockholmssafn C4 bl. 117^a—118^a, skinnbók með hendi Ara Ólafssonar frá Hafgrimsstöðum 1585 eða síðar. Þessi texti af gamla sáttmála er notaðr við orðamun (C) af Norðmönnum við útgáfu þeirra af sáttmálanum í Norges gamle Love I, 460—61. Segja þeir bókina skrifaða c. 1600 og árfæra sáttmálann til 1262, en Jón Sigurðsson færir hann til 1264, og notaði hann aldrei eða hafði jafnvel aldrei í höndum þessa skinnbók. Þó að það sé að bera í bakkafullan lækinn að prenta þenna sáttmála, jafn opt og hann er prentaðr í I. bindi safus þessa (661—716), þykir mér þó rétt að prenta hann hér eptir þessari skinnbók, sem ein allra árfærir hann sjálf, hvað mikið eða lítið mark sem á árfærslunni er takandi (sbr. DI. I, 671).

Gamli sáttmali vm skatt.

J Nafni fodur oc sonar oc anda heilags :

War med þessú jatad oc samþýckt skattgialldi af jslandi vnder noregs kruno af almuganum med lofataki ú alþingi en ongú odrú :

Wær biodum virduligúm herra hakoni kongi hinum korunada vora þionústú vnder þa grein laganna sem samþýckt er milli kongdomsins oc þegnanna er landit byggia. fyrsta grein.

J fyrstú grein ad vier vilium giallda kongi skatt oc þingfararkaúp sem logbok vottar oc alla þegnaskýlldu. Súo framt sem halldit er vid oss þat ú motj var jýtad skattinum.

J fyrstú ad vtañstefningar skilddúm vier ðnguar hafa vtañ þeir menn sem dæmder verda af vorúm monnum ú alþingi búrt af landinú.

Jtem ad jslendsker sie logmenn oc sýslúmenn hier ú landinú af þeirra ætt sem ad fornú hafa godordin vpp giefid.

Jtem ad vj hafskip gangi ú hueriú arj til landsins forfallalaust.

Erfdur skulú vpp giefast firir jslendskúm monnum j noregi huersú leingi sem stadit hafa. þegar rietter arfar koma til edur þeirra vmbodzmenn. landaurar skulú oc vpp gefast.

Jtem skulú jslendsker menn hafa slijkan riett j noregi sem þeir hafa údur bestañ haft.

Jtem ad kongur lati oss na fridi oc jslendskúm log-
úm epter þui sem logbok vor vottar oc hann hefur bodit j
sijnum brefúm sem gúð giefur honum framast vit til.

Jtem jarl vilium vier hafa yfer oss medañ hann heldur
trúnad vid ydur eñ frid vid oss.

Hallda skulú vier og vorer arfar allañ trúnad vid ydur
medañ þier oc ydrer arfar hallda trúnad vid oss oc þessar
fyrskrifadar sættargiörder. en laúser ef rofin verður af ydari
alfú að bestu manna ýfersýn: Anno M. ij^c lxij.

4. 19. Júní 1302. á Þórsnessþingi.

VITNISBURÐAR Bárðar (lögmanns) Högnasonar og Sturlu Jóns-
sonar um gjöf Marteins, Narfasonar á Höskuldsey til Helga-
fellsklausrs.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Lands-
bókasafni 858. 4^{to}, bl. 157^b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c.
1600. Sbr. Dipl. Isl. II, Nr. 174.

Bárðar logmans og Sturla Jonssonar vitnizburdur vm Hoskolldzey.

Þeim godum monnum sem þetta bref sia edur heyra
senda Bardur Hognason og Stulle Jonsson quediu guds og
sijna kunnigt giorandi að vid vorum j hia er þeir sijra
Bardur prestur og¹⁾ þáll kimblason vottudu¹⁾ að: Marteinn
Narfason gaf Hoskolldzey fyrir j vetri og 20 stadnum a
Helgafelli til eignar. og þar visse eingi að Marteinn hefði
þessa firnefnda ey aptur vnder sig tekid til eignar. skrifade
bardur logmadur þenna eid a Tyrzdagin j trinitatizvijku. á
þornessþinge. að hiaverandi abotanum og odrum godum
monnum.

Og til sanninda hier vñ.

¹⁾ b. v.; vantar í hdr.

5.

23. Júní 1311. á Þorleiksstöðum.

BRÉF um landamerki Þorleiksstaða í Blönduhlíð.

Frumbréfasafn Jóns háyfirdómara Pétssonar í transskripti á skinni frá 21/6 1546; nú í Landsbókasafni. Bréf þetta er grunsamlegt og því líkt sem það sé falsbréf. Sbr. Dipl. Isl. III, Nr. 7.

Öllum monnum sem þetta Brief sia edur heyra senda Paull prestur Þorsteinsson og Olafur Ge(i)rmundsson quediu Guds og sina kunnugt giorandi at sub Anno Graciæ Millesimo trecentesimo decimo primo næsta Dag fyrir Jons Messo Baptistæ æ Thorleikstöðum i Blönduhljyd æ landadeild(a)r stefnu fyrir Gudmundi lögmanni worum vid hióu og heirdum a þá nefndur Gudmund logmadr tok so fallinn Eijd af Haralldi Sigrdssyni og Þoruñi sistr hans. Jsleifi Brandssýni og joni Bergsveinssyni at su væri landeign Thorleikstada uti marklag ur henni rædur gardur yfir æsinn Sionhending upp i sonefnda AkraDæl. ur marklag deilir stefna ofaþ yfir Giegner westr i illakijl. sem afdeilir Akra-kijn allt fram i fremra Giegnirs drög til þvergarda. ur þeim upp beina stefnu i hrolfstadalæk. rædur hann sijdaþ merkium milli Miklabæ(a)r og Thorleikstada upp til mots vit stein sem stendur i myrinne sudur og upp undaþ Mossagrund. undaþ steininum rædr gardr sionhending sunnaþ loptsgerdi fyrer utaþ waglatun og so beint upp epter rietsýnis i fiallseggina. Epter þessari eidfestri profan dæmdi welnefndur lögmann Gudmundr tiltekid land under Thorleikstadi med fullum laga atkvædum.

6.

1312.

25. Júlí 1506.

á Hólum.

MÁLDAGI Háls kirkju í Fnjóskadal í transskripti þriggja presta (Falsbréf).

Frumrit á skinni úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni. Innsiglið fyrsta er heilt og stendr á því nafn Gottskálks Jónssonar. Annars sýnist bréfið ekki geta verið svo gamalt sem frá 1506 með neinu móti og er óbyggjandi *falsbréf*.

Þat medkjenunst vid gottskalk ionsson ion gottskalk-son og olafur tumasson prestar at vit hofum sied oc yfer lesid a holum j hialttadal fornan maldaga halz kirkiu j fnioskadal er skrifadur hefur verit MCCCXII arum epter gudz burd so latande ord epter ord sem hier epter stendur skrifat.

kirchia hins heilaga pieturs postula a halse j fnioska- dal. hun á alltt heimalañd. Birningstadi. kambstadi. Sand- hauga. lamselli wm allañ fnioskadal oc aull torfa millum þuerar oc fnioskar þingmannalækjar og markdælar [*er liggur fyrir sunnan langhól vit voluwordu. og riettsýnis ofan alltt j þann gard er ligur ofan at fnioska gagnvart sidra skoga lañdamerki*¹⁾]. reka a fliozt sandi. siettungur bædi hualreka og vidreka fra flioztose. nær til midz sandz. siettungur vidur liösvetninga. so oc j nattfaravikum millum huanndala og suíinar. oc skal allur sa siettungur fyrst takaz. teigur filger j kinn nordur. ut fra fñstodum oc þýfeteigur innan garda. afriett a heidi ut. hælzmanna tungur.

oc til sannenda hier wm settum vit vor inögli fyrir þennan maldaga. a Holum j hialttadal a sialfa Jacobz- messo arum epter gudz burd MDCVI.

[Upplosed fyrer Herads þjngs Rettonum á Halse d. 3 Maji Anno 1740.

Testera

J Benedixson

Joon Eggertson

Upplosed fyrer Mañtals þjngs Rettenum aa Halsi d. 24. Maii 1743

Testera

J Benedixson

Oddur Olafsson²⁾.

¹⁾ [Þetta er sá kafi máldagans, sem hér virðist vera falsaðr, og til þess að koma þessum kafi inn hefir leikrinn verið gerðr, því að þetta stendr í eingum máldagabókum biskupsstólsins á Hólum (Sjá Dipl. Isl. II, 439; III, 572; V, 298). Ef svona áriðandi ákvæði hefðu verið kom- in inn í máldagann á dögum Jörundar biskups, er óhugsandi að hinir síðari biskupar hefðu felt það niðr, svo að þetta hlýtr að vera fals, og ártal svo sett af handahófi. ²⁾ [Után á bréfinu.

7. 23. Febrúar 1357. á Helgafelli.

ÁSGRÍMR ábóti á Helgafelli selr Þórði Flosasyni jörðina í Einiholtum fyrir Héðara-Lón og nokkurt lausafé.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to bl. 151a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Örstutt ágríp af þessu bréfi með ártali 1350 er prentað í Dipl. Isl. II, Nr. 531.

Kaup fyrir nedra¹⁾ Lone.

Anno¹⁾ Domini Amen var þetta kaup þeirra asgrimz abota ad Helgafelli og Þordar flosasonar ad abote selur honum Jord alla j Eyñeholltum med ollu þui sem fylgdi ad fornu og nyiu og hann og stadurinn vard fremst eigandi ad. Hier j mot gefur Þordur land allt j hiedara Lóne med ollu þui hann vard fremst eigandi ad. þar ofaþ ð flogur hundrut vadmala og hest sliþkaþ sem Þordur vill. Jtem kw og hross þrievett. er stendur med Jordunne. skal abote og stadurinn suara Lagaríptingum ð Eyñeholltum. enn Þordur ð Jord og gosse þui sem hann gefur fyrir.

for þetta kaup fraþ ad Helgafelli jn vigilia Mattheie 1357.

8. 27. September [1358]. á Stað á Ölduhrygg.

SAMNINGR Ásgríms ábóta á Helgafelli og Órækju Sturlusonar um landamerki Ingjaldshvols undir Jökli með þeim atriðum fleirum, er bréfið greinir.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 148b—149a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600.

Brief um landamerke Ingjaldzhuolz mille Asgrijmz abota og Orækju Sturlusonar.

Jn nomine Domini Amen.

Var þesse skilmale mille Asgrijmz abota og orækju Sturlusonar vm þann agreining sem mille þeirra bar af

¹⁾ Svo.

stadarinz vegna að Helgafelli og Jngialldzhuolz að stadarinz Eign skillde æfinleg þaðan j fra. og¹⁾ allur skialldbreidur mille nefndra takmarka. Jarðfallalækjar og Holmzkijlu. og þar með allur Búrfellzdalur. á allañ hatt kviitt og akiærulaust fyrir orækju og hanz erfingium. skilldi nefndur orækja hafa manadar beit fie sýnu j bwrfellzdal meðan hann byggie a Jngialldzhuole. so framtt sem hann være stadnum thil greida vñ þad sem hann kynne með að þurfa. Hier með skilldi orækja giora stadnum sljkañ godvilia. sem hann villdi fyrir þann averka. sem hann hafde vinna latid a skialldbreid. sijdan stadnum var dæmdur hann til eignar. enn vñ Rif og reka fyrir Hraunskardi skylldu (þeir) þad að sætt hafa og stodugtt hallda fyrir sig og sijnum epterkomendum. sem þeir menn giorde þar vñ. sem gyrder biskup nefnde til.

var þesse sattargiorð a stad á ollduhrygg in festo sanctorum martyrum Cosmi og Damiani²⁾.

og til sanninda hier vñ. setti sijra flose Jonsson. Þorleifur Sámsson. Biorn Sturlason. prestar. Snorre andriesson. Biorn Jonsson. leikmenn. et cetera.

9.

[1358].

ÞORGILS Guðlaugsson lofar Ásgrimi ábóta á Helgafelli, staðnum til eignar, hálfri jörðunni Keflavík undir Jökli, gegn því að ábóti taki Loft son sinn til kosts og kenslu á staðinn, svo að hann megi vígjast til messudjáknns.

Eptir skalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 151a—b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðasonar c. 1600. Ágrip af þessu bréfi er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 259, með ártali 1377, sem þar er tekið eptir Kirkjusögu Finns biskups, en af samanburði við önnur Helgafellsskjöl, sem nú eru frám komin, fær það ekki staðizt, og verðr ártalið að vera hér um bil 1358.

¹⁾ Svo. ²⁾ Ártal bréfsins mun vera hér um bil 1358, því að 10. Marta 1356 kaupir Órækja Ingjaldshól, og Gyrðr biskup er enn á lifi, þegar þetta bréf er gert, en hann dó 1360 (sbr. Dipl. Isl. III, Nr. 78).

Gíafabref fyrir halfre Kíeflavíjk.

Jn nomine Domini Amen

var þetta kaup þeirra asgrímz með guds náð abota a Helgafelli og Þorgíljz gudlaugssonar að Abote tekur með Loffte syne hanz a þennan hatt að hann jatar honum a stadarins vegna koste og kíendslu þar til að hann er so fær fyrir namz saker að biskup vilie víjgia hann til messu-diaknz stíettar. Hier j mot lofar Þorgíljz til stadarins til æfinlígrar eignar land að kíeflavíjk halftt fyrir 8°. ef það reíknast so mjúkid með sanníndum. að fornu lægie. enn leggia slíjktt til sem vantar. með ollum þeim gognum og gædum sem það hefur att að fornu og nyo og hann vard eigandi að og þar til v kugíllde og hest. sie píllturínn so torvelldur til námz eda deyr hann fyrr enn hann fær þessar víjgslur. eda einhuor forfoll ganga til að eigi er von að hanu fae þessar víjgslur. þa skíkur þorgíljz síer aptur so míkla penínga sem afganga koste hanz og næme. þurfe hann og so langa yfersetu til nams að skynsomum monnum vírdist að staturínn sie eigi halldínn af þessari forgípt. þa skal til leggia so jafnt þyke.

voro þessar vottar víd Jon Solmundarson. Snorre Andresson. Eyolfur bíarnarson. gudmundur aurnolfsson et cetera.

10.

[um 1360].

HALLVARÐR Oddsson selr Helgafellsklaustri jörðina í Hrúts-holti í Hnappadalssýslu, að sérlega tíltöldum skógi og eíngi í Söðulsholtsland.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfírdómara Pétrssonar, nú í Lands-bókasafni 858. 4to, bl. 137b, með hendi Jóns lögmanns Sígurðssonar c. 1600. (= Dipl. Isl. III, Nr. 105).

Gíafabref fyrir Hrussholte.

Hallvardur Oddsson selldi klaustrínu og Asgríme abote Jordina Hrussholtt með ollum þeim gognum og gædum sem þar á að fylgia að tíltoldu síerlíga skogíe þeim er stendur

fyrir sunnañ ðna fyrir sunnañ modruskalahollt og eingie j Söduholltz Jord sem bref þar vñ giortt vottar et cetera. [Hier vanttar ij blod j maldagann¹).

11.

[1360].

SNORRI Andrésson selr Ásgrími ábóta og klaustrinu á Helgafelli jörðina að Horni fyrir fjórðung í Berserkseyri og lausafé að auk, og er þar í talin bók, er Kolbrún heitir.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pátrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 152b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Þetta bréf er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 257 eptir nokkuð afbökuðum afskríptum, og með efablöndnu ártali 1377, sem þar er tekið eptir Kirkjusögu Fians biskups. En það er bert af þeim Helgafellsbréfum, sem nú eru komin fram, að það ártal fær ekki staðizt. Í afskrípt af bréfinu, sem komin er frá séra Guðmundi Jónssyni Hellna-presti, stendr ártalið 1460, sem að visu er rangt, og hefir með öðru orðið til þess að sagnaritarar hafa talið, að sá hafi heitið Ásgrímur er ábóti var á Helgafelli það ár [(1460). Sjá Tímarit Bókmentafélagsins VIII, 233]. Eun þótt þetta sé rangt, sýnist það þó að nokkru benda í rétta átt, og mun vera farið aldavilt af misritan, svo að hið rétta ártal bréfsins verðr 1360. Kemr það vel heim, því að nú er það ljóst orðið, að Helgafellsklaustr fær fyrst *alla* Akrey hjá Snorra Andrésyni 1365 (sjá Nr. 18 hér á eptir).

Kaup fyrer Horne.

In nomine Domini Amen

var þetta kaup þeirra abota Ásgrímz og snorra Andrés-sonar að snorre selur abota Jord að Horne með ollum þeim gognum og gædum sem þui landi fylgia á og hann varð fremst eigandi að. Hier j mot gefur aboti j bersersseyre fiordung með ollum þeim gognum og gædum sem abotin varð fremst eigandi að. og þeirre Jordu eigu að fylgia til fiordungz og v^c er sijra Thomas Snorrason gaf til stadarinz j sijnu Testamente og þar til bok er kolbrun er kollud. og leiguburd af halfri akurey með tueggia kugilla leigu. ero þau merke að mitt hraunskard á fra þorustada-

¹) [á spássiu í handritinu.

firdi millum hornzselia og kothraunz. skilde huor sier aptur þad sem hefði at(t) ef nockrar lagaríptingar geinge á.

voro þessar vottar vid sijra Jon Hall(dor)sson. sijra Snorre þordarson. Halldor Jonsson og Einar Gudmundsson [og marger adrer goder menn¹).

12. 14. Janúar [1362]. í Grunnasundsnesi.

EINAR Þorláksson fær Ásgrími ábóta og klaustrinu á Helgafelli jarðirnar í Botni og á Þorustöðum, en skilr Þorbirni frænda sínum í mót kost, klæði og kenslu, þar til hann væri vígðr til prests, og þar með fimm hundruð í bókum, messuklæði og kaleik.

Eftir skjalabók úr safni Jóns Pétssonar háyfirdómara, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 151b, með hendi Jóns lögmans Sigurðssonar c. 1600. Ágrip af þessu bréfi er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 256, með ártali 1377, sem þar er tekið eftir Kirkjusögu Finns biskups, en fer nú ekki hæglega staðizt eftir að komið er í ljós testamentisbréf Einars Þorlákssonar frá 14. Janúar 1362, því að svo sem það er orðað hefir Einar þá verið dauða nær og þá dagana verið að ráðstafa sínum efnum, sem honum þótti mestu varða, og mun hann hafa dáíð það ár. Er því ljósast að þetta bréf geti ekki yngra verið en 1362, og frá því ári mun það vera. Einar hefir verið bróðir Ketils hirðstjóra.

Kaupbrief fyrir Botne.

In nomini²) Domini Amen

var þetta kaup þeirra asgrimz abota og Einarz Þorlákssonar að abote tok með Þorbyrne frænda hanz og jatade honum koste. kiendslu og klædum. þar til hann væri prestur að víjgslu. ef honum yrde það audit og þar með v^c j bokum og messuklædum og kaleik. hier j mot lagði Einar til klaustursinz Jord j botne og a Þorustodum. v kugilldi og v^c j haustlagie.

var þetta bref giortt (j) grunnasundznese post octavam Epiphaniæ³) þessum monnum hiaverondum sijra Þorleife

¹) [sl. 858; b. v. sbr. Dipl. Isl. III, bls. 313. ²) Svo. ³) Þetta er helzt svo að skilja, vanti hér ekki í, að dagsetningin sé næsta dag eftir áttund þrettánda dags eða 14. Jan.

Jonssyni. Lopti diakna þorgilssyne. augmunde Þorvalldssyne og Olafe Þorsteinssyne.

13.

14. Janúar 1362.

TESTAMENTISBRÉF Einars Þorlákssonar (bróður Ketils hirðstjóra), þar sem hann meðal annars gefr Helgafellsklausri til legs sér jörðina í Hraunfirði.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 152, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Örstutt ágrip af þessu bréfi er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 153.

Giafabref fyrir Hornzfirde¹⁾.

In nomine Domini Amen

giore eg Einar Þorlaksson þetta testamentum til syndalausnar mier og saluhialpar heill ad samvitsku þo nockud sie krangett j lijkamanum.

(J) fyrstu ad eg kys mig liggia ad H(eilagri) Helgafellzkirkiu epter þui sem gyrder biskup j Skóúllholte hefur þar orlof til giefit. hef eg til þess legz lagtt land allt j Hraunfirði¹⁾. med þessum skilmala ad sex fiordungar smiorz skulu giefast ártijdardag minn þurfamonnum af stadnum ad Helgafelle æfinliga. og seigiast salumessa ártijdardaginn æfinliga med ollum tonum sungnum salutijdum. og nefna mic thil bænar huorn sunnudag j kirkiu. hef eg hier med adur lagtt thil stadarinz j Testamentum x^o et cetera. hefur abote. med brædra sinna samþycke. jatad mier brodurligri vtferd. med þuilijkum eptergiordum sem þeim heyrir.

Jtem ij^o til stadarinz j skóúllholte.

krossholtzkirkiu j^o.

j^o kirkiu j nortungu.

j^o kirkiu j áse.

j^o fatækum monnum jnnañ xij manada.

skal þetta allt riettgolldid j vadmalum.

j^o fatækum monnum j kosti og klædum jnnañ sio natta.

¹⁾ Svo.

Sugurdi brodur mijnum kw.

Þorgierde Hauskolldzdottur .v^c. iij kugilldi og ij^c j þarfligum hlutum.

j^c konu þoralfz.

morg¹) jngolfi.

gior(i) eg skylldugliga ad allar mijnar vijsskullder (greidist) þær sem eg atti ad lwka. gef eg mig gude j valld og mijna sal med jdran og audmiuku hiartta. enn eg neita fiandanum ovin allra godra hluta. og ollum odrum jllum hlutum. bid eg drottinn minn og þijna sætustu modur og alla helga til arnadar ordz. skal mitt Testamentum standa obrigdugliga hiedan af.

Actum Anno 1362 in festo felicis.

14.

27. December 1362.

Björn Jörundarson selr Ásgrimi ábóta að Helgafelli jörðina á Bakka (í Helgafellssveit) fyrir lausafé.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfrdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 152b—153a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. — Örstutt ágríp af þessu bréfi með ágizkuðu ártali 1360 er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 106.

Brieff fyrir Backa.

Jn nomine Domini Amen.

var þetta kaup þeirra asgrimz abota ad Helgafelle og Biarnar²) Jorundarsonar ad Abote keypti³) ad honum land allt a backa med ollum þeim gaugnum og giædum sem hann vard fremst eigandi ad. og þui atte ad fylgia ad fornu og nyiu. Hier j mote giefur aboti byrne kyr v. v asaudar kugilldi. giellfiar kugilldi. fimttan .c. vadmala. v^c j gripum vird til fullra aura. Lwka a fyrsta dre xij^c j vadmolum og iij^c j gripum. enn a thueimur drum odrum skal lwkast ad helminge allt annat landz verdit. nema abote

¹) Þ. e. mörk. ²) Hann er kallaðr Bjarni í ágripinu. ³) b. v.; vantar í hdr.

villie lwka skiotara. lwkast xij alner j leigu af huoriu hundradi er olwkt er. skal biorn abyrgiast allar lagaríptingar á lande og lwka stadnum jafnmarga og jafnfrida aura aptur j mote ef brigdast kann. enn abote er skylldugur ad hallda Jordinne til laga. skilur biorn sier aptur so morg hundrut og jafnfrid j jaurdu sem eigi verda lwktt.

voro þesser kaupvottar. Sijra Snorre officialis. sijra fosi. Þordur flosason. Snorre Andriesson. Biorn Jonsson. Sueirn Solrunarson. Jon gudmundsson. Anno 1362 in festo Johanniz apostoli.

15.

22. Apríl 1364.

SAMNINGR frá Haldóru Þorvaldsdóttur og Ásgrims ábóta um jarðirnar Hóla, Garða og Þæfustein, er Haldóra hafði áðr gefið Helgafellsklaustri, svo og um önnur fjárskipti.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 150a—b, með hendi Jóns lögmanus Sigurðssonar, c. 1600. Ágrip bréfs þessa er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 171.

Brief fyrir Hoolum. gordum og þæfusteine.

In nomine Domini Amen.

var þesse skilmale Ásgrimz abota og fru Halldoru Þorvalddzdottur vm leiguburd a þessum Jordum þrimur sem hun hafdi áður giefið stadnum a Helgafelli a Snæfellznesi Hoolum. gordum og þæfusteine. Enn nu endurnyiade hun þa somu gíof med handlogum vid Abota Ásgrijm alagalaust vid stadin til nockurz þunga á þann mata ad stadurinn skilldi þær æfinliga eiga. med ollum þeim hlunnendum. sem þeim fylgdi. Enn abotinn skillde lwka fru Halldoru xx vætter skreidar. og þar til huortt er abotinn vill x vætter skreidar edur ij fiordunga smiorz fyrir hueria vætt. Jtem fær hun Abota til leiguburdar átta kyr og fiogur asaudar kugilldi. skal þar lwkast j leigu iij vætter smiorz. skal þesse Jarda leiga og kugilldi lwkast ad Helgafelli á huortt á. á stadurinn hier af x kugilldi. Jtem skal smávidur leggiast af rekum til firsagdra jarda. so ad þær verdi leigu-

færar. Enn frú Halldora skal hafa hualreka og hina stærru vidu, medan hun lijfer, og skipa þui vid stadinn, sem hun vill, enn stadurenn á allañ reka med fyrgreindum Jordum og kugilldum stadnum frials alþingiss og leigulaus.

Og til sanninda hier.

Anno 1364 decimo calendas Maij.

16. 23. Júní [1364]. í Görðum.

GURÐR bóndi (Þorvarðsson) selr með samþykki Ingu húsfreyju sinnar Ásgrími ábóta og staðnum á Helgafelli jörðina í Vatnsholti í Staðarsveit fyrir Svafhól í Miklabólts-hrepp, með fleira skilordí, er bréfið greinir.

Eftir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 142a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Ágrip af þessu bréfi er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 61, með ártali 1354 að ágizkan, en í handritum stendr 1345, sem ekki fær staðizt. Nú síðan þetta bréf er komið fram nokkurn veginn heilt og önnur fleiri Helgafellsskjöl, er að ráða að ártal þess muni vera 1364.

Kaup fyrir vatzholli.

In nomine Domini Amen

var þetta kaup þeirra asgrims abota stadarinz vegna ad Helgafelli og gýrdz bonda med handlagie og samþýcke Jngu husfreyiu hans ad þau fyrnefnd hion selldu Asgrimi abota land allt j vatzholle med ollum þeim gognum og gædum sem þau vrdu fremst eigandi ad. Hier j mot gefur Asgrimur abote (jord) ad Suarbhooli. allt j miklhollezhrepp med ollum þeim gognum og gædum sem þui landi eiga ad fylgia og staturinn ad helgafelli vard eigandi ad a þann hatt ad gýrder og Jnga skilldu bwa ad vatzholli vm þriu úr. enn suarfhol byggiaat stadarinz vegna og staedist á vñ leiguburd enn ad lidnum þrem vetrum skilldu þau kiosa huortt er þau villdu þa helldur eiga suarfhol edur xij^e er stadarinz formenn villdu vti lata þa ad frijtleika. hier med giordi abotinn þau kuitt af torfz¹) tiltoku og allri vida

¹) t^oz, hdr.

medferd ad vatzholtz reka. sijdan þau hofdu þar geymslu a stadarinz vegna.

voru þesser kaupvottar Sijra Jon Hall(dor)sson. Sijra Snorre Þordarson. Olafur hirdstiore pietursson. Jon b(ondi) kietilsson. Hrafn snorrason. Snorre andriesson et cetera.

17.

1365.

VITNISBURÐR SEX manna, að þau Gyrðr bóndi og Inga kona hans hafi viljug og óneydd geingið að kaupri þeirra við Ásgrím ábóta um Vatnsholt og Svarfhól.

Eftir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar, nú í Landsbókasafni 858 4^{to}, bl. 142^b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar, c. 1600.

1365.¹⁾

Ollum þeim godum monnum sem þetta brief sia edur heyra heilsar Jon prestur Halldorsson. Snorre prestur Þordarson. Hrafn Snorrason. Snorre Andriesson. Magnus Gudlaugsson og Halldor Jonsson meður guds kuediu og sinne kunnugt giorandi að þar vorum vær j hia j stofunne j górdum ad gyrder bonde og Jnga kona hanz geingu samþykkeliga til handlagz vid Asgrim abota vm það kaup er þau keyptu v̄m vatnzhollt og suarfhol epter þui sem kaupbrief þeirra þar vm giorrt vottar. voru þau hier vm sannliga sialfviliug og a allañ hatt óþuingud af huorium manne þeim þar voru jnne bæde meður ordum. verkum og giordum. þraungde Olafur bondi þeim og ad sidur til þess kaupz. ad hann villdi eigi fyrir handlaginu seigia vtan vnder dom væri fest. þuiat hann villdi ad ecki hefdi keyptt verid. kioru þau og fullkornliga bædi samtt kaupid helldur enn dom adur þau geingu til handlagz vid Abotann. ad sijdustu hiellt og einginn hondum þeirra þa þau logdu hendur sijnar samþykkeliga saman. matte og eñgi madur það heyra ad þau mællte nockud j mote eda (gyrder) kalla(di)st naudigur vera þa er sijra Jon skildi fyrir handlagi þeirra. budu

¹⁾ 1395, hdr., sem er augljós misskript fyrir 1365.

þau og Abota sialfdæmi adur v̄m daginn þad sem j mille þeirra bar. var þa og bued til kaupz med þeim v̄m þessar jarder.

og til sanninda hier vm et cetera.

18.

12. Maí 1365.

í Bjarnarhöfn.

SNORRI Andrésson selr Ásgrimi abóta á Helgafelli með samþykki Sigriðar húsfreyju sinnar alla Akrey fyrir Seljalönd, með þeim atriðisorðum, er bréfið greinir.

Landsbókasafn 858. 4^{to} bl. 156b, skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Áður er bréf þetta prentað í III., Nr. 110 eptir yngra handriti (AM. 252. 4^{to}) og með ártali 1360. Ártalið hér kemr betr heim við önnur skjöl Helgafellsklausrs.

Kaupbref fyrir akur Eyjum.

In nomine Domini Amen.

var þetta kaup þeirra Asgrimz abota og snorra Andriessonar. med samþykkie Sigrijdar¹⁾ hwsfreyiu snorra. og conventubrædra. ad helgaf(elli). ad herra¹⁾ abotinn²⁾ selur Snorra oll [Selialond³⁾ med þui ollu sem stadurinn vard fremst eigandi ad. og þeim á ad fylgia ad fornu og nyo. hjer j mot giefur⁴⁾ Snorre akurey alla. med þeim skerium og holmum sem fiarar j og¹⁾ Eyunne⁵⁾ a ad fylgia. ad fornu og nyo. [Skal eirnin fylgia⁶⁾ selfor a land. a⁷⁾ Seliahofda. medur torfe til Seliagiordar og xij kugillda beit. ef þeir eigu so til. er þar bwa. enn taka eigi til af odrum. huort fleira sem þeir vilia saudfie⁸⁾ eda kyr. millum h̄agagarda. vtan eingiar⁹⁾ so leinge sem þarfnast. en Snorre slae þad fyrst ef hann vill eigi til beitar leggja. skal fie Snorra eiga [jafnan frials¹⁰⁾ beit allzkonar epter þui sem hann skipar. og þeirra manna sem hann bygger [á amyrum¹¹⁾. Gudnyarstodum¹²⁾ og biarnarhofn. Rista¹³⁾ ad frialsu heytorf hia seliahofda. ef akurey-

1) b. v. 252; 2) abote 252; 3) lönd ad Selium 252; 4) gaff 252; 5) eyunum 252; 6) [og eyunum filger 252; 7) ad 252; 8) asaud 252; 9) eyngre 252; 10) [jaffheimila 252; 11) [a myrum 252; 12) 252; dugmyrarstodum 858(!); 13) Riste 252.

ingar vilia. hjer med selldi Snorre herra¹⁾ abotanam²⁾ faskrúð³⁾ fyrir iij kugildi. verde nockur brigda⁴⁾ a odrum huorum jord-(un)um. skilur huor sier aptur [þær jarder⁵⁾ sem adur hefur att⁶⁾ epter þui sem kaup þeirra var adur.

[War þetta kaup þeirra j Biarnarhöfn jn festo Nerei et Achillei⁷⁾ Anno Domini 1365⁸⁾. Þessum monnum hiauerande sira Jone Halldorssine. Marteine bonda Þorleifssine. Helga Brandzsine. Magnuse Jllhugasine og Fiallgeire Einarsine. Gudmunde Sueinsine. Þorgrijme Runolffssine. Gudmunde Sigurdzsine og mærgum ødrum godum mōnnum⁹⁾.

19.

1365.

ÓRÆKJA Sturluson geldr Hauki Gunnarssyni Kálfárvelli alla fyrir þau tuttugu hundruð, ér hann skuldaði honum upp í landið á Ingjaldshvoli.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4^{to} bl. 147^b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar, c. 1600.

Kaupbref ad Kalfarweller ero giefner vid Ingjaldzhvole.

Ollum monnum sem þetta bref sia edur heyra sender S(ira) Liotur Biarnarson og Biorn Jonsson quediú guds og sina kunnugt giorandi ad þar vorum vid j hia og sđum a handlag þeirra Orækiu sturlusonar og Haukz gunnarssonar so fyrir skildu ad nefndur Orækia gallt honum kalfarvelle alla fyrir landit á Ingjaldzhuole. er hann var honum skylldugur epter þui sem kaupbref þeirra þar vīm giortt vottar. enn nefndur Haukur handlagdi hann kuittan fyrir þau xx*cj* lausafie er skild voro j kaupe þeirra. skillde optnefundur Orækia sier aptur allt landit a kalfarvollum ef Ingjallzhuoll ríptist.

Og til sanninda hier vīm setium vier.

Anno 1365.

¹⁾ b. v. 252; ²⁾ abota 252; ³⁾ Faskruff 252; ⁴⁾ brigd 252; ⁵⁾ [þa jörd 252; ⁶⁾ 252; ad 858; ⁷⁾ leiðr.: mariæ og Achilli(!) 252; ⁸⁾ 1360 252; Mccclx 430; ⁹⁾ [Anno 1365, 858.

20.

[1365].

ÓRÆKJA Sturluson selr með handlagi Solveigar húsfreyju sinnar staðnum á Helgafelli jarðirnar Ingjaldshvol og Kjalveg undir Jökli fyrir 70 hundruð með því skilordí, er bréfið greinir.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to bl. 147_b—148a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar, c. 1600. Ágrip af þessu bréfi er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 261 með ártali 1377 eptir Kirkjusögu Finns biskups. Það ártal fær þó ekki staðizt, og bréfið hlýtr að vera eldra en 1369, því að þá standa Kálfárvellir fyrir brigð á Ingjaldshvoli (Dipl. Isl. III, bls. 254—55). Verðr það þá líklega svo að skilja, að þetta bréf sé einmitt frá 1365, og að Haukr Gunnarsson hafi selt Birni Jónssyni aptr Kálfárvelli þetta sama ár (1365), og Björn því næst Torfa Koðránsyni 1366 (sjá Dipl. Isl. III, Nr. 178), jafnan með því skilyrði, að jörðin stæði fyrir brigð á Ingjaldshóli, þótt ekki væri það þá bréfað.

Orækia Sturluson selur asgrime abota Jngiallzhvol og Kialveg.

In nomine Domini Amen.

var þetta kaup þeirra asgrimz abota og Orækiu Sturlusonar. að Orækia selde staðnum að Helgafelli lond er so heita Jngialldzhuoll og Kialvegur. með ollu þui hann varð eigandi að eptir þeim skilmala sem hann keypti að; Hauke B(onda) gunnarssyne. Hier j mot jatade asgrimur abote klaustursinz vegna 70^e með þessum frijdleika. halfan þridia tug kugillda. eru þar j x kyr. 9 asaudar kugilldi og vj gielldfiar kugilldi. halfan þridia tug hundrada j vadmalum. haustlagie og gripum. Lwkast a fyrsta áre v kyr. þriu asaudar kugilldi. ij kugilldi gielldfiar. v^e vadmala. ve j haustlage. a odru áre iij kyr. iij asaudar kugildi. ij gielldfiar kugilldi. 4^e j vadmalum. 4^e j gripum. A þridia are ij kyr. iij asaudar kugilldi. ij gielldfiar kugilldi. 4^e vadmala. iij^e j haustlagie. Jtem var lagtt ved j jordina a Hros(s)holhti til leiguburdar. a þann hatt að aboti skal a sietta áre ¹⁾fyrir x kugilldi x^e j vadmalum og haustlagie. liggur allt j jordu til leiguburdar. xij alner a huoruu hundrade það er eigi lykst ut a fyrsta are. Skulu oll sol lwkast að Helgafelle. skal

¹⁾ Svo. Hér mun vanta: leysa veð.

abote lata giora vpp kirkiu a Jngiallzhuale. enn orækia [skal leggja¹⁾ til alla lausavidu, sem hann hefur til. kann Jngialldzhuoll og ad þipptast skilde abotinn aptur stadnum alla Kalfarvella er orækia (gallt) fyrir Jngialldzhuol og allt hros(s)holltz verd. Lagdi aboti nidur allar tiltaulur vidur orækiu stadarinz vegna og sakargipter. Handlagde Solve(i)g hwsfreyia²⁾ orækiu þetta kaup frialst og lidugtt sinna vegna.

Þessum monnum hiaverondum S(ira) flosa Jonssyni. S(ira) Jone Halldorssyne. Sjra Jlluga Kietilssyne. S(ira) Þorleife Jonssyni. S(ira) Saulmunde Eigilssyne. Sjra Biarna Sturlusyne.

21.

[fyrir 1367].

SNORRI Andræsson gefr staðnum á Helgafelli í prófentu með sér og til legs sér jörðina á Hamri (líkl. Stakkhamri í Miklaholtshrepp).

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 152b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. — Ágrip þessa bréfs er prentað í Dipl. Isl. III., Nr. 258, og er þar getið til, að ártalið muni vera 1377. En af mannanöfnum þeim, sem koma fram í þessu bréfi, — en ekki standa í ágripinu —, er að ráða, að bréfið sé eldra en 1367 eða jafnvel nær 1360. Loptr Þorgilsson er hér enn nefndr djákni.

Brieff fyrir Hamre.

In nomine Domini Amen.

var þetta kaup þeirra asgrimz abota ad Helgafelle. og Snorra Andriessonar ad nefndur Snorre gefur stadnum ad Helgafelle land vnder Horne³⁾, med ollu þui sem hann hefur eigandi ad ordit oc þar til lagde hann ve j haustlægie edur vadmålum. hier j mot jatade abote nefndum Snorra æfinligum koste af stadnum sem fremsta manne a stadnum. nema dryck og klædnade so framtt sem hann hefur eigi kost til ad klæda sig sialfur vllklædum. So og huar sem hann andast á Jslande. þa skal formadur stadarins lata sækia

¹⁾ [tvískrifad; ²⁾ hwsfreyiu, hndr.; ³⁾ Svo hér 858. Ágripin hafa Hamar.

hann og hafa þar fullt fyrir af gosse Snorra. ef hann. hefur peninga til. ella gangi á stadarins gosse.

Þessum monnum hia verendum Lopte diakna Þorgilssyne. Gijsla¹⁾ klerk pólssyne. pale gilssyne. Þordi Thomassyne. vermundi gallta. og odrum godum monnum.

22.

1. Marts 1367.

í Görðum.

SNORRI Þorleifsson officialis í Skálholti úrskurðar fast og stöðugt kaup þeirra Gyrðs Þorvardssonar og Ingu konu hans við Ásgrím ábóta á Helgafelli um Vatnsholt og Svarfhól, því að svarið var, að Gyrðr og Inga gerði kaupin óneydd.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 142b—143a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600.

Ollum godum monnum sem þetta bref sia edur heyra sender Snorre prestur Þorleifsson officializ j Skálholtti Quediu guds og sina kunnugt giorandi 1367 in festo donati martyris kom a stefnu fyrir mig j gordum j Stadarsueit Asgrimur abote ad Helgafelli og gyrder þorvardsson og Jnga kona hanz epter þui sem þau hofdu þar handlagtt sig med ollu þui profi og skilrijke sem þau hefdi til vm þad jardar kaup er abotinn sagdist keyptt hafa jordina j vatnzholtti ad þeim med þeirra godu samþycke og vpplagie. enn þau saugdust naudig verit hafa. og ad teknu juramento af huorutueggju halfu krafdi eg ad þau skilldu leida prof sitt ef nockrer menn hefdi þad sied ad halldid hefdi verid hondum þeirra. þa er þau geingu til handlagz vid abotann eda þau hefdi kijptt hondum og ordit eigi laus eda talad þad ad þau være naudug og villdi eigi jordina selia. og fieckst ecki vtan þau frambaudu²⁾ eid sinn og villdu sueria ad þau væri naudug. syndist mier sa eidur eigi takandi med þui abotinn baud fram votta og krafdi mig ad taca þa sem hia hefdi verid þeirra kaupi. og þeir vottudu ad þeir sau eigi annat epter sinne samvijsku enn þau væri onaudig. sjra Jon Hall-

¹⁾ Svo; rétt: Gils, og hefir hann verið faðir Páls. Gils prestur dó 1367 (Gottskálksannáll); ²⁾ Svo.

dorsson og Einar gudmundsson og soru þennan eidstaf et cetera.

Til þess leggur þu hond a helga bok og þad segir þu gudi að þar varstu j hia hier j gordum næsta dag fyrir Jonzmesso baptistæ að asgrimur abote og gyrder Þorvarðsson og Jnga kona hanz laugdu hendur sijnar saman og keyptu vm jarder vatnzhollt og Suarbhol er liggur j Michlholltzhrepp med þeim skildaga sem kaupmale þar vm gior vottar. sagdi aboti fyrir handlagit að þau skilldu þui að eins til þessa kaupz ganga nema þeim væri badum viliugtt og þennañ eid suer þu eigi saker vinattu virding herra abota. saker haturz eda ofundar vid gyrder edur Jngu konu hanz. og eigi nema saker laga og Riettinda. So sie þier gud hollur et cetera.

Þui j gudz nafne amen sagda eg med fullum domi og vrskúrde fast kaup þeirra abota asgrims og gyrdz Þorvarðssonar og Jngu (og) Jordina vatnzhollt klaustrinu að Helgafelli til halldz og æfinligrar eignar. enn þeim gyrder og Jngu fyrrnefnda Jord að Suarbholi eptir kaupi þeirra.

Og til sanninda hier vm.

23.

[um 1370].

KOLBEINN Benediktsson selr Ásgrimi ábóta á Helgafelli jarðiruar Grunnasundsnes og Hóla í Helgafellsveit fyrir lausafé.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 155a—b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Ágrip af þessu bréfi er prentað í Dipl. Isl. III, Nr. 260, með ártali 1377, sem þar er tekið eptir kirkjusögu Finns biskups, því að í eingum handritum stendr ártal þessa bréfs, svo menn viti. Eins og bent er á í umgetnum stað í Fornbréfasafni, kemr það ekki heim við ártalið 1377, að Kolbeinn sá, sem hér selr, geti verið sami maðr og Kolbeinn Benediktsson ríki, er dó 1375. Er því tvent til, og annað er það, að þetta sé annar maðr, eða þá hitt, að ártalið 1377 sé rangt, og þykir mér það nú líklegra, því að það er nú staðreynt orðið síðan skjalabók sú fanst, sem hér er prentað eptir, að ártöl Finns biskups á Helgafellskjölum eru víða alveg marklaus, annað hvort bygð á ónýtum af-

skriptum, eða þá sett að ágizkan. Kaupalagið sjálft í bréfinu bendir og á, að hér sé við ríkan mann að skipta. Kolbeinn heimtar hér alt greitt í beztu aurum og jafnvel mikið í silfri, og mundi ekki öðrum hafa gagnast það gagnvart ábótanum en ríku manni. Auk þess er Kolbeinn kallaður „bóndi“ í öðru bréfi um þessi jarðakaup. Er því líkast að sá, sem selr hér, sé einmitt Kolbeinn ríki, er dó 1375, og ætti þá bréfið að vera frá c. 1370.

Kaupbrief fyrir grunnasundznese og
Holum j Helgafellssueit.

Jn nomine Domini Amen.

var þetta kaup þeirra asgrimz abota að Helgafelli og kolbeins benedictssonar. að kolbeinn selur abota grunnasundznes og hola j Helgafellzsueit með ollum þeim gognum og giædum er þeim londum eiga að fylgia að frateknum skogar jtokum þeim¹⁾ er adrer menn eigu að hafa. Hier j mot gefur abote kolbeine x kugilldiss hesta. vtañ abote villdi helldur lwka atta hesta og 4 tuævetur hross. halfan sio-unda taug skreidar fyrir x^c nema abote vilie betur giora. og taka að helgafelli. xvj^c j silfri. xij aurum eyrer. xij og xx²⁾ vadmala og ij hundrada lag j hual slijktt sem abote villdi til lata. skilldi kolbeinn abyrgiast allar lagaríptingar a þessum jordum.

voro þesser kaupvottar broder Steirn Þorkielsson. Broder Snorre Marteinsson. B(roder) narfe Snorrason. pall gilsson. Helga audunardotter. og fleire adrer.

24.

[um 1370].

KOLBEINN Benediktsson selr Ásgrími ábóta á Helgafelli jörð-ina Grunnasundsnes í Helgafellssveit fyrir lausafé.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Land-
bókasafni 858. 4to, bl. 156a—b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar
c. 1600.

Kaupbrief fyrir grunnasundznese.

Jn nomine Domini Amen

¹⁾ Þeir, hdr. ²⁾ Svo.

var þetta kaup þeirra Asgrims (abota) að Helgafelli og kolbeinz benedictssonar. að kolbeinn selur stadnum að Helgafelli jörð alla j grunnasundznes(e). með öllum þeim gognum og gæðum sem þar eigu að fylgia og þau fru halldora vrdu eigandi að. Hier j mot gefur Abote kolbeine b(onda) halfan þridia taug hundrada j hafnarvodum og v^o j voru. halfan siounda taug vætta skreidar. skal það lwkast að Helgafelli. Brentt silfur til v^o. xij aurum eyre af þeim Rosum sem beit er a botne gyllt edur grafiñ. hross til v^{ca} kugillda vird. skal lwkast a þremur drum. nema skreidiñ og vadmalin. enn allt annað a fyrsta dre.

voro þesser vottar b(roder) Steirn. b(roder) Snorre. wermundur Ornolfsson. Jon Ormsson. prestar. Snorre Andriesson et cetera.

25.

1371.

á Helgafelli.

HALDÓRA Þorvaldsdóttir kvittar Ásgrím ábóta á Helgafelli af öllum skiptum þeirra á milli og aftekr ómagaskyld þá, er fylgja átti jörðum þeim fjórum í Bervík, er hún hafði gefið klaustrinu.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 150b—151a, með hendi Jóns lögmans Sigurðssonar c. 1600. Frú Halldóra dó 1373 (Gottskálksannáll), og hefir verið kona Kolbeins Benediktssonar.

Kuittunarbrief Halldoru Þorvalldzdottur vm

Jarder j Bervijk.

Ollum godum monnum sem þetta brief sia edur heyra heilsar Halldora Þorvalldzdóttur (með) k(uediu) guds og s(inne) kunnugt giorandi að eg hefi gjortt Abota Asgrim¹) af stadarinz vegna að Helgafelli kuittañ og lidugan af öllum skiptum og skuldaferlum sem eg hefi vid stadinn att. fra fyrsta tizma er eg atta nockud vid hann að skullda. og þar til sem nu er komit. so giore eg stadinn og yfer vel

¹) Asgrime, hdr.

kuittan af ollum þeim stærrum og smærrum¹⁾ sem eg hefi til hanz lagtt. og hefi ongua skulld fyrir skilid. so kiennunst eg og med þessu mijnu opnu brefi ad eg hefi fullkomliga vppgefid þa omagavist sem eg hafdi ætlad ad fylgia skilide jordunum þeim fiorum a Snæfellznesi med x kugilldum er eg hefi stadnum gefid. saker þess ad mijn profenttusetu hefur ordit a stadnum. er eg ætlade med fyrstu. skal þetta allt saman snuast vpp j mitt testamentum optnefndum stad a Helgafelle til frelsiz og nada.

Og til sanninda et cetera.

Actum Helgafelle Anno 1371.

26.

[1375].

MÁLDAGI kirkjunnar í Hjarðarholtt í Dölum, [er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti].

AM. 262. 4to, bls. 43—44, skr. c. 1605. Í registri við þetta handrit getr Jón Sigurðsson þess, að þessi máldagi „sýnist eldri en Vilchínemáldagi“, og mun einginn efi á því vera, og mun þetta vera máldagi Oddgeirs biskups.

Hiardarholtt j Laxárdal.

Kirkian j Hiardarholte er helgud hinum heilaga Johanne Baptista.

hun á heijmaland alltt. med gognum og giædum þeim er þar fylgia. hun á Spagilsstade og Vigsholttzstade og Þrandargil og Borger. halfa vejde j Laxd. millum Krosslækjar og strejngs fyrer ofanþ papa. Enn þadan Einsaman vt j sio. og vñ fram molldskriduhil.

Pangad liggia til iij bæer og xx. ad Tiundum og lyses-tollum. og osttollum. skal hann verda suo mijkell. malsmiolk¹⁾. þá mest er millum Þorlaksmessu og petursmessu.

hun á selför j Kikasel. ollu fie sijnu.

Stodhrossa bejt j Þuerdal. vpp fra Kolldukinn.

Hun atte xvj kyr og ij. asaudar kugillde. þá er Sera Vermundur²⁾ tok vid stadnum. v^c. jnnañ gatta. vij hross.

¹⁾ Svo. ²⁾ Þetta mun vera sami maðr og Vermundr Örnólfsson, er síðan varð prestur í Selárdal og ábóti á Helgafelli.

v^o. vadmála og kluckubrot og iij alltarisklæde. ad nafne eitt med pell. og er giortt á Crucifixum. iij med fustañ. Suart messuklæde. ein ad nafne bæde bætt og slitiñ. Hoklar iij eirn Blðr. annar huijtur. þridie grænn. fiorde raudvr. stolur tuennar og handlijn. Ducatus á alltare. ad nafne Cantaracapa. caleikar ij. messufata kista. og j tuejm hlutum vætt yfer. Sacrarjum munnlaug. smelltañ kross. Rodukrossa iij med tre. mariu skrift. Jons skriftt. Laurencius skriftt. kertistikur ij. med messing. ij. med Járñ. kierttahialmur. og elldbera. nafnlaus. og allur j sundur bollenn. Glodarkier. messingarkola. v. kluckur. fonts vmbuningur. stola. tuo lectara. tialld eitt og alltt fared. lijkakrak.

27. 15. Október 1377. á Helgafelli.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfrdómara Pétssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 135a—b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Bréf þetta er áðr prentað í V. bindi Nr. 390 eptir lakara og yngra handriti en hér (AM. 252. 4to).

Skifftabrief a Gwfuskalum.

Þad giorum vier Helgi Snorrason. Einar Þordarson. gudmundur Einarsson. Asbiorn Þorbiarnarson. Einar bardarson og Hallur bardarson g(odum) k(unnigt) med þessu voro opnu brefi Anno 1465 a sunnudaginn næstañ fyrer philippussmesso og Jacobi vm vorid a Gwfuskalum a Snæfellznesi vorum vier til nefnder af tueimur Eriligum monnum Sjra Pietri Þordarsyne er þa hellt Stadarstad a ollduhrygg og Joni Jonssyne er þa hafdi loglegt vmbod herra Jonz palssonar abota a Helgafelli ad skipta Eignarskipti a fyrgreindri jordu. skiptum vier adurgreinder menn med niettu hlutfalli hwsom thodum og ollum budum og bwdarstodum og vergognum. þar med skilidi huor fyrer sig grafa edur lata grafa torf til hwsa og allra bwda þar sem hvorki skierdi thun nie eingie epter þui sem huorum þarfnast. komu vij bwder a huorz hluta. skilidi ein skiphofn vera j huorre bwd. eigi meir. hafi j bwdunum. huort þeir vilia stor

skip edur smá huor fyrer sig enn giore eigi fleire bwder enn nu er greintt a huorz hluta.

og til sanninda hier vm [setium vier firneffader menn vor jncigle firer þetta brieff skriffad j sama stad og are deigi sijdar enn fir seiger¹).

63.

29. Maí 1467.

á Helgafelli.

JÓN Egilsson gefr Jóni ábóta á Helgafelli og klaustrinu kvitta þá tiltölu, er hann þóttist eiga til jarðarinnar Hraunhafnar í Staðar kirkjusókn á Ölduhrygg.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, bl. 135b, með hendi Jóns lögmanna Sigurðssonar, c. 1600. Ágrip af bréfinu er í AM. 252. 4to, bls. 49; AM. 430. 4to, bls. 8—9; Apogr. 1580 og 1647.

Qvittunarbrief fyrir Hraunhafnar anduirde.

Þad giorum vier Sjra Marckws Kolbeinsson og Jon Jonsson godum monnum kunnigt med þessu ockru briefi. Anno 1467 ar fostudaginn næstañ efter festum corp-(or)is christi j abotastofunne a Helgafelli vorum vier j hia saum og heyrdum á ord og handaband þessara manna Jonz abota a Helgafelli og Jonz Eigelssonar ad so fyrir skildu ad Jon gaf klaustrinu og abotanum þa tiltolu er hann þóttist eiga fiordunginn j Hraunhofn er liggur j Stadar kirkiu sochn a olduhrygg sem þa gaf og selldi fyrgreindur Jon greindañ partt qvittañ og akærulausan fyrir sier og sijnum epterkomendum. Hier j moti gaf greindur aboti med samþycke allra conventtubrædra [ij kugilldi og j^c hest og xij fiordunga smiorz. og j^c til ofrijt²).

og til sanninda hier vñ et cetera.

¹) [vantar í 858; b. v. eptir 252. ²) [fimm hundrud, 252 og hin önnur ágrip.

64.

12. Nóvember 1472.

í Skálholti.

SVEINN biskup í Skálholti úrskurðar með ráði nokkurra klerkmanna jarðarpart þann, „sem liggr í millum Þreskjaldar og Leirmúla fyrir ofan Þreskjöld“, eign kirkjunnar í Snóksdal samkvæmt máldögum hennar, og þannar öllum að nefna þar dóm yfir, þar til hann geri þar endilegan veg á í yfirreið sinni.

Eptir afskrift af Hamrendabréfum (há mér) með hendi Magnúsar Einarssonar á Jörva (c. 1730—40), stafréttir eptir frumritinu. Sbr. Dipl. Isl. V, Nr. 633.

Vær sueinn með guds nad biskup j skalholli ok visitator yfer allt skalholltz biskupsdæmi giorum godum monnum kunnigt með þessu voru opnu brefi at vær haufum tilkallad með oss vora ærliga prelata ok presta síra odd petursson officialem fyrir vestan botza ok síra halldor orms-son officialem fyrir sunnan ok austan. síra gisl jonsson radzman j skalholte. síra gils gilsson kirkiuprest j sama stad ok marga adra presta ok dandimeinn jnavirduliga at skoda maldaga kirkiunnar j snoksdal j breidafiardardolum j maldagabokum heilagrar skalholltzkirkiu. leitz oss ollum ad sa jardar partr sem liggr j millum þreskialdar ok leirmula fyrir ofan þreskiöld se eign greindrar kirkiu j snoksdal. Þui fyrirbiodum vær stridliga ollum ok sierhuerinm bædi lærdum ok leikum vnder fullt forbod ok bañzs þínu nockurn dom þar yfer at nefna eda dæma þar til sem vær komum þar j vorri visitacione ok kaullum þa til með oss lærda ok leika sem vær þeinkium at þar se kunnegazt vm huersu verid hefer ad fornu. Vilium vær þa með gudz hialp giora þar endiligan veg vpp aa epter þui sem suarligt er.

Ok til sannenda hier vm settum vær vort jnsigli fyrir þetta bref skrifa[t j] skalholte hinn næsta dag fyrir festum sancti bictij episcopi confessoris anno domini [∞ cd] lxx. secundo.

65.

27. Júní 1474.

á Eyrarlandi.

DÓMR tólf presta útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um kærur biskups til séra Sigmundar Steindórssonar.

Bisk. 3. Fol. bls. 234—236, bréfabók frá Hólum skr. 1641—1642, í transskripti frá 5. Júní 1493. Sbr. Dipl. Isl. V, Nr. 668.

Það giorum vær Sueinbiörn Þordarson. Semingur Magnússon. Jon Broddason. Magnus Jonsson. Eiríkur Einarson. Nickulas Þormodsson. Arni Hallsson. Olafur Þorgeirsson. Þorgriymur Jonsson. Jon Jonsson. Þorfinnur Þorólfsson. og Gunnar Eiulfsson prestar Hóla Biskups dæmis godum monnum viturligt með þessu voru opnu Brefi. að þá ed lidid var frá hingadbúrd vors herra Jesu christi þúsund cccc lxx og 4 ár að Eyraalandi í Eyafjarði manudæginn næstað eftir festum sancti Johannis Baptistæ a almenniligre prestastefnu vorum vær í dom nefnder af vorum nadugligum herra og andaligum faundur herra Olafe með guds nad Biskup a Hólum. að dæma vñ þá akiæru er Biskupinn kíærði til Sira Sigmundar Steinþórðssonar.

Í fyrstu að hann hefði dæmd(t) yfer þeim kyrkiunnar malum sem hann var ecki domari yfer. kíændist Sira Sigmundur þar fyrer oss að hann var þar stefndur Biskupsins vegna. Þú þú dæmdum vær firr skrifader prestar stefnuna logliga. og Sira Sigmundur þar logliga fyrer kalladað. enn vñ þá akiæru sem Biskupinn kíærði til adur nefn(d)s Sira Sigmundar að hann hefði dæmd(t) vñ þad mál og sest jnn í kyrkiunnar valld sem hann var ecki domari yfer. og dæmt vñ sinn prest og Rettarfar kyrk(i)unnar. enn Sira Sigmundur vændist vitnum að Biskupinn hefði sig þar til skipað. Þú þú dæmdum vær adur nefndað Sjra Sigmundur Steinþórðsson skilddugað að leida tuo loglig vitni innað manadar að heyrdum dominum heima a Hólum í Hialltadal fyrer Biskup Olafe. eða hans logligum vñbodsmanne að Biskupinn hefði skipað hann domara yfer firr skrifudum malum. enn ef hann getur ecki þesse vitni leitt þá dæmdum vær Sjra Sigmundur fallinn í fulla ohlydne við heilaga kyrkiu og Biskupinn.

Í annari grein kíærði Biskupinn til Sjra Sigmundar að hann hefði eij lesid sitt forbodz Bref í Hunavatzþinge a ollum kyrkium í sijnu profassdæmi fyrer Gudmundi Þorarinzsyne. og Wilborgu Marteinzdottur. eftir sijne skipan.

epter þuj sem Brefed vtvíjsar. og þar fyrer dæmdum vær Sýra Sigmund skilldugañ ad sueria eineidi fyrer Biskup Olaf edur hans vmbodsmanne heima a Holum jnañ sioundar ad heyrdum dominum. ad hann hafe þetta hans Bref lesid epter Biskupsins skipan. fallist honum þesse eidur. þa dæmdum vær hann fallinn j adra ohlydne vid Biskupinn og heilaga kyrckiu. nema hann syne loglig forfoll ad hann matti ei þessari skipan af stad koma.

J þridiu grein kiærði Biskup Olaf til firrnefnds Sýra Sigmundar ad hann hefði hýst og halldid Biorgu Þordardottur leingur enn vppa tolf manadi heima a Miklabæ j moti Retti heilagrar kyrckiu j sijnu forbodi. og suo var þad suarid af Sýra Þorvaldi Biarnarsyne. ad hann hefði lesid forbods Bref yfer firr skrifadri Biorgu. og ad Sýra Sigmundur hefði heýrt vppa. og hun hefði j hans gard verid epter. og so var þad bývísad þar fyrer oss med Brefe. og innsigle Sýra Lodvíjks Hallssonar ad firr skrifud biorg hefði verid vistfost a miklabæ. og Þuj dæmdum vær þratt nefndañ Sýra Sigmund Steinþordsson fallinn j þridiu ohlydne vid Biskupinn og heilaga kyrckiu.

J fiordu grein kiærði Biskupinn til títz nefnds Sira Sigmundar ad hann hefði onguañ Reikningskap giort sier vppa þriu ár af Biskupztíundum er hann hafði veitt honum profassdæmi vppa iij ar vm halft Hunavatzþing og eigi tíundum heim skilad til Hóla epter þuj sem j hans Brefi stod og halldid þessum fyrrskrifudum tíjundum fyrer sier vppa iij ár þesse j onguo síjnu frelse. og þuj dæmdum vær fyrrskrifader xij prestar þratt nefndañ Sira Sigmund skilldugañ ad giora Biskupinum Riettan Reikning og sannan af fyrr skrifudu profassdæmi vnder síjnn suarinn Bokareid. heima ath Holum jnañ sioundar ath heyrdum dominum. enn hafi skilad ollum tíjundum jnañ halfs manadar ath heyrdum dominum heim til hola Biskupinum edur hans vmbodsmanne. enn fyrer Rangligt halld a tíjundunum dæmdum vær Sira Sigmund skilldugañ ath luka Biskupinum xxx marka fyrer huort þad árid sem (hann) hefur tíjundunum rangliga halldid. enn ef tíjundernar lukast eij allar epter þuj sem skrifad stendur. þa dæmdum vær Sira Sigmund skilldugañ

ad luka Biskupinum fyrer rangligt halld a tiundunum xxx. marka lijka fyrer þetta árid sem fyrer huort hinna fyrre. skal hid fyrsta fullriettid vera lukt innan manadar ad heyrdum dominum heima a holum j hialltadal Biskupinum edur hans vmbodsmanne. enn annat fullriettid skal lukast at Mikaelzmessu heima á holum. og et þridia ath næstum fardogum. ef tiundernar lukast ecki epter þuj sem skrifadt stendur. enn vñ alla þa ohlydne. Brefabrot og heimilld þa sem Sira Sigmundur¹⁾ syndi þar fyrer oss. fyrer stadnum. dæmdum vier vnder Býskup(s)iñ(s) vrskurd og huorsu hð(a) sok Sijra Sigmundur skilldi hafa fyrer þessa sijna ohlydne.

Var þesse vor domur vpp sagdur j sama stad dag og ár sem fyrr seiger,

og til sanninda hier vñ setium vær fyrr nefnder xij prestar vor Jnnsigle fyrer þetta doms Bref. er skrifad var a Modruvillum j Haurgardal deige sijdar enn fyrr seiger²⁾.

66.

7. Marts 1476.

í Björgvin.

HANS (Teiste) biskup í Björgvin og Þorsteinn (Þorkelsson) kapellumeistari og prófastr í Björgvin gefa Jóhannesi Mönick Hansakaupmanni meðmælabréf til þess að ná rétti sínum á enskum kaupmönnum, sem verzlauð hafa löglaust á Íslandi og rænt hann eign hans.

Bartholins safn E, 108—112, með hendi Árna Magnússonar eptir bréfabók á skinni frá Björgvin. Afskript í Ríkisskjalasafni Dana frá Langebecks tíð. Prentað í *Analecta Grims Thorkelins Havnæ 1778*, bls. 142—46 og *Dipl. Norv. III*, Nr. 914.

Commendatitiæ pro restitutione spoliolum Johanni Mönick mercatori de Hensa, civi Bergensi in Islandia ab Anglis bis ablatorum.
Restitutio spoliolum.

¹⁾ „Syndur“, stendr hér í hdr., en það er misskrifað og ofritað, ²⁾ D. e. 28. Júní.

Universis et singulis serenissimis, illustribus, inclytis, claris, ingenuis, nobiles, strenuis, fulgidis, providis, circumspectis, discretis Principibus, Regibus, Ducibus, Comitibus, Baronibus, Militibus, Decurionibus, Armigeris, Magistratibus, Potestatibus, Proconsulibus, Consulibus, Civibus, Burgensibus, Johannes sola Dei miseratione Bergensis episcopus, et Thorstanus Præpositus ecelesiæ duodecim Apostolorum¹⁾, magister capellarum regni Norvegiæ, civitatis ejusdem, salutem et acceptæ potestatis gratiam, inopum et oppressorum injurias veritate propulsare. Etsi multis et magnis clarissimi quique viri laudibus efferantur in coelum, qui pro tuendis sociis et subicitis populis, malis quandoque viris et improbis civibus salutem suam alacres devoverunt, et mortibus frequenter sese atque periculis objectarunt intrepidi, quas laudes quæve præconia assequi credimus, qui coelestis patriæ cives eripuerint et liberaverint a diripientibus eos, perpetuis laudis titulis insigniri dubium non est. Quibus a Deo honos indeficiens pro beneficiis, et habitaculum, regnum et imperium spondetur æternum in coelis. Nimirum cum veritas ipsa pauperum et miserabilium personarum regnum coelorum proprium esse asserat, et Dei filios nominat scriptura quos corripit et castigat; nihilominus licet pro varietate terrarum atque distantia singulas quique mortalium sortiantur nationes et gentium nomina, tamen concives et socii deputandi sumus, qui orbem habitamus eundem, et sub eodem Domino communem degimus vitam, atque eundem spiramus aërem et præcipue qui eisdem sumus initiati sacris, credentes in Dominum Jesum Christum, in quo non distinctio Judæi et Græci.

Quapropter omnium parens Deus in coelis ab uno parente omne mortalium genus prodire volebat in terris, ut esset pacis et unitatis inter fratres immortale bonum; nulla præterea in ministranda justitia civium vel externorum habenda ratio est: quoniam qui impunitatem suorum in perditis et malis actibus procurant, dirimunt hii communem humani generis societatem, qua peremta beneficentia, hu-

¹⁾ Bergis, b. v. DN.

manitas, innocentia, pax et justitia, ceteræque virtutes intereant, necesse est, et univemale sequi dissidium.

Quocirca præsentium lator, Johannis Mönik, mercator de Hensa, veritatis sibi testimonium tanquam christianæ reipublicæ civi, de dampnis et injuriis, nuper sibi per Anglos illatis, per nos sibi humiliter exhiberi postulavit, speciali nempe licentia fultus, et salvo conductu serenissimi Principis et domini nostri Regis munitus, pro repetendis quibusdam debitis suis in Islandiam navigavit, ubi a quibusdam Anglicis mercatoribus Hyllensis et Brystovensium civitatum incolis, qui terram Islandiæ contra libertates et privilegia sua, inhibitionibus Regiis parvipensis, piscandi et mercandi gratia adeunt, post firmatas treugas inter Anglicos et communitates Hansæ, et sopitis utrinque litibus nequiter et inique extitit spoliatus, rebusque omnibus et fortunis nudatus, et adductis in medium duobus fide dignis testibus, medio juramento ipsorum probavit se infra scriptis rebus spoliatum. qui testes præsentibus erant et spoliolum committi et res abstrahi oculis intuebantur.

Et primo spoliatus hic anno Domini M^o. CD^o. Lxx. iiij. in octava apostolorum Petri et Pauli spoliatus est quatuor millibus piscium et sex petres burelli vulgariter *spyttingh* dictis, quorum quilibet sexaginta tenet ulnas. Anno vero sequenti in festo sanctæ mariæ magdaleniæ abstulerunt ei violenter de nave cujusdam Johannes dicti Rõrembergh duodecim millia piscium quadri(n)gentos quinquaginta *Rækking*, quatuor tonnas focinæ pinguedinis in unguentum resolutæ, quæ penes nos vulgariter *lyse* dicitur, centum vulpinas pelles, tres saccos refertos plumis, centum *skattge*, sexaginta *Rafna*, sex petres Burelli, quantitatis superius memoratæ. Unde et ex hoc plurima incommoda et dispendia perpessus ad extremam usque devenit inopiam, nilque sibi fere est præsidii, ni sibi subvenerit in brevi Deus ex alto, æquitatis quoque et justitiæ zelatores de raptoribus condignam sibi satisfactionem procuraverint.

Quamobrem ærumpnæ et miseriarum suarum crebris quassati stimulis, Majestates, Magnificentias, Excellentias,

Dominationes, Clementias, Dignationes, Humanitates et Industrias vestras obnixius rogamus, et majorem in modum, quo possumus, requirimus, et in visceribus Jesu Christi vehementius obsecramus, quatinus memores crediti vobis a Deo imperii, quod ad vindictam maleficorum, bonorum vero patrocinium, suscepistis, attendite ne reciperitis, et præcipue hii, quorum interest, talium excessus corrigere et civium suorum perditos mores emendare, huic miserabili præsentium latori dignemini pro spoliis, dampnis et injuriis, molestiis et gravaminibus justitiam ministrare, inanem et vacuum eundem nequaquam permittatis abire, scientes, quoniam Deus judex est judicans pro mansuetis terræ, sitientes quoque et esurientes justitiam sacræ literæ beatos prædicant, quibus copiosa merces est in coelis, quicquid enim (uni) ex minimis boni fecerimus, redemptor noster sibi factum deputat.

In evidentiâ vero et testimonium singulorum supra scriptorum secreta nostra præsentibus duximus appendenda.

Datum Bergis Anno Domini MCDLXX sexto. Nonas marcias.

67.

1476.

í Björgvin.

HANS biskup í Björgvin, Þorsteinn prófastr og kapellumeistari við postulakirkju, Jón riddari Smjör og Páll ábóti í Munklifi rita Einglakonungi bréf og leita ráðs um skaðabætr til Hans kaupmanns Rörembergs, er var þýzkr og átti heima í Björgvin, en hafði verzláð á Íslandi, og höfðu Einglendingar rænt hann þar fé og farkosti.

Bartholinsafn E, 599—601. Prentað áðr í Analecta Gríms Thorke-lins, bls. 146—149 (með skökku ártali 1486), — og Dipl. Norv. VII, Nr. 481 (bls. 479—481).

Illustri et magnifico principi et domino, domino Henrico¹⁾ dei providentia Anglie regi, clarisque et circumspic-tissimis memorati regni consiliariis Johannes dei gracia Ber-

¹⁾ Norðmenn sýna fram á, að hér muni ritað í ógáti nafn Henriks fyrir Edvards VI. Einglakonungs.

gensis episcopus, Torstanus prepositus ecclesie duodecim apostolorum et magister capellarum, Johannes Smør, miles et capitaneus Bergensis et thesaurarius, regni Norvegie consilarii, Paulus abbas in monte sancti Michaelis, Cisterciensis ordinis, felix, faustum et pacificum regni sui moderamen. Etsi cunctis, serenissime princeps et domini spectatissimi, sacris discernentibus institutis, misericordiam debeamus, maxime tamen domesticis fidei, quibus fraternitatis vinculo sumus astricti, inprimis calamitosis et afflictis, præsertim qui non suo vicio, sed et latrocinii et calumpniis ex magnis divitiis et fortunis optimis in summam deciderint egestatem, infelicissimum quippe pressure genus, se meminisse felicem. Et quidem non modo immitis, sed et [in]iustus foret, et tam in vicio quam qui facit, qui a socio, cum potest, injuriam non propulsat. secundum dei enim voluntatem et nature copulam, invicem nobis auxilio esse debemus, certare officii, et adjuvamentum ferre alter alteri, vel studio, vel officio, vel quovis alio modo, ut inter nos societatis augeatur gracia. Magnus itaque justitie splendor, que aliis potius nata quam sibi, ut iudicio omnia subjecta habeat, opem aliis ferat, officia non abnuat, dampna et pericula suscipiat aliena. Hanc virtutum arcem nobis ante oculos ponentes, ne innoxius tanquam reus et sceleratus dampnificetur, veritatem super cognitione cause latoris presentium, Johannis Rorembergh, institoris de Hensa, vestris prudentissimis circumspencionibus dignum duximus aperire. Qui aliquot retro annis ex civitate Bergensi, et ab ea congregacione mercatorum de Hensa, que nobiscum degit, mercandi gracia non predandi animo, optenta a serenissimo principe nostra licentia, in Islandiam est profectus, ubi a regnicolis vestris, Anglicis quibusdam, fortunis, rebus et bonis omnibus, atque ipsa navi sua, cum singulis suis pertinentiis, tanquam ipsorum persecutor et hostis, exstitit spoliatus, quem nos in veritate dei et fide Christi Jesu perhibemus nihil circumvencionis temeritatis sive malignitatis contra vestros civos et regnicolas in hoc suo transitu machinatum fuisse, sed ipsum suosque sequaces, mercatores fore de Hensa protestamur in hiis scriptis, qui

vobiscum, ut asseritur, sunt federe copulati. Et quia justum et sanctum est, inita semel pacis federa inconcussa servare, et circa illos presertim, qui non peccaverunt, nec fedus ruperunt, et amoris potius consulendum quam odia colligenda censebit sapiens, cum et hostibus parcitur persepe subactis, et inter regias laudes clarissimi quondam viri, hostem ipsum augere, ornare et rebus omnibus ampliare precipuam duxere virtutem, ab omni ergo alienum esse constat humanitate, pauperi, inopi et precipue federe et amicitia sibi juncto non subvenire oppresso, et in gravem redundat maculam regie majestatis, subditorum suorum clausis palpebris excessus preterire, et ipse rex regum et dominus dominancium in suis vicariis acrius hujusce rei negligentias ferire consuevit. Et quoniam inter ipsa arma, clarissime princeps, clemencie locus esse consuevit, hanc in pace amicis et sociis abesse nefandissimum est. Serenitatem [igitur] vestram obnixè rogamus, et in domino Jesu propensius obsecramus, quatinus, memores innate clementie et prisce benignitatis, huic miserabili, presencium latori, justiciam de vestris ministrare dignemini, spoliatum restituendo. Et dominus ipse, universorum retributor bonorum, copiosa vos mercede donabit in celis, qui quod uni ex minimis suis fecerimus, sibi in districto judicio factum fore censebit, et nos grata vicissitudine votis vestris in simili majorive negotio cupimus remereri. In cujus rei testimonium et evidentiam premissorum secretis et sigillis nostris presenciam fecimus communiri.

Datum Bergis anno m.^o cd.^o lxx. sexto.

68.

16. Marts 1476.

í Bukden.

KRISTJÁN Danakonungr fyrsti og Edvard Einglakonungr fjórði endrnýja samning sinn frá 1. Maí 1473.

Rymeri Foedera, ed. Holmes V, III, 69.

4. Diffinitum est, quod infra Biennium antedictum &c. [Orðrétt samhljóða samningnum frá 1. Maí 1473; sjá V, Nr. 618].

Teste Rege apud Bukden Decimo sexto Die Martij. [Anno Regni nostri xvj^o].

69.

6. Apríl 1476

á Hólum.

Jón Broddason officialis Hólabiskupsdæmis bannar Magnúsi presti Illugasyni að þjónusta Einar Björnsson og hans fylgjara, sem voru að ráninu í Miklabæ.

AM. Fasc. XXII, 2, frumrit á skinni. Innsiglið er enn fyrir, en er nokkuð brákað. — Apogr. 3239.

bref vm magnus illavgason¹⁾.

Ek jon prestur broddason officialis holabiskupsdæmis kunngiorer þier sira magnus illavgason med þessu minv brefi ath einar biornsson ok aller hans fylgiarar sem ridu til myk!abæiar j skagafirdi j blavndvhlid j vetur med sig-mvndi steinþorssyni a(t)fara nottina lavgardagsins næsta efter kertamesso nv næst er var ok gripu þar minn stad ok alla mina peninga bædi fasta ok lavsa frida ok ofrida ok jafnvel heilagrar holakirkiv penninga þa sem þar voro geymder ok j fodur setter. sua ok slogu þeir vpp kirkiuna ok ræntv þadan brutu alla þa peninga er ek hafdi þar til geymslu latit bædi heilagrar holakirkiv vegna minna ok annara dandimanna ok giordv mier sua fulla bvsvpptekt ok opinbert ran. Þui fyrir þessar saker og greiner fyrirskrifadar hafa adr nefnder menn feltt æ sig fvlft bann af sialfs sins verkum fyrir þessa ogiorninga sem þier megit vel vita. Þui fyrirbyð ek ydr sira magnus illaugason under krapti heilagrar hlydne ok afsetningar þins embættis ath þionosta einar biornsson ok hans fylgiara þa sem til mykla-bæiar stadar ridv ok satu þar med honum j fyrskrifudu rane ok ranfeingi. nema þeir taki adr laugliga launskript af mer eda minvm vmbodsmanni ok bæti sin brot vit gvd heilaga kirkiv ok mic. Ok til sanninda hier vm setti ek officialatus incigle fyrir þetta bref skrifat æ holvm j hiallta-dal lavgardaghinn næsta fyrir pa(s)ionem domini. anno do-mini M^o cd^o lxx. sexto.

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

70.

9. Apríl 1476.

á Hólum.

VITNISBURÐARBRÉF um ránið í Miklabæ og taldir Miklabæjar-
menn.

AM. Apogr. 3586, að því er sýnist, eptir frumriti.

Þath giorum ver olafur klængsson. þorbergr stefansson
prestar. jon þordarson ok simon gunnarsson leikmenn god-
um monnum uiturligt med þessu uoro brefi ath þar uorum
uær j hia saum ok heyrðum æ þr(id)judagen næsta firir
passionem domini æ holum j hialltadall j radzmanzstof-
unne ath þorgrimur þorgrimsson sór fullan bokareid firir
sira jone broddasyne official(is) holabiskupsdæmis. j fyrstu
ath nefndr þorgrimur uar æ micklabæ j skagafirði j blaundu-
hlid¹). þa er sigmundur prestur steinþorsson. einar biorsson.
med sinum fylgiorum er svo heitta.

jon einarsson. uerdnard einarsson.

sigurdr einarsson. olafur asbiarnarson.

thomas hrafsson. jon jonsson.

petur þorsteinsson. narfe jonsson.

sigurdr juarsson. oddr jonsson.

eyolfur gunnarsson. asgrimur sigmundsson.

jonar tueir sigmundzssyner. ok

jon bupp hestastrakur.

gripu ok ræntu nefndan stad. firir nefndum sira jone. suo
ok uissa ek firir full sannindi ath þessir fyr nefnder menn
sigmundr ok einar med sinum fylgiorum spenntu ok upp
neytu kost þratt nefnz sira jons. ok suo skipadi titnefndr
sigmundur prestur. ok lett drepa firir þrattnefndum sira
jone iiij kyr med hans eigin marki. tuær suartar. eina
huita. adra skiolddotta. ok einn gridung.

Ok til sannenda hier um settum uær fyr nefnder menn
uor incigle firir þetta bref. skrifath æ holum j hialltadal
þridiudagen j efstuiku. anno domini M^o cd^o lxx^o sexto.

¹) Í kopibókum er niðrlag þessa bréfs sett aptan við bréf frá 14.
Febrúar 1476 (sjá V. bindi Nr. 728).

71. 29. April 1476. á Hólum.

DÓMR tólf presta útnefndr af Sveinbirni Þórðarsyni officialis Hólabiskupsdæmi um Þórhall Þorvaldsson, er verið hafði með séra Sigmundi Steinþórssyni og hans fylgjurum að Miklabæjarráni.

AM. Fasc. XXII, 1, frumrit á skinni. Öll (13) innsiglin eru dottin frá.

domur vm mal þoralz þorvaldssonar¹).

Þat giorum uier semingr magnusson. hallur finnzson. þorleifur magnusson. magnus jonsson. ketill grimolfsson. hallkell gvdmyndsson. þorbergr stefansson. ion þorgilsson. þordvr ingimvndarson prestar holabiskupsdæmis. sigvrdur jonsson. jon palsson ok helge illaugason. diaknar sama biskupsdæmis. godum monnum viturligt med þessu voro opnu brefi. ad sub anno gracie M^o cd^o lxx sexto. manvdaghin næsta fyrir festum apostolorum filiphi et iacobi. æ holum j hialltaddl vorum vier j dom nefnder af ærligvm manni sira sveinbirne þordarsyni officialis holabiskupsdæmis. ad dæma vm þa akærv er sira jon broddason officialis sama biskupsdæmis radzman heilagrar holakirkju. kærði til þorhallz þorvaldssonar. epter hans sialfs vnderlagi ok medkenning. j fyrstv ath hann hefde verit med sira sigmvnde steinþorsyni j uetur ok hans fylgiorum a myklabæ j skagafirdi j blaunduhlid. vj nætvur ok haft þar mât ok miolk. j annare grein medkendizst (hann) ath hann hefde burtflutt hey æ einum hesti. j þridiv grein kendizst hann ath hann hefði verit j þeirri ferd er adr nefndr sigmvndr rumdi burt ok hans felagar af myklabæ ok rakv burt þa peninga, sem þadan voru hafder ok fyrir sua ordin likindi ok medkenning bar sira jon ath þorhalli ath hanu hefði gripit ok fvllan styrk til veitt ath gripner uoro hans peningar. bæði frider ok ofrider fra myklabæ. Þui ath guds náð til kalladre dæmdum vier fyrskrifader xij. lærmenn²) optnefndan þorhall hier laugligan(a) fyrir kalladan j dag ok skylldvgan ath sveria týltareid innan hals manadar. ath heyrðvm dominvm fyrir

¹) Utan á bréfinu með fornri hendi; ²) Svo.

sira sueinbirne eda hans umbodsmanni. á flugumýri j skaga-
firde. ath hann hafi eigi með þeim hug a myklabæ uerit ath
hann uillde ath sira jon veri sinvm stad eda peningvm ath
firr ok avnguan stýrk þar til lagt ráð ne dæder hvorki op-
inberliga ne leynilega nema þat heytit máttinn ok miolkina
sem hann sialfur meðkenndizst ath hann hefði haft. fallizst
honum þessi eidr þa dæmdvm ver hann skylldugan ath tui-
gillda aptur alla þa peninga sem hann hefer fra myklabæ
haft vnder sinn svarinn bokareid ok þar með tvevallt full-
retti sira jone broddasyni .xv. merkur j hvort ok heilagrar
holakirkiv .lx. marka. Enn ef hann vinnur þenna eid sem
fyrskrifat stendr þa dæmdvm ver hann skylldugan ath lvka
þratnefndvm sira jone .xv. merkur j einfalldan rett enn hola
kirkiv .xxx. marka j sinn rett ok tuígillda þat allt aptur
sem hann sialfur meðkenndizt ath hann hefði j burtt haft.
hier með dæmdum ver hann fallin j bann af sialfv verkinv
ok skylldugan ath taka lausn ok skript epter kirkiunar
lavgum. enn luka peningana ath næstum fardavgum epter
þui sem hann er megtvgur til heima at holum. enn vpp
þadan epter þui sem lögbok vottar. ef hann getur þa eigi
allt lukt. Ok til sannenda hier vm settum uier fyr nefnder
xij. lærder menn vor jncigle fyrir þetta domsbref skrifat j
sama stad degi sidar enn fyr seger¹⁾

72.

10. Maí 1476. í Böðvarshólum.

SOLVEIG Þorleifsdóttir fær Einari Björnssyni til fullrar eignar
jörðina Rófu í Miðfirði.

AM. Fasc. XXII, 4, frumrit á skinni. Innsigli Solveigar er fyrir
bréfinu.

Rofubref²⁾.

Þat giauri eg solveig þorleifsdotter godum monnum
kunnigtt með þessu minv opnu brefi. ath eg hefi feingit uel
bornum manni einari björnssyni jord mina er heitir rofa og
liggr j miðfirði j stadarbacka kirkiusokn. með aullum þeim

¹⁾ þ. e. 30. April; ²⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

gaugnum og gædum. hlutum og hlunnendum og allt þat fe er þar kann finnast j jordu edr æ iordu. nema eigandi uerdi at. og jordunni hefir fylgt at fornu og nyiu. og eg uard fremst eigandi at. undan mier og minum erfingium. Enn under einar og hans erfingja. til æfinlegrar eignar. Skal adr greindr einar hallda iordunne til laga. Enn eg solueig þorleifsdotter suara lagaríptingum á iordunni. huerir sem akæra. Og til sanninda hier um setta eg mitt jnceigli fyrir þetta iardarbref er skrifat uar j bauduarsholum j uestrhopi. fóstudaginn næsta fyrir halluardzmessu ár eptir guds burd. þusund. cccc. siautigir ok sex ár.

73.

24. Maí 1476.

í Hrepphólum.

SKRÁ um eignir Hrepphólakirkju, þegar Oddr Pétursson bacca-laureus artium afhenti.

AM. Apogr. 2176 með hendi Árna Magnússonar eptir skinnbl. úr kirkjubók frá Hrepphólum. AM. 262. 4^{to} b^l. 2^a skr. c. 1600 (ónákvæmt og fellir úr); ártal hér 1486 (rangt).

Attundi mældagi kyrkiunnar¹).

Anno Domini [M^o. cd. lxx^o sexto²) voru suo mikler peningar [afhenter stadnum³] i Holum [i H[runa]manna hrepp³). þa er Oddr Petursson bakalarius arcium officialis heilagrar Skalholltzkirkiu [i millum Botnzár oc Hrutafiardar ær³). afhente⁴] [faustud[aginn] i fardogum³). en sera Jon [Olafsson³) medtok.

[Jn primis³) .xv. kyr.

[niu asaudar ku[gil]lde. oc .xij. sauder veturgamler i et tiunda asaudar kugilldit⁵).

v. kalfar.

iiij. hestar.⁶)

ij. hross.

¹) 262; ²) 1486(l), 262; ³) [sl. 262; ⁴) afventi 262; ⁵) [Asaudur lx, 262; ⁶) og, b. v. 262.

Lukkt i porcio.

viiij. sauder tvævetrer.¹⁾

viiij. [sauder²⁾ veturgamler.

einn ketill i halfa þridiu mork.

viiij marka pottur i mork.

[[half] en fimta vod³⁾).

[Reiknast þetta allt saman³⁾. x. alnum fatt i fim hundrud.

74.

31. Maí 1476.

á Mælifelli.

ÞÓRÐR Jónsson gefr Sigurði presti Þorlákssyni jörðina Hól í Siglufirði í löggjöf sína, en Sigurðr prestr gefr Þórði söðul með öllum reiðskap fyrir tvö hundruð og góðan hest bleikálóttan.

AM. Fasc. XXII, 11, frumrit á skinni. Bæði innsiglið eru dottin frá. — Apogr. 3244.

hol i siglufirde⁴⁾.

Þat giörvm vid grimur þorsteinsson ok einar kolbeinson godvm monnum viturlikt med þessv ockrv brefi þa er lidit var fra hingadbvrd vors hera ihesv christi þvshvndrvd c.c.c.c. sio tiger ok vj ar vorv vid j hia aa mælifellz stad j tvugus(v)eit fostvdaginn næstan fyrir huitasvnnvdag ad þorðr ionsson gaf sigurdi prest þorlakssyne med handabande iordina alla hol j siglvfirði er ligur j siglvness kirkivsokn med ollvm þeim gognvm ok gædvvm sem greindre iordv fylger ok fylkt hefer (ath) fornv ok nýv ok hann vard fremdz eigandi ad vndan sier ok sinvm erfingivm ok lyste því ad þetta skilldi vera sin lvoggiof⁵⁾ or attatigvm hvndrada er fyr greindr þorðr sagdiz eiga ad avk penninga konv sinnar. hier j mot gaf sigurdr prestur saudvl med ollvm reidskap er þorde þotte svo gott sem tvo hvndrvd ok þar til hest godan bleikalotan. skillde þrattnefndr sigurdr prestur hallða

¹⁾ og, b. v. 262; ²⁾ [sl. 262, ³⁾ [Summa summa(r)um reiknat allt j eitt 262; ⁴⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi; ⁵⁾ Svo.

greindre iordv til laga enn þorðr svara lagaríptingv. handlagdi tídt nef(n)ðr þorðr ionsson þrattnefndan sigurd prest ollvngis kvittan ok akærvlavsan fyrer sier ok sinvm erfingivm þo að hann fengi allðri meire penninga fyrer greinda jord. ok til saninda hier vm settvm vid fyr nefnder menn okkvr jnnsigli fyrer þetta bref er giort var j sama stad ok are degi sidar enn fyr segir.

75.

18. Júní 1476. á Skarði í Langadal.

ÞEIR menn votta um skipti þeirra bræðra Þorleifs og Einars Björnssona eptir Árna bróður þeirra, er „var þá sagðr dauðr fyrir mörgum árum“, svo og um, að þeir Þorleifr og Egill Grimsson hafi staðfest kaup sitt, er áðr var gert, um Skarð í Langadal og Eyvindarstaði.

AM. Apogr. 747, með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna, eptir transskripti á skinni frá 9. Marts 1492.

Þat giðrum uær sigurdur jonsson. olafr biornnsson og niculas einarsson godum monnum uiturlegt með þessu voru opnu brefi at uær uorum j hia æ audkulustöðum j suinadal. þa Einar biornnsson tok vid peningum sinvm at þeir þorleifur biornnsson broder hans með þeirra dandimanna tilaugum er þeir kölludu til með sier skiptu milli sin þeim peningum er arna biörnssyne brodr þeirra höfðu skipter uerit i erfd efter biorn þorleifsson faudur þeirra. enn fyrrnefndur arne var þæ sagdur dauður firir mörgum arum. hafði adrnefndr einar j sinn part greinda iaurd audkulustadi og adrar jarder þar með. enn þorleifur biornnsson i sinn hlut iordina skard i langadal eða eyvindarstadi j blaundadal er hann hafði adr tekit firir greinda jörd skard og þar með adrar jarder suo jafndyrar uoro at tiundarlagi. letu þeir bader fyrrnefnder brædr þorleifur og einar sier þa þesse skipti uel lika. Suo og ei sidur uoru uær fyrrnefnder menn i hia sama dag efter skiptin at þeir toku hondum saman þorleifur biornnsson og eigill grimsson at suo firir skildu at þeir stadfestu sitt kaup fullt og löglegt þat

er þeir höfdu keypt jörðunum skardi j langadal og eyuindarstöðum j blaundadal efter þui sem þeirra kaupbref þar adur um giort utuisar.

ok til sanninnda hier um settum uær fyrr nefnder menn vor jnnsigle firir þetta bref er skrifat var a skarde j langadal þridiudaginn næsta firir jonsmessu baptiste arum efter guds burd þusund. cccc. lxx. og .vj. ar.

76.

20. Júní 1476. á Felli í Kollafirði.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

AM. Apogr. 2362, með hendi Árna Magnússonar „Ex originali lacero (fra Einare Einarssyne Systumanne i Bardastrandar Syslu). Þad sem hier er understrikad¹⁾, var burt trossad i kalfskinns original þessum enn þad sem punctar eru under, var litt læst“. (AM.).

Dat giorum ver Eyiolfur Sygurdzson. Oddur Sveinsson. [Jon] Halldorsson .prestar. Skalhollz [biskups] dæmes godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi at ver hofum sied ok yfer lesed opin bref biskup sucins heitins²⁾ peturssonar sem gud hans sal hafi [ok Jons prestz] Jonssonar vnder [þeirra usko]ddum hanganda insiglum suo latanda ord epter ord sem hier seger.

[1. Dómr séra Jóns Jónssonar um tíundir til Fells í Kollafirði ^{23/81}. Mai 1475, DI, V, Nr. 698.

2. Staðfesting Sveins biskups upp á þann dóm 5. Júlí 1475, DI, V, Nr. 708].

Ok til sannennnda hier um sett[um uær fyrrgre]inder [pre]star nor insigle firir þetta transkriptar bref skrifad a felle i kollafirði. ulltimo. die octavarum corporis christi anno domini M^o. cd.^o lxx.^o sexto.

77.

22. Júní 1476.

á Hólum.

SKOÐUNARGERÐ þriggja presta og tveggja leikmanna á pen-

¹⁾ Hér í hornklofum. ²⁾ tvískr. í frumritinu.

ingum þeim, er Jón prestur Broddason átti í Miklabæ, „sem hann hafði á staðnum sitt bú“, og lýsti séra Jón ráni og gripi á þessum peningum á hendr séra Sigmundi Steinþórs-syni og Einari Björnssyni og þeirra fylgjurum.

AM. Apogr. 3594 eptir transskripti frá 13. Júní 1480. Afskriptir af þessu bréfi eru og í ÍBfél. 126. 4^{to}, bls. 255—257 og í MSteph. 78. Fol. 175—179, skr. c. 1750. Sömuleiðis í kópibók Dórláks biskups frá 1641—1642 í Biskupsskjalasafni í Reykjavík, 3. Fol.

Þat giorvm ver ketil grimolfsson. gunnar jonsson. þorvalldr biarnason prestar holabiskupsdæmis. jon einarsson ok jon iussason leikmenn godvm monnum viturlegt med þessu voro brefi. ath þa er lidit uar fra hingatburd uors herra iesu christi þushundrut. cccc. lxx ok uj. ár æ manadaghinn næsta fyrir þal(m)sunnudagh¹⁾ ridum ver til myklabæiar j skagafirdi j blavnduhlid med sira jone broddasyni. ath sia ok skoda greindan stad ok þa peninga er nefndr sira jon atti þar. frida ok ofrida sem hann hafdi æ stadnum sitt bu sett.

j fyrstu .vj. kýr ok .xx. med ellefu holastadar kum er þar voru j fodur settar.

x. uxar gamler.

tvær kvigr tvævetrar.

tarfyr tvævetur.

veturgaumul navt xv.

kalfar .iiij.

veturgamalt fé .i. ok iij sauder betur.

hestur gradr.

hross ok hestur. veturgaumul bædi.

voru þessir peningar sua fullkomliga j bruttu teckner ath eigi var epter meira en einar .v. kýr er holastadr atti ok ein kýr er jon iussason atti ok iij kalfar med þeim sem jon jvssason atti.

hier til hafdi nefndr sira jon latit til geýmslu ok verndar j kirkivinne æ myklabæ sua ordna peninga ofrida.

¹⁾ Þ. e. 1. Apr.

j fyrstu fim vætta kista med smior ok mikil lausasmior
ath avk.

auxe ath aullum limum nema vantadi til skamrifin.

kýrpio .ij.

halft siounda saudarkrof med bogum ok tuenn skamrif.

mor. smalkatur¹⁾ matur. biugu. sperdlar ok undermorvfar.

fiskar halft annat hvndrat harder. xx. blavter.

hakalz lýkiur .xij. riklingur ok rafabellti. skautubavrd.

sængr iij. ok eitt aklædi.

hvder ij. heilar. en þridia ristnar af ij. leingur.

klýpingar .v.

selskinn iij.

reip æ halfan iiij hest.

katlar v. med ij holastadar kautlvn.

pottar iij.

konnur viij.

tinfavt iiij.

læst kista.

salsar med loki.

hornstavp xiiij.

drykiar skaler viij.

trefavt viij. ok ix^{da} ravt(t) fat stort.

bordskaler .x. smar ok storar.

vigslvaskar iij.

kvpa ok eysill.

skerdiskar rauder .ix. en skorner diskar .xij.

heitvavsa.

saluns aklædi nýtt.

teflings dýnvver nýtt ok hægendesver med lika.

iiij alner klædavodar.

huitimiol²⁾ .ij. fiordungar. ok half mork vax.

munlaug ok uazskall.

vlldvkv ok ullhandklæde.

pallklæde.

¹⁾ Þ. e. smálkaður; kopiúbækrnar hafa: smálkamatur. ²⁾ hveiti-
mjöl, kopiúbækrnar.

vondur er olafur bondi atti.
 net ok kvorn.
 kvotra ok skak.
 altunnur ij fra holastad.
 halftvonna. kvartel ij. ok avnnur halftvonna er olafur
 bondi atti.

avrk. matarlok.
 halftvonna malz.
 miol j stampe.
 smabusgagn oreiknad. trog. kerolld. diskar. skaler. ask-
 ar. spæner. smiorjarn.

liaer iiij. avx. nafrar. iij.

bardsteinar ij.

þuerfari.

svdþuerfari.

beinasavg. hornasavg. þversagarefne.

hialta hnifsbrot.

kolskara.

tangarbrot.

klavfhamar.

vefir .ij. kastadir.

garnhnodu iiij.

vindur lxx. ok garn af .vij. fiordungvm vllar.

pall ok skeri.

stokur med nidurfellv.

klabbryne ij.

mirrvstokur.

eskivr tvær. var j avdrvm bref en j audrum kolur.

hañdbok ný ok ij kuer er þar til heyrði.

sermons kver ok iij. bækur adrar.

var hier allt j brutv gripit ok tekit ur kirkivonne þetta
 sem adr er skrifat nema ein kvorn. voro ok aller adrer
 ofrider peningar j brvttv teckner þeir sem inne j stadnum
 voro geymder fyrir utan storkerolld ok ein ork stor. sua
 sem reikningur þar vm gior uottar. Enn epter þessa skodan
 sem ver haufdum haft. lýsti sira jon broddason fyrir oss
 epter avllvm fyr skrifavdvm peningvm. Sua ok þeim sem j

reikningenvm standa sem var .xiiij. tunnur skýrs. hej ok eldebranda. busgavgn ok sængarklaedi. voder ok ambod. ok bvsbvhlyter þeir er þat bv þvrfti ath hafa ok sagde þat j avngv sinv frelsi j brvtv gripit. heyrðum ver ok ath þrattnefndr sira jon broddason lýsti. æ sira sigmvnd. einar biorsson ok alla þeirra fylgiara. sem myklabæiar stad gripv ok hans peninga. sua ok þær .vj. holastadar kyr er þar voro gripnar ok adra holastadar peninga þo ofrider vere. rane ok gripi æ eda stvlde ef þeir gæti eigi sig med lavgum afbatat.

hier epter þessa bvs vpptavkv. kirkivran ok allan skada ok skapravner sem optnefndr sira jon hafde feingit af fyrskrifavdvum monnum lýsti hann epter kirkivnar laugum sira sigmund. einar biorsson ok alla þeirra fylgiara sem miklabæiar stad gripu ok hans peninga ok fyrskrifat rdn hafa giort. vera fallna j bann af sialfv verkinv ok fyrirbavd hverivm manni ath eiga uit þa svefn edr samneyti þangat til þeir ganga til hlydne ok bæta sin brott uith gvd heilaga kirkiv ok hann. æbyrgdi þrattnefndr sira jon. fyrskrifaudum ransmonnum allan þann skada ok uanretti sem kirkian sancte ola(ui) ok sin æ myklabæ feingi af fyrgreindre bus vpptauku. ath hvorki mætti kirkian hafa sinn heidr. ok eigi presturenn ne þingnautarner sina skýlldu.

ok til sanninda hier vm ok meire avdsýningar þa setti ek jon prestur broddason officialis holabiskupsdæmis officialis incigle med fyrr skrifadra dandimanna inciglum fyrir þetta bref skrifat æ holum j hialltadal lavgardaghinn næsta fyrir jonsmesso baptiste. anno domini M.º cd.º lxx.º sexto.

78.

25. Júní 1476. á Skarði á Landi.

DÓMR um Þjórsártungur, milli Tungnár og Sprengisands, útnefndr af Þorsteini Pálssyni í umboði Erlends Erlendssonar, sýslumanns í Rangárþingi, hvort þær skuli vera eign eða almenningr eða afréttr Landmanna.

Dví miðr er þessi dómr nú ekki til í frumriti, því að hann er orðinn frægr fyrir það, að Sigurðr Vigfússon fornfræðingr hefir eptir af-

skript af honum, er hann fékk 1885 frá Vilhelm Frimanni Jónssyni í Vindási á Landi, bygt það mikið til á honum, að Fiskivötn á Landmannaafrétt hafi í Rangárþingi jafnan verið kölluð *Veidivötn* (Ísafold XII, 1885, Nr. 19, bls. 76; Nr. 39, bls. 154), því að í afskript Frimanns var þeirra getið með því nafni, og öðruvísi þekti Sigurðr ekki dóm þenna. Sú elzta afskript dómsins, sem þekst hefir nú í manna minni, var rituð af Oddi Erlendssyni, er leingi bjó í Þúfu á Landi á fyrra hluta þessarar aldar og var fróðleiksmaðr. Þá afskript átti síðar Jón Þorsteinsson hreppstjóri í Vindási á Landi, en þar eptir Vilhelm Frimann Jónsson, sour Jóns. Þessa afskript hefir Jón bókaforðr Árnason einhvern tíma haft undir höndum frá Jóni í Vindási, og hefir hann tekið afskript af henni, sem nú er í Landsbókasafni 412. 4to. Þegar nú afskriptir Jóns og Frimanns eru bornar saman, sést það fljótt, að þeim ber mart á milli, svo að næst væri að ætla, vildi maðr einskis annars en góðs til geta, að þeir hafi haft fyrir sér mjög mismunandi afskriptir, enn þótt báðir rituðu eptir afskript með hendi Odds í Þúfu, því að svo var. En nú vill svo vel til, að eg hefi feingið (2. Júní 1897) frá Árna landfógeta Thorsteinsyni, sem vel kann að meta hvað að gagni má koma, einmitt afskript Odds í Þúfu, gerða á grápappír góðan á að gizka 1820—30, og sést af samanburði við hana, að afskript Jóns Árnasonar er góð og brekalaus, eins og við mátti búast, og er dómrinn í þeirri mynd ekki tortryggilegri en mörg önnur bréf, sem ekki hafa verið vefeingd¹⁾. Dæmir hann afréttinn Landmönnum og Holtamönnum, og nefnir ekki Veidivötn á nafn, og varla er eitt einasta orð í dómnum í þeirri mynd, sem tortryggilegt sé, einkum þegar að því er gætt, eð afskript Odds er líklega í marga liði frá frumritinu komin. En alt minna í sómanum verðr um afskript Frimanns, því að hún lýsir bæði hvatvísi og hrekkjum. Þetta eru að vísu hörð orð, en þau eru varla of hörð. Fyrst og fremst hleypr Frimann í flaustri yfir málgreinar af minna atriði í dómnum, sem svo sem ekkert riðr á; því næst snýr hann vísvitandi við dómsatriðunum Landmönnum í hag en Holtamönnum í óhag, og lætr dómnum dæma Landmönnum *einum* allan afréttinn; þá breytir hann niðrlagi dómsins Hrunamannahrepp í óhag, og setr: að Gnúpverjar einir, í staðinn fyrir Hreppamenn, skuli eiga samreið með Holtamönnum og Landmönnum, og er alt niðrlagið hjá honum mjög svo bögulega orðað („nema máské“ — hér er hann og að breyta til: „utan máské“ — „geta úti staðið næga grasutekju aptur á móti“), að það eitt væri nóg til þess að fella bréfið úr tölu ærlegra skjala frá 15. öld. En nú vísir Frimann, að Sigurði Vigfússyni var Veidivatnanafnið áhugamál — hann var vinr Sigurðar og systursonr konu hans, dóttursonr Bonnesens sýslumanns —, og til þess bæði að vera vitr og veita Sigurði ánægju, þá

¹⁾ Skröklaus afskript frá c. 1832 er ennfremr í Landsbókasafni 232. 8vo.

skrökvar Frimann inn í bréfið um „silungsveiði í *Veiðivötnum*“, sem afskript Odds í Dúfu nefnir ekki á nafn, en eptir henni ritar hann, að vitni Sigurðar sjálf. (sjá meðanmálsgrein síðast við B). Afskript Odds má þó sjá, að Sigurðr hefir aldrei séð, og því hefir Frimanni tekizt að leiða hann í villu. Ean breytir Frimann því að niðrlagi, þar sem í afskript Odds stendr „á sama ári sem fyrr segir“ í „Anno domini 1476“, sem hann tekr eptir því, sem áðr hefir staðið frammar í bréfinu, en er annars aldrei titt að taka upp í góðum bréfum, nema gjörningr sé bréfaðr ári eða nokkrum árum síðar en hann fór fram. Þar næst bætir Frimann við *undirskriptum* sömu manna og taldir eru í bréfinu, og er það líka tilbúningr hans, enda gleymir hann Þorsteini Pálssyni, dómnefnanda sjálfum. Síðast klykkir Frimann út með hvi að „vitna“ það, að „dómurinn“ sé „rétt afritaður“, og fyrir það bragð hefði hann aldrei átt að vera vitnisbær í slíkum efnum. Dómurinn er nú prentaðr hér í tvennu lagi; fyrst eptir afskript Odds í Dúfu (og Jóns Árnasonar) sem A, og sem B eptir afskript Frimanns; reyndar hefði sú afskript aldrei átt að heyrast; en af því að hún hefir komið svo mikið við Veiðivatna- eða Fiskivatnamálið, er nú óhægt að leiða hjá sér að prenta hana, svo að hún verði þar með rekin niðr.

A

Eptir afskript kominni til mín 2. Júní 1897 frá Árna landfögeta Thorsteinsyni í Reykjavík, með hendi Odds Erlendssonar í Dúfu á Landi c. 1820—30. — Landsbókasafn 412. 4^{to}, með hendi Jóns bókavardar Árnasonar, og segir hann svo um afskript sína: „Þessi afskript er tek-in eptir annari, sem Jón Þorsteinsson á Vindási á Landi hafði undir hendi“, og virðist hann einmitt hafa ritað eptir afskript Odds í Dúfu. Sbr. Ísafold XII, 19 (1885) bls. 76.

Domur um Holtamanna og Landmanna Afriett.

Það giörum vier Oddur Asmundzson. Örnólfr Oddsson. Biörn Jónsson. Þorsteirn Þordarson. Sigurdur Eiríksson og Sigurdur Hafliðason. godum monnum kunnugt með þezu voru opnu brefi: Anno Domini 1476 þridiudaginn¹⁾ nærstan eptir Jonsmessu Babtista ad Skardi a Landi. a þingstad riettum. vorum vier i Dóm nefndir af Þorsteini Pálssyni. er þá hafði syslu og umbod af Ellendi Ellendssyni i Rángarþingi. ad meta og skoda um afriett þann. er heita Þiotzár Túngur. og liggur fyrir Landmanna repp. millum Túnár og Spreingi-Sands. hvort það væri eign edr almenningur edur afriett

¹⁾ Þridia daginn 412.

þeirra manna er i Landmanna repp búa. og þar veittu a-
kiæru um.

Var og svarid fyrir oss af tveimur mönnum Tomase
Illugasyni og Sigurdi Ögmundssyni. ad þessi afriettur þiotz-
ar Tungur hafi verid hafdr og haldinn til Lambareksturs
og Elldra fiar af þessum tveimur hreppum Landi og Holt-
um [svo leingi¹⁾] sem þeir mundu til og ej vissu þeir annad
sannara. en það væri þeirra Eign.

Þvi eptir þessum Eijdi og (ad) so profudu máli sem
fyrir skrifad er. Dæmduṁ vier fyrr skrifadir Domsmenn
þeirra Eign og afriett. sem haft og haldid hafa i Holtum
og á Landi. sem eru og verid hafa til fra Túná og til
Spreingi-Sands og vestur i þiótzá og allt austur i fiialgard.
so langt sem vötn renna til og frá hierada a millum. ad
riettri tiltölu. Og aungver menn adrer meiga i þessum af-
riett fugla veida. Grös lesa. Rotagröft hafa edur önnur
Giædi. fyrir utan þeirra leifi er fyrr skrifadir eru. nema
þeir hafi skilvis vitni edr brief er i fara. edur sier kalla.
nema þeir menn er i Hreppum bua hafi samreid vid þa. er
ur Holtum og af Landi fara til Fuglveidar og Grös ad tyna
badu megin Þiótzar. sem ad fornu hefr verid og þeim
hefur samid sijn a millum et cetera.

Til sanninda hier um setium vier fyrrnefndir Doms-
menn vor junzigli fyrir þetta Domsbrief.

Skrifad a Ytri Völlum a sama ári sem fyrr seigir.

B

Eptir afskript með hendi Vilhelms Frimanns Jónssonar i Vindási,
er hann sendi Sigurði Vigfússyni með bréfi skrituðu á Eyrarbakka 18.
Maí 1885.

Dómur.

Það gjörum vér Oddur Ásmundsson, Örnólfur Oddsson,
Björn Jónsson, Þorsteinn Þórðarson, Sigurður Eiríksson og
Sigurður Hafliðason góðum mönnum kunnugt með þessu
voru opnu bréfi Anno domini 1476 þriðjudaginn næstan

¹⁾ [skaddað i a, og svo hefr verid i afskript Jóns i Vindási (412).

eptir Jónsmessu á Skarði á Landi á þingstað réttum, vorum vér í dóm nefndir af Þorsteini Pálssyni, er þá hafði sýslu og umboð af Erlendi Erlendssyni í Rangárþingi að meta og skoða um afrétt þann, er heita Þjórásartungur¹⁾, hvort það væri eign eður almenningur eða afréttur þeirra manna, er í Landmannahrepp búa, og þar veittu ákæru um. Var og svarið fyrir oss af tveimur mönnum, Tómasi Illugasyni og Sigurði Ögmundssyni, að þessi afréttur, Þjórásartungur, hafi verið hafður og haldinn til lambareksturs og eldra fjár [úr Landmannahrepp²⁾] svo leingi sem þeir mundu til, og ei vissu þeir annað sannara en það væri þeirra eign³⁾ sem haft og haldið hafa [Landmannahrepps búar⁴⁾], sem eru og verið hafa til frá Túná og til Sprengisands og vestur í Þjórásará⁵⁾ og alt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna⁶⁾ héraða á millum að réttri tiltölu, og aungvir aðrir⁷⁾ mega í þessum afrétti fugla veiða, grös lesa, rótargrópt hafa [né silungsveiði í Veiðivötnum⁸⁾] eður önnur gæði fyrir utan þeirra leyfi er [[í Landmannahrepp búa, [nema máské⁹⁾] Gnúpverjahrepps búur, ef þeir að fullu geta úti staðið næga grasatekju aptur á móti¹⁰⁾].

Til sanninda hér um setjum vér undir skrifadir dómsmenn vor innsigli fyrir þetta dómsbréf.

Skrifað á Ytrivöllum Anno domini 1476.

Oddur Ásmundsson

Örnólfur Oddsson

(L. S.)

(L. S.)

Björn Jónsson

Þorsteinn Þórðarson

(L. S.)

(L. S.)

Sigurður Eiríksson

Sigurður Hafliðason

(L. S.)

(L. S.)¹¹⁾.

¹⁾ Hér hefir Frimann hlaupið yfir: „og liggur fyrir Landmannahrepp millum Túnár og Sprengisands“. ²⁾ [Hér breytir Frimann úr: af þessum tveimur hreppum Landi og Holtum“. ³⁾ Hér hleypr Frimann aptur yfir heilan kafla. ⁴⁾ [Hér breytir Frimann aptur, og alt í sömu átt og fyrr, að Holtamennu eigi ekkert í afréttinum, úr: „í Holtum og á Landi“. ⁵⁾ Þannig, Frimann. ⁶⁾ Hér hleypr Frimann yfir: „til og frá“. ⁷⁾ Hér hleypr Frimann yfir „menn“. ⁸⁾ [Þessari klausu hefir Frimann skrökvað inn í. ⁹⁾ [Hér hefir Frimann fyrst ritað: „fyrir utan“, en svo dregið það út og ritað fyrir ofan línuna „nema máské“. ¹⁰⁾ [[Allri þessari klausu hefir Frimann skrökvað og falsað hið rétta. ¹¹⁾ Neðan við setr

79.

2. Júlí 1476.

á Þingvelli.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

AM. Fasc. XVIII, 26, frumtransskriptið á skinni, og eru innsiglin dottin frá. Það er með sömu hendi og kaupmálabréf Sumarliða gert í Kalmanstungu 1468 (DI, V, Nr. 472).

Það giorum uit annfinur ionson ok ingimundur ionson godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefi ath uit hofum sied ok yferlesit opit bref suo latanda ord eptter ord sem hier seiger. [Hér kemr bréf um Kollabæ í Fljóts- hlið frá 20. Júní 1470, DI, V, Nr. 511].

Ok til sanninda hier um settom uit fyr nefnder menn ockur insigli fyrer þetta transkrifttarbref skrifad á þing- uellj. á visitacio sancte marie uirginis. þú er lidit uar fra hingadburd uors hera jesv christi M. cccc. siautiger ok sex ar.

80.

1. August 1476. á Sandhólaferju.

ÞÓRÐUR Jónsson lýsir því, að hann hafi gefið síra Sigurði Þorlákssyni jörðina Hól í Siglufirði.

Frimann: „Að þessi dómur sé rétt afritaður
vitnar

V. F. Jónsson“.

fímtan hundrut j tungumula. er liggur og a bardastrond [j] saumu kirkiusokn. med aullum þeim gaugnum og gædum sem greindri jordu og jardar [pa]urtum fylger og fylgt [hefer] at fornu [og] nyiu og uier urdum fremst eigandi ath. fyr skrifudum hionum gisla og ingibiorgu til [æuen]-l[i]grar eignar og þeirra erfingium. Og til sanninda hier um settum vær uort insigli fyrer þetta bref skrifath á helgafelli sunnudagin næst[a] efter mikelsmessu. anno domini 1478. 10. 17. 8.

164.

5. Október 1478.

á Helgafelli.

MAGNÚS biskup í Skálholti kvittar Þorleif Björnsson og Ingveldi Helgadóttur af 8., 9., 10., 11., 12. og 13. barneign þeirra á milli.

AM. Apogr. 785 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna „Ex originali“, sem var á kálfskinni.

Uær broder magnus med gudz nadh býskup j skalholte. giorum godum monnum kunnigth med þessu voru opnu brefe. ath ver hofum afleyst þorleif biornson ok jngveldi helgadottur. af þeim sex barneignum. sem þau hafa nu nýliga brotlich j ordith sin j millum j fiormenings meinum. sem talin hefer verith þeirra j millum. sem er edh atta. niunda. tiunda. el(l)efta. tolftha ok edh þrettanda. suo ok hofum ver setth þeim penetencias competentes epter þui sem brotunum til heyrer. medkenunzth ver ok ath ver hofum fulla peñinga vpp borith á heilagras kirkiu uegna ok vora sem oss vel únæger. af þeim fyrir greinth broth. Þui giorum vier adurgreinda menn þolleif ok ingveldi kuith ok ákiærulaus um fyr greinth broth fyrir oss ok ollum vorum epterkomendum kirkiunar formonum. Okh til saninda hier vm settu wier vort incigle fyrir þetta bref. er skrifath var á helgafelli manudagin næsta epter mikelsmessu anno domini 1478. 10. 17. 8.

165.

13. Október 1478. á Möðruvöllum.

SIGMUNDR JÓNSSON selr Jóni presti Péturssyni jörðina Illugastadi í Flókadal og alla þá peninga, sem hann hafði erft eftir foreldra sína og Sölva bróður sinn, fyrir sjö hundruð og átta ára framfæri.

AM. Fasc. XXIII, 10, frumrit á skinni. Bæði innsiglið eru fyrir bréfinu, en brákað er annað þeirra. — AM. Apogr. 3255.

(vm) jordina jllugastadi j flokadal¹⁾.

Það giorum við þollákur gislason ok magnvs einarsson godum monnum viturligt með þessu ockro brefi þá lidit var fra hingatburd vors herra iesu christi. M. cccc. lxx. ok atta ar fimtadagenn næsta fyrer assum̄scionem sancti²⁾ marie virginiss³⁾ j fornhaga j horgardal vorum við j hia sæaum ok heyrðum æ ord ok handaband þessara manna afh einne alfu sira jons peturssonar ok sigmundar jonssonar afh annare ath so firir skildu ath sigmundr jonsson selldi adrgreindum sira jone jordena jllugastadi j flokadal er liggur j barzdþingum²⁾ til fullrar eignar ok alla þá peninga er honum hafði til erfda falled efter jon grimsson fodr sinn ok gudruno sigurdardottur modr sína ok sölfa jonsson brodr sinn. hier j mot gaf tittnefndr sira jon siau hundrud ok ætta ara framfære ok ath þeim lidnum skýllði þessi siau hundrud vtlukæzt j ollum þarfligum peningum títt greindum sigmundi. Enn ef sigmundar miste við fyr enn þessi atta ar væri vti skýllði sira jon kuittur v̄m framfæred ok aungua peninga þar firir giallda en erfingiar sigmundar skýllði þá taka siau hundrud. Ok til sannenda hier v̄m settum við fyr nefnder menn ockur jnnsigl(e) firir þetta bref er giort var æ modrouollum j eyiafirde festum Reliquiarum æ sama are sem fyr seger.

166.

13. Október 1478. á Möðruvöllum.

SIGMUNDR JÓNSSON selr Jóni presti Péturssyni jörðina Illuga-

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ Svo. ³⁾ Þ. e. 13. Aug.

staði í Flókadal með fyllra skilorði en næsta bréf á undan greinir.

AM. Fasc. XXIII, 11, frumrit á skinni með tveim innsiglium. — AM. Apogr. 3256.

vm jllugastadi j flokadal¹⁾).

Þat giorum uid þorlakur gislason ok magnus einarsson godum monnum uiturligt med þessu ockru brefi þæ lidit uar fra hingatburd uors herra iesu christi M.^o cccc.^o lxx. ok atta ár fíntadaginn næsta firir assumpcionem sancte marie uirginis²⁾ i fornhaga j haurgardal uorum uid i hia saum ok heyrðum æ ord ok handaband þessara manna af einne alfu sira ions peturssonar ok sigmundar ionssonar af annare ath suo firir skildu ath sigmundr ionson selldi adr greindum sira ione iordina illugastade i flokadal er liggur i bardz þingum til fullrar eignar med aullum þeim gavgnvm ok gięðum ok hlunnendum sem greindri iordu hefer fylgt ath fornu ok nyiu ok hann uar fremzt eigande ath. skillde sira ion hallda greindre iordu til laga enn sigmundr ionsson suara lagaríptingu ok hier med selldi tittnefndr sigmundr adr nefndvm sira ione iij kyr ok æsaudar kugillde er hann sagdizt eiga hia arna bonda þorsteinssyne ok alla þa peninga er honum hefði til erfða fallid eppter ion grimsson faudr sinn ok gudrvnu sigurdardottur modr sina ok saulna ionsson brodr sinn. lofadi sigmundr þa sira ione peturssyne med handabande ath sueria fullaþ bokareid ath hann hefde huorke þessa peninga sellt ne gefit neinum manni nema sira ione peturssyne ok eigi umþod a gefit leingur enn til nestu fardaga. hier i mot gaf titt nefndr sira ion sigmunde ionssyne sio hundrud ok atta ara framferi ok ath þeim lidnum skillde þesse sio hundrud ut lukazt i aullum þarfligum peningum titt greindum sigmunde. en ef sigmundar miste uid fyrr enn þesse atta ar ueri uti skillde sira ion kuittur um framferid ok aungua peninga þar firir giallda enn ef sira ion deį fyrr enn sigmundr þa

¹⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi. ²⁾ D. e. 13. August.

skillde erfingiar sira ions afgreida sigmundi sio hundrud edur hans erfingium. Ok til sanninda hier um settum uid fyrnefnder menn ockur incigle firir þetta bref er gert uar a maudruuollum i eyiafirde in festo reliquiarum æ sama are sem fyrr seger.

167. 14. Október 1478. á Möðruvöllum.

ÓLAFR biskup á Hólum samþykkir jarðakaup þeirra Sigurðar priors á Möðruvöllum og Magnúsar bónda Benediktssonar, um Sírelsstaði í Kræklingahlíð og Skuggabjörg í Fnjóskadal.

AM. Fasc. XXIII, 20, frumritið á skinni. Innsiglið er dottið frá. — AM. Apogr. 2984.

Wíj olaf med guds næd biskup á holum giorum godum monnum viturligt med þessv voru opnu brefui ath wíj hofum samþykt þath jardaskipte sem broder sýgurdur prior á modruuollum ok magnus bonde benedictsson hafa haft sín á millum vm jardernar sirelsstade j kræklingahlíjd. ok jordena skuggabiorg j hnioskadaal epter þui sem þeirra kaupbref þar vm giort vottar. þui dande menn þhafa sagt oss ath klaustrid á maudruuollum sie skadlaust af þessu kaupe. ok til sannenda hier vm heingium wíj vort jncigle firir þetta bref skrifat j klaustreno á maudruuollum j haurgardal jn die sancti calixti pape anno domini m^o cd^o lxx^o viij^o.

168. 22. Október 1478. í Vestminster.

JÁTVAÐR Englakonungr hinn fjórði leyfir Hróbjarti og Thomasi Alcoc að verzla, hvar sem þeir vilja í ríki sínu á tvö hundruð og fjörutíu lesta skipi, eða þar fyrir innan, og að þeir megi verzla eða láta það skip verzla í fullu sínu leyfi á Íslandi um eitt ár.

Rymeri Foedera ed. Holmes V, 3, bls. 96.

Super mercandisis ad partes Daciæ traducendis
Licentia Regis.

Rex omnibus ad quos &c. salutem.

Sciatis quod licet in statuto in Parlamento apud Westmonasterium, anno regni Henrici VI^{ti}, nuper de facto et non de jure regis Angliæ, octavo, tento, edito, prohibitum sit et stabilitum ne quis Ligeorum et subditorum nostrorum propriæ temeritatis ausu aliqua regna, terras, dominia, districtus, territoria, jurisdictiones et loca carissimi consanguinei nostri Regis Daciæ, Norwegiæ, Sweciæ, causa habendi vel obtinendi pisces aut alia quæcunque bona et mercandisas præterquam ad stapulam suam de Norberne adire, ingredi seu intrare præsumat sub poena forisfacturæ omnium bonorum suorum mobilium, et imprisonmenti personæ suæ ad voluntatem nostram, prout in statuto prædicto plenius continetur, nos tamen, de gratia nostra speciali concessimus et licentiam dedimus ac per præcætes concedimus et licentiam damus Roberto Alcock, quod ipse per se aut factores sive attornatos suos in quocunque portu sive in quibuscunque portubus regni nostri Angliæ, quandam navem regni nostri Angliæ, portagii ducentorum et quadraginta doliorum vel infra, quibuscunque bonis et mercandisis (stapulæ nostræ Calesii non pertinentibus) tam de bonis suis propriis quam alienis, nomine suo proprio aut factorum sive attornatorum suorum carere et eandem navem sic carcatam unacum magistro et marinariis pro gubernatione ejusdem navis competentibus, versus et usque quascunque partes Islandiæ, totiens quotiens eis placuerit, durante præsentis licentia nostra, traducere et carere¹⁾; et terram illam intrare et ingredi, et bona et mercandisas prædicta inibi vendere, aliaque bona, pisces et mercandisas quæcunque ibidem emere et navem illam cum iisdem recarcare, et eam sic recarcatam in dictum regnum nostrum Angliæ reducere valeat licite et impune, absque impedimento seu impetitione nostri aut officiariorum nostrorum quorumcunque statuto prædicto aut aliquo statuto, actu sive restrictione in contrarium factis editis seu provisus, non obstantibus. Proviso semper quod nobis de custumis, sub-

¹⁾ cariare, Rymer.

sidiis et aliis deveriis nobis in hac parte debitis, fideliter respondeatur ut est justum.

In cuius &c. per unum annum duraturas.

Teste Rege apud Westmonasterium vicesimo secundo die Octobris [Anno Domini M^o. cd^o. lxx^o. viij^o. Anno xvij^o. Edvardi IV^{ti} 1)].

Rex &c. ut supra. concedimus et licentiam damus Thomæ Alcoc quod ipse — qvandam navem — regni nostri Angliæ, portagii ducentorum et quadraginta doliorum vel infra.

169.

1478.

MÁLDAGI Síðumúlakirkju, þegar Magnús biskup Eyjólfsson gerði yfirreið sína.

Landsb. 268. 4^{to}, bl. 82b, skr. 1601, Næst á undan er kafi úr eða ágríp af máldaga Sveins biskups (DI. V, Nr. 600, B).

[Síðumule].

Anno domini M^o. cd^o. lxx^o. viij^o. j visytacijone²) virduligs herra herra magnus med gudz nad biskup(s) j skalhollte. reiknnadist ornnamenntuṁ kyrkiunnar j síðumula samt oc hier stenndur fyrr skrifad vtann porcio það sem fell vmm v. úr. medann helge hieilt ecc. oc eirn eyrer betur.

170.

[1478].

MÁLDAGI Húsafellskirkju.

JSig. 143. 4^{to}, bls. 362 á pappir e. 1600 (Garðabók). Mun vera úr tíð Magnúsar Eyjólfssonar.

Husafell.

Kirkian á Husafelle á v kyr og v asandar kugilldi. ij. g[elld]fiar hundrud. ij hestar og eitt hross. firir iij^c. kiet-ell j hundrad. oc sæng j hundrad. oc kier j hundrad. ije j þarflegum peningum.

1) [á spássiu. 2) visytacijonem, hdr.

171.

[1478].

MÁLDAGI Péturskirkju í Reykjaholti [er Magnús biskup Eyjólfs-son setti].

Landsb. 268. 4to, bl. 119a—b, skr. 1601.

Reykiaholltt.

Peturskirkia j reykhollte a heimalannd allt. hofstade. grijmstade nordurreyke. Breidabolstade b́da. kopareyke. hraunsás. h́f. hægennde. kioluararstade. hrijs half. Geittlannd allt med skoge. peturs skog j nordrardal j millum slackagilz oc klofa. selfor j kior med skogie. afrett a brutafiardarheide. torfskurd j steinþorstada jord. ij manada beit j faxadal. vnder ytra felle a strondum halfann vidreka oc þridiung hualreka oc halft lanndid vndir junra felle. fiordunng hualreka oc slijkt j úgoda sem vndir ytra felle. þridiunng huortt. a munadarnese fiordunng. ad kammbe fiordunng i hualreka. j byrgisviyk fiordunng j hualreka. xx kyr heima a stadnum. oc halft hid xvij úsaudar kugillde. enn med vtlandum ix kugillde oc xx. jtem v aurar hins tijunda kugilldis j gelldfe. x kalfa. ij. sauder veturgamlir¹⁾ fimm hesta. þriu hross fullrosken oc j hross þrevett. ix hundrud vauruvird. jtem a kirkian vij manna messuklæde med godum oc vondum. og v hockla lausa. þriar kanntara kápur oc j. fanýtan slopp. iij alltarisklæde og er eitt med fordukum. iij kaleka. eina dalmatiku vonnda oc eitt glodarker. xxx boka med godum oc vonndum.

Jtem hefur suo mikid mortualium gefist til kirkiunnar j reykhollte sijdan sijra hrafnn tok vid. jn þrijmis hestur oc kugillde er jon heitinn gilzson gaf.

Jtem suanhilldur hrafnnzdotter j kugillde.

Jtem luckte loptur ormson kirkiu(nni) vegna einars heitins ormssonar brodur sijns vj kugillde.

Jtem luckte einar oddsson greindre kirkiu j reykhollte v. kugillde fyrir halfkirkiu skyllid a reykiu.

Jtem stannda j pannti halfer andzstader fyrir kalek

¹⁾ veturgamla (!) hdr.

þann er biskup jon heitinn steffansson hafdi j burtt frá kirkíunne er vo xvij aura þar til er sijra hrafnn borgar kirkíunne aptur annann kalek jafnngodann þá er greind jord kuitt.

Jtem gaf jon þorkelsson kugillde.

172.

[1478].

MÁLDAGI Mariukirkju á Hvanneyri í Andakil, þegar Magnús biskup Eyjólfsson gerði yfirreið sína.

Landsb. 268. 4^{to}, bl. 119_b—120a, skr. 1601.

Huanneyre.

Maríu kirkia á huanneyre a tunngulannd allt. asgard. kistu. avsu. hornn oc drageyre. liggia þessar (jardir) allar j hennar kirkíusoknn. hun a xvj kugillde buiæg. halft huort asaudur oc kýr. iij gelldíar kugillde. ij. hesta. reiknnadist hier med mortualium fra þuij er vermundur kolbeinson medtok til þess er nu er komid. er med kistu eitt kugillde er rodan á. kirkian þar a alla fiskveide j anndarkijlsar fosse ofann ad hrafnnagile. enn attung laxveidar j grijmsá. skog-arpart j grioteýrar skog. hun a selfor j jnnridastada lannd.

kirkian a jnnann sig et cetera.

[Jtem] a kirkian smahamra reka er liggur j fellzkirkíu soknn j steingrijmsfirde hualreka oc vidreka.

Jtem a hun hualreka toltung a gamla stronnd milli dranngs oc grinndar.

Jtem reiknnadist porcío. þa er biskup magnus visibterade¹⁾ half(t) fimmtannda hundrad.

173.

[1478].

MÁLDAGI Melakirkju í Melasveit.

Landsbókasafn 268. 4^{to}, bl. 120a—b, skr. 1601. Úti á spássiu er ritað með hendi frá 17. öld við þenna máldaga: „NB Belgsholts landamerke“. Allan obbann af þessum máldaga hefir Jón Sigurðsson látið prenta í Dipl. Isl. I, 61, og árfærir hann máldagann til 1181, að svo miklu

¹⁾ Svo.

leyti sem hann telur hann fornan, en þeim klausum sleppir hann úr, er hann telur yngri og heimfærir þær þá til þessara tíma, eða þó öllu heldr til Sveins biskups (1467—76). Með fullri vissu verður ekki sagt, hvort máldaginn í þessari mynd er fremr frá dögum Sveins biskups eða Magnúsar biskups (1477—90), en meðal máldaga Magnúsar stendr hann í máldagabókinni. Í útgáfu Jóns Sigurðssonar er ritháttur allr annar á máldaganum, því að Jón hefir gerbreytt honum og snúið til forneskju.

Melar.

Þetta er maldage kirkiunnar a meluṁ ad hun á allt heimalaṁd jtakalaust með olluṁ þeim gognum og giæduṁ er þorlakur keypte og magnus lagdi til. eru þesse laṁdamerke j milluṁ mela og belgsholtz flatur steinn fyrir nordaṁ osinn a skḁlalæk og vpp á steininn a skḁlahollte og þadaṁ j tittliṁgshollt. og þadan augsýn j vaurduhollt og þadaṁ j byrgishollt og þadaṁ augsýn j fiskelækjar steckia. og þadan j fuglþufu skaṁt fra tuṁgarde ad fiskelæk. stackgard og eiṁgi j fiskelækjar veitu og vr fuglþufu j iardkrossa sudur j veitu vid læke. og augsýn þadan j stein fyrir ofaṁ hollzfot. og augsýn vr holltinu j krijṁglottar þufur og augsýn þadan j laṁdbrotzkelldur sem sunnaṁ gaṁga j vatniḁ. Gardur er geiṁgur vr melavatṁe og ofaṁ j meṁjia vatṁ fyrir ofaṁ gard a ase. aṁnar gardur ofaṁ vr tuṁgarde á áse. og ofaṁ j gilid fyrir vestaṁ akurgerde á áse. kirkian a reka allanaṁ þadaṁ fra þuij gile og til steiṁsiṁs fyrir nordaṁ skḁlalækjar oss. fiarmadur af meluṁ á ad sitia á tuṁgarde a ase. hun a selialaṁd allt er liggur j millum forsslækjar og tuṁguar.

[hun a skorhollden bæde. sulunes og jarkarlæk. og straumnes. hálfaṁ sietta tug ásaudar. xij saude tuæuetra með iiij hrutuṁ. x kyr. iiij naut tuæuetur og iiij veturgomul. vi hesta og ij hross. og xx kugillde ad auk með jordunum.

Þetta (a) kirkian fyrir jnnan sig et cetera¹⁾.

kirkian a æfinliga skylld j fiskelæk. mork vax eda saud á haust. þann er jafṁgodur sie. þar skulu og vera ij

¹⁾ [felt úr Dipl. Isl. I, 61. Hér hefir og máldagaritarinn felt úr með vilja.

prestar eda prestur og diackn̄ og kueñgilldur omage or k̄yne magñhus.

Þar er lofadur groptur olluñ þeim lijkuñ er menn vilia þaṅgad færa og kirk(i)ulægt er.

Þar liggur til kirkiu tijuñd af xv bæiuñ og half vr hofñ.

Þar fylgia kirkiur ad læk og j hofñ og bænhus iij og luka vi aura af hueriu.

[jtem a kirkian lijtinn duk og litla munnlog og mess-
ijngarketil hjtinn.

hun a og notlog j borgarsker a seleyre og saulvasker vid belgzholttzholm¹).

174.

[1478].

MÁLDAGI hálfkirkjunnar í Höfn í Borgarfirði.

AM. 263. Fol. bls. 70 skr. 1598. — Landsbókasafn 268. 4to, bl. 120b, skr. 1601. Máldagi þessi mun vera frá dögum Magnúsar biskups Eyjólfssonar.

Hofn²) [gamall maldage³].

Kirkian j havfn er háfkirkia.

hvn a x hvndrud j heima landi. og v hvndrada eingi jnn j andakil.

þar skal syngia annann hvern dag helgan oc lukazt ij merkur presti.

takazt heima tývnder oc lýsitollar.

175.

[1478].

MÁLDAGI Pétrskirkju á Leira í Leirársveit.

Landsb. 268. 4to, 120b, skr. 1601. Máldagi þessi er eptir afstöðu sinni í máldagabókinni fremr frá dögum Magnúsar biskups Eyjólfssonar en Goðsvins, þótt Hallsteinn væri farinn að búa í Borgarfirði um hans daga.

¹) [felt úr Dipl. Isl. I, 61. ²) [268; sl. 263. ³) [263; sl. 268.

Leira.

Peturs kirkia ad leirð a þridiunng j heimalannde oc vt-
lonndum oc þridiunng allrar veide j laxð. tok hallsteinn¹⁾
med vj kugilldum kirkiunnar vegna oc þar til eina v aura.

hun a jnan sig et cetera²⁾

þar skal vera prestur og taka iiij merkur kaups.

þar liggia vnnð(er) vij bæier ad tijunndum oc lýse-
tollum.

176.

[1478].

MÁLDAGI Laurenciuskirkju í Görðum á Akranesi.

Landsb. 268. 4to, bl. 120b—121a, skr. 1601. Máldagi þessi mun
vera frá dögum Magnúsar biskups Eyjólfssonar.

Gardar a akranese.

Þetta er maldage kirkiu hiñs heilaga laurencij oc seba-
stijani j gordum a akranese. ad kirkian a halft heima
land. galmasviyk alla. x kyr. iiij asaudar kugillde oc eitt
hross oc vj hundrud ofriyd.

Jtem a kirkian jnnann sig et cetera²⁾.

kirkian a millum oss j [ar]nnarnese oc griotgardz j
galmannsviyk allann storreka oc oll [þ]au tre er þar rekur
leiñgre enn vj alnna oc boloxe meiga³⁾ setia ð fyrir fram-
ann. enn fyrir ofann ðla ð allt gardalannð alla reka vt fra
merkelæk. enn sa er vid gard ad ose. selfarar tuennar. onn-
ur ð marstodum. enn onnur vpp med leirð fyrir vestann.
gagñvartt biskupsbreckum. afrett j suannga j skoradal oll-
um nautum oc a gagnheide ollum saudum.

þar skal vera prestar ij oc diacknn oc huernn dag
messa ij vmm lannga fostu ef heimilisprestur er a heynese.
þa skal giallda j garda hundrad. j gordum skal synngia
ij messur huernn midvikudag oc fostudag. þanngad liggia
tijunndir af halfum fiorda tug bæia.

¹⁾ Hallsteinn bjó á Hesti 1444 og mun þá ekki hafa verið gamall
maðr. ²⁾ Hér fellir máldagabókin úr með vilja. ³⁾ Svo.

kirkian a ij alltarissteina. jnnlós fyrir kirkiunne. mariu skript et cetera.

Jtem gafust cccc j mortualia medan sijra brandur hiellt.

Jtem oluckt porcio halft þridia hundrad enn kuittur vmm þat meira er j porcio.

177.

[1478].

MÁLDAGI Jóns kirkju postula á Innra-Hólmi á Akranesi.

Landsb. 268. 4to, bl. 121a, skr. 1601. Máldagi þessi mun vera frá dögum Magnúsar biskups Eyjólfssonar.

Jdra holmmur.

Jonskirkia postula a jdra holmme a kirkiubol oc tyrf-ijnggstade. hualreka fra kirkiuhomruū oc til bresagerdis ef meire reke er enn hlasshualur. vidreki allur fylgir j þui takmarke. nema keflareke.

xij kyr oc ij asaudar kugillde.

þanngad liggia tijunnder af vij bæiuū.

kirkian a einn hest oc hross.

jtem jnnan sig et cetera.

178.

[1478].

MÁLDAGI Mariukirkju á Reynivöllum í Kjós.

Landsb. 268. 4to, bl. 121a—b, skr. 1601. Máldagi þessi mun vera frá dögum Magnúsar biskups Eyjólfssonar.

Reineveller j kios.

Mariukirkia a reynivöllum j kios a heimalannd allt sorunn¹⁾ lannd. þridiunng j laxfosse. siofarfoss allann. kiosarsker. bollstædijngahyl. ij skogartopter j skoradal oc eina j suijnadal. kastar skurd j vinndas lannd. annann j þorlaksstada lannd. þ[ridia] j ualldastada lannd. tueggia manada

¹⁾ = sogns.

beit aullu saudfee a ve[tur]inn j sandfellzhlijd oc skiolgard j vinndaslannd. xl sauda hofnn j mula fiáll oc skiol j mariuhelle oc skal sa telia epter hueria hrijd sem byr á mula. llx. lammba beit j lammbatungur j eileifsdal. xij hrossa beit a veturinn j þufu land. vj hrossa beit (j) eyrar lannd.

Jtem þetta a hun jnnan sig et cetera.

Jtem fiorar merkur vax.

Jtem vij kyr oc eina kuijgu tuæuetra. ix ær oc hrut tuæuetrann. ij hesta er uoru metuir fyrir iij merkur báðer samann. ij sængur lettar. halfa þridiu vod. einn pott heilann oc annan brotinn. eina munnlog sterka. viij fiordunnga ketil oc annann vonndann. eitt tinfat. iij trefot.

179.

17. Janúar 1479.

á Hólum.

EINAR Björnsson fær Ólafi biskupi á Hólum til fullrar eignar jörðina Kamphól fyrir þrjátigi hundraða í þann pant, er hann hafði sett biskupinum í Þverá í Vestrhópi fyrir þær sakir, sem hann hafði brotleggr orðið við guð, heilaga kirkju og biskupinn.

AM. Fasc. LXV, 7, frumrit á skinni, og eru fjögur innsigli enn fyrir bréfinu, en hið fimta er dottið frá. — AM. Apogr. 3587.

vm kamphol¹⁾).

Þath giorer ek einar biornsson godum monnum viturligt með þessv mino brefi ath ek medkennumzt þath. ath ek hefer feingit virduligum herra. herra olaf med guds nad biskup æ holum til fullrar eignar med handabandi jordena kamphol fyrir þriatige hvndrada er liggur æ galmastrond j modrvvalla kirkiu sokn j haurgardal med ollum þeim gognum ok gædum sem greindre jordu fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nyio ok ek vard fremzst eigande ath fyrir þann pant sem ek hafdi adur sett biskupenvm vpp j jordena þvera er liggur j vesturhopi fyrir þær saker sem ek hafdi brotligur ordit vith gudh heilaga kirkiv ok biskupen. voru

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

hía þessum giorninge þosteinn jonsson. andres jonsson ok nicholas þormodsson prestar. ok jon þordarson leikman. Ok til sanz vitnisbvrðar hier vm settu fyrrnefnder menn sin jncigle med mino jncigle fyrir þetta bref skrifath á holum j hialltadaal swnnodagenn næsta epter geisladagenn. anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

180.

12. Febrúar 1479.

í Westminster.

KRISTJÁN Danakonungr fyrsti og Edvard Einglakonungr fjórði endrnýja samning sinn frá 1. Maí 1473, 16. Marts 1476 og 26. Apr. 1478 (Dipl. Isl. V, 618; VI, 68 og 129).

Rymeri Foedera ed. Holmes V, III, 98—99.

4. Diffinitum est, quod infra Biennium antedictum &c.
[Orðrétt samhljóða hinum fyrri samningum].

Datum apud Palatium nostrum Westmonasterium, duodecimo Die Februarij [Anno Regni nostri xviii^o].

181.

15. Febrúar 1479.

á Þingeyrum.

SKÚLI bóndi Loptsson selr Tómasi Þorsteinssyni jörðina Vakrstaði í Halladal fyrir hálf títjanda hundrað og fimtán alnir í Hóli í Svartárdal, silfrkross, er vo mörk, átta stikur klæðis og þar til kúgildi.

AM. Apogr. 466 „Ex originali monasterii Thingeyrensis, accuratè“, og lýsir Árne innsiglium bréfsins.

vakurstadabref.

Þat giorum vier broder jon med gudz nad abote æ þingeyrum snioolfur prestur sigurdzson oddr brandzson gisli þorgilsson ok jon tomasson leikmenn godvm monnum viturlickt med þessv voro opnv brefi þa er lidit var fra hingatburd uors herra jesu christi þusund flogr hundrut siotiger ok niv ar. æ þingeyrum j hunauazþingi manudagin næstan epter scolastice virginis vorum vær j hía saum ok heyrð-

um æ ord ok handaband þessara manna: af einni alfu skula bonda loptzsonar enn af annari thomas þorsteinsonar at suo fyrir skildu at greindr skule selldi til fullrar eignar tumasi þorsteinsýni jordina alla vakurstadi j halladal er liggr j spakonvfellzkiirkusokn er reiknod er þriatigi hundrada at fornv. med allum þeim gognum ok gædum er greindri jordu fylger ok fylgt hefer at fornu ok nyio ok hann vard fremst eigandi at med logum. hier j moti gaf adrnefndr thomas fyrrgreindum skula halft atianda hundrat ok fimtan alvnm betur j jordunni j hole j suartardal er liggr j bergstadapingum til fullrar eignar med þeim gognum ok gædsem greindum jardar parti fylger ok fylgt hefer at fornv ok nyio ok hann uar fremst eigandi at ordin med logum ok þar til silfurkros(s) er wo mork. atta stikr. klædis ok þar til kugilldi. samþyck(t)i hustru helga þorleif(s)dotter kuinna skula þetta fyrrgreint jardakaup med handabandi. skilldi huor vm sig opt nefndra manna svara lagariptingum æ þeirri jordu er huor selldi odrum en bader hallda til laga. Ok til saninda hier vm settum uier fyrrskrifader menn uor jnnsigli fyrir þetta jardakaupsbref skrifat j sama stad degi ok are sem fyr seger.

182.

2. Marts 1479.

í Bjarnanesi.

TRANSSKRÍPTARBRÉF af tveim bréfum um Teit Gunnlaugsson.

AM. Fasc. XIV, 23, frumtransscriptum á skinni.

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda ogmvndur andresson. joñ þoraddason. einar olafsson. prestar. signatur halldorsson. sygurdur markusson ok gvdni biorsson Q. G. ok sina kvnnigt giorandi þa er lidit var fra hingatbvrð vors herra iehsv christi þvsvnd flogur hvndrud siotiger ok niv úr at ver sam ok yfer lasvm oppin bref vndir þeirra godra manna inzsiglvm sem hier epter nefnazt sua latandi ord epter ord sem hier seger.

[Hér kemr:

1. Dómr um Teit Gunnlaugsson frá 2. Júlí 1459, DI, V, Nr. 172;
2. Kvittunarbréf Björns hirðstjóra Þorleifssonar til Teits Gunnlaugssonar frá 9. Júlí 1459, DI, V, Nr. 173].

Ok til saninda hier vm settv ver fyr nefndir menn var jnsigli fyrir þetta bref skrifath j biarnanesi j hornafirdi þridia-dagin næsta fyrir translacio sancte johannis episcopi a sama are sem fyr seigir.

183.

5. Apríl 1479.

á Skarði.

ÓLÖF Loptsdóttir samþykkir, að Páll Jónsson og Solveig dóttir sín megi binda hjúskap sin á milli, svo framt sem Páll fær leyfi til þess upp á heilagrar kirkju vegna af hennar formönnum.

Kriegers safn 2. 4^{to}, bls. 196—197, með hendi Styrðs Þorvaldssonar c. 1700.

Samþykkt Olðfar Loptsdottur um samvist
páls og Solveigar.

Þad giðri eg Olðf Loptsdotter godum monnum viturlegt med þessu mijnu opnu brefi. ad eg medkiennist. ad eg hefi gefid jðyrði og samþycke til. ad pall jonsson. og Solveig Biðrnssdotter. dotter mijn. skulu mega bijnda sinn hiuskap so framt sem nefndur Páll Jonsson fær þar leyfi til upp á heilagrar kirkiunnar vegna af hennar formonnum. ad þau mega samanbijnda sinn hiuskap ad Guds lögum. handlögdu þessir fyrnefndir menn Páll og Solveig sig saman til fulls og alls eiginords. svo framt sem áður nefndur Páll Jonsson fær leyfi til eptir því sem fyrskrifad stendur. Var eg fyrnefnd Olðf Loptsdottir hia þessum giðrningi. og samþyckti hann i allan máta upp á minna vegna og Þorleifs Biðrnssonar sonar mijns so framt sem eg mátti fremst med lögum giðra. Og til sanninda hier um setta eg mitt jnsigli fyrir þetta bref. skrifad á Skardi á Skardsströnd mándæginn næstan eptir mariumesso Magdalenæ þá lidid var fra hingadburd vors herra jesu christi. M. cccc. lxx. og ix. á. r.

184.

12. Apríl 1479.

á Staðarhóli.

SOLVEIG Þorleifsdóttir veitir séra Sigmundi Steindórssyni fult umboð til að selja Helgu Þorleifsdóttur systur sinni (konu Skúla Loptssonar) hálfa jörðina í Auðbrekku í Hörgárdal.

ÍBfél. 309. 8^{vo}, bl. 161a, skr. c. 1620, með hendi Ara Magnússonar í Ögri.

Það giori eg Solweig Þolleifsdotter godum monnum witurligt med þessu mijno opnu brefi ad eg medkiennist það eg hefi feingid sijra Sigmundi Steindorssyni mitt laugligt wmbod til ad selia jordina halfa audbrecku j haurgardal sistur minni Helgu Þolleifsdottur. og til sanninda hier wm setta ec mitt jnsigli firir þetta wmbodzbref.

for þessi giorningur fram æ stadarholi j saurbæ ad þessum monnum hia werandi Þosteini Eynarssyni og Biarna Jonssyni annan dag paska þa er lidit war fra gudz burd m. cccc. lxx. ix.

185.

15. Apríl 1479.

á Staðarhóli.

SOLVEIG Þorleifsdóttir lýsir því, að hún hafi geingið í borgun fyrir séra Sigmund Steindórsson við Ólaf biskup, að lúka honum tíutigi hundraða samkvæmt sættarbréfi þeirra, en skilr aptr undir sig og sína erfingja svo mikið í Flatatungu, sem hún lýkr eða lætr lúka, en lýsir Jóni Sigmundssyni óheimila veðsetning jarðarinnar.

AM. Fasc. LXV, 6, frumrit á skinni. Öll (3) innsiglin eru döttin frá. — Apogr. 3590. — Fasc. XXIV, 11, transskr. frá 24. Júní 1479. — Apogr. 3265.

bref solueigar v̄m flatatungu 1479.¹⁾

Þath giore ek solueig þorleifsdotter godum monnum kvnnegt med þessv minv opuv brefi ad eg medkennvmt ad ek hefer j borgan geinget fyrir sira sigmund steindors-

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi; „v̄m flatatungu“ XXIV.

son ad liuka¹⁾ biskup olaf a holvm tiutige hvndrada med suo dan skilmala ok salastefnvm sem j þeirra sættarbreffi stendur skrifad vtan þat eina ad ek skil aptur vnder mik ok mina erfingia suo miked upp j jordina flatatungu sem ek lyk eda læt ek livka. matti ok jon sigmvndzson alldre fyrnefnda jord flatatungu setia til panta vit nockvrn man þui hann ueit vel hversv hans bref þar um giort vtuisar. Enn ek vil giarna þar til leggja mitt fie an(n)ad en jordina ad min herra biskupin ok prestvrin sev þa betur satter epter en adur. þvi þat skal staudugt vera sem ek lofar hier vm. voru hia þessum minum giorninge ok lofan olafur kodransson ok jon snorrason. Ok til meire sannenda hier vm settv²⁾ þesser fyrr nefnder menn sin incigle med minv incigle fyrir þetta bref skrifad a stadarhole j savrbæ fimtudagin j paskaviku. þá er lidit uar fra hingatburd vors herra jhesv christi M.^o cd.^o lxx.^o ok niv úr.

186.

27. Apríl 1479.

á Þingeyrum.

SKÚLI Loptsson selr séra Sigmundi Steindórssyni jörðina Bólstaðarhlíð í Langadal, Solveigu Þorleifsdóttur til fullrar eignar, en séra Sigmundur selr Skúla í umboði Solveigar hálfra jörðina Auðbrekku í Hörgárdal.

AM. Apogr. 5560 „Ex originali“ á kálfskinni með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna. — IBfél. 309. 8vo, bl. 160a—161a, Öxnafellsbók, með honði Árna Magnússonar í Ögri c. 1620.

Kaupbref firir Bolstadahljíd oc halfri aubbrecku
datum m. iiij.^c lxx. og ix.³⁾

Þath giorum uier broder jon abote a þingeyrum. jon sigmundzson. skule jonson. oddur branzson ok gisle þorgilsson godum monnum uiturligt med þessu woro opnu breffi. þa er lidith var fra hingatburd vors herra jhesu christi þusund fiðgur hundruth siantiger ok niu úr. þridiudaginn

¹⁾ luka XXIV, 11. ²⁾ settvm, frbr. ³⁾ Þessi fyrrisögn er tekin eptir Öxnafellsbók.

næstan epter jonsðesso holabiskups a þingeyrum j hunauazþinge worum uier j hið saum ok heyrdum á ord ok handaband þessara manna. skula loptzsonar af einne alfu enn sira sigmundar steindorssonar af annare. ath suo fyrir skildu ad greindur skuli selldi nefndum sigmundi jaurdina alla bolstadarhlid i langadal. solveigu þorleifsdottur til fullrar eignar ok frials forrædis med aullum þeim gaugnum ok gædum. rekum ok hlunnendum sem greindri jaurdu fylger ok fylgia eigur¹⁾ ad fornu ok nyu ok hann vard fremzt eigandi ad med laugum. hier j mote gaf fyrir nefndur sira sigmundur i umbodi greindrar solueigar aptur nefndum skula jaurdina halfa audbrecku j haurgárdal j maudruualla kirkiu sokn med aullum þeim gaugnum ok gædum. rekum ok hlunnendum sem greindri jaurdu fylger ok fylgia eigur ad fornu ok nyu ok hun uard fremzt eigandi ad med laugum. skylldi huor um sig fyrgreindra manna suara lagariptingum æ²⁾ ædur greindvm jaurdum er huorr selldi audrum enn bader hallda til laga sinu kaupe. ok til sannenda hier um settum uier fyrnefnder menn vor jncigle fyrir þetta jardakaups bref skrifad j sama stad deige ok áre sem fyrr segir.

187.

28. Apríl 1479.

í Viðey.

VITNISBURÐER um lýsing Arngerðar Haldórsdóttur um ítök upp í Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd.

AM. 238. 4to, bl. 44a—b, Bessastaðabók, skr. c. 1570, — JSig. 143. 4to bl. 59, skr. 1696.

breff vm vatzle(y)su.

Þat giorum vid þordvyr þordarson og olafur snorason godvm monnvm kvnngit med þessv ockrv opnv brefi at vid vorvm j hia og heyrdvm á. (ad) arngerðvyr halldorsdotter lýste því fyrir ockrv og morgvm dandimonnvm odrvm æ Mosfelli j mosfellzveit. at þa er hallvyr gvdmvndzson bonde hennar atte jordina vatzleysv æ strönd er liggvyr j kalfa-

¹⁾ eigu, Öxnafellsbók. ²⁾ b. v. 309; vantar í 5560.

tiarñar kirkiv sockn̄ og þav byggiv þar. lýste hvñ þat. at einginn jtök væri j greinda jord vatzleysv. nema kirkian j kryssvvik ætti þar j xc. og jordiñ fleckvvik æt(t)e þridivng j hvalreka og vidreka. enn vatzleysa tvo hlvti j fleckvvikar reka. vidar og hvala vt at nýia gordvm enn [avngvar jtökvr adrar¹). hvorki haga nie skogarhogg ætte nockvr jord á Strond vp j vatzleysv svo huñ uisse og hier epter villde hvñ sveria ef þvrfa þætte. Og til sanninda hier vm settvm vid fyrnefnder menn ockvr incigle fyrir þetta bref skrifat j videj midvikvdag hinn næsta fyrir tveggia postvlamesso philippi et jacobi þa lidit var fra hingatbvrd vors herra jesv christi 0 iii^e lxxix ar.

188.

2. Maí 1479.

á Hólum.

ÓLAFR biskup á Hólum kvittar Ara Sigurðsson af ráðsmannsstarfi Hólakirkju vegna í Miklagarði í Eyjafirði, og af öllum reikningsskap af Hólastaðar jörðum millum Vargjár og Mýrarkvíslar.

Bisk. Hol. Fasc. IV, 1, frumrit á skinni. — AM. Apogr. 3589 með hendi æra Snorra Jónssonar á Helgafelli 1721 stafrétt eptir frumritinu.

Víj olaf med guds nad biskup a holum j hialltadal giorum godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefi ath ærligr mann ari sigurdzson hefer giortt oss riettañ ok sannan reikningsskap af þui radzmanzstarfi sem uif hann tilsettum j micklagardi j eyiafirde holakirkiu vegna ok uorra. hefer hann reiknat fyrir ooss utlat ok inntekter ok allañ kostnad a gardinum smañ ok storañ. epter þui sem honum er fremtz maugulegt. hefer hann greintt ok reiknat alla frida penninga ok ofrida sem haun hefer med farid j micklagardi. suo ok eigi sidr [hefer hann²) giortt ooss riettan ok sannañ reikningsskap af aullum holastadar iordum ok penn- ingum millum uargiar ok myrarkuislar sem hann hefer um-

¹) [svo 238; eingin ítök önnur 143. ²) [hann hefer, frbr., en transpónerað.

bod ifer haft. hefer hann ok heim skilad til hola landskyllidum ok kugillda leigum af fyrr sogdu umbodi. hefer hann j þessum kirkiunnar umbodum ok uorum stadit ok starfat sem einn dyggr ok trur þienari. þui gefum uij fyrnefndañ ara sigurdzson aullungis kuittañ ok akiærulausañ fyrir ooss ok aullum hoolakirkiu formonnum laugligum epterkomendum um adrgreind radzmanzstorf ok penninga medferder j fyr saugdum umbodum. Ok til saninda hier um setium uij uortt incigli fyrir þetta kuittarabref er skrifat uar æ hoolum j hialltadal. sunnudaginn næsta fyrir krossmessu um uorit anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

189.

3. Maí 1479.

á Staðarhóli.

SOLVEIG Þorleifsdóttir selr Jóni Sigmundssyni syni sínum jörðina Staðarhól í Saurbæ fyrir jörðina Flatatungu, er Jón hafði fyrrum feingið af móður sinni fyrir Bjarg í Miðfirði.

AM. Fasc. XXIV, 8, transskript á skinni frá 17. Janúar 1481. — Apogr. 3264.

vm flatatungu.¹⁾

Þath giorum uier olafur kodransson skeggi stillason ok magnus biornarson²⁾ godum monnum kunnigt med þessv vorv opnv brefe ath a laugardaginn næstañ epter þrettañda dag jola³⁾ þa lidith var fra hingathburd uors herra jhesv christi þusund flogur hundrud siautiger ok niv ar j uidealdalstungv vorum vier j hia savm ok heyrðvm ðá ord ok handaband þessara Manna solueigar þorleifsdottur af einne alfu ok jons sigmundzsonar af anare alfu sonar hennar ath suo fyrir skilldv ath fyrnefnd solueig þorleifsdotter sellde fyr nefndum ione sigmundzsyne syne sinum jordina stadarhool er liggur j saurbæ med aullvm þeim gaugnum ok gęðvm hlutvm ok hlunnendum rekum ok reningum sem fyr greindre jorðv stadarhole fylger ok fylgt hefer ath fornv ok nyiv ok solueig vard fremzt eigande ath ok henne fiell

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri handi; ²⁾ Svo; ³⁾ þ. e. 9. Janúar.

til erfda epter lopt ormsson son sinn med suo vordnvm skilmala ath adr nefnd solueig þorleifsdotter skyllde hafa jordina stadarhol suo leingi sem hvn lifdi til medferdar ok abyllis. skullde¹⁾ fyr nefndr jon sigmundzson aungua medgiord eiga edr tiltaulv eiga til stadarhols suo leingi sem solueig þorleifsdotter lifde moder hans nema hun villde sialf fyr upp gefa.

hier j mot gaf tittnefndur jon sigmundzson solueigv modur sinne jordina flatatungv er liggur i skagafirde med aullvm þeim gaugnvm ok gæðvm sem fyr greindre jordv flatatungv fylger ok fylgt hefer ath fornv ok nyiv ok þrattnefndur jon sigmundz(son) vard fremzt eigande ath epter þui sem solueig moder hans hafde sellt honum fyrir jordina biarg er liggur j midfirde epter samþyekt loptz ormssonar. enn jon skyllde taka landskyllid arliga hia modr sinne suo myckla sem fellur af flatatungv suo leingi sem solueig vill hafa þratt nefnda jord stadarhol. suo ok skyllde jon sigmundzson hallda jordunni stadarhole til laga. enn solueig Moder hans suara lagariptingvm æ titt nefndri jordv stadarhole. ber ok suo til ath stadarholl geingur af optnefndvme sigmundzsyne med langvm hvort þat kann verda med kirkivnar vallde edr kongdomsins þa skyllde jon taka aptur adra jord jafngoda flatatungv ath jafndyrre virdingv. Ok til meire audsyningar ok sanz vitnisburdar ok stadfestvme þenna giorning þa heingda ek opt nefnd solueig þorleifsdotter mitt jncigle fyrir þetta vitnisburdarbref med þessara (manna) jnciglvme er giort var a stadarhole j saurbe manvdaginn næstan fyrir mattheusmessv²⁾ a sama are sem fyr æger.

¹⁾ Svo; ²⁾ Mattheusmessa, sem venjulega er svo kölluð, er 21. Sept. En af bréfi frá 26. Mái 1479 er ljóst, að þá er Solveig Þorleifsdóttir dái, en á lífi er hún enn 12. Mái 1479. Verðr hér því líklega að vera miðað við *translacio Matthei* 6. Mái.

190.

4. Maí 1479.

á Hólum.

STEINGRÍMR prestr Steinmóðsson vottar, að hann hafi verið þingaprestr í fjögur ár á Hnappstöðum, og hafi öll þau ár ekkert saungkaup feingið, og mótuna að eins í tvö ár.

AM. Fasc. XXIV, 10, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3269.

Um saungkaup Sira Steingríms a Hnappstodum.¹⁾

Þath giore ek steingrimur prestur steinmoztsón godum monnum uiturligt með þessu minv brefe at ek hefe verid þingaprestur at hnappstodum iiij ar suo at ek feck eigi saungkaup. atti hauskolldur arnason at giora med kirki-vnne ij ar Enn arne havskolldsson fader hans aunnur ij. saung ek þar iiij messur ok xx et fyrra arit er arne atte at giora med. en et seinna arit la jordiñ j eyde suo ek feck þa huorki motuna ne kaupit. beidde ek ok krafde ek þar at kirkiunne hvors tueggia ok feck ek eigi. Ok til sannenda her vm sette ek mit insigle firir þetta bref skrifat æ hol-um j hialltadal þridivd(aginn) næsta efter krossmesso vm vorit. anno domini M^o cd^o. lxx^o. ix^o.

191.

5. Maí 1479.

á Eiðum.

VOTTORÐ Einars prests Ólafssonar, að Valgerðr Ormsdóttir hafi lýst Jón Sæmundsson fyrir sér sem prófasti föður að Jóni syni hennar, en hann kallaði nú til arfs eptir Jón Sæmundsson fyrir Jón son sinn skilgetinn.

AM. Apogr. 4428 „Epter Transcripto 14. gamallra Skriduklausturs brefa, giördu þann 28. Septembris Anno 1697“. Neðan við afskriptina stendr: „Ofanskriðad bref er skriðad á kálfskinn med gamla skrift og engu innsigle“.

Þat giöre eg Sira Einar prestur Ólafsson godum monnum kunnigt með þessu minu opnu brefe. ath ek heyrde lysing Valgierdar Ormsdottur. er ek var hennar profastur og þingaprestur. ad hun mætte engann föður fá ad syne sin-

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

um Jone nema Jon Sæmundsson. ok þui heyrda ek hana optlega lysa fyrir mier. bæde heila og siuka at hun visse ei annad sannara fyrir gude og monnum enn Jon Sæmundsson være hans fader þess sama Jons sem nu kallar til arfs ept-er hann fyrirson sinn Jon skilgetenn. Ok til sannenda hier um setta eg mitt junsigle fyrir þetta vitnesburdarbref. er skrifad var á Eydum á Utmannasueit midvikudag næsta epter Inventio sancte crucis. þá er lided var fra hingadburd vors herra Jesu christi þushundrut fiðgur. c. siðtiger og niu ar.

192.

6. Maí 1479.

á Staðarhóli.

SOLVEIG Þorleifsdóttir fær Jóni Sigmundssyni syni sínum jörðina Viðidalstungu í Viðidal með kirkjujörðum þar í dalnum, en Jón gefr kvitt og ákærulaust alt tilkall til Flata-tungu.

AM. Apogr. 3868 með hendi Páls Hákonarsonar „Ex origin. vicelögmanzens Páls Jonsson(ar) Widalin. accur(ate) collat(um). 6 innsigle hafa fyrrum hangt vid brefed. Eru nu öll burtu nema þat fyrsta, sem er heillt enn þo olæselegt“ (AM. eptir Páli Hákonarsyni). — Apogr. 3869, afskript án efa eptir sama frumriti.

Þat giorum wer sueinbiorn prestur palsson. olafur kodrañson. jon snorrason ok skeggi stillason godum monnum uiturligt med þessu woro oppnu brefi. ath þa er lidit war fra hingat burd vors herra jehsu Christi M. iiij. c^d. siautiger ok ix ar æ fimtudagin næstan fyrer jons Messo beuerlacen-sis wm worith æ stadarholi j saurbæ. uoru wer j hia saum ok heyrdum æ ord ok handaband hustru solueigar þorleifsdottur ok jons sigmundzsonar [sonar¹) hennar ath suo fyrer skildu ath solueig spurdi jon epter huort hann uilldi nu kiosa jordi-na stadarhol edur uidudalstungu sier til eignar huora hann uilldi epter þui sem hun medkendiz. þa þar hann hefdi skilit att þa hann feck solueigu modur sinne jordiña flata-tungu²) sagdidz huñ uilia gefa fyrer salu sinne huora sem

¹) [vantaði í frumritið; ²) „hæ 4 literæ (flat) diuerso atramento exaratae sunt, torte et alia manu. Et certe rasa hic fuit pagina“ (AM.);

jon uildi þá ei til síñ kioffa kiori jon þá enn fyrer sig sagða jord uidudalstungu enn gaf lausa alla lofun æ stadarholi ok ollum odrum jordum solueigar modur sinnar ok j þessu fyrr sogdu hañðabandi fek lugti selldi og afenti fyrr sogd solueig þorleifsdotter adr greindum jone syne sinum alla jordina uidudalstungu til æfinligrar ok obrigd(i)ligrar eignar undan sier ok sinum erfingium en vnder jon ok hans eruingia ok skyllði sialfer hennar erfingiar swara lagariptingum enn jon hallda til laga.

Hier æ moti gaf jon kuit ok ækierulaust allt tilkall til flatatungu þath hann matti til hennar eiga.

Hier til lugti solueig kirkiunne j uidudalstungu j reikningxskap jarðer er suo heita kolugil. auallzstader ok hrafnstader. er ligia j tunguþingum j suo mata ath jon skal mega leysa sagðar jarðer til síñ ok fæ kirkiunne j stadin bæckur. skruda ok anat ornamentum. ok þar til skipadi hun kirkiunne j uidudalstungu .v. kyr ok .u. asaudar kugilldi ok þat litid þar var¹⁾ inan gatta. uissu wer fyrr sagder menn ath sira sigmundr steinþorsson j umbodi hustru solueigar afgreiddi joni syni sinum sagða jord uidudalstungu med fyrr sogdum peningum epter þui sem nu ok adr hafði verit med þeim giort ok skilit epter þui sem þeirra bref þar um gior uotta.

Ok²⁾ til meire stadfestu og²⁾ audsyningar hier um þó setti ek sogd solueig þorleifsdotter mitt jncigli med þessara fyrsagðra manna jnciglum fyrer þetta medkenningar kuitunar kaups bref er giörth war a sama ari. stad. tima. deigi sidar en fyrr seiger³⁾.

193.

12. Maí 1479.

á Staðarhóli.

SOLVEIG Þorleifsdóttir fær Bergljótu Sigmundsdóttur, dóttur sinni, jörðina Bólstaðarhlíð í Langadal upp í þá sextigi hundraða, er hún hafði gefið henni, og lýsir því, að hún hafi fyrri gefið Bergljótu jörðina Reykjarfjörð í Vatnsfjarðar-

¹⁾ v̄, frumritið; ²⁾ þannig. ³⁾ þ. e. 7. Maí.

þingum í fjórðungsgjöf sína og löggjafir, og tilgreinir enn kúgildi með þessum jörðum.

AM. Apogr. 5366 með hendi Jóns Magnússonar bróður Arna „Ex originali“.

Þath giorum uer sueinbiorn prestur palson olafur kodranson ok jón snórason godum monnum uiturligt med þessu woru opnu brefi þá er lidith uar frá hingatburd uors herra jhesu christi þusund fiögur hundroth siautigér ok níu úr a fimtudagin in festo (johannis) ante portam latinam¹⁾ um vorith a stadarhole j saurbæ vorum uer j hia sðum ok heyrdum á ord ok handaband solueigar þorleifs-dottur af eine alfu en bergliotar sigmundzdottur af únare ath suo fyrir skildu ad adurnefnd solueig þorleifsdotter lukte nefndri bergliotu sigmndzdottur dottur sinne jaurdina alla bolstadarhlid er ligur i langadal fyrir þau segstigi hundrada er adurnefnd solueig gaf bergliotu dottur sine med samþycki loptz heitens ormssonar sem gud hans sal hafi til fullrar eignar ok frials förrædis med aullum þeim gaugnum ok gædum sem greindri jaurdu bolstadarhlid fylger ok fylgt hefer ad förnú og nyu ok hun vard fremzt eigandi ad med laugum epter þui sem þeirra jarda kaup(s) bref vtvisar sigmundar prestz steinþorssonar ok skula lopzsonar um jaurdina aubrecku ok fyrnefnda bolstadarhlid. medkendizt þrattnefnd solueig þorleifsdotter suo vier heyrdum ad síra sigmundur steinþorsson hefði fullt vmbod til haft sinna vegna ad selia adurnefnda jaurd aubrecku skyllði optnefnd bergliot ganga aptur ad optnefndre jaurd aubrecku ef tittnefnd jaurd bolstadarhlid kynne med laugum af ad ganga. hier til gaf solueig þorleifsdotter bergliotu dottur sine vj malnytu kugillde. jtem medkendizt ok fylleliga lyste optnefnd solueig þorleifsdotter þui þar þa fyrir oss ad hun hefði adur gefid tittnefndri bergliotu sigmundzdottur dottur sine i fiordungsgiof ok i allar lauggiafer jaurdina reykiarfiurd er ligur i isafirdi i uatzfiardar kirkiusokn ok þar til .xx. kugillde. skyllði þrattnefnd bergliot sigmundz-

¹⁾ Þ. e. 6. Maí.

dotter hallda fyrnefndum jaurdum til laga en þrattnefnd solueig þorleifsdotter suara lagariftingum á þrattnefndum jordum edur henar laugliger erfingiar. ok til meire audsyningar ok sanz vitnisburdar hier um þá heingda ek tittnefnd solueig þorleifsdotter mitt incigle med þessara fyrnefndra manna inciglum fyrir þetta bref skrifath a stadarhole i saurbæ miduikudagin næstan epter Gordiani et epimachíi a sama áre sem fyr seiger.

194.

14. Maí 1479.

á Hólum.

DÓMR tólf presta útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um ákæru biskups til séra Einars Benediktssonar, að hann hefði ekki haldið sína lofan og hlýðni eptir því sem hans bréf þar um gert útvisar, þá er biskupinn unti honum Grenjadarstað. (Sjá Dipl. Isl. V, Nr. 549).

AM. Fasc. XXIV, 1, frumrit á skinni. Af tólf innsiglum er eitt dottið frá, en sumt af innsiglunum er brákað. — AM. Apogr. 3259.

domsbref vm sira einar benediktsson 1472¹⁾.

Þath giorum uier ion broddason. þorleifur magnusson. sigurdur þorlacksson. magnus ionsson. ketill grimolfsson niculas þormodzson. andres ionsson. biorn þorsteinsson. stigur ingimundarson. gunnar ionsson. þoruardur biornsson. bergfinnur iussason prestar holabiskupsdæmis godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefi. ath þa er lidit uar fra hingatburd uors herra iesu christi þusund flogur hundrut lxx ok nio ar. fostudaginn næsta firir halluardzmessu. j uiduik j uiduikarsueit. vorum uier j dom nefnder af uorum uirduligum herra ok andaligum fodur herra olaf med guds nad biskup æ holum ath dæma um þa ækiæru er biskupenn kiærði til sira einars benedictssonar ath hann hefði ecki halldit sína lofan ok hlydne epter því sem hans bref þar um giortt utuisar þa biskupenn unte honum greniadarstad. En saker þess ath sira einar kom ecki j suarenn stefnudag.

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi (c. 1500 eða fyrri), en sá, sem þetta hefir skritað, hefir mislesið ártalið í bréfinu „tuo“ fyrir „nío“.

ok eingi af hans hendi. þa dæmdum uier fyr nefnder xij prestar stefnuna logliga ok fur nefndan sira einar benedictsson logliga firir kalladan hier j dag ok skýlldugañ ath luka mork j stefnufall nema hann syndi loglig forfaull ath hann matte ei koma. Jtem j annarri grein kom þar firir oss opit bref med hanganda incigli sira einars benediktssonar ok tueggia presta þar med j hueriu suo stod ath hann lofadi fyrnefndum biskup olafi ath hann skyllði sækia allà greniadarstadar peninga ath logum eda semia stadnum ath skadlausu huar sem hann kynne þa upp ath spyria med hans rade þat snarazta sem hann kynne þui af stad koma. suo ok skilldi hann luka ok af greida a hueriu are biskupenum ok hola domkirkiu þridiung af laxueide epter þui sem stendur j hola kirkju maldaga ok allar adrar skullder ok reikningskap giora ok ueita honum sem biskupi a holum ber ath hafa ok honum ber ath giora a greniadarstodum. skýllði hann ok hallda stadenn ok kyrkiunne uppi med allar skylldur sem kirkiunne ok stadnum til heyrer epter sinne mackt med biskupsens rade. skyllði hann ok luka greniadarstadar kirkiu decimam partem þat er hinn tiunde hlutur af ollv þui goze er hann aflar af stadarins goze medan hann helldur hann utan allt motmæli ok ecki stadarins peninga eyda edur ut spenna osuarliga. Jtem skyllði hann ok styrkia biskup olaf ok heilaga holakirkiu med allri sinne mackt ok styrk bædi med ord ok uerk huer sem j hlut a suo leingi sem biskupen lifer ok hann. Jtem skyllði hann ok ongua concubinam edur frillu hallda a stadenn edur stadarens kost ok ei odrum stadenn byggia. skýllði hann þessa fyr skrifada articulos hallda upp a sina tru ok æru epter sinne mackt. ok ef hanñ hielldi þetta ecki epter biskupsens radi ok sannprofazt þat þa skilldi greniadarstador uera j biskupsens ualldi ok friallslega skyllði hann mega hann at sier taka utan alla motstodu af honum til edur hans rade. uar þesse skilmali suarenn af tveimur prestum þeim sem incigliat hofdu fyr skrifath sira einars bref. En saker þess ath biskupen kiærði til sira einars benedictssonar ath hann hefði ecki sina hlydne ok lofan halldit uid sig ok heilaga kirkiu

sem fyr skrifath stendur. Pui in nomine domini amen dæmdum uier fyr nefnder prestar brefit stodugt ok obrigðiliga halldazt eiga j allañ handa mata. stadenn æ greniadarstodum ok alla staderens penninga aptur j biskupsens ualld ath næstum fardogum med collacionem utan allt hindur ok motstodu. nema sira einar benedictsson syne med tueimur logligum uitnum ath hann hefði alla fyr skrifada articulos halldit jnnan fimtar firir biskupsens umbodsmanne. En um þann laxenn sem biskupen kallazt mist hafa upp æ uij ær. dæmdum uier opttnefndan sira einar benedictsson skylldugan ath luka heilagre hola kirkiu aptur allañ laxenn under sinn suarenn bokareid. eda iafngoda penninga sem laxenn uæri uerdu epter godra manna yfersyn. En ef hann uirdizt til halfrar merkur. þa skyllði hann luka heilagre hola kirkiu j sinn riett fimtan merkur. verdu hann hundrat edur hundradi meira. þa dæmdum uier tittnefndañ sira einar benedictsson skylldugan ath luka heilagre hola kirkiu .lx. marka j fvllriette sitt ath næstum fardogum. enn ef hann skytur sier undan ok fordazt domen. þa¹⁾ skyllði hann luka innan siondar fyr skrifada peninga ok seckter ath heyrdum domenum.

Ok til sanenda hier um settum uier fyr nefnder xij prestar nor incigle firir þetta domsbref skrifath æ holum j hialltadal. æ sama dag ok ære sem fyr seger.

195.

21. Maí 1479.

á Mælifelli.

EINAR JÓNSSON selr Indriða Úlfssyni tíu hundruð í jörðunni Hóli í Sæmundarhlíð fyrir lausafé.

AM. Fasc. XXIV, 16, frumrit á skinni. Af 5 innsiglium eru nú tvö fyrir bréfinu.

Vm x_c j hole j Sæmundarhlíð²⁾.

Þat giorvm uer þorsteinn prestur jonsson ok sigurdr þorlaksson prestar ormvr magnvsson einar kolbeinsson sig-

¹⁾ tvískr. í frumritinu. ²⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

vrðr loptzson godum monnum vitvrligt með þessv vorv brefi þa er lidit var fra hingadbvrd kristz þvsvnd cccc lxx ok niv ar æ vollvm j vallabolme vorv vær j hia æ vppstign-ingardag¹⁾ savm ok heyrðum á ord ok²⁾ handaband þessara manna einars ionssonar af eirne alfv ok eindrida vlfssonar af annare ad svo fyrir skildv ad fyr nefndr einar selldi adr greindvm eindrida tiv hvndrvd j hole er ligvr j sæmvndarhlid j reyniness stadar kirkiu sokn með ollvm þeim gognvm ok gæðum sem greindvm iardar parti fylger ok fylgt hefer ad fornv ok hann vard fremz eigandi ad. gaf þratt nefndr eindride her j mot fiorar kÿr ok tvo asavdar kvgilldi þrevett navt ok fioretiger alnar fimtan avra hross ok ofan æ v avra ok þriv hvndrvd frid eda fridvird. skilldv þav lvkaz ad odrum fardogum ok xijalna leiga epter hvert þeira enn. viij hundrud nv i fardogvm. skillde tittnefndr eindride hallda greindum iardar pa(r)t til laga enn þrat nefndr einar s(u)ara laga riptingu. Ok til sanninda hier vm settv vær fyr nefnder menn vor jnnsigle fyrir þhetta³⁾ bref er giortt var æ mælifelli j tvngvsveit æ sama are degi sidar enn fyrr seger.

196.

24. Maí 1479.

á Staðarhóli.

3. September 1480. í Hjarðarholti.

DÓMR tólf manna, útnefndr af Þorleifi Björnssyni hirðstjóra fyrir norðan og vestan á Íslandi, um ættleiðing Lopts heitins Ormssonar, er hann ættleiddi Stephán son sinn (1474), og dæma þeir ættleiðinguna löglega. (Sjá DI, V, Nr. 662).

AM. Fasc. XXI, 9, transskr. á skinni, frá 30. Júlí 1492. Borið hér saman við AM. Apogr. 5894 með hendi Jóns Magnússonar eptir vidimus frá 7. Maí 1554. — AM. Fasc. LXVII, 3, er og transskr. á skinni frá 2. Maí 1519.

Ollvm þeim sem þetta bref sia edr heyra senda gudne jonsson. wigfus biarnason. sÿgurdur jonsson. jon oddzson. einar brandzson. arnor finnsson. sÿgurdur geirmundzson. ha-

¹⁾ D. e. 20. Maí. ²⁾ tvískrifað. ³⁾ Svo.

uardur olafsson. sýgurður pálsson. jon þorleifsson. ion bavid-
varsson og jon biornsson quediú Guds og sína kunnigt gior-
andi. at þa er¹⁾ lidit war fra²⁾ hingadburd wors herra jehsu
christi M .cccc. lxx. og niu ár manudagin næsta firir huita-
sunnú æ stadarhole j saurbe. æ þingstad rettum worum ver
j dom nefnder af ærligum mane þorleifi biornssyne hird-
stiora firir nordan og vestan æ islandi at skoda og dæma
huortt su arfleidingin³⁾ skyllði vera loglig edr eige er lopt-
ur heitin ormsson hafði ættleitt⁴⁾ stefan son sinn enn gun-
ar jonsson modurfader fyrrnefnt stefans beiddi og krafði
nefndann þorleif at nefna dom yfer huortt ættleidingin skyllde
loglig eða eigi. suo⁵⁾ og eige sídr beyddizt gunar jonsson
doms æ huortt at adur nefndur stefan loptzson skyllði vera
rættligur erfingi solueigar heitinar þo(r)leifsdottur fodur mod-
ur sinnar. nu saker þess at þar kom fram ættleidingsbref
med dandimanna jnnciglum so latanda sem logbock vtvjisar.
[Suo og⁶⁾ eige sídr kuomu þar fram .ij. loglig⁷⁾ vitne er so
hetu jon sveinsson og jon gudmundzson. huerer soru [full-
ann bokareid⁸⁾ [þar firir oss nefndum monnum suo wier
heyrðum ath⁹⁾ þeir hefði hia verit þa þesse ættleiding¹⁰⁾
for fram og adurnefnd solueig þorleifsdotter¹¹⁾ geck viliug
til þessa¹²⁾ giornings það þeir mattu af sia og nefndur lopt-
ur ormsson beiddi hanna at kippa henddine ef su weri
nockur grein er henne weri eige viliug. En hun sagðiz þann
einn giorning giora sem henne veri viliugur. ok þui dæmd-
um wer fyrrnefnder domsmenn þessa somu ættleiding [mynd-
uga og¹³⁾ laugliga med ollum sinum greinum og articulis og
optnefndan stefann lögligan erfingia þrattnefndrar solueigar
þo(r)leifsdottur.

Ok til sanninda hier vm settum ver fyrrnefnder doms-
menn vor incigle fyrer þetta domsbref er skrifat var j

1) XXI 9 & LXVII, 3; sl. 5894; 2) sl. 5894; 3) XXI, 9; arfleiding
LXVII, 3 & 5894; 4) LXVII, 3 & 5 94; arfleitt XXI, 9; 5) sl. XXI, 9;
6) [Ok so XXI, 9; 7) LXVII, 3; skilrik XXI, 9; 8) [med fullum bokar-
eide XXI, 9; 9) [oss fyrrnefndum monnum hiiwerendum at XXI, 9; 10) arf-
leiding XXI, 9; 11) b. v. XXI, 9; 12) þess sama XXI, 9. 13) [b. v. 5894.

hiardarhollte j laxardal sunvdagin næsta fyrer festum translatio cutberti episcopi et confessoris ari sidar enn fyr seiger.

197.

[1479].

SKRÁ um fastaeign þá, er Solveig Þorleifsdóttir átti.

AM. 234. 4to, a) bls. 265, skr. c. 1595, b) bls. 577—579, skr. c. 1600: Skjalabók Jóns Björnssonar á Holtastöðum. — Yngri afskrift með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar frá c. 1730 er í MSteph. 27. 4to, bls. 171—172. Skrá þessi er að efni frá þessum tímum, en að orðalagi um sumt frá c. 1595.

Suo mikid jarda Gotz ætti hustru solveig
þorleifsdotter sem hier epter skrifad
stendur huer ed var faundur moder
stephans loptssonar og hann var
dæmdur hennar erfingic.

Botn j Sugandafirdi xxiiij^c. 1).

Sudauijk xxx^c 1).

eyrardal xij^c. 1).

heydal xxiiij^c.

kielldur viij^c.

Reykiarfjord xxx^c.

Skalauijk xxiiij^c.

hamar xvj^c.

munadaernes xxiiij^c.

fell vj^c.

tunga og þorustadi²) j bitru xl^c.

gilsfiardarmuli³) xxiiij^c.

selialand xij^c.

hatrardalur⁴) xij^c. 5).

fotur hia eyri xvj^c.

j saurbæarfioru xx^c.

1) Dessar tölur eru serkneskar í 234a, en rómverskar í 234b. Annars er dýrleikinn í a & b með rómverskum tölum. 2) þorustader b. 3) b; gilsfiardarmuli a. 4) Svo ab. 5) „eda 16 hundrut“ b (á spássin).

Suarbholl¹⁾ xxiiij^c.

Jtem fyrir nordann.

Vijdidalztunga lxxx^c. hueria jord pietur loptsson erfdi epter stephan brodur sinn med audrum fleirum jordum oc gallt hana j sijn misferli joni sigmundssyni faudurbrodur sijnum afa herra gudbrandz.

hier til jordina audunarstadi²⁾ lx^c.

huarf xlc.

kolugil oc nialstadi xlc.

Gafi til forna xij^c.

Giatus xij^c.

hrijsa xij^c.

valldaras xxiiij^c.

biarg j midfirði lx^c.

RoA j midfirði xxiiij^c.

fitiar xvj^c.

nupz dalztunga xlc.

melrackadalr xxx^c.

halfer torfustader j midfirði xxx^c.

j bergstaudum oc hamri xij^c.

hamrar j skagafirði xxx^c.

flatatunga lxxx^c.

half audbrecka med gierdi lx^c ³⁾.

backi oc palmholtt xlc.

kleif xx^c.

kampholl xxx^c.

hillur xij^c.

tiorn j suarfadardal xxx^c.

198.

26. Maí 1479.

á Staðarhóli.

STAÐARHÓLSDÓMR Þorleifs hirðstjóra Björnssonar um gjafir og skuldir Solveigar heitinnar Þorleifsdóttur.

AM. Fasc. XXIV, 13, frumrit á skinni. Af 12 innsiglum eru ú 4 fyrir bréfinu. — Dómr þessi er til í afarmörgum afskriptum, bæði forn-

¹⁾ Suarfholl b. ²⁾ audunastadi a. ³⁾ „L. eda Lx^c, b.

um og nýjum, svo sem í AM. Fasc. LXVI, 16, sem er transskript á skinni, án árs og dags, en mun gert á Stóðarfelli 2. Maí 1519; AM. Fasc. XXIV, 14, afskrift Orms lögmanns Sturlusonar frá 1552, ásamt staðfestingarbréfi hans upp á þenna dóm frá 12. Sept. 1552; AM. Apogr. 5894 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna eptir transskripti gerðu í Vatnsfirði 7. Maí 1554; AM. Apogr. 1072 með hendi Árna Magnússonar eptir transskripti gerðu 1568 á Hóli í Bolungarvík. Þá koma skjala-bækr, og er einna elzt og merkust afskrift af því lagi í skjalabók Jóns Björnssonar á Holtastöðum í AM. 234. 4to, skr. c. 1600, og önnur í Öxnafellsbók Bókmentafélagsins 309. 8vo. bl. 161b—162b með hendi Ara Magnússonar í Ögri c. 1620, og hefir hún einkennilega klausu að niðr-lagi, sem hvorki stendr í frumriti dóm-ins né fornum transscriptis, en segir bréfið gert 11. Febrúar 1480 á Skarði á Skarðsströnd. Að öðru leyti er ekki tekinn orðamunur úr 309. — Prentaðr í Lagasafni Magnúsar Ketilssonar I, 345—350.

Domur um gíafir Solueigar Þorleifsdottur
hueriar að halldast skylldu¹⁾.

Þat giðrum uær gudini jonson. uigfus biarnason. sigurdr jonson. jon oddzson. einar brandzson. arnor finnsson. sigurdr geirmundzson. hauardr olafsson. sigurdr pailson. jon þolleifsson. jon bauðvarssonar og jon biornsson. godum monnum viturligt með þessv uoru opnv brefi þa lidit var fra hingatburd uors herra jhësv christi þusund .cccc. lxx. og nív ár midvikudaginn næsta firir huitasunnv að stadarholi j saurbæ að þingstad rettvn. uorum uær j dom nefnder af ærligum manni þolleifi biornsyni hirdstiora nordan og nestan að jslandi. at skoda og dæma vm þær gíafir og skuldir sem þar uoru þa fram taldar. epter solueigu heitna þolleifsdottur andada er hun skylldi att hafa at luka. og gunnar jonson beid(di) og krafdi nefndan þolleif at nefna dom ýfer. huort allar skuldir skylldi gíaldazt þær sem þar uorv þa upp reiknad-ar. suo og hucrar gíafir laugligar skylldu uera af þeim sem þar kuomu fram. Voru þar reiknadar firir oss fyr greindar skuldir halft fimta hundrad hundrada. og at auk segs hundred letti²⁾ gyllina j mins herra kongsins skuld. enn gíafirnar fimm hundred hundrada. huad er oss leizt eigi laug uera at fyrnefnd solueig hefði matt gefa so mykla

¹⁾ Utan á frumritinu með hendi Eggert lögmanns Hannessonar. ²⁾ transskr. 5894 sl. þessu orði.

peninga vr eigi meiri peningum enn þar uoru fram sagdir firir oss at hun hefði átt og þui dæmdum uær at so prof-udu¹⁾ sem firir oss kom allar hennar gíafir þær sem fyrnefnd solueig hefði gefit meira enn log uotta at rett sie. onýtar og ecki halldaszt eiga. enn þær gíafir dæmdum uær laugligar sem optnefnd solueig gaf bornum sinum. joni og bergliotu. at lopti ormsyni lifanda og nefndur loptur jatadi og samþyckti fyrir sig. og j uar skilit biarg j midfirði og melrakkadalur j asgeirsar kirkiv sokn og adrir peningar þar til so myklar sem sa giorningr wtvisar sem þar var um gior. enn allar þær gíafir sem hun gaf seinna og meiri uæri enn laugbok uottar dæmdum uær olaugligar. þær fyrst er sidaszt nor(u) gefnar. enn hinar laugligar er halldaszt eiga at laugum. jtem j annari grein dæmdum vær umbodsmann stefans loptzsonar skylldugan at giallda allar skuldir þær sem uitni bæri at sannar uæri og sa hafði uid geingit er giallda atti. suo og þær sem erfingi eda umbodsmadur uissi. suo þær sem dæmdar uæri at gialldaszt skyllði. enn allar þær skuldir sem so uæri biuisadar sem fyr skrifat stendr og umbodsmadr gyllði. þa dæmdum uær hann at laugum hafa lausar latit og stefan loptzson þar eigi mega upp a tala sidan eda hans erfingiar. skyllði j allar þessar skuldir gialldaszt lausagoz so leingi sem þat ynnizt. enn þa jardir ef þat uinzt eigi. fyrst wtjardir enn sidaszt hofutbol ef ecki er annat til. syndizst oss rettlekast at ef hofudbol geingi j skulder. at erfingi eignadizt hofutbol enn suaradi skulldum so myklum stefans uegna sem dañdimenn dæmdu. enn ef erfingi stefans loptzsonar mætti eigi leysa hof(ud)bol til sin eda uilldi eigi. þa skyllði²⁾ umbodsmadur þratnefndz stefans mega leysa til sin hofuudbol til eignar med sama skildag³⁾ og fyr skrifat stendr. Og til sanninda hier um settum uær fyr nefndir menn uor jnsigle firir þetta domsbref skrifat [j sama stad. degi og ari sem fyr seier⁴⁾].

¹⁾ profududu, frumritið. ²⁾ Hér stendr í frumritinu e milli orðanna, eius og vera hefði átt eigi; öll transscr. sleppa því. ³⁾ Svo frumritið; skildaga, transscr. ⁴⁾ [aa skardi a skardzstrond faustudæginn næstan firir festum sancti walentini martiris þaa er lidit var fraa hijagaburd wors herra Jesu Christi m. cccc. og lxxx ara, 309.

199.

27. Maí 1479.

á Sveinseyri.

ÞORBJÖRN Bjarnason selr Sveini Jónssyni tólf hundruð og tuttugu í jörðunni Sveinseyri í Tálknafirði, jörðina Lambeyri, fimm hundruð í Fossi í Otrardalsþingum, áttatigi álvars sjöunda hundrads í Skriðnafelli á Barðaströnd og partinn í Selskerjum, er liggr fyrir Hrakstaðaleiti, fyrir Bæ og Hrafnadal í Hrutafirði, Hvítahlíð í Bitru og tíu hundruð frið.

AM. Fasc. XXIV, 5, frumrit á skinni. Öll (6) innsigli eru döttin frá. — AM. Apogr. 1087.

Kaupbref firer Sueinseire lambeire
og 5^o i fosse¹).

Þath giorum uier þorstein þorarinsson jon marteinsson prestar jndridi jonson haralldur kenekson jon snórason ok guttormur snórason leikmenn godum monnum uiturligt med þessu woru opnu brefi þá er lidith var fra hingatburd vors herra jesu christi. þusund flogur hundrauth siau tiger ok niu ær manudagin næstan epter huitasunnu²) a sueinseyri j talknafirdi er ligur j laugardals kirkiu sokn worum vier j hia sáum ok heyrðum á ord ok handaband þessara manna þorbiarnar biarnasonar af einne halfu enn sueins jonssonar af annare ath suo firir skildu ath nefndur þorbiorn biarnason selldi fyrnefndum sueine jonssyne tolf hundrud ok tuttugu j iaurðunne sueinseyri er ligur j laugardals kirkiu sokn ok jörðina lambeyre er ligur j fyr greindri kirkiu sokn ok fimm hundraud j iaurðunne fosse er ligur j otradals kirkiu sokn ok atta tíge alnar ens siaunda hundrads j iaurðunne skridnafelle er ligur j haga kirkiu sokn a bardastraund ok partin j selskerium er ligur firir hrakstada leiti med aullum þeim gaugnum ok gæðum sem greindum jaurðum ok jardarpaurtum fylger ok fylgt hefer ad fornu ok nyv ok adur nefndur þorbiorn vard fremzt eigandi ad ordinn. Hier j mot gáf áðr nefndur suein jonson opt nefndum þorbirne halfa jaurðina bæ j hrutafirði ok hrafnadal er ligia j backa kirkiu sokn ok segs hundrauth j iaurðunne huitahlid er

¹) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²) Þ. e. 26. Maí.

ligur j bitru j eyrar kirkiu sokn med aullum þeim gaugnum ok gædum sem greindum jaurdum ok jardarpaurtum fylger ok fylgt hefur ad fornu ok nyu ok þratt nefndur sueinn vard fremzt eigandi ad med laugum ok hier til tiu malnytu kugilldi ok aunur tiu hundraud frid.

samþyktu þenna þeirra kaup(skap) ok giorning kuinnur þeirra solueig petursdotter ok sescilia þorbiarnardotter. skylldi hvorr hallda til laga sinu kaupi en huor suara lagarptingum sem laugin ut uisa.

Ok til sannenda hier vm settum uier fyr nefnder menn vor jncigli firir þetta jarda kavps bref skrifad j sama stad ok úre deige sidar enn fyr seiger.

200.

1479.

AFHENDING peninga staðarins í Gufudal, er séra Loptr Filippusson afgreiddi séra Þorsteini Þórarinssyni.

AM. 266. 4to, bl. 1a á fremsta blaði úr fornri messubók á skinni frá Gufudal. Þar með er afskript Árna Magnússonar. Skrifað samtíða.

Anno domini M. cccc^o. lxx^o. nono.

Jtem afente sera loptur filippusson alla suo wordna peninga sera þosteine þorarinssyne sem hier fyrri standa skrifadir¹⁾ ok j þessa somu peninga luktte sera loptur sancte johannis likneske baptiste tuær koparstikr ok tuær alltaris bryn fyrir ij. hundrud ok tuær kluckur fyrir flogur hundrut. skyllde þessir peningar kluckur bryn ok stickr vera æuenlig eign kirkiunnar j gufudal²⁾.

Sira þorsteinn hefir lied sira olafe æ stadarhole kalek ok de tempore bok fra aduentu ok til paska pistlar ok gudspioll.

sira jone æ stad psalltara. jolabok ok eina kuern.

¹⁾ Þ. e. í máldaganum frá 1470 og afhendingunni frá 1473 (DI, V, Nr. 521 og 524). ²⁾ Það sem eptir fer er ritað nokkru síðar („manu recentiori longe“, AM.), svo sem c. 1490.

201.

4. Júní 1479.

í Laufási.

ÞORKELL prestr Guðbjartsson skipar Magnús Þorkelsson son sinn ráðsmann í Laufási yfir búi sínu og öllum eignum til næstu fardaga.

AM. Fasc. XXIV, 23, frumrit á skinni, og er innsigli séra Þorkels fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 146.

Vmbodzbref magnusar þorkelfsonar¹).

Þat giori ek þorkell prestr gudbiartzson godum monnum viturlicet med þessu mino opno brefui at ek hefi sett oc skipat Magnvs þorkelsson son minn ráðsmann oc forstiora ýfuer stadnum j lafvási oc aullum stadarins penningum oc suo ýfuer minum penningum fæstum oc læsum quicum oc dædum. Skal hann hion ráða kap giallda kapa oc selia þat alltt sem hentar oc mier þikir þaurf til standa. suo skal hann iardir byggia leigur oc landskýllder wt taka oc mier riettan reickningskap af gera. Skal greindur magnus hafua sina quinno heima j lafvási nær sig oc ein full tekinn man til þionuztu vid sig. hefui ek oc golldit áðrnefndum magnusi j sin þionustulæn einn panzara med kraga oc þar til iarnhatt. Skal hann þessa ráðsmennzku oc forstiorn hafa til næstu fardaga oc þat leingr sem ockur vel semur oc ek giori ei adra skipan á. Oc til sanninda her vm setti ek mitt inscigli fyrir þetta bref er giort var j lafvási j eyjafirði fæstudaginn j huitasunnoviku anno M^o cd^o lxx^o ix^o.

202.

7. Júní 1479.

á Eyrarlandi.

DÓMR tuttugu og sex klerka útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um kæru biskups til Árna Höskuldssonar um kirkju-fén í Núpufelli í Eyjafirði og á Hnappstöðum í Fljótum.

Bisk. Hol. Fasc. IV, 2, frumrit á skinni, og afskript eptir því meðal AM. Apogr. 3588. 15 innsigli eru nú fyrir frumritinu. — AM. Fasc. XXIV, 2, transskript á skinni frá 17. Júní 1480. — AM. Apogr. 3260. — Í Landsbókasafni 115. 4to, II, 48—50 (yrri

¹) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

partrinn dómsins með hendi séra Vigfúsar í Hitardal, en síðari hlutinn með hendi séra Jóns Ketilssonar í Hjarðarholti, og í ÍBfél. 126. 4to, bls. 217—219 er afskrift af þessum dómi, sem ekki stafar frá þessu transskripti, heldr frá sjálfa frumritinu.

Doom vm nupafel oc napstade¹⁾.

Þath giorum uier broder ion abote æ þingeyrum. herra sigurdur priur æ modruuollum. sueinbiorn þordarson. semingur magnusson. magnus ionsson. ion broddason. þolleifur magnusson. sigurdur þollacksson. ketill grimolfsson nicholas þormodsson. biorn þorsteinsson. bergþor halldorsson. hallur finzson. hallvr arnason. rongualldur²⁾ asgrimsson. ion gvd-mundzson. geir uigfusson. þosteinn gudmundzson. arnbiorn asmundzson. nicholas kollason. arne hallzson. þorfinnur þorolfsson. olafur þorgeirsson. stigur ingimundarson. þoruardur biorsson ok ion þosteinnson prestar holabiskupædæmis godum monnum uiturligt með þessu uoru opnu brefi. ath þa er lidet uar fra hingathburdi vors herra ihesv christi þushund flogur hundrut siotiger ok níu aar. manudaginn næsta epter de trinitate æ eyrarlandi j eyiafirde. æ almennelegre prestastefnu vorum uier j dom nefnder af vorum uirduligum herra herra olaf³⁾ með guds nad biskup æ holum ath dæma um þa akiæru er biskupenn kiærði til arna hauskolldzsonar um kirkiugozen j nupufelle j eyiafirde ok hnappstodum j fliotum. Var þetta uor domur j fystu ath uier dæmdum stefnuna logliga ok arna hoskolldzson logliga firir kalladañ hier j dag ok hann skylldugañ ath leida tuo loglig uitne hier upp æ stadenn eda innan halfs manadar firir biskupenum eda hans umbodsmanne huersu mickla penninga hann hefer tekit kirknanna vegna nupufellz ok hnappstada j fliotum þa hann fieck þær fýst til eignar edur umbods j innstædu ok⁴⁾ suo huersu mikit fallit hefer sidan j porcionem ok mortalia ok suo huersu mikit hann atti ath suara firir faudur sinn upp æ sinn part. getur hann þesse uitne leitt. þa dæmdum uier fyrnefndan arna hoskolldzson skylldugan ath luka fýr skrifudum kirkium i⁵⁾ nupufelle ok

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi; vm kirkio gozen j nupafelle XXIV;

²⁾ roguvalldr XXIV; ³⁾ olafi XXIV; ⁴⁾ sl. XXIV; ⁵⁾ sl. IV, 2; b. v. 115.

hnappstodum suo mickla penninga huorre kirkiunne um sig sem hann er þeim nu skylldugur sinna uegna ok faudur sins innan halfs manadar ath heyrðum domenum. vtan porcio skal allt lugt uera seinast ath michelsmessu j haust. fallast honum þessi uitne sem fyr skrifath stendur þa dæmdum uier adur nefndañ arna skylldugañ ath leggja fram suo mickla peninga huorre kirkiunne um sig under sinn suarenn bokareid ok tueggia manna med honum þeir sem j hvorri þinganne hafa buit ok kunnigast er til ath þær hafi þa fulla peninga af honum ok hafi þenna eid vnnit eth seinazta ath þol-lacksmessu j sumar. skal opptnefndur arni hauskollzson luka fyr skrifada peninga huorre kirkiunne um sig heima ath nupufelle ok hnappstodum j fyr sogdum tima biskup olafi j hond edur þeim sem hann til skipar under hans ualld ok skipan epter þui sem kristeñ riettur uth visar. En ef pen-ingarner lukast ei j fyrskrifadañ tima þa hofum uier dæmt fyr skrifadar iarder huora um sig nupufell ok hnappstadi kirknanna eign suo mikit sem æ brestur ok ei uinnast lausagoz til ath luka kirkiunum saker þess ath kirkiunnar uoru fyst æ þessum iordum reistar.

[Ok til sannenda hier um settum uier fyr skrifader lærder menn vor incigle firir þetta domsbref. skrifath j sama stad. dag ok ær sem fyr seger¹).

203.

9. Júní 1479. á Grund í Grundarfirði.

HÚSTRÚ Ólöf Loptsdóttir gefr Arnóri Finnssyni til kvonarmundar og í sín þjónustulaun fjóra tigi hundraða og tilskilr þar fyrst jörðina Snorrastaði í Kolbeinsstaðapingum, og þar með gefr hún Arnóri þrettán hundruð í kúgildum og öllum þarflegum peningum.

Eptir afskript gerðri á Reykhólum 15. Maí 1704, staðfestri af Gísla Jónssyni og Steindóri Helgasyni eptir transskripti frá 13. Dec. 1612. Sbr. DI, V, Nr. 622, 720; VI, Nr. 86.

¹) [vantar í XXIV, 2.

Það giorum vier Gudne Jonsson. Pall Jonsson. Salamon Eynarsson. Geirmundur Ellingsson. Þorgils Jonsson. Jon asmundsson. Hakon Halldorsson. Vigfus Þordarson og Jon Petursson godum mönnum viturlegt. að vær medkiennunst med þessu voru opnu briefe. þá að lided var fra Guds sonar hingadburd M. iij^c. lxx. og .ix. á r midvikudægenn næstañ fyrer dyradag á Grund i Grundarfirdi vorum vær i hið. sáum og heirdum á ord og handaband þessara manna hústru Olofar Loptsdottur af eirne alfu. Enn Arnors Finssonar af annare alfu. falldest það og skilldest under þeirra handabandi að nefnd hústru Olof Loftsdottur¹⁾ gaf adurnefndum Arnore Finnssyne (.xl^c.) til kvonarmundar og i sijn þionustulaun. og var þar first tilskilen i þesse sömu .xl. hundrada jórdeñ öll Snorrastader er liggur i Kolbeinsstada kirkiusokn er firnefnð hústru Olof Lop(t)sdottur¹⁾ gaf ádurnefnðum árnore finnssyne til fullrar eignar og frials forrædes med öllum þeim gögnum og giædum sem greindre jórdu Snorrastöðum fillger og fillgt hefur að fornu og nýu og hun vard fremst eigandi að löguð effter því sem henar kaupbrief þar um giört utvijsar. undañ sier og sijnum erfingium. enn under adurnefndañ arnor finnsson og hans erfingia og gaf ádurnefnð hústru Olof Loptsdotter optnefnðum arnore finnssyne .xiiij^c. i kugilldum og öllum þarflegum peningum. Og til sanninda hier um setium vier firnefnðer menn vor jnsigle fyrer þetta brief skrifad i sama stad og áre deige sijdar enn fir seiger.

204.

13. Júní 1479.

í Miklagarði.

TRANSCRIPTUM þriggja presta af tveim bréfum um Hnappstaði í Fljótum frá 16. Apr. 1399.

AM. Dipl. Isl. Fasc. V, 24, frumtransskriptið á skinni; innsiglin eru dottin frá. Sbr. F. Joh. Hist. Eccl. II, 220—221.

¹⁾ Svo.

Þath giorum uier herra hans doctor decretorum nicholas þormodsson gyvmundur ionsson prestar godum monnum vitorligt med þessu uoru opnu brefi ath uier saum oc yfer lasum opit bref med heilum oc oskoddum hangondum inciglum suo latanda ord epter ord sem hier epter skrifath stendur. [Hér koma tvö bréf um Hnappstaði i Fljótum frá 16. Apr. 1399, Dipl. Isl. III, Nr. 536 og 537]. Ok til sannenda hier um settum uier fyr nefnder prestar uor incigle firir þesse transkriptar bref skrifut j miclagardi j eyiafirde in festo corporis christi. anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

205.

24. Júní 1479.

á Barði.

HALDÓR Brandsson gefr Hrafni Haldórssyni syni sínum Barð i Fljótum með samþykki og handabandi Helgu Einarsdóttur konu sinnar og Ólafs Haldórssonar bróður síns.

Landsbókasafa 858. 4to, bl. 18b (JP), með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600.

Bref (ad) Halldor Brandsson gaf syne sijnum
Hrafne Bard.

Þad giorum wier Bauduar Finnsson. Bauduar Arnason. Hallur Helgason. Oddur Sygurdsson Godum monnum vitorligt med þessu voru opnu Briefe ad þa lidit war fra hingadburd vors herra Jesu christi M^o iiij (c) lxx og ix Aar æ Barde j fliotum æ Jonsmessu vorum vier j hia saum og heyrdum æ ord og handaband þessara manna Halldors Brandssonar og Hrafns Halldorssonar ad adurnefndur Halldor gaf nefndum Hrafni syni sijnum jordina halfa Bard j fliotum med ollum þeim gognum og giædum sem greindri jordu fylgir og fylgtt hefur ad fornu og nyiu og Halldor vard fremst eigande ad med samþyckie og handabandi Helgu Einarsdottur konu sinnar og eij sijdur med samþyckie og handabande Olafs Halldorssonar Broður hans.

Og til sanninda hier vm setium vier et cetera.

206.

24. Júní 1479.

á Hólum.

TRANSSKRÍPTARBRÉF.

AM. Fasc. XXIV, 11, frumtransskriptið á skinni. Af iansiglunum (3) er nú eitt fyrir og þó brákað. — AM. Apogr. 3265.

Þath giorum uier þosteinn ionsson. andres ionsson ok gudmundur ionsson prestar godum monnum viturligt med þessu uoru opnu brefi ath uier saum ok yfer lasum opit bref med heilum ok hangandum oskoddum inciglum suo latanda ord epter ord sem hier epter skrifath stendur.

[Hér kemr ábyrgðarbréf Solveigar Þorleifadóttur fyrir séra Sigmund Steindórsson frá 15. Apr. 1479, Nr. 185].

Ok til sannenda hier um settum uier fyr nefnder prestar uor incigle firir þetta transkriptarbréf skrifath æ holum j hialltadal in festo sancti iohannis baptiste. anno domini 1000 cdº lxxº nono.

207.

25. Júní 1479.

í Skálholti.

SKIPAN Magnúsar biskups Eyjólfssonar um kaup presta og djákna, um heytoll, tíundir, rómaskatt, legkaup, olíunarkaup, rétt Skálholtsbiskups, aflausnir, brullaupsgerð, um að halda heilaga Maríumessu 21. Nóv. svo sem Maríumessu síðari, og um þurföstur.

AMagn. 168.B 4to, bls. 24—25., skinnb., þetta skr. c. 1500. — AM. 154. 4to, bls. 154, skinnb., þetta skr. c. 1500. — British Museum Addit. 11,242. 4to, bl. 41a, skr. 1543—1591 (syrpa séra Gottskálks í Glaumbæ) á pappír. — AMagn. 238. 4to, bl. 173b á pappír, skr. c. 1570 (Bessastaðabók), en hér er að eins § 3 og § 4. — Ny kgl. saml. Nr. 1847. 4to, A, bl. 42—43 á pappír, skr. 1669 (bók séra Guðbrands í Vatnsfirði); hér er að eins § 3 og § 8 og svo upphafið, og er statútan hér heimfærð til „Anno MCDLXX“ (!). — Rask. 66. 4to, bls. 140, með hendi Magnúsar sýslumanns Ketilssonar (sl. § 8—10).

Statutum biskup magnus eyjolfssonar¹⁾.

Jn nomine domini amen²⁾.

¹⁾ 154; Statvtvm 11,242; vantar í 168. ²⁾ sl. 11,242.

[anno domini¹⁾ m^o. cd^o. lxx^o. nono a faustudagin [næsta firir festum beatorum apostolorum petri et pauli²⁾. jn [publico sinodo³⁾ j skalhollte skipade wurdlegr herra. herra⁴⁾ magnus med guds nad biskup j skalhollte þessa articulos⁵⁾ sem hier fylgia med samþygt allra þeirra prelata oc presta sem þar woro þa saman komner [oc tilkallader⁶⁾.

Jn primis at aller þeir þinga⁷⁾ prestar er .ij. soknar kirkiur hafa take .c. j kaup af huorre kirkiu halft fritt⁷⁾ enn halft⁸⁾ ofritt. hier med skal hann hafa sæng og þionuztu.

Jtem huor diakn skal hafa [klædi oc skædi⁹⁾ oc þionuztu¹⁰⁾ þar til sem hann æ at vera.

Jtem gialldizt .j.¹¹⁾ heytollr af huorri jordu. þo fleire bvi æ en einn.

Jtem gialldizt allar tivnder af aullum þeim iordum sem wnder heilaga skalhollzt kirkiu hafa komit oc hueria adra kirkiu edur klaustur jnan næstu .xx. wetra æfuenliga oc so af þeim sem¹²⁾ hedan af wnder koma.

Jtem .ij.¹³⁾ aura segt se¹⁴⁾ a heytolle romaskatte legkaupi [oc oleunar kaup¹⁵⁾.

Jtem at biskup¹⁶⁾ j skalholli taki tufalldan rett j sinne uisitaciur fra þui er hann fer heiman oc til þess er hann kemur heim aptur oc aller hans menn þeir sem hann nefner til ferdar med sier oc honum ber [at logum¹⁷⁾ at hafa.

Jtem at aller systrungar oc brædrungar leysizt af¹⁸⁾ biskupi oc hafi sialfur segtina.

Jtem huer saa madur sem¹⁹⁾ sier hefer mey edur konu festa halldi brullaup sitt jnan næstu .xij. manada eda sekizt hann. .xij. aurum æ huerium .xij. manudum þadan j fra til þess hann helldr.

¹⁾ [168; vantar í 154. ²⁾ [firir peturzmesso oc pals 11242. ³⁾ [sinodo generali 11242. ⁴⁾ sl. 168. ⁵⁾ articulis 168. ⁶⁾ [sl. 11242. ⁷⁾ sl. 168. ⁸⁾ sl. 168. ⁹⁾ [mat oc klæde 154; sl. 11242. ¹⁰⁾ oc skæða, b. v. 154. ¹¹⁾ einn 154. ¹²⁾ sl. 168. ¹³⁾ þriggia 168. ¹⁴⁾ se, b. v. 154, 11242. ¹⁵⁾ [oliunar(!) 168; § 6 er = § 7 og § 7 = § 6 í 154, 11242. ¹⁶⁾ biskvpen 11242. ¹⁷⁾ [b. v. 11242. ¹⁸⁾ at 168. ¹⁹⁾ sl. 168.

Jtem at presentacio¹⁾ marie se halldin at ollu so sem [sidare messa²⁾ a sumarit.

Jtem huer madur sem æ [hundrad³⁾ fyrer sic oc huern sinn omaga þurfaste huorn friadag sem ei ber laughelgan dag æ vtan j paska viku oc jola uiku⁴⁾.

208.

1. Júlí 1479.

á Öxarárþingi.

ÐEÐRIK Pining hirðstjóri sunnan og austan á Íslandi kvittar Þorleif Björnsson fyrir þá peninga, er Þorleifr galt honum, svo honum vel ánægði, í þá bréfalausn, er konungr skipaði honum, en bréfið snart Þorleif og Ingveldi Helgadóttur.

Kriegers safn 2. 4to, bls. 172—174, með hendi Styr's Þorvaldssonar c. 1700.

Bref Dydricks Pinings.

Það giörir eg Dydrick Pijning hirdstiori fyrir sunnañ og austañ á Jslandi godum monnum viturligt með þessu mijnu opnu brefi. ad eg meðkiennunst. ad eg hefi tekid af Þorleifi Biörnssyni ut peninga. so mier vel ðnægir. horn giört af Tönn. og þar til sylfur j þa brefalausn er minn naadug herra kong Kristiern skipadi mier fyrer það bref sem snart Þorleif Biörnsson og Jngveldi Helgadóttur. og því giörir eg fyrgreindur Dydrick pining ðdurnefndañ Þorleif Biörnsson og fyrnefnda Jngveldi Helgadóttur ðlldungis kvitt og ðkiærulaus upp á mijns naadug herra kongsins vegna og minna fyrir ðdurgreinda Brefalausn. Og til sanninda hier um setta eg mitt jnnsigli fyrir þetta bref. skrifad á almenneligu Öxarárþingi tveim nottum effter Pieturzmesso. þa er lidid var fra hingadburd vors herra Jesu christi M. ccc(c) siðtyger og niju ðr.

¹⁾ sancti(!) b. v. 11242. ²⁾ [mariumessa seinne 11242. ³⁾ [u. hundrud 154. ⁴⁾ Þessa grein vantar í 11242.

209. 1. Júlí 1479. á Oxarárþingi.

TYLFTARDÓMR, útnefndr á Öxarárþingi af Hrafni lögmanni Brandssyni, um vígsmál Gísla Filippussonar, er hafði slegið í hel Björn Vilhjálmsson.

AM. Fasc. XXIV, 20, frumrit á skinni. Af 13 innsiglum eru nú 7 fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 621 (eptir frumritinu). — AM. Fasc. XXIV, 21, transskript á skinni frá 9. Júlí 1479. — AM. Apogr. 622 (eptir transskriptinu).

Domur vīm vjg sem Gijšli voo og hans
viglysing¹).

Þat giorum vær eigell grimsson. gudne jonsson. narfi þoruallzson. sigurdur dadason. þorstein þorleifsson. jon sigurdsson. gunar jonsson. finnur peturson. gudmundur steffansson. jngimundur finnon. þorleikur gunsteinsson ok jon hrafnon. godum monnum viturligtt med þessu vorv opn̄v brefi ath þá er lidit uar fra hingadburd vors hera jhesu cristi. þvsund fiðgr hundrud siavtiger ok niv ar. fimtvdagenn næsta eptter peturs Messo á almenniligu avxarar þingi. worum vær j dom nefnder af ærligum manni hrafni brandzsyni logmani nordan ok vestan á jslandi. ath skoda ok dæma vīm þat mannslag. sem gisle filipson veittj medgongu. ath hann hafdi ofirirsyniv j hel sleigit biorn villialmson. en einar þorolfson hafdi adur á sig lyst. huerr er lauglig var dæmd adur á þui sama auxararþingi hans uegna. war þar ok suarid j anari grein ath adur nefndur gisle hefdi lyst ath hann hefdi verid j þui sama slagi. er fyrr nefndur biorn feck sitt banasár ok veitt tilrædi þrimur monnum edur fiorum. þo hann vissi eigi huortt þeir hefdi feingit skada edur eigi. Þotti oss þá fyrr nefndur gisle eigi leyna vilia. ath hann hefdi manninn matt j hel slá. Ok þui dæmdvm vær fyrrnefndan gisla þeirrar saumv vígglysingar j allan móta notandi verda. eptter þui sem laugbok vottar ok vors nóðugs herra kongs hakonar bref vtvisar. Nu med þui

¹) Utan á XXIV, 20, að eg held, með hendi Eggerts lögmanns Hannessonar.

ath þar syndiztt. ath bæturnar vorv lugttar med fullri borgan. enn grid fylluliga selld. eptter þui sem rettri gridasokn til heyrer. Ok þui dæmduð vær opttnefndan gisla laugliga ferianda fram til noreges¹⁾ ok þar á kirkiv. ok komi suo til mins herra kongsins núða. þat hradaztta hann kann. samþygtti hrafn laugmann med oss þenna vo(r)n dom. huer er sitt insigle sette med vorvm fyrr nefndra manna insiglum firir þetta vortt domsbref skrifad j sama stad ok ari deigi sidar enn fyr seger²⁾

210.

2. Júlí 1479.

á Þingvelli.

ÞORLEIFR Björnsson „hirdstjóri og höfuðsmann yfir Ísland“ kvittar Gísla Filippusson um þengildi fyrir víg Björns Vilhjálmssonar.

AM. Fasc. XXIV, 19, transskript á skinni frá 9. Júlí 1479. — AM. Apogr. 620.

Þat giorer ec þorleifur björnsson hirdstiore ok haufudsmann ýfer jsland godum monnum kunnigt med þessu minu opav brefi ath ec medkennuñzt ath ec hefer upp borit ok uth tekit af gisla filpussýni ok hans vmbodsmanne mins herra kongsins þegn sem mier vel á næger firir þat manslag er hann j forsýniu j hel slo biarna¹⁾ uilliamsson. þui giorer ec fyr greindan gisla kuittan ok akærulausan vm adr greint þengillde firir mier ok aullum mins herra kongsins vmbodsmonnum. Ok til sanninda hier vm setta ec mitt jnsigli firir þetta kuittunarbref er skrifat uar a þinguelle faustudaginn næsta efter petursmessu. arum epter gudz burd. M.^o cccc.^o lxx ok niu ar.

211.

5. Júlí 1479.

í Skálholti.

SIGMUNDR prestr Steindórsson kvittar Brynjólf Sigurðsson um allar þær heimreiðir og fjárupptektir og allar aðrar sakir

¹⁾ Svo. ²⁾ D. e. 2. Júlí.

og ákærun, er hann þóttist mega til hans kæra sinna vegna og Jóns Sigmundssonar sonar síns og annara sona sinna.

AM. Apogr. 4182 „Ex originali Halldoru Erlendzdóttur i Bolstadahlid“ (AM.). Tvö síðustu innsiglin voru dóttin frá; böðu alls verið fjögur.

Þat giorum vid olafur oddzson. hrafn oddzson prestar. biorn hafliðason. sigvatur gudmunzson leikmenn godum monnum vitanligt med þessu voru opnv brefi. ad þa er lidit var fra hingatburd vors herra jesv christi M. cccc. lxx. ok .ix. ar. a sunnudagin næsta epter visitacio beate marie¹⁾ j biskups stofunne j skalhollte j biskupstungum. vorum vær j hia saum ok heyrdum a ord ok handaband þessara manna sira sigmundar steinþorssonar ok bryniolfs sigurdzsonar. ad suo firir skildu ad nefndur sira sigmundur gaf adurgreindan bryniolf ðllungis kuittan ok akærulausann firir sier ok jone sigmunzsyne syne sinum vm allar þær heimreider ok fiarupptekter ok allar adrar saker ok akærun þær sem hann þóttist mega til hans kæra sina vegna. eda adur greinz jons sigmunzsonar sonar síns eda annara sinna sona.

Ok til sannenda hier um settum vær fyr nefnder menn uor jusigle firir þetta vitnisburðarbrief skrifad j skalholli sama áre deige sidar en fyr seger.

212.

9. Júlí 1479.

í Skálholti.

TRANSSKRIPRARBRÉF.

AM. Fatc. XXIV, 21, frumsitað transskript á skinni.

Domur vm vijg.

Þat giorum uær uigfus biarnassn. pall jonsson. þorolfur augmundzson ok siguatur gudmundzson godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefi. ath uær haufum sied

¹⁾ D. e. 4. Júlí.

ok yferlesit opit domsbref med heilum ok oskauddum dāðe-
manna jnsiglum. suo latanda ord epter ord sem hier seiger.
[Hér kemr alþingisdómur um vígsmál Gísla Filippussonar 1. Júlí 1479,
Nr. 209].

Ok til sanninda hier um settum uær fyrr nefnder menn
uor jnsigli firir þetta transkriptarbréf. skrifat j skalholli
faustudagin firir margrete virginis. arum epter gudz burd.
M^o cccc^o lxx^o ok niu ar.

213.

9. Júlí 1479.

í Skálholli.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

AM. Fasc. XXIV, 19, frumtranskriptið á skinni. Innsiglin eru
dottin frá. — AM. Apogr. 620.

Þat giorum uær pall jonsson ok siguatur gudmundzson
godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefi ath
uid haufum sied ok ýfer lesit opit bref hirdstjora þorleifs
biornssonar med hans heilu ok oskaudu hanganda jnsigli
suo latanda ord epter ord sem hier seiger. [Hér kemr kvittun-
arbréf Þorleifs hirdstjóra Björnssonar til Gísla Filippussonar um þegn-
gildi fyrir víg Björns Vilhjálmssonar, 2. Júlí 1479, Nr. 210].

Ok til sanninda hier um settum uid fyrnefnder menn
ockr jnsigli fyrir þetta transkriptarbréf skrifad j skalholte
faustudaginn firir margrete virginis. arum epter gudz burd.
M^o cccc. lxx ok niu.

214.

16. Júlí 1479.

í Hundadal.

VITNISBURÐARBRÉF, að Ólöf Aradóttir hafi gefið Birni bónda
Þorleifssyni fult eignarumboð á öllum þeim peningum í
Vestfjörðum, er sér hefði til erfða fallið eptir Ara Guð-
mundsson föður sinn og Þorgerði Ólafsdóttur móður sína,
alls niú hundruð hundrada, en staðu hjá Guðmundi Arasyni
bróður sínum í aungu sínu frelsi.

AM. Fasc. XXIV, 17, frumrit á skinni. Innsiglið er fallið frá. —
Afskrift af bréfinu er í Kriegers safni 2 4to, bls. 275—279, með hendi
Styrs Þorvaldssonar c. 1700.

lysingarbref olafar til b(i)arnar¹⁾.

Þat giore ec þollakur uigfusson godum monnum uiturligt at ec medkennundz med þessu minu opnu brefe at þar uar ec j hia æ kuennabrecku j breidafiardar daulum²⁾ sa ec oc heyrda ec æ ord oc handaband þeira bonda heitens biarnar þolleifssonar af einne alfu. enn olofar aradottur af annare alfu. faldiz þat oc skildizt under þeirra handabande at nefnd olof aradotter gaf fyr nefndum birne þolleifsyne sitt fullt oc laugligt eignnar umbod æ aullum þeim peningum sem hun atte oc eiga þottizt æ uestfiordum kuikum oc daudum jordum oc kugilldum fridum oc ofridum þeim sem hun reikunnadj sier til erfda hafa fallit epter ara gudmundzson fodr sinn. iiij. c. hundrada oc svo epter þorgerde olafsdottur modr sina. u hundrud bundrada. iiij. c. hundrada j iordum. enn hundrad hundrada j gripum oc lausagotze. sagde hun þessa alla fyrskrifada peninga standa hia gudmunde arasyne brodur sinum j aungu sinu frelse. sagdizt oc adr nefnd olof aradotter hafa beidzt sinna peninga af gudmunde arasyne oc fyrirbodit honum at hallda þa. enn hann uillde henne aungu til suara. skyllde biornn þolleifsson þessa alla fyr skrifada peninga sekta oc sækia oc saker æ gefa ef þeim uære halldit oc þeira ut krefia huar sem þeir stæde oc at aullu med þa fara sem hann ætte þa sialfur. skyllde opttnefndur biornn þolleifson eignnast til fullrar eignnar æfennligrar fyrir sina armædu allar þær ælaugr sem ordit hefde æ fyrskrifudum peningum fra þeim fýsta dege er þeim uar oleyfeliga halldit oc til þess er hann kynne þa aptur at fa. hia huerium helldz þeir stæde oc hann kýnne þa upp at fretta enn afhennða olofu aradottur eða hennar erfingium suo mykla peninga sem jnn kom j fýstu oc fyrskrifad stendr.

for þesse giorningr fram um uorit næsta adur enn biorn þolleifson reid til reykholu oc hann tok þa ad sier oc hier epter uil ec sueria ef þurfa þiker.

¹⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi. „Umbodsbref Biörns Þorleifssonar af Ölöfu Aradottur“ Kr. 2. ²⁾ daudum, frumbr.

Ok til sanninda hier um setta ec mitt jnnsigle firir þetta vitnisburðarbref er skrifat var j hundadal enum meira j breidafiardardaulum faustudaginn næsta fyrir translacio sancte thorlaci episcopi þa er lidit var fra hingatburd uor(s) hera jhesu christi ᠒. cccc. lxx. oc niv ar.

215.

30. Júlí 1479.

á Hólum.

VITNISBURÐER, að Loptr Ormsson hafi samþykkt það kaup, er Solveig Þorleifsdóttir móðir hans seldi Sveini Guðmundssyni jörðina Hamra í Tungusveit.

AM. Apogr. 5621 með hendi Jóns Magnússonar bróður Arna „Ex originali á kalfskinn“.

Þath giorum vit kolle magnusson ok jon þordarson leikmenn godum monnum viturligt med þessu ockru o;nu brefi. ath vith vorum i hia saam ok heyrðum æ heima i domkirkjunne æ holum j hialtadaal fimtudagen næsta fyrir andressv vm veturenn ord ok handaband loptz ormssonar af einne halfu enn sveiñs guðmundssonar af annarre at fyrnefndur loptur samþykke þat jardakaup sem moder hans solueigh þorleifsdotter hafdi giort vith adrnefndan svein guðmundsson þa er hvn hafdi sellt honum hamra er liggia j tungusveit i mælifellz kirkiusokn med ollum þeim gognum ok gædum sem greindre jordu hafdi fylgt ath fornu ok nýio ok þau vrdu fremst eigande ath ok hier efter vilium vith sueria ef þurfa þiker. Ok til sannenda hier vm settum vith fyrnefnder menn ockur jncigle fyrir þetta vitnisburðarbref skrifat á holum j hialltadal faustudagen næsta epter olafsmessu fyrri Anno domini ᠒^o cd^o lxx^o nono.

216.

30. Júlí 1479.

á Hólum.

SKIPAN Ólafs biskups Rögnvaldssonar um sálumessur á Hólum í Hjaltadal.

AM. Fasc. XXIV, 4, frumrit á skinni. Af 24 inusiglum eru nú 12 fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 3262 (eptir frumritinu). Skipan þessi er

til í ýmsum pappírsafskriptum, öllum misjöfnum og til litilla brigða. Prentuð er hún ádr í F. Joh. Hist. Ecc^l. Isl. II, 612—616 með latinskri þýðingu.

Skickunarbref biskups Olafs vm salutijder.¹⁾

In nomine domini amen.

Allzvolldugum gudi til heidurs. iungfru marie. sancto iohanni episcopo holensi. hinum goda gudmundi oc ollum guds helgum til virdingar. heilagre hola domkirkiu til styrkingar. ollum syndugum monnum til miskunnar ok synda fyrirlatningar. oc sierdeiles ollum christnum salum til hialpar oc huilldar. hofum wij olaf med gudz nad biskup æ holum skipath ok sett eina æfenlega messu dagliga firir ollum christnum salum j fyrnefndre domkirkiu æ holum. uid þath alltare sem fyrir nordan stendur svo leingi sem kristeñdomurenn stendur epter þui sem síjdur er j morgum kirkium j heimenum. Setium wij hier til ok tilskyllidum einn prest j þessv biskupsdæmenu ath upp hallda ok fram flytia þessa salumessu. lesande enn stundum syngiande huern dag æ xij manodum suo leinge sem hann lifer. enn annar j hans stad ef hans kann uid ath missa. skal hann hafa þar firir fiogur hundrvt j kaup sitt ærliga med þessvm skildaga. atta stikur klædis. iij voder eda suo goda peninga ok eitthuert hundrad þar til ok frj kost ok mat heima æ stadnum æ holum epter uorre skipan ok allra godra formanna a holum epter oss komanda samþycki. sitiandi til bordz med kirkiupreste ok liggia j prestaburi. skal hann ok ganga til kors in festis duplicibus ok þa naudsyn krefur. Kann ok hans uid missa þa skolu prestarner þeir sem uacantes eru æ stadnum hallda uppe þessa somu salumessu suo hun falle onguan dag nidur. þar til annar prestur kemur j hans stad epter skipan ok rade formannanna æ holum ok hafi þar fyrir vth af sama kaupe fyrir hueria messu epter tiltauldi. skal ok fyrnefndur prestur syngia salutider huern sunnudag um arid med odrum lærdum monnum þeim sem hann kann til fa. kann hann ok onguann fa þa skal hann lesa

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

suo hatt ath uel megi heyra um kirkiuna uid sama alltare firir aptansong ok syngiandi messu um morgunin epter ath bringdum kluckum til huorstuegia j stopli.

Nv firir þann skulld ath þesse tidagiord skuli upp halld-
 azt obrigdilega firir ollum kristnum salum ok daglega syngi-
 atz ok lesazt sem fyrskrifath stendur. Hofum víj lagt til
 heilagrar hola domkirkiu stadnum ok biskupsstolnum allar
 þær jarder ok peninga sem víj hofum feinget j seckter ok saka-
 felle sidan víj urdum biskup æ holum oc hier epter skrifath
 stendur. Jn primis bægisæ. skollatvngu. brattauollu firir nordan
 auxnadalsheide. hornbrecku j olafsfirde. finnastade j laufass-
 þingum. halfan presthuam j reyckidal ok eide æ langanese
 j skeggiastadar kirkiusokn. suo ok þar med iordena flata-
 tungu j skagafirdi ef hun uerdur dómkirkiunnar eign innan
 þrenna xij mánada. helldr ok tiutige hundrada j lausagozum
 sem firir hana skal koma epter þuí sem bref þar um giord
 votta. Leggium víj ok til iordena eptzaland j auxnadal ed
 víj keyptum med vorum peningum med x malnytu kugilld-
 um ok suo þar til aull þau malnytu kugilldi sem med iord-
 unum standa firir nordan. eru þau allz .xxx. Eru þesser fyr-
 nefnder peningar ok jarder fram lagdar ok med nogañ for-
 lagseyri utgreiddar op(t)nefndum preste til kaups ok matar
 firir sitt arbeide sem oss synetz med dandi manna radi.
 skulu ok aller naudsynleger hluter til fyrsagdz embættis at
 domkirkiunne tillegiatz med yfersyn formannanna ok þeirra
 skipan. Þui bidium víj kiærlega virdulega herra med gudi
 ok alla edla prelata holabiskupa epter oss komanda. ath con-
 firmera ok stadfesta þessa uora skipan ok giorning med sinu
 brefi ok innsigle. svo ath fyrnefnd salumessa ok vigilie uerdi
 upp halldnar ok epter þeirra bodi æfenlega lesnar ok sungn-
 ar firir ollum kristnum salum. suo vel epter þeirra andlat
 sem vntst. Suo ok ei síjdur alla officialis hola biskupsdæmis
 ok radzmenn æ holum. Bidium víj ok æ heilagrar holakirkiu
 uegna ok biodum epter skylldu sina æ heilagrar hola kirkiu
 uegna. ef þeir uilia nockurñ godan hlut eiga med ollum
 kristnum salum fyrir utan enda ath styrkia ok upphalda

Þessa opttnefnda tíjdagiord. ath setia prest annann j stadenn ef annars misser. sidsamann ok gudhræddann. lukandi honum flogur hundrut j kaup arlega sem fyrskrifath stendur ok skipandi honum kost ok alla adra nauðsynlega hlute ok þat sem þessare salumessu tilheyrilegt er af fyrnefndum peningum ef biskupslaust er æ stadnum. En þa med biskups rade. ef hann er nær. setium víj ok radzmannenn æ holum med rade officiales ef víj erum ecki nær fullann ok allan procuratorem ok umbodsmann æ allra kristinna salna uegna ath aller fyrskrifader bluter uerdi upphaldner epter þui sem ádurskrifath stendur sem hann uill suara firir guds dome ok fordatz guds reidi ok allra kristinna salna æ domsdegi. Nu til meire uissu ok stadfestu ath þesse vor skipan skal óbrigdelega halldatz um alldur ok æfe hafa edla prelatar ok prestar sem hier epter nefnatz j brefenu samþyekt þessa vora skipun ok giorning ok æ prestastefnu voru æ eyrarlandi med þeirra samþyeki sem víj hofum fundit sidan ok heita.

Broder jon med guds nad abote æ þingeyrum.

broder einar med sama nad abote æ munkaþuera.

broder sigurdur prior æ modruuollum.

sirar og prestar.

þorsteinn ionsson radzmann æ holum.

sueinbiorn þordarson.

semingur magnusson.

magnus ionsson.

þolleifur magnusson.

sigurdur þollacksson.

gudmundur skulason.

hallur finzson.

þorsteinn illugason.

arnbiorn asmundzson.

hallur arnason.

þosteinn gudmundzson.

ion broddason.

ketill grimolfsson.

olafur þorgeirsson.

arne hallzson.

ion ionsson.

niculas þormodsson.

andres ionsson. ok

stigur ingimundarson med fleire dandimanna samþycke sem ecki eru nefnder.

Ok til sannenda hier um setium víj vortt inn cigli med adurgreindra prelata ok presta inciglum firer þetta bref er skrifath var j domkirkiunne æ holum j hjalltadal fostudaginn næsta epter olafsmessu fyrri um sumarid. Anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

217.

5. August 1479.

í Klifshaga.

VITNISBURÐR um landamerki Efri-Hóla í Núpasveit.

AM. Fasc. XXIV, 24, frumritið á skinni. Innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3017.

landamerki vm efre hola 1479.¹⁾

Þat gere eg tvme arngeirsson godvm monnvm viturligt med þessv minv brefi at eiolfur ulfsson sagdi suo eg heyrdá at hann hefði sied og heyrt yferlesit á svalbarde j þistilsfirði bref med sex manna innsiglym svo latanda at jordiñ efri holar j núpasveit ætte flogur gerde tvo heima gerdi þvfgerdi og kelna gerdi ok²⁾ þar efter sagdizst hann sveria villia ef þvrfá þætte. og²⁾ til saniñda her vm setta eg mitt insigli fyrir þetta bref skrifat j klifshaga j axarfirde fimtv. dagin næsta efter olafsmessv sidare þa lidit var fra hiñgatburd vors herra jesv christi þvsvnd flogur hvndrvd snotiger og nív ár.

218.

20. August 1479.

á Munkaþverá.

ATLI, Kári og Eyjólfur Önundarsynir selja Einari ábóta og klaustrinu á Munkaþverá allan skóginn í Vaglaþjörðu milli

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ Svo fullum stöfum.

Merkilækjar við Valavörðu og Kiðsár, að fráteknum ánefnd-
um parti, fyrir alls fimtán hundruð, með fleira skilorði, er
bréfið greinir.

AM. Fasc. XXIV, 25, frumrit á skiani. Öll (6) innsiglin eru dott-
in frá nema tvö. Bréfið er nokkuð feyskið. — Apogr. 3018.

bref vm vagla ok skogin j fnioskadal 1479.¹⁾

Þat gerym vær snorri biarnason ingimvndr halldorsson
ormur ionsson loptur marteinsson þorarinn eireksson ok
bessi avgmvndz son godvm monnvm viturligt med þessv
voro opnv brefi ath þa er lidit var fra hingathbvrð vors
herra ihesv cristi þvsvnd flogur hvndrvth siotiger ok niv ár
a illugastodvm j fnioskadal svnnodaginu næsta efter kross-
messo vm vorit²⁾ vorvm vær i hia savm ok heýrdvm á ord
ok handaband einars abotha á munckapverá af einni alfo
en atla kara ok eyiolfs avnvndarsona af annarre ath svo
fýrir skildo at þessir fyrr nefndir menn selldo einari abota
ok klavstrinv a munckapvera allañ skoginn j vagla iordv
milli markdælar vith valavordv ok kids ar er liggur i
fnioskadal j hals kirkiv sokn til ævinnligrar eignar fra
teknvm þeim skogar parte er liggur i mille lækianna vt fra
flatagerdi fýrir nedan reidgavtv. skýlldi huerr þeirra hafva
floritigi timbv(r)s arliga vr skoginum samfeingit stort ok
smátt en eeki skyllði sv itala j erfdir ganga. skýldo þeir
til bvss sins á voglum hafa allar naudsyniar vr skogi firir
sik ok jordina en epter þa skýldi eingi sá sem býr á
greindri iordv hafa meira vr skogi en leigulida ber. hier i
mote gaf abothenn opt nefndvm monnvm fimm hvndrvth
hverium þeirra ok skýldi lvkatz á næstvm þremr arvm.
jtem skýldo þeir fra klavstrinv hafa eyki i skoginum iam-
vel nætur sem daga ef þeir vildo til beitar þa þar er vnnit.
skylldo þessir tídt nefndir menn atli kari ok eyiolfur svra
lagaríptingum a avllvm þeim skogi sem þeir selldo abotan-
um. en einar abote eda klavstursens formenn a munckapverá
halda til laga. ok til saannenda hier vm settvm vier fýr
nefndir menn vor inncigli fyrir þetta bref skrifat á muncka-

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ þ. e. 9. Maí.

þverá í eyiafirði favstvdaginn næsta fyrir bartholomeus-messo sama ári sem fyR seger.

219. 20. August 1479. á Þingeyrum.

VITNISBURÐARBRÉF tveggja presta, að Solveig Þorleifsdóttir hefði lýst því í banasótt sinni, að Ólafur biskup skyldi eiga jörðina Flatátungu, ef hún væri eigi leyst innan þess tíma, er bréf þar um gerst vottar.

AM. Fasc. XXIV, 15, frumrit á skinni. Bæði innsigliu eru dottin frá. — Apogr. 3270.

Bref vm flatatungu.¹⁾

Þath giorum uid sueinbiorn þordarson ok gudmundur ionsson prestar holabiskupsdæmis godum monnum uiturligt med þessu ockru opnu brefi ath þar voru uid j hia a breida-bolstad j uesturhope midkudaginn efter assumpcio sancte marie uirginis²⁾ ath sira sigmundur steindorsson ok olafur kodransson handfestu biskup olaf suo felldañ vitnisburd ath þeir skilldi sueria fullañ bokareid ef þurfa þætte ath solveig þolleifsdotter hefði þui lyst firir þeim ok skipat j sinne banasott ath biskup olaf skilldi eiga obrigdiliga iordena flatatungu er liggur j skagafirde ef hun uæri eigi leyst inn-an þess tíma af hennar erfingium sem þat bref ut uisar sem þar vm giorztt uottar. Ok til sannenda hier um settu vid fyr skrifader prestar ockur incigli fyrir þetta bref er skrif-ath uar a þingeyrum j hunauatzþingi fostudaginn næsta epter mariumessu fyrri. anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

220. 23. August 1479. á Reykhólum.

TRANSSKRIPTABRÉF af nokkrum skjölum um Guðmundareignir.

Dómabók Jóns landritara Magnússonar og Þóru konu hans, í Fol. bl. 187—188, skr. 1604. Dómabók þessa hefir áðr átt Jón háyfirðómari Pétursson („þessa bók gef eg dóttur minni elskulegri Þóru Jónsdóttur. — Reykjavík, 21. Oktober 1891. — Jón Pétursson“). — Kriegers safn 2.

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ þ. e. 18. Aug.

4to, bls. 285—295 með hendi Styrðs Þorvaldssonar c. 1700. — Upphaf transskríptsins er hjá séra Jóni í Hitardal í Landsb. 115. 4to bls. 144, en þar vantar niðrslagið.

transskríptarbréf af peningum Guendar sem hann
 hjellt rangliga fyrir Olufu Aradotter.

(Þ)ad giörum wier Oddur Sigurdzson. Ormur¹⁾ brandzson og Gudmundur loptzson godum monnum kunnigt með þessu woru opnu brefi ad wier hofum sied og yferlesid opid bref með hangandi jnciglum heilum og oskoddum og so latandi ord epter ord sem hier seiger.

[Hér koma:

1, bréf frá 3. August 1460, DI, V, Nr. 200

2, bréf frá 5. Sept. 1460, DI, V, Nr. 202

3, bréf frá 6. Marts 1433, DI, V, Nr. 9].

Og til sanninda hier um setium wær fyrrnefnder menn wor jncigli fyrir þessi transskríptarbréf er skrifud woru a reykholum a reykianesi manudaginn næstan fyrir bartolomeus-messo [Anno²⁾ 00 cd. lxx og ix ðr.

221.

6. Oktober 1479. á Möðruvöllum.

ÓLAFR prestr Ingimundarson vottar, að hann hafi krafid Árna Höskuldsson í umboði Ólafs biskups eptir prestastefnu dómi kirkjugózanna í Núpufelli, en Árni hefði aungva peninga fram lagt.

AM. Fasc. XXIV, 3, frumrit á skinni. Tvö innsigli munu hafa verið fyrir bréfinu, en annað þeirra er dottið frá. — Apogr. 3261.

Krafa til arna Hauskuldssonar.³⁾

Þath giorer eg olafur prestur ingemundarson golum monnum uiturligt með þessu minu opnu brefi ath þa er lidet var fra hingathburde vorss herra ihesu christi þushund flogur hundrut siotiger ok niu ar. næsta dag firir michelsmessu um haustid⁴⁾ reid eg til nupufellz j eyiafirde beiddi eg og krafdeg⁵⁾ j umbode biskups olafs arna hauskolldzson fram-

¹⁾ Grímur, Kr. 2; ²⁾ [Þá liðið var frá hingaðburð vors herra Jesu Christi, Kr. 2; ³⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld; ⁴⁾ þ. e. 28. Sept.; ⁵⁾ Svo.

lags æ aullum þeim peningum sem hann var skyll dugur kirki-
 unne j nupufelle epter þeim dome sem dæmdur uar æ presta-
 stefnu æ eyrarlande j eyiafirde en hann lagde aungua pen-
 inga fram. voru þesser vottar nær sem med mier ridu. ion
 þordarson og þorkell oddzson huerer ath sin inscigle settu
 med minu incigle til sanz uitnisburdar hier um firir þetta
 bref skrifath æ maudruuollum j haurgardal manudaginn
 næsta epter michelsmessu æ sama ære sem fyr seger.

222.

8. Október 1479.

á Skarði.

VITNISBURÐR, að Ólöf Aradóttir hafi gefið Birni Þorleifssyni,
 þá er hún gerði testament sitt á Vatnshorni í Haukadal,
 til fullrar eignar allar þær sektir og álögur, sem fallið höfðu
 á peningum þeim, er hún erfði eptir Ara Guðmundsson föð-
 ur sinn og Þorgerði Ólafsdóttur móður sína, síðan fyrst að
 Guðmundr bróðir hennar Arason tók þá af henni.

Kriegers safn 2. 4^{to}, bls. 272—275, með hendi Styr's Þorvaldssonar
 c. 1700.

Umbodsbref Biarnar Þorleifssonar og
 Olofu Aradóttur.

Það giöri eg Biörn Magnusson godum monnum kunn-
 igt med þessu mijnu opnu brefi. að eg medkennist. að eg
 var á Vatshorni j Haukadal. þa Ólöf Aradóttir giörði sitt
 Testamentum. og lysti því. að hun hefði giefið Bjрни Þor-
 leifssyni til fullrar eignar allar þær sektir og álögur sem
 fallid hafði á öllum þeim peningum sem henni hefði fallid
 til Erfdar epter Ara heitinn Gudmundsson födur hennar og
 Þorgerdi heitina Olafzdóttur modur hennar. sijdañ henni
 bar að taka peninga eptir födur sinn. og allar þær sektir
 og álögur. sem modir hennar bar að taka a sijnum pening-
 um. sijdañ fyrst að Gudmundur Arason brodir hennar tok
 þá af henni. og þar til að hun deydi modir hennar. sagdist
 fyrskrifud Ólöf Aradóttir þessa fyrskrifada peninga hafa
 skipat fyrskrifudum Bjрни Þorleifssyni fyrir starfa sinn og
 omak sem hann (hafði) fyrir fyrskrifudum peningum. Enn

fyrir allañ kostnadinn þann sem hann hefði fyrir fyrskrifudum peningum. skipaði hun að hann skyldi taka af junnstæðunni svo mýkið sem (hann) þættist vel halldinn af. Og til sanninda hier um setta eg mitt jusigli fyrir þetta vitnburðarbrief. skrifad á Skardi á Skardzströnd fostudaginn næsta eptir Leodegarii Episcopi. þa er lidid var frá hingaburd vors herra Jesu christi M. cccc. lxx. og niu ár.

223.

9. Október 1479.

á Skarði.

VITNISBURÐAR tveggja manna um það, að Ólöf Aradóttir hafi feingið Birni bónda Þorleifssyni eignarumboð á öllum þeim peningum á Vestfjörðum, er hún taldi sér til erfða fallið hafa eptir Ara Guðmundsson föður sinn og Þorgerði Ólafsdóttur móður sína, en Guðmundr Arason, bróðir hennar, hélt í aungu hennar leyfi.

Dómabók Jóns landritara Magnússonar í Fol., bl. 186—187, skr. 1604. — Yngri afskriftir eru í Landsbókasafni 115. 4^{to}, (með hendi séra Jóns í Hitardal) og ÍBfél. 126. 4^{to}, bls. 49—50 (eptir 115).

Wmbodzbref Olufar Aradóttur og
Biorns Þolleifssonar.

(Þ)ad giorum wier Þorlakur Wigfusson og Biorn magnusson godum monnum witurligt med þessu ockru brefi ad þar woru wid j hia æ kuennabreckw j breidafiardardolum. saum og heyrðum æ ord og handaband [bonda heitins biarnar¹⁾ þolleifssonar af eirni alfu. enn Olufar Aradóttur²⁾ af annari. faldist það og skjldist vnder þeirra handabandi. ad nefnd Oluf aradóttur gaf fyrrnefndum birni þolleifssyni sitt fullt og logligt eignar umbod æ ollum þeim peningum sem hun atti og eiga þottist æ vestfiordum. kuikum og daudum.

¹⁾ [Svo ritað í öndverðu, en síðan með annari hendi fært svo til: „heitins biarnar Bonda“; „Björns heitins bónda“ 115 og 126. ²⁾ „Mun þessi Óluf ekki hafa verið kona Sumarliða Loptssonar ríka? Þeirra dóttir Kristín, er átti Jón dan, launson Bjarnar“; athgr. í 115 og 126.

jaurdum og kugilldum. frijðum og ofriðum. þeim sem hun reiknadi sier til erfda hafa fallit epter Ara gudmundzson fodur sinn cccc hundrada og so epter þorgerði olafsdotter moder sijna. v^o hundrada. flogur c hundred j jordum. hundrad hundrada j gripum og lausagotzi. Sagði hun alla fyrrskrifada peninga standa hia gudmundi arasyni brodur sijnum j aungu sijnu frelsi. Sagdist og adurnefnd oluf aradottur hafa beidz sijna¹⁾ peninga af gudmundi arasyni. og fyrirbodit honum ad hallda þeim. enn hann villdi henni aungu til suara. Skyllði biorn þorleifsson alla þessa peninga segta og sækia og sakar a gefa. ef þeim wæri halldit. og þeirra utkrefja²⁾ huar sem þeir stædi og ad aullu med þa fara sem hann ætti þa sialfur. skyllði optnefndur biorn þolleifsson eignast til [eignar og æfinligrar medferdar³⁾ fyrir sjna armædu allar þær alogur sem ordit hefði æ fyrrskrifudum peningum fra þeim fyrsta deigi er þeim war oleyfiliga halldit og til þess er hann kynni þa aptur ad fa. hia huerium hellst þeir stædi og hann kynni þa upp ad frietta. enn afhenda Olufu Aradottur edur hennar erfingium so myckla peninga sem jnnkoma j fyrstu og fyrr skrifad stendur.

for þessi giorningur fram̄ vm worid næsta dag adur enn biorn þorleifsson reid til reykholu og hann tok þa ad sier. og hier epter wilium wier sueria ef þurfa þiker.

Og til sanninda hier um settum wid fyrr nefnder menn oekar jucigli fyrir þetta witisburdarbref. skrifad æ skardi æ skardstrond laugardaginn næstan epter liotigarij⁴⁾. þa er lidit war fra hingadburd wors herra Jesu Christi ☉ cccc [siotyger og niju⁵⁾ á. r.

224.

10. Október 1479. } í Hjarðarholti.
25. Júní 1481. } í Hvammi.

KAUPMÁLABRÉF Ásgrims Sigmundssonar og Steinvarar Þórarinsdóttur.

¹⁾ D. e. = sinna. ²⁾ innkrefja 115, 126. ³⁾ „medferdar“ er hér bætt við, því að þvílíkt orð vantar eptir hugsaninni; [æfinlegrar eignar 115, 126. ⁴⁾ leodegarii messu 115, 126. ⁵⁾ lxxix 115, 126.

AM. FASC. XXIV, 18, frumrit á skinni maukfið. Gat er fyrir einu innsigli, en sjálft innsiglið er dottið frá. — AM. Apogr. 1481.

In nomine domini amen.

lystitz og stadfestitz suo felldr kaupmale j millum asgrims sigmundzsonar og steinuarar þorarensdottur æ þeirra brullaupsdege j hiardarhollte j laxardal. æ sunnudaginn næsta fyrir festum reliquiarum. þa er lidit uar fra hingatburd uors herá jhesu christi M. cccc. lxx og ix ar ath greindr asgrimur sigmundzson talde sier til kaups med nefnda steinuauru þorarinsdottur attatiger hundrada þar til skilin og j reiknud .xl. hundrada j iordunne biarge j midfirde er liggr j stadarbacka kirkiusokn og iordin rofa fyrir fiaugr hundrut og xx j saumu kirkiu sokn. og þar til .xvi. huñdrut j aullum peningum er fader hans sigmundr prestr steinþorsson gaf honum.

hier j mote reiknade þorarinn boñde aronson dottur sinne steinuauru þriatige huñdrada med þeim fridleika fýst jordin skogar er liggr j stadarfellz kirkiu sokn fyrir .xii. huñdrut og þar til fimm malnýtu kugillde. ij. gelldfiar kugillde. kugilldiss hest. vij. huñdrut j silfri og iij huñdrut j þarfligum peningum ofridum. hier til gaf henne broder hennar sera hallr þorarinson .x. huñdrut j aullum peningum.

gaf optnefndr asgrimr sigmundzson kinnu sinne steinuauru þorarinsdottur j sinar lauggiafer jordina krossanes er liggr æ uatznese j holakirkiu sokn er jungkære einar biornson hafde honum adur feingit til fullrar eignar efter þui sem hans bref þar um giort utuisar.

kiore optnefndur þorarinn aronson dottur sina steinuauru malakonu. reiknatz þui male hennar .lx. hundrada j garde Prattnefndz asgrims sigmundzsonar.

uoro þesser brullaupsuottar hallbiorn jonson sigurdur brandzson prestar þollakr þorkelson gudine jonson. jon oddzson og jon þosteinson leikmenn og marger adrer goder menn.

Og til sannenda hier um settum uær fyrnefnder menn uor jnsigle firir þetta kaupmalabref skrifat j huamme j

huammsueit manudaginn næsta epter jons messu baptiste tueimur arum sidar en fyrr seger.

225.

16. Október 1479.

í Haga.

VITNISBURÐUR, að Jón Ólafsson og Hallfríðr Þórðardóttir meðkendust, að þau hefði feingið Gísla Filippussyni til æfinlegrar eignar jörðina Botn í Patreksfirði gegn prófentu þeirra hjóna og framfæri hjá Gísla og örfum hans með fleira skilorði, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXIV, 22, frumrit á skinni. Öll (4) innsiglin eru dottin frá. — AM. Apogr. 1153. — Niðr í innsiglaþveingina hefir verið rist annað frumrit bréfsins.

Bref vīm haga¹⁾.

Þath giorvm ver jon prestur marteinsson vigfus biarnarson þorolfur avgmvndzson ok avdvn hrafnsón leikmenn godvm monnum kvnigth med þessu voro oppnv brefi at þar vorv wær j hia ok heyrdivm á ath jon olafsson ok halfridur þordardotter koña hans medkenduzt ok vid geingv fyrir oss ath þau hefde giort so felldan giorning wid gisla filipusson. ath (þau) hefdi feingith honum bottn j patrefxfridi er ligur j saurbægiar kirkiv sokn á ravdasandi til æfinligrar eignar med ollum þeim gognum ok gædivm sem greindre jordu fylger ok fylgt hefer ath fornn ok nyiv ok þav vrdv fremzt eigandi at. enn hier j mot skildv fyrgreind hion sier æfinligt framfæri ok profentv hia fyrgrei(n)divm gisla filipusyne ok ingibiorgv eýolfsdottvr konv hans ok þeira örfvm enn (ef) greindr jord bottnn kyne af at ganga þa skyldi advr greindr gisle eiga attgang at jordvne hvalskeri j patrefxfridi j savmu kirkiv sokn ok so mikit vpp j jordina dvfansdal er ligur j otradals kirkiv soknn sem dyrleika munur yrði jardana bozt²⁾ ok hualskers. Ok til sannind á²⁾ hier vm settv wær fyrnefnder men vor incigle fyrir þetta bref er skrifat var j haga á bardar²⁾ strond laugardaginn næsta eptter kaliktus²⁾ Messv. arvm eptter gvdz byrd M^o. cccc. lxx ok ix ar.

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo.

226. 18. Nóvember 1479. undir Núpi.

BJARNI Þórarinsson selr séra Jóni Gíslasyni til fullrar eignar jörðina Hraun í Keldudal fyrir sextigi hundrada í öllum peningum.

AM. Fasc. XXXVII, 7, transskript á skinni frá 1504.

Þath giorvm ver sera are gudlavgsson. gudmvndr jons-son. gizur eysteinnsson. jon biarnason godvm monnum kvnigth med þessv woru opnu brefi ath þar vorum ver j hia savm og heyrðvm a ord og hándaband þessara manna af einne alfv biarna þorarinssonar enn af annari sera jons gislasonar. ath suo fyrir skilldv ath fyr nefndr biarne þorarinsson selldi adrnefndvm [sera joni¹⁾] gíslasyni jordina hravn til fullrar eignar er ligr j keldudal j dyrafirdi med vpplagi og samþýki solveigar gudmvndardottr konv sinar med aullum þeim gognvm og gædum sem greind(r)i jordv fylger og fyllgt hefer ath fornv og nyiv og eg vard fremzt eigandi ath eptter gvdmvnd arason minar konv vegna. hier j motti gaf tittnefndur sera jon sextiger hundrada j avllvm peningum og skyllði lukazt a þrimur arum. Enn ef fyrnefnd jord hravn geingr apttr ath lavgum eda ofriki þa skal fyrnefndr sera jon eignazt jordina hest j avnvndarfirdi er ligr j hollz kirkiv sokū j so micith sem hon nemur. skyllði opttnefndur sera jon hallda jordunni til laga enn þrattnefndur biarne svara lagariptingum. Og²⁾ til meiri vissv hier vm setta ek tittnefndur biarne mitt jncigli med anara dandi manna jnciglium. Ok²⁾ til sanninda hier vm settum wer fyrnefnder menn wor jncigle fyrir þetta jardar kavps bref skrifat vnder nupi j dyrafirdi fimttvdagin næsta eptter marteinsmessu anno domini³⁾ M^o cccc^o lxx^o nono.

227. 24. Nóvember 1479. á Hólum.

VITNISBURÐR, að þeir bræðr Haldór, Hrafn og Snjólfur Brandsynir geingu í borgan við Rögnu Rafnsdóttur móður sína

¹⁾ [tvískrifað í skinnbr. ²⁾ Svo. ³⁾ domino, skbr.

að svara kirkjugózum á Barði vegna Brands Haldórssonar föður þeirra, eptir því sem á hvers þeirra hlut kæmi á móts við systur sínar.

AM. Fasc. XXIV, 9, frumrit á skinni. Innsiglin (3) eru dottin frá.

Þetta bref ber vitne að biskup olafur
hefur ecki oriætteliga dæmt þa
skulld a þa brædur¹⁾.

Þath giorum vith gudolfur prestur magnusson ok illughe helgason leikmann godum monnum viturligt með þessu ockru opnv brefi ath vith vorum j hia sævm ok heyrðum æ j kirkiunne æ barde j fliotum ord ok handaband þessara manna rognv hrafnsdottur af einne halfu. Enn af annari halfu halldors brandssonar. hrafns brandssonar ok sniolfs brandssonar. sona hennar skilgetinna. ath suo firir skildu ath fyrnefnder brædr geingu j borgun ath suara kirkiugozum æ bardi vegna fodur sins brandz halldorssonar medan hann hefði halldit bard suo mýklu sem á huers þeirra hluta kæmi j motz uith systur sínar. Ok hier epter vilium vith sueria ef þurfua þiker.

Ok til sannenda hier vm settum vith fyrnefnder menn ockur jncigle firir þetta bref skrifat æ holum j hialltadæl midnikudagenn næsta firir katerinar Messo. anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

228.

11. December 1479.

á Hólum.

ÞORLEIFR Björnsson fær Ólafi biskupi til panta upp á þrjú ár í skuld sína jörðina Galtarnes í Viðidal með kúgildum, er þar með standa, en væri jörðin eigi leyst á þriggja ára fresti, þá skyldi hún eign biskups.

AM. Fasc. XXIV, 6, frumrit á skinni með öllum (3) innsiglium. — AM. Apogr. 3263.

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi Guðbrands biskups.

Brief vm galtaness¹).

Þat giorum vier andres jonsson prestur jon þordarson og sueinn gudmundzson leikmenn godum monnum viturligt med þessv vorv opnv brefui ath arvm epter guds burd. 0^o cd lxx og niv ar a lavgardagin nesta firir lvcin messu vorvm vier j hia savm og heyrdvm a ord og handaband vors virduligx herra og andaligs favdvrs biskups olafs æ holum af einne alfv enn þorleifs biornssonar af annare ath svo firir skildv ad fyrnefndur þorleifur feick biskupenvm til panta j skvld sina jordena galltarnes firir xl hvndroda j vididaal j hunavazspingi er liggur j asgeirsar kirkiv sokn vppa þriv ar og þar med tvo malnyt v kvgilldi er standa med jordene. skal biskupin taka landskylldur ok leigvr af greindri jordu og kvgilldvm upp a fir nef(n)d iij ar. enn ef eigi er jordin leýst jnnan þriggia ara þa skal fir nefnd jord galltarnes vera obrig(d)ilig eign biskupsins a holvm med ollvm þeim gognvm og gædv er greindri jorðv fylgir og fyllth hefir at forn v og nyv ollv til skilldv enn ongv fra skilldv og optnefndvr þorleifvr uard fremst eigandi ath. skal þorleifvr lagariftingvm suara firir jordena enn biskupin halda til laga. Og til sannenda her vm settvm ver fir nefndir menn vor jncigli firir þetta vitnisburðarbref skrifat j sama stad degi og are sem fir seigir.

229.

11. December 1479.

á Hólum.

BRÉF Þorleifs Björnssonar um pantsetning hans á Galtarnesi í Viðidal til Ólafs biskups um þrjú ár.

AM. Fasc. XXIV, 7, frumrit á skinni með einu innsigli (Þorleifs) nokkuð skemdu. — AM. Apogr. 3267.

vm galtaness²).

Þath giorer eg þorleifur biornsson godum monnum uit-

¹) Utan á bréfinu með gamalli hendi, nema fyrsta orðið er ritað á 17. öld. ²) Utan á bréfinu með fornri hendi.

urligt med þessu minu opnu brefi ath eg medkennutz ath eg hefi feinget virduligum herra. herra olaf med gudz nad biskup æ holum jordena gælltarnes er liggur j asgeirsóur kirkiusokn firir xl hundrada og þar til tuo malnytu kugillde med þeim skilmala ath ef iorden er ecki leyst innan þrenra xij manada med fiorum tugum hundrada. þa skal hun uera obrigdeleg eign adur nefntz biskups olafs med aullum þeim gaugnum og giædum sem greindre iordu hefer fylgt ath fornu og nyiu og eg uard fremstz eigandi ad aullu til skildu en aungu fra teknu. skal og fyr greindur biskup olaf taka leigur og landskyllid af nefndre iordu gælltarnesi þar til ed peningarner eru aller luckter. ok¹⁾ til saninda hier um setta eg fyr nefndur þorleifur biorNSSon mitt incigle firir þetta bref skrifath æ holum j hialltadal laugardaginn næsta efter concepcionem sancte marie uirginis. anno domini M^o cd^o lxx^o nono.

230. 13. December 1479. í Miklabæ.

VITNISBURÐAR Jóns Þorbergssonar um Miklabæjarrán.

AM. Apogr. 3597 eptir trausskripti frá 13. Júní 1480. — Afskript af þessu bréfi er í Bps. 3. Fol., Landabókasafni 107. 4to, bls. 125—126 (skjalabók frá séra Jóni Haldórssyni í Hitardal) og MSteph. 78. Fol. bls. 181—182, skr. c. 1750.

Þath giorer ec jon þorbergsson godum monnum uiturligt med þessu minu brefi ath ek var æ miklabæ j skaga-firdi j blaunduhlid þa er sigmundr prestur steinþorsson. einar biorNSSon med sinum fylgiorum er suo heita

uernard einarsson. jon einarsson.

sigurdur einarsson. thomas hrafNSSon.

petur þorsteinsson. narfi jonsson.

sigurdur iuarsson. eyolfur gunnarsson.

asgrimur sigmundsson. jonar .ij. sigmundzsyner.

olafur asbiarnarson ok ion þup' hestastrakur.

¹⁾ Svo hér fullum stöfum.

gripu ok ræntu nefndan miklabæarstad fyrir sira jone broddasyne. kuomu hier til seinna þessir .ij. menn olafur þorbiarnarson ok jorunr lopszson. suo uis(s)i ek fyrir full sannindi ath þessir fyr nefnder menn sigmundr ok einar med sinum ollum fylgiorum nefndum ok onefndum speñtu ok uppneyttu kost fyrnefndz sira jons broddasonar. ok suo skipadi tittnefndur sigmundr prestur ok let drepa fyrir nefndum sira jone .v. hans eigin kyr. tarf tuæuetran ok kuigu ueturgamla. hier med spentu þeir upp heyen. ok eldebranda j suo mata. ath þeir gafu þau hestum sinum. sum feingu þeir j burtu odrum monnum. En sum fluttu þeir sialfer j bruttu. brutu þeir uida stadin ok spilltu honum ok eitt stortt jardkeralld er kirkian hafdi leingi att. spilltu þeir ok brutu ok breñdu uidunum. suo ok uissi ek fyllelega ath þeir lettu reka j bruttu .x. uxa gamla. En þa peninga er þa uoru epter. ok med marki sira jons voru. afmorkudu þeir utan ueturgamallt fé. uoro þat .x. kyr. ij. kuigr tuæuetrar ok .xiiij. naut ueturgaumul. Raku sidan brutt þessa peninga ok þar med .v. kyr er hola stadur atti med hans eigin marki. ueturgamallt fé. er sira jon atti. v. tiger ok hest gradan. ueturgamlan hest ok hross.

Ok til sanenda hier um setti ek mitt jncigle fyrir þetta bref skrifath æ miklabæ j skagafirdi j blaunduhlid upp æ sancte magnus dagh fyrir iol. þa er lidit uar fra hingatburd uors herra iesu christi þushund .cccc. lxx. ok .ix. ðr.

231.

20. December 1479.

í Rómaborg.

LEYFISBRÉF Júlíanuss biskups í umboði Sextuss páfa hins fjórða handa Páli Jónssyni á Skarði og Solveigu Björnsdóttur til hjónabands, þrátt fyrir fjórmennings frændsemi þeirra á millum, og skipun til (Magnúsar Eyjólfssonar) biskups (í Skálholti) undir banns pínu að hlýðnast þessu bréfi.

Landsbókasafn 115. 4to, I, 52, með hendi séra Jóns Haldórssonar í Hitardal c. 1730 (afskript þar af í ÍBfél. 126. 4to, bls. 111). — ÍBfél. 321. 4to, (fúin afskript frá 17. öld). — Advocates Library í Edinborgh

Coll. FMagn. 64. 4to, (21, 7, 14) bls. 6—7, með hendi séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal (nokkuð afbakað, og því ekki tekinn orðamunr); virðist sú afskrift vera gerð eptir kveri í 8vo, sem eg á, með hendi Jóns Finnssonar í Flatey, skr. um 1644. Afskrift af þessu bréfi er og í ættatölubókum séra Jóns Ólafssonar á Lambavatni. Sbr. bréf frá 19. Dec. 1481).

Leyfis Bref Pals Jónssonar á Skarde og
Solveigar Biörnzdottur¹⁾.

Wirduglegum Herra og födur i Christo med guds náð Byskupe eda hañs umbodsmanne i andlegum hlutum heylsum vier Julianus med gudlegre myskun Byskup Sabinensis med skjrum gudz kærleika.

kom su Bæn fyrer oss af hólfu Pals Jonssonar leikmanns og Solveigar Biörnzdottur kvinnu yd(v)ars Byskupsdæmis. ad þaug verande fiormenningar sijn i millum ad frændseme gjrntust hjonaband saman ad draga. feingu þaug nockur veitslu Bref hier um send ydur. Herra Byskup. edur ydrum umbodzmanne i andlegum hlutum. þaug hieldu á medal annarra greina. ef ad sliukur frændsemis stiettur²⁾ hittest þeirra á mille skylldu þier med þeim dispensera. ad sagt hiönaband mætte þa saman draga. Enn ef þier ásakid fyrrgreinda menn um þa hlute. sem þaug giördu audmiuklega ad bidia Postuligt sæte med [vægd og myskun³⁾] fyrer ad sið þeirra saluhiðlp. því af rögsemd heilags Pavans. hvörs Skrifftafödurz geymslu vier höfum med höndum. og hañs sierlegu bode. því vær höfum vid hann hier um talad. biöðum vier ydur hardlega i kraffte heilagrar hlydne. og under Banns þijnu. ad þier hlyded og hlyda látid fyrrnefndum Brefum. ad ei kome þetta kveinsamt⁴⁾ kall offtar meir til Herra Pavans Eyrna. og vær munum ydur med stefnu láta fram fara [i Rom.

utgiefed⁵⁾ til S(ancte) Peturs under jnnsigle Skrifftaföduris Embættis 13 Calendas Januar(ij) á nijunda áre Sixti Pava fiorda med því nafne⁶⁾.

¹⁾ Dispenserunarbref Paals Jonssonar, Advoc. 64. ²⁾ riettur(!) 64. ³⁾ [miskunnar vægd, 64. ⁴⁾ kvennsamt(!), Advoc. 64 og JFinnes. ⁵⁾ [Utgefid i Rom, Advoc. 64, JFinnes. ⁶⁾ Á spássiu ritar séra Jón: „o: Anno 1480 secundum chronologium Gordoni“, og er það rangt; á að vera 1479.

232.

1479.

SKRÁ um landamerki Brúnastaða í Tungusveit í Skagafirði.

Landsbókasafn 58. 4to, bls. 82, skr. c. 1726 (feyskið).

Þesse eru landamerke. sem Brunastade addeiler fra öðrum jordum. á tuær hendur og ad austan. fyrst a millum Þorsteinst(ada) úr storagriote vid svartá og so vppi litla skard. so i ytra endan á þorsteinstadatiörn. enn fyrir utan i þann stein sem stendur á melnum fyrir austan sydra helligrsasenda. og so vestur j garden sem geingur a millum hafgrijmstada og Brunastada. so er og holme. sem nefndur er Brunastadaholme. er Suartá hefr afbrotid Brunastada lande. þar hun hefr þann vestare farveg geingid.

Þesse landamerke hafa halldiñ verid Brunastada i tijð Sira Sigurðar Þorlakkssonar sem Mælefells stad hiellt Anno Domini 1773 cdº LXXIX.

233.

[1479].

SKRIPTAMÁL [Ólofar Loptsdóttur].

JSig. 308. 8vo, pappirskver með hendi séra Ásgeirs Bjarnasonar í Dýrafjardarþingum (d. 1773) eptir rollu á skinni, og er þetta ritað síðast á kverið, einmitt árið 1773, sama árið sem séra Ásgeir dó; telr Hannes ritstjóri Þorsteinsson, sem fyrstr benti mér á skriptamálin og sendi mér afskript af þeim til Khafnar 1898, að séra Ásgeir muni einmitt hafa dáíð frá afskriptinni, og því vanti niðrlagið af skriptamálunum¹⁾; styðst þetta og við það, að ekki virðist neitt týnt úr bókinni, heldr hafi hér aldrei verið skrifað meira. Á blaði í fjöggra blaða broti, sem liggur í þessu kveri, er og ritað upphaf skriptamálanna, og fyllir það blað nokkurn veginn litla eyðu, sem er öndverðlega í aðalafskriptinni. Á þetta blað er ýmislegt párað, þó með góðri og skrifaralegri hendi, svo sem: „Ecke er gaman að því illa [all]dre(!) dygd sem kann ad spilla“, „Ha Edla og Velbyrdigum Amtmanne yfer Islando Hr. O.afe

¹⁾ Í Prestatali séra Sveins Nielssonar er dánarár séra Ásgeirs talið 1772, en Hannes ritstjóri hefir fundið í handriti eptir meistara Hálfðan Einarsson, sem Jón prestaskólakennari Helgason á, að séra Ásgeir hafi dáíð 1773, og verðr það að vera rétt.

Stephanssýne“, „Monsr Jon de Belsdal“, „hier byriast og so sá vonde Sidur og“, og að lyktum „The(!) Nicolausson“, sem líklega á að merkja Þorleif Nikulássson landþingsskrifara.

Afskrípt séra Ásgeirs af þessu skjali er vönduð, og hefir hann leit-
szt við að fylgja stafsetning frumritsins. Fer Hannes ritstjóri svo feld-
um orðum um skjal þetta í bréfi til mín 23. Apr. 1898: „Frumritið er
nú líklega glatað, en það mun hafa verið til langt fram á þessa öld.
Svo sagði Pétur Eggerz (d. 1892) frá Akreyjum, er manna fróðastr var
um ýmsa forna hluti, að hann hefði séð á Skarði á Skarðsströnd frum-
ritið af skriptamálum Ólöfar ríku Loptsdóttur, og hefðu verið ófögr.
Fleiri hafa og heyrt getið um þessi skriptamál, og kent þau við Ólöfu.
Dykir því einginn vafi á, að þessi afskrípt í JSig. 308. 8vo, sé einmitt
afskrípt þessara skriptamála, þótt nafn Ólöfar sé ekki nefnt, af því að
niðrlagið vantar. Vera kann og, að nafns hennar hafi eigi heldr verið
getið í frumritinu, og það er jafnvel all-líklegt, því að skjal þetta mun
aldrei hafa átt að flækjast margra á milli, en munnmæli mann frá
manni geta haft fullkomlega rétt fyrir sér í því að eigna henni þetta.
Af skriptamálunum sézt, að kona sú, er þar um rædir, hefir verið stór-
auðug, átt eignir í öðrum landsfjórðungum og verið opt á ferðalagi, er
alt getr átt vel heima um Ólöfu. Það er auðséð, að mjög litið vantar
aptan af skjalinu, og að syndaregistrinu er um það leyti lokið, þá er
afskriptinni sleppir“. Við þessi orð er fáu að bæta og er flest í þeim
tekið fram, sem þarf. Þess má þó enn geta, að kona þessi segir á ein-
um stað, að hún hafi verið svo ríkilát, að einginn maðr „þorði mér á-
sakan að gefa“, og er leit á konu um langt skeið í sögu Íslands það,
er hér getr verið um að ræða, annari en Ólöfu Loptsdóttur, sem annað
eins geti átt heima hjá. Að visu getr Magnús sýslumaðr Ketilsson ár-
ið 1800 í riti sínu um kirkjur á Íslandi þess, að til sé enn tvenn skripta-
mál, er kend sé við *Solveigu Þorleifsdóttur* (d. 1479) og *Solveigu
Björnsdóttur* (d. 1495): „Endnu har man i Behold tvende saadanne
Skriftemaale, som de to fornemme Koner *Solveig Thorleifsdatter* og
Solveig Björnsdatter siges at have gjort, og som deres Confessionarius
eller en anden, som de have aabenbaret deres Bekjendelse. har skriftlig
forfattet“ (Rask. 66. 4to, bls. 141—42).

Skriptamál Solveigar Björnsdóttur eru enn til og finnst í skjalabók
með hendi séra Björns í Sauðlauksdal, sem nú er í Advocates Library í
Eidínaborg 21, 7, 14. 4to. En um hín skriptamálin, Solveigar Þorleifs-
dóttur, er það að segja, að þau hafa enn ekki fyrir mig borið. Verðr
því ekkert með vissu um það sagt, hvort þau skriptamál, er hér koma,
sé hin sömu og þau, er Magnús Ketilsson eignar Solveigu Þorleifsdótt-
ur. Þó er ýmislegt er bendir á, að svo muni varla vera, og að þetta
sé einmitt skriptamál Ólöfar. Er það fyrst, að þessi kona, er hér skript-
ar, telr sig ekki hafa átt nema einn bónda, verið að eins eingipt, og
má það heimfærast upp á Ólöfu, en getr ekki átt við Solveigu, því að
fyrst giptist hún 1484 Ormi Loptssyni, en tók að honum lifanda saman

við séra Sigmund Steindórsson og var síðan frilla hans um langa æfi, og getr varla hjá því farið, að við það hefði verið komið á einhvern hátt í skriptamálum Solveigar. Annað er það, að varla mundi vera komið jafnríkilátlega að orði í skriptamálum Solveigar, þó að hún væri rík og mikil fyrir sér, því að hér er sem sú kona tali, er mest hafi átt undir sér allra kvenna á Íslandi á sinni tíð.

Um skjal þetta má enn geta þess, að ekki getr komið til nokkurra mála að ætla, að það sé samsetningr frá síðari öldum. Allr blærinn á því er rötgróinn 15. aldar blær, og sýnir það manni vel, hvað nærgaungulir og atfréttir klerkarnir hafa verið í skriptastólum hér á landi í páfadóminum, og eins hitt, að menn hafa eins og leitað sér fordildar í því, að útmála fyrir þeim syndir sínar sem mest. En þess verður að geta, að öll fyrirsögnin hér eptir handritinu mun vera eptir séra Ásgeir.

Um dánarár Ólöfar Loptsdóttur er þess að geta, að hún mun hafa látizt seint á árinu 1479 (Sbr. Safn I, 25). Kemr hún síðast, svo menn viti, við bréf í lifanda lífi 9. Júní 1479, og á bréfi frá 29. Febr. 1480, (Nr. 237 hér á eptir) má sjá, að hún er þá dáið („sem hústrú Ólufu hafði tilheyrt“), en 15. Apríl 1480 fara fram skipti eptir hana á Skarði¹). Eg hefi því fært skriptamál þessi til árs 1479, því að helzt er ætlanda, að þau muni gerð á efstu stundum hennar. Að visu er á einum stað talað í *nútið* í skjali þessu („sem mér *stendr* verst, því að minn eiginbóndi *verðr* optsinnis fyrir þeim áruna af mér“), og mætti af því ætla, að þau kynni að vera gerð í sótt áðr Björn Þorleifsson dó 1467, er Ólöf kynni að hafa í fallið; en á þessu einu er þó litið að byggja í sjálfu sér, og getr að eins verið frásagnarháttur sá, að hafa *nútið* fyrir *líðna tíð*.

Confessio Turpissima

uppskrifud epter gamalli Pergamentis Rollu

Anno 1773.

Ég aum sek og syndug í augliti almattigs Guds segi það gudi. hans millduztu modr jungfru sancte marie og öllum guds helgum monnum. og ydr minn andligur fader at eg [aumur kvenman²) hefur misgiðrt j mote guds bodordum j ordum og verkum. j hugrenningum. j nidrfellingum

¹) Solveig Þorleifsdóttir hefir og dáíð sama ár (1479) á tímabilinu 12.—26. Maí. ²) [í aðalafskriptinni er hér eyða fyrir þessum orðum, en á blaðinu í fjöggra blaða broti *stendr*: „aumur keniman“, sem án efa er mislestr fyrir „aumur kvenman“, því að af öllum formála þessum er ljóst, að það er kona, sem hér geingr til skripta.

guds bodorda og j vangeymslu hans laga og rettinda. j æstleysi vit gud. og leti godra verka. j astleysi vid gud og oskapligre ohlydni vid minn sæta lausnara fôdr og modr og alla þa er yfer mig woro skipader mier til saluhialpar. Æinkanliga ma eg hrædd vm vera at eg se hörmuliga vafiñ j vij hófudsyndum. það er at skilia ófund og ofmetnad. reidi. leti godra verka. agirni. ofneyzlu. saurlifi. þar med allar þær rætr og kvíslir sem af sierhverri þeirra kunna at renna. ottar mig sarliga hafa snortid. Æg hefer misgert j seinkan jatningarinnar og j gleyming glæpanna og apturhvarfi syndanna. j heitrofi vid sialfañ gud. suo margfalldliga sem afskapliga. at eg fyllda það sialldañ eda all dri sem eg iatadi gudi j skirn minne og skriptamalum og eigi sidr rauf eg sarliga þau heit sem eg hiet fyrir sialfrar minnar heilsu. huort sem það var j peningum. fóstum. vókum eda bænahaldi edr pilagrimsfærd til heilagra stada. Æg hefi misgert j allz hattar vanrækt minnar saluhialpar. þuiat það gott sem mier var kent las eg skiott og hraparliga afsnidandi fyrir fliotleika saker framburðarins stafinn og orða samstöfurnar. þar med gleymandi ordin full. versin half enn stundum óll.

Þier med ma eg hrædd vm vera at optsinnis hafi eg hörmuliga rangt lesit bædi saker vankunnandi og illvilia at eg villda eigi epter leita huad rett var. og það syrgiligra at margan dag fellda eg nidr allar minar tider. giórði þar fyrir aunga minning j minu hiarta med nockurri idran edur þeirri astundan at giallda aptur gudi og hans helgum monnum það er eg gleymdi med eiginligri og vilianligri vanrækt. Þier med geymdi eg sialldan med iafnadi at lesa¹⁾ þær veniuligar bæner sem eg sialf setti mier. suo at laungum let eg frammar ganga leik og lausung og heimsligan hegóma enn þa góða hlute sem minne salu woro til bata. Æg hefer misgert j bólvan og j brædi. j illyrdum og ópolinmædi vid mina navnga. þui at optliga sturladizt eg af litlu efni med omóguligri misþykkt. þar sem til min var talat eitt ord

¹⁾ Hér þrýtr fjögurblaðabrotsblaðið.

omiukt gallt eg a mot mðrg og hædilig med brigslan beiskrar samvizku. typtandi mier undirgefít folk framar med hotun og hardindum vondra orða med grimleiks yfergirnd rangrar afvirðingar helldr enn med miukbærri bæn edr skyllduligri siduendi. raskandi hörmuliga guds hatider med þeirri grein at eg skipaði minum verkmonnum at vinna a helga tíma. fleckandi og liotliga sialfa mig j þessum gud-ræka glæp suo at eg skar og saumadi bædi mier og óðrvn. þui veit eg mig sarliga seka vera þessa lagabrotz minna vegna og annara. þuiat eg mun suara eiga fyrir mig og alla þa er syndgast hafa j fyrrsagdri óhæfu af minni a-eggian. Væri sa nock(u)r er j moti mællti sakir gudhrædzlu mínu bodi og skipan hliop eg fram j reidinnar ædi med ferligum fvlyrdum og ofbelldi og geisiligum foradskap og akefdarfullum heitingum ef hann giðrði eigi minn vilia.

Ósigert hefi eg minn sæti fader j fðstubrigði haskasamliga. þuiat allðri helld eg dyggiliga þær skylldufðst(u)r sem mier woro settar og skipaðar af kirkiunnar formonnum. enn eg giðrði mier fðstur epter minum hugþocka. suo bakferlada eg þessar og adrar gudligar skipaner at eg framde iaþnliga minn vilia j ðllum hlutum. enn eg varp mier at baki bodord kennimanna og minna yferboda.

Ósigert hefi eg andligur fader j raskan heilags hiuskapar. þuiat eg elskadi sialldan minn eiginn bonda epter gudligu lðgmali. verandi optliga j likamligri naverv vid hann. bædi a helgum tímum og fðstutímum. samþyckiandi honum j olofaðri sambud a margan hætt sem mier þotti epterlatligaz. og þo eg hefði j fystu eigi fulla astundan eða vilia til at brigða þeirri samkvomu sem mier er einsliga sett j lðgmalinv. þa drozt það af ockru blidlæti at siduzu j sameiginliga vidreign og holldliga samþægt. Eg hafði optligar girnd og fyst at fremia þenna hlut med oleyfdum holldsins breyskleika enn tilheyriligri hugsan med gudhrædzlu at geta gudi afspringi sem hann sialfur hefur bodit j rettligum hiuskap. Opt sinnis samteingdumzt eg mínum bonda fra þeim tíma sem eg vnderstóð mig hafandi vera at barni og þan(g)at til er eg vard lettari. og ei síðr þaðan fra

rettliga af mier krefja og eg var skyldbundin honum at veita an öllu torvelldi. verandi honum ohlydiñ j ordum og giördum. suo at eg veitta honum sialldan verduga vegsemd. hafandi vid hann mörgu sinni stygd og stirdlæti¹⁾. þwst og ofbelldi j hiartanu þo at eg taladi eigi sneijðiligum ordum vid hann alla tima.

Æinkanliga hefer eg misgert eigi sidr minn kæri fader at eg hefi optliga j blidlæti verit med adra kallmenn. þad er at skilia j kossu og fadmlögum. glediligum ordum og liettlatum augna tilrenningum. j umspenningum og nak(v)æmri likamanna samkuomv og j atekningum handanna og marghattudum vidvikum þeim er full blida mætti af gerazt. og þo at med gud(s) drottins forsiö og þeirri miuni astundan at eigi skyllði eg af þess haattar manni saurgazt. og þo at eg hefði vid sialfa hordomsins framning

. fri verit. þa hefer eg allt eins af fyrr sögdum blidskap ruglazt med sialfri mier

.

og huilik synd mier er þetta. legg eg hana upp under miskunnardom drottins mins og yduart föðrligt vmdæmi j guds nafni.

Misgert hefi eg minn kæri fader j allzhattar leti godra verka j ofmiklu ölmusuleysi vid hinn fataka. suo at sialldan veitti eg þeim mat og klædi edr herbergi omöglandi. helldr hatadi eg optsinnis guds veslinga med mörgum meinyrdum. Suo og þo at eg fretti andlat manna gleymdi eg at bidia fyrir þeim. og þott eg leitadi vid. giörda eg þad skiotliga og oskinsamliga. hier med hefer eg orækiliga bedit fyrir mier og ödrum og sialldan haft þa elsku til guds og manna sem mier hæfði. helldr elskadi eg leik og lausungu veralldarinnar. þrætr og sundrlyndi. gudhialpareida ut af minum munn sendandi. þar med þrifeida og heilsueida. sveriandi og optliga vid guds módr nafn med suo litilli fyrirhyggju at stundum veit eg eigi huort eg sver mig rett eda rangt. stundum veit eg mig suarit hafa ranga munneida svo at þui helldr skyllði þad truazt satt vera sem eg hefer fram borit. **Æink-**

¹⁾ Svo.

anliga hefer eg misgiðrt andligur fader j leidiligri langrækni. þuiat hvat sem mier var misbodit j ordum eda giðrdum gieck mier allðri vr hiarta saker minnar illzku. hlifda eg eingum j þessum glæp huorki skyllðum ne oskyllðum nema hellzt móðr minni. og þott nockörn tíma væri eg glòð og kát vid þa sem giðrdu j móti mier var eg þo allteins j minu hiarta med gallbe(i)skri astundan hòrmuligrar hefndar. þegar eg leiddi til minnis hvat mier þotti fyrr illa. hótandi æ sem tidaz at þar skyllði gialld fyrir koma þa þeim þætti verst vid koma berandi med mier svo sara samvitzku bædi innan kirkiu og utan. og ei sidr þann tíma sem eg tok at mier holdd og blod drottins míns ihesu christi þott omakligt væri. þier med for þad sem enn var haskasamligra at þa er sa geck at mier med litillæti sem mier misbaud og bædi mig fyrirgefningar og eg syndiz hann medtaka med blidum ordum og hryggiligri asionu. var eg j leyndum míns hiarta med angurligri wlfwdar rót. klædandi svo fòlska blidu andlitzins med orækiligri reitni hugskotzins. at þegar skyllði hann þui mæta sem mier þotti verr ef hann kynni mig sídar styggia.

Þessa synd hefer eg kæri fader omannligazt fram haft a þann mann sem mier stendr verst. þuiat minn eiginn bondi verdr optsinnis fyrir þeim aruna af mier og geingur su grein til þess at einn tíma sem vid tóludum ockar j milli. kom þad j hans ordrædu at hann hefði nalægr verit minni frændkonu med holdldigri sambwd. og þott hann birti mier þetta med einum samt heimuleik og æn nockóri minni atspurn þa hefer þessi hlutr suo mikinn grundvòll j minu briosti til stygdar vid hann at med ordum og einkanliga med þungum þyckiudrætti sialfrar minnar hugar. reñandi(!) laungum af minni hendi su dyggilig og audvellð ast og skyllðug elska sem eg atti honum at veita med rettinum þegar eg leiddi til vmhugsanar fyrr sagðan hlut. þier med hefer eg hann optsinnis grunat vm sama efni til annara kuenna mier skyllðra þott eg hefði þar yfer einga kynning frammar enn einfellt hugarbod sialfrar minnar. og þo allt eins hefer þad þungan mata míns lundernis til yfingar vid hann

suo at naliga hellt eg það fyrir satt j minv hiarta. nu með sagdri grein mier kunnugri fyrir hans framburd og eigi sídr fyrir mína grunsemd hefer eg iduliga með hann buit bædi með obrigdanligu hiuskaparbandi og likamligri na-veru. þó tidliga með litilli alvöru edr skyllduligri vnder-vorpning. og huerr og huilik mín sekt meiri (eda) minni er stendr saman j þessu efni. legg eg hana með sinum greinum vnder miskunnarvalld drottins míns ihesu christi og yduart födrligt heilrædi. hjer með hefer eg misgert andligr fadir j ofmikilli gleiming vm það godz sem eg a eda hefer att j öðrum sueitum edr landsfiordungum huilikar ölmösur þar af gioraz guds fataekum monnum. og þar um haft litla atfrett þa eg hefer sialf til komit hueriar afveitzlur vordit hafa j minni bruttverv og þott eg hafi grun at smærri hafi ordit enn heyriligt væri. þa hefer eg litla edr einga skipan a giort til umbotar adr enn eg ridi j burt. og ei helldr ept-erhugsat þann tima sem eg kom heim at gefa fleiri ölmösur af þui godzi sem þa hefer eg milli handa edr adrer með minni skipan. þui ma eg hrædd um vera j guds augliti at guds veslingar þoli og þolat hafi sakir þessa míns gud-hrædzluleysis margfallt þrot bædi matar og dryckiar. klæda og herbergia lans lífs firring einshueria edr heilsution at þeir hafa matt fa fyrr og sídar fyrir mitt ofmikit mann-domsleysi vm þetta efni. Vil eg feginsamliga þat allt samt gefa vpp vnder miskunnardóm drottins míns ihesu christi.

Öisgiort hefer eg andligr fadir j haskaligri vanrækt minnar hæstu saluhialpar. þuiat eg hefer sialldan með gud-hrædzlu edr kristiligri fyst og girnd bergt drottinligum likam og stundum eigi hirdt huort eg hefði bergt edr eigi hold og blód míns sæta lausnara. helldr svo sem nókut misgrunandi með efasemd hiartans ofalsada sannleiksins vnderstöðu til fullrar syndalausnar j þui gudliga stormerki eilífliga rikiandi vnder asionu brauds og vins at mína sal mundi það mega talma fram a eilífa lífs braut þó at eg bergdi eigi. og j adra grein duldzit eg vid at mier mundi þungt og abyrgdarfullt j guds augliti með huilikum vidbun-adi eg leiddi at mínu hiarta helgaztan likama og dyran

dreyra lifanda guds. þad heimskliga hugsandi at ogurlig reidi hins rettlatazta domara mundi mig eigi nalgazt mega edr makliga slæ ef eg ein stædi j milli margra annara manna þeirra sem hreinliga vaktadi sínar samvitzkur. med þessum hætti firdiz og fiarlægdizt mitt hiarta lifanda braud einglanna og burtt skyfdizt af fagnadarfullri nalægd og samvistu heimsins grædara. Enn fylldi fwlan falsaradom diðfulsins og hans eitrligvm teygingum. suo radlausliga reikandi j fyrrgreindu trausti dular og ovitzku stad af stad at sia og heyra margfalldañ ovinarins vondskap. þad til leggiandi af minni mannillzku sem adrer kunnv eda villdu eigi giðra. sediandizt alldri af lausungarfullri flóktan hugskotz og likama. sem þad himintvngl er at þrimligvm arum lidnvm fyllir sína ræs og nyar hana þegar æn duðl edr huilld.

Nu veit eg at omilldr daudi verdr endalykt a fyrr sagdri minni reikan. mun eg þa byria adra ras j salina þo at naudigr¹⁾ se. eigi lika helldr skapliga. þad er at skilia byrt af porthwsi míns relega²⁾ likama og fram j syrgilig og þo maklig vmskipti píslanna saker minna synda þær sem mig ottar nu þo at sidla sie at fiandinn muni til elldzneytis geymt hafa minni þórmuligri sal til bótlausrar bólvannar. nema hinn hæsti gud virdizt sínvvm miskunnaraugum til hennar líta j hverium eg set nv feginsamliga alla mína vón. Einkañliga hefer eg misgiðrt j síniligum stuld og osyniligum. þvi j syniligum at eg hefer optsinnis kugat lítilmagnan med okursamligri fiar vtheimtan. livgandi suo margan pening inn j mína gard þann sem eg hafdi huorki heimilañ fyrir gialld ne giðf. og þo at eg ætti mæla æ nockurs mannz fe fyrir ymisligañ kaupskap milli hans og mín. hafdi eg optliga þann mvn sem mier stod verr. þvi at eg heimta mína skulld miklu frekara enn eg vissa sannindi til vera j vnderstödu kaupsis afflettandi suo naunginn sinu godzi med sviksamligum plóg fiandligrar agirni svo þórmuliga sem o-mannliga at þar fyrir vard hann óreigi og stafkall þolandi hier med hungur og þorsta. kullda og krankleika og at síd-

¹⁾ Svo. ²⁾ relega, hdr. = relega.

uztu lífstíon og reiduleisi andar og líkama. enn eg hiełt hía mler hans gođz og þa skulđ sem eg átta honum at gíallda. loekandi adra menn med mler at neyta þeirra peninga j kosti og klæđum sem eg hefer so sviurđliga aflat. hler med fylgđi það sem enn var hórmligra at þvrd og minka a mínv gođzi tíadi eg og greinđi olatliga saker olmósuleysis vid hinn volada. Enn vóxt og aukan minna peninga sagđa eg nauidg og þo med falsi og vnderhyggju þá sialldan er það varđ leggiandi þar vid minn bokareid med mórğum málakrókum at mitt gođz væri eigi meira enn eg sagđa. hvar fyrir aller tollar og tíunder er eg atti at lwka kirkiu. prestum. biskupum og fatækum monnum voru sialldan edr allđri af mínvu peningvu rettliga lukt. Enn saker míns ofsa og oiafnadar þorđi eingi mađr mler asakan at gefa. þo at þeir vissi mín ranginđi suo afskapliga óflgaz móti guđs lógum og heilagra fedra setningu. Enn þui hefer eg misgiort j osyniligum stulđ andligr fadir at þeir hlutir sem mler vorv feingner til geymslv edr beđin at giöra eitthvad vr þeim skutladi eg med odygd og afdrætti og umskipti. afhendandi þeim er mler feck minna edr verra enn eg medtók j fystu vefianđi fyrir þeim aptr og fram sem eg kendi eigi íafnklókan mler j bróğđum og kyndugskap suo hann trvđi minni sógn. glóđđumzt eg omógvliga med sialfri mler af þessari lýmsku sem eg hefđa rettliga fyrr greindra hluta aflat. J annarri grein sem enn var haskasamligra. at þa er eg var j nóckórum nauidum stóđđ heitandi ymissum hlutum. pilagrimsferdum edr offri til heilagra stada. j fóstum og vókuum edr bænahaldi. eđa aflatí einhuerra glæpa þeirra sem minni sálu vóru til eilífs obata þa rauf eg þetta þegar allt samt er eg komzt vr mínum þravngingum. takandi það aptur under mig med eiginligum illvilía sem eg íatadi guđi og hans helgum monnum. og eigi fañzt mler meira vu þennan guđræka glæp enn eg hefđi đarat minn líka. Optliga hefer eg minn sæti fader stolit frægđinni burt af mórğum manni med gallblandinni bakmælgi. j aleitni og vmlestri þuiat þa leynda hlute sem minn nævngur lagđi vnder mig j truskap. rauf eg lítlu síđar med hropligri opinberan. vid.

aukandi marga hluti illa. með lygiligum falsradum. þá er eg heyrði giarna adra vmlesturinn frambera. þar með neitadi eg sanna vera þá góða hluti sem madur ber j sialfs síns samvitzku. enn eg kostadi af öllu megni illskunnar at fordrifa og opinbera mannzins goda hluti. og at síduztu snere eg vm goda hluti míns samkristins mannz j þá hluti sem honum yfergæfuzt iduliga j vesta efni epter þui sem eg gat minni illsku fremzt tilkomit. Enn eg sialf var sem annar skrðksmadr. likiandi mig goda hluti fremiandi fyrir manna augum. enn eg ottudumzt eigi at reita guds asiónv með svivirdligum og skemdarfullum odædum. girnandizt at kallazt heilagur¹⁾ af monnum. enn eg var liót og leidilig j guds augliti. Optsinnis fiell eg j greypiliga gudlasta. þuiat eg eignadi þá hluti gudi sem eigi woru hans. þá er eg sagda með mier hann skapat hafa efni og vndirstödu syndanna. Neitadi eg og diarfliga hans hluti þá vera sem hans vorv. leggiandi hans helgazta nafn vid hegoma hluti með hæsta svardaga.

Enn nu allar fyrr nefndar greiner með sierhuerium articulis legg eg vnder miskunnarvalld drottins míns ihesu christi.

þjer með hefer eg misgiðrt vitandi og ovitandi. vakandi og sofandi. viliandi og oviliandi a nótt og degi og a huorri stundu. fleiri og meiri erv mínar synder enn eg mega ordum inna edr hug til koma. Enn nu vil eg fegiñ²⁾.

234.

6. Febrúar 1480.

á Reykhólum.

ÞORLEIFR Björnsson hirðstjóri norðan og vestan á Íslandi gerir þá menn kvitta og ákærulausa kongdómsins vegna, er faunguðu Bjarna Þórarinsson.

¹⁾ Svo. ²⁾ Hér þrýtr handritið og hefir aldrei verið ritað meira. Vantar hér því niðrlag skriptamálanna, og mun þó ekki mikið vanta, því að mjög sýnast þau vera hér að lokum komin.

Kriegers safn 2. 4to, bls. 345—347, með hendi Styr's Þorvalds-sonar c. 1700.

Kvittunarbref þeirra sem faungudu

Biarna Þorarinsson.

Það giðrer ec Þorleifur Bjornsson hirdstjóri norðan og vestan á Jslandi godum monnum viturlegt með þessu minju opnu brefi. að eg meðkiennunst að eg hefði gefið alla þá menn kvitta og ákærlausa kongdómsins vegna. sem faungudu Biarna Þorarinsson. ef þeir hafa þar nokkru afvega uti farið frammar meir enn lög standa til. fyrir þá sök að nafni Þorvalldsson og Jón Bjornsson beiddu mig og kröfdu að giora sier ríett af fyrgreindum Biarna fyrir Rán og grip og heimsokn. er hann hafði þeim veitt og flejrum öðrum. Svo og í annari grein hafði fusi Biarnason kongs umboðsman j milli Gijlsfiardar og Långaness lyst áðurgreindañ Biarna og hans filgiara utlæga fyrir þann skuld að þeir foru heim á hans gard og drogu upp hans hus. enn báru í burt peninga. og því lýste optnefndur fusi Biarnason fullri og allri heimsokn á áður greindañ Biarna og hans filgiara svo sem hann mætti það fremst giðra með lögum. Og til sanninda hier um setta eg mitt jnnsigli fyrir þetta kvittunarbref. Skrifad á Reikholum á Reykianesi sunnudaginn næsta éptir purificatio sancte Mariæ. þá er lídíd var frá hingadburd vors herra Jesu Christi M. cccc. og áttatíjge ára.

235.

10. Febrúar 1480.

í Holti.

TRANSSKRIFTARBREF þriggja manna.

Bisk. Isl. Skalh. Fasc. XIV, 1, transskriptið á skinni. AM. Apogr. Nr. 2467, stafrétt afskrift.

Þath giorum uær nafni prestur bauðuarsson. Þordur jónson og gudmundur olafsson godum monnum kunnigt með þessu uoru opnu brefi. ath uær haufum sed og yferlesid opith dómsbref þessara manna sem hier epter skrifader

standa með þeirra oskauddum ok hanganda jnzsiglum suo l  tanda ord epter ord sem hier seger.

[H  r kemr d  mr Godsvins biskups um eyristolla Holtskirkju i   nundarfir  i fr   18. J  li 1444, Dipl. Isl. IV, Nr. 698].

Og til meiri auksyningar hier um settum u  r fyrnefnd-er menn vor inzsigli firir þetta transcriptarbref skrifath j hollti j aunundarfir  i fimtadagin in festo scolastice. anno domini M^o. cd.^o octogesimo.

236. 29. Febr  ar 1480.    Reykh  lum.

SAMNINGR þeirra Þorleifs Bj  rnssonar og Einars Bj  rnssonar af einni   lfu, en Rafns l  gmanns Brandssonar af annari um m  l Bjarna Þ  rarinssonar og þeirra br  dra Þorleifs og Einars, og geingr Rafn i borgan fyrir Bjarna, a   hann ver  i laus   r fangelsi og komi til n  sta   xar  rþings.

Kriegers safn 2. 4to, bls. 335—345, me   hendi Styr  s Þorvaldssonar c. 1700.

Giorningsbref at Þorleifur Bi  rnsson gaf Biarna
Þ  rarinsson lausa     r f  ngelsi.

  ad gi  rum v  r Einar Brandsson. Bartholomeus Kolbeinsson og Þorvalldur Jonsson. g  ddum m  nnum kunnigt me   þessu voru opnu brefi. ad v  r vorum þar j hi  . saum og heyr  dum    ord og handaband þessara manna Þorleifz Bi  rnssonar. hirdstiora norda  n og vesta  n    Jslandi. og Einars Bi  rnssonar brodur ha  ns af eirni   lfu. og Hrafns Brandssonar af annare. l  gmadur norda  n og vesta  n    Jslandi. ad þ   er greindur Hrafn l  gmadur dagþingadi Biarna¹⁾ Þ  rarinsson me   því f  ngelsi er Þorleifur Bi  rnsson hafdi l  tid hann f  nga fyrir þ  r sakir er þessir menn ki  rdu til hans. Jon Bi  rnsson og narfi þorvalldsson. ad fyrnefndur Biarni þ  rarinsson hafdi gripid þeirra peninga. L  sti Þorleifur Bi  rnsson því fyrir oss fyrgreindum monnum. ad hann hefdi

¹⁾ Bi  rn, hdr.

ed krwnań og kirkian hafa nockrar Jarder til samans og
þeir upp a Jördunne bwa verda kirkiunne nockud skyll-
uger. þđ vill biskupenn upp a kirkiunnar vegna ei annad
hafa af bændunum enn hańs bestu hofudgarda og jarder
sem hann đ byr j þennań betaling hvad vier j aungvań
mata tilstedium nie vilium. helldur vilium vier ad sierhvor
bonde sem kirkiunne nockud skylldugur verdur med þessum
hætte. ad hann edur hans erfingiar meige þa skulld betala
med audrum aurum edur smđgordum. ef erfingiarnar vilia
þær ecki leisa og hans skulld betala. þvi fyrerbiodum vier
ollum og sierhuerium. hvories hellst þeir ero edur verda
kunna j mote þessare vorre skipan og vilia ad giora hier
effer so framt sem þeir vilia ei ad vor umbodsmadur med
soddan hætte upptake sama gots ef þeir eru ej đdur þar af
lande siglder đdur enn þetta vortt bref þangad kemur.

gefed đ voru slote kaupenhoffń 1481.

D

Advocates Library í Eidínaborg (í safni Finns Magnússonar) 14. 4to,
(21, 3, 5), skr. c. 1740—50.

Um kaupskap utlendskra og hõndlan. og kirkna portio.

Vier Christian med Gudz nõd Danmerkur. Sviarikis et cetera giõrum ðllum vitanligt. ad vorer kiæru undersatar. og allur almugie. sem byggia og bua ð voru og kronunnar lande Jslande hafa nu haft bodskap til vor med þeirra brefum og skrifum. kiærande. at utlensker menn liggia þar i landinu vetrarlegu og hallda þar hus og garda vid siosiduna. mot landsens lögum. og giõra jnnbyggiurum stora hindran. og locka fra þeim þeirra þionustufõlk. so ad bænderner meiga ecke ad bruka og vidhallda þeirra jördum. og at utlensker menn ei vilia blifa vid það kaup. sem vant er ad ganga þar i landenu. og til forna sett og samþeykt er. helldr setia þeir gotz so dýrt sem þeir vilia i mot þeim privilegier og frijheitum sem vorer undersatar þar i landenu hafa. at vor umbodsmadur meige upp taka soddann gotz. sem utlensker menn þar nidur setia um vetrar tjmann. og sòmuleidis um þau kaup sem þeir giõra. mot þeim sama og samþeykt sem giõrst hefur. því vilium vier ad eingver utlensker menn skule hier efter liggia þar i landenu vetrarlegu. þar hus og garda hallda ellegar kaupslaga og selia mot landsenz lögum. privilegie og frijheitum. og at þeir soddan kaup hier eftir hallda skule. sem til forna vanalegt er. og giõrt og samþeykt er.

Jtem hafa þeir lãted tia oss. ad þegar það ber vid ad bondenn og kyrkiann hafa nockra garda til samans. og þeir sem bua ð gardenum verda kyrkiunne nockud skylduger. það vill biskupinn edur kyrkiuveriaren kyrkiunnar vegna ei annad hafa af bondanum. enn hanz deild i hõfudgardenum. sem hann ð býr. til betalingz og þar vid mjinakar kronunnar Renta og Rettugheit. hvad vier meigum ei lijda. helldur vilium ad hver bonde. sem med soddann mote verdur kyrkiunne nockud skyllidugur. ad hann edur hanz erfingiar meige það betala i slijkre võru. sem þeir gieta ute lãted. edur med ðdrum þeirra smãjõrdum. ef einginn af þeirra erfingium vilia soddann jarder til sijn innleysa. og betala skulldena. því forbiõdum vier ðllum. hverier hellst þeir eru eda vera kunna. ad giõra i mot þessum vorum vilia og

skickan. so framt vor umbodsmadur skal ei magt hafa vorra vegna at upp taka hvad þeir i soddan mata hafa med at fara. ef so skedur ad þetta vort bref verdur so tijmanlega birt. ad fyrnefnder utlendsker menn kunne i tijma ad komast þadan fra landenu fyrer veturenn.

Datum Castro nostro Hafniensi. dominica Cantate. Anno Domini millesimo Quadringentesimo. octuagesimo primo nostro sub secreto presentibus appenso.

E

Add. British Museum 11, 242 (FM. 206) bl. 73a, syrpa séra Gottskálks í Glaumbæ, skr. 1543—1590, með samanburði við AM. 174a. 4to, (c. 1500), AM. 345. Fol. c. 1570 og Stockh. C8, c. 1608 (ártal „m. 80“!). Sá einn orðamunur er tekinn, sem máli skiptir.

vtskript af kong kristierns brefi.

Vij kristiern med gvdz nad Danmarkz Sviarikis nor-
egis vendiz oc gores konvng. hertvg vt i slesvic oc j hol-
sten stormarn oc dettmersken. greifve j oldenborg oc del-
menhorst. giore alle viturligt at vor kære vndersate oc meine
almvge sem byggia oc bva vpp aa vort krvnv land island.
hafa nv haft deris bod hvs nær oss theires bref oc
beviselsi kærandis et cetera. og latid berietta oc vndervisa
firir oss at nær svo skier at biskupen oc kirkian hafa nockra
garda saman. at þeir sem vpp aa gardana bva blifa nockvt
kirkivnne skylldvger. þa vill biskupen vpp aa kirkivnnar
uegna ei annat hafa af almvgan en hanz deilld j hofud-
gardenvm [sem helldr til betaling¹⁾. oc forminkaz krvnvnar
[renta oc²⁾ riettugheit³⁾ þar med. hvilket vij ei tilstede mege
nie vilia ad huilken bondi sem blifr kirkivnne j soddan
mata nockud skylldvger at hann ellr hanz erfingiar megi
þat vel⁴⁾ bitala med suodan voru sem þeir kvnna af stad
at koma. ella med andre þeirra [sma jarder⁵⁾. ef einge af
þeirra erfingivm vile svodane jarde til sig at leysa oc teres
peninga⁶⁾ gielld bitala. því forbiodum vier alle ei hue tei

¹⁾ [sem helldur bæri ad leisast med odrv 345, C8. ²⁾ [sl. 174. ³⁾
verdugheit 345, C8(!). ⁴⁾ sl. 174. ⁵⁾ samjordir 174; smæri jordum 345,
C8. ⁶⁾ reiknings 174.

hellz eru ellr vera kynna hier j mot þenna vilia vorn oc skickelsi hier efter at giora. Datum in castro hafniensi dominica cantate anno domini M. iii^o lxxx. [primo nostro sub cecreto presentibus appenso¹).

Var þetta bref kong kristerns samþyckt a alþingi med lofatake af badum²) logmonnum oc logrettomonnum [oc ollum almuga oc hirdstiora³).

336.

24. Maí 1481.

í Saurbæ.

Dómr Jóns Sigmundssonar kongs umboðsmanns í Vöðluþingi um peninga Bjarna Ólasonar í Hvassafelli.

AM. Fasc. XXVI, 12, transskript á skinni frá 24. Marts 1489. — Afskr. í Lbs. 115. 4^{to}, og ÍBfél. 126. 4^{to}.

transkriptarbref vm dom peninga biarna olasonar⁴).

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia cdr heyra. senda þall bransson. jon sigurdsson. arne hoskoldsson. hoskoldur arnason. þorlackur þorsteinsson. olafur halldorsson. þorlackur semingsson. olafur helgason. steinn snorrason. eyuindur eyuindsson ok þorlackur gislason quediu guds ok sina kunigt giorandi ath þa er lidit uar fra hingat burd vors herra iesv christi þusund .cccc. attatigir ok eitt ar. ffimtudagin j fardogum j saurbæ j eyiafirdi a þingstad rettum uorum uær j dom nefnder af æ(r)ligum mane jone sigmundzsyne. er þa hafdi mins herra kongsins syslu ok vmbod j vodluþingi. beiddi hann oss ok krafði a ath lita ok inuirdiliga at skoda ok ransacka. huer afendingarmadur skyldi vera a peningum biarna olasonar ok medtokumadur. Nu sacker þess ath þar kom eingi sa sem med peningunum uilldi giora edr afenda logligar skulldir. En peningarnir dæmdir fallnir undir kirkiu halfir. þui leidzt oss þath suarligt ath logligr kongsins umbodsmadur j uodluþingi

¹) [b. v. 174. ²) sl. 174. ³) [ok hirdstiora og avllvm almuga 174. Þessa samþyktarklausu vantar í öll, nema 174 og 11,242. ⁴) Utan á bréfinu með fornri hendi. „Dómr Jóns Sigmundssonar um peninga Bjarna Ólasonar“, Lbs. 115, ÍBfél. 126.

lucki allar logligar skuldir af peningum biarna olasonar epter fiarmagni til motz vid¹⁾ þa peninga hans sem ligia j uodluþingi ok tacki ath sier helming til haldz ok allra laugligra skullda lykninga kongdómsins uegna. lidzt oss suarligt ath margret olafsdóttir. kúinna biarna olasonar. fyrst [eige hafi²⁾] sin mala fyr en adrar skuldir luckidz. en þeir peningar sem af geingi skulldunum hier j uodluþingi þa dæmdu uær under hald ok forsió kongs umbodsmanz med fullum uorslum til næsta auxararþings nu j sumar ok þat leingur sem ei geingr lagauegur á huer eignarmadur skal uera af skyllða afgangi greindra peninga. En ef fyr uerdr kongs umbodsmanna skipti hier j uodluþingi en endiligur uegur geingr æ þessi mál. þa dæmdum uær fyr skrifada peninga med sama skilordi ok uorslum sem hinn fyre hafdi ok sa þa uid skildur sem fyr med tock epter rettum reikningi ok þui afentu. sem hann upp bar under þa grein ath huorigir flyti burtt ur sueitini fyrskrifada peninga fyr en endiligur uegur³⁾ gangi æ huer eignarmadur er dæmdur logliga greindra peninga.

Ok til sanenda hier vm settum uær fyr nefnder domsmenn uor incigli firir þetta bref med samþycki jóns sigmundzsonar er þa hafdi mins herra kongsins syslu ok umbod j uodluþingi þenna uorn dom med oss. er skrifadur uar æ grund j eyiafirði laugardagin næsta firir ionsmessu bap-tiste æ sama are ok fyr seiger⁴⁾.

337.

29. Maí 1481. } á Helgastöðum.
17. Apríl 1482. } á Ási í Öxarfirði.

SEX menn votta, að Þorálfr Þorgrímsson seldi Magnúsi syni sínum til fullrar eignar hálfu jörðina Granastaði í Köldukinn fyrir lausafé, og að Páll Þórálfsson seldi Magnúsi bróður sínum það hálfu þriðja hundruð í jörðinni, er

¹⁾ 115, 126; sl. XXVI, 12. ²⁾ [þannig XXVI, 12; megi hafa 115, 126. ³⁾ lagavegr 115, 126. ⁴⁾ D. e. 28. Júní.

honum hafði til erfða fallið eptir Steinuni Þorkelsdóttur móður sína.

AM. Fasc. LXVI, 17, frumrit á skinni. Af sex innsiglum er nú eitt fyrir bréfiu.

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda þorsteinn þorleifsson. hakon hallsson. thomas sveinbiarnarson. asgrimur hallsson. gvdmyndr olafsson og jon vermyndson Q. G. og sína kvnigh giorandi ath þa lidith var fra gvdz býrd þvshvnd flogr hvndrvd attatiger og eitt ár á þridiadiagin j fardagavikv á helgastodvm j Reykiadal vorvm vier hia savm og heyrdvm á ord og handaband þoralfs þorgrimssonar af eirne alfv en magnvsar sonar hans af annarri at sva fyrir skildv at þoralfur selldi greindvm magnvsi syne sinvm til fvllrar eignar jordina halfva granastadi er liggur j stadar kirkiv sokn j kinn med avllvm þeim gavgvnm og giædvm eignvm og itavkvm sem greindri halfri jordv hefer fyllgt ath fornv og nyiv og hann hafði fremzst eigandi ath ordith. hier j mote gaf fyr nefndr magnus adr nefndvm þoralfvi .vi. malnytv kvgilldi og .iiij. gellfiar kvgildi. skyldi þav lvkazst á þrennm tolf manvdm en giallda lavgleigvr epter hvert kvgilldi vm nefndan tima þat ei veri lykkt at næstvm fardogvm. skyldi magnvs halda jordvne til lagha. en þoralfr svara lagha Riptingvm.

Svo og ei sidr j sama stad degi og ári sem fyr seger vorum vier fyrnefnder menn þar hia savm og heyrdvm a ath þal þoralfsson selldi magnvsi þoralfssyni brodor sinvm med handabandi til fvllrar eignar þat halft þridia hvndrad j fyr nefndri jordv granastodvm sem honum hafði til erfdar fallid epter steinvne þorkelsdottur modr sína. hier j moti gaf titt nefndr magnvs greindvm þali halft þridia kvgilldi j fridvm peningvm. skyldi magnvs halda þessvm jardar parti til laga. en þall svara laga Riptingvm.

samþycktv þrattnefnder menn þoralfur og þall hvor annars greint kvp og savlv med handabandi vid tittnefndan magnvs þoralfsson.

Og til sanninda hier vm settvm vier fyrr nefnder menn vor jnnsigligi fyrir þetta bref giort j úsi j avxarfirdi hinn næsta dag epter magnvsdag vm vorid are sidar en fyr seger.

338.

31. Maí 1481.

í Ögri.

KRISTÍN Guðnadóttir gefr Sigurði Daðasyni kvitta og akærvlausa alla þá tiltölu, sem hún mætti eiga í Snóksdal, ef Hamrendar kynni að ganga af Sigurði með lögum vegna kirkjunnar í Hjarðarholti, og skyldi Sigurðr sjálf þá svara lagarípting á Hamrendum.

AM. Apogr. 1487, án efa eptir frumriti.

Þat giorvm uær þorðr audunarson. ormur jllugason. jllvgi halldorsson ok sandr þorsteinsson godum monnum viturlíkt með þessu voro opnv brefi a uppstigningardag j augre j isafirdi anno domini M cccc octvagesimo primo vorum uær þar j hia savm ok heyrðum a ord ok handaband kristinar guðnadotter ok sigrðar dadasona(r) at svo fyrir skildv at kristin guðnadotter gaf sigrði dadasyne kuitta ok akærvlausa alla þa tiltavlv sem hvn mætti eiga j iurduni snoxdal er ligger i middaulum ef hamrenda iurd [er liggur¹⁾] j saudafellspingvm kynne at ganga af greindvm sigurði með lavgvm vegna kirkiunnar j hiardarholli. hafði þrattnefndr sigurðr þa at hallda badar adrgreindar iarder. þa skyllði ok sigurðr svara sialfur laga Rípting a hamrendum sem optnefndre kristinv bæri at svara ok þui gaf tittnefnd kristin adrgreinda jvrd snoxdal kvitta ok akærvlausa undan ser ok sinvm erfingium enn under sigurd ok hans erfingia. Ok til sannenda her vm settvm vær fyrnef(nd)er menn uor jnsigli fyrir þetta bref er skrifat uar j sama stad a degi ok ari sem fyr seger.

¹⁾ [le', Apogr (!)]

339.

8. Júní 1481.

á Hólum.

ÞRÍR prestar og einn leikmaðr votta, að Hrafn Brandsson beiddist lausnar af Ólafi biskupi af forboði því, er biskup hafði sett hann í heilagrar kirkju vegna, og sagðist biskup vilja leysa hann, þá er hann skilaði aptr Randíði Bjarnadóttur, sem Bjarni Ólason faðir hennar hefði legið með, og skyldi það gert fyrir langaföstu (18. Febr.).

AM. Fasc. XXVI, 5, frumrit á skinni. Öll innsiglin eru fyrir bréfinu, en nokkuð brákuð.

vm hrafn¹⁾).

Dath giorum vier jon broddason. eirekur einarsson. ellendur broddason. prestar holabiskupsdæmis ok jon þordarson leikmann godum monnum viturligt med þessu voru opnu brefi ath þar vorum vier j hia saum ok heyrðum æ æ mycklabæ j blondvhlid manudaginn næsta firir purificacionem sancte marie²⁾ þa hrafn brandzson beidditz lausnar af biskup olaf firir þath forbod sem hann hafdi hann j sett heilagrar kirkiu vegna. En biskup olaf sagditz vilia leysa hann þa hann skilade aptur randide biarnardottur³⁾ þeirre somu sem biarne olason hafdi kentz ath hann hefði legit med likamlega ok bætti sin afbrot þau sem hann hefði ordit brotligur vid heilaga kirkiu. baud hann honum þetta hafa giortt firir langafaustu ef hann villdi til hlydne ganga.

Ok til sanninda hier um settum vier fyr skrifader menn vor jncigli firir þetta bref er skrifath var æ holum j hialltadal faustudaginn næsta firir huitasunnu. anno domini 1481º cdº lxxxº primo.

340.

8. Júní 1481.

á Stapa.

KETILL Ormsson selr, með samþykki og upplagi Bjargar Snorradóttur, konu sinnar, Haldóri ábóta á Helgafelli hálfá jörðina Arnarstapa í Breiðavík fyrir lausafé.

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ D. e. 29. Janúar. ³⁾ Svo. Dipl. Isl. VI. B.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsbókasafni 858. 4to, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. Ágrip þessa bréfs, alls ónýtt, er í AM. 252. 4to, 44; AM. 430. 4to, bls. 4, og Landsb. 108. 4to, bls. 142, og hafa þau ártal 1485, nema hvað 108 hefir í orðamun ártalið 1497, og er eins vist, að hvorugt af því sé þruggara en það, sem hér stendr.

Kaupbref fyrir Arnarstapa halfum.

Það giorum vier Magnus Halldorsson. Skwle Þordarson og Jon fwsason godum monnum kunnugt med þessu voro opnu brefe þa lijdit var fra gudz hingadburd 1481 úr a Stapa j knarrar kirkiusokn fostudagiinn næstañ fyrir huijtasunnu vorum vier j hia saum og heyrdum ð ord og handaband þessara manna. af einne alfu Herra Halldorz Abota a Helgafelli. enn af annari alfu Kietils Ormssonar og og hanz konu biargar Snorradottur ad so fyrir skildu ad kietill Ormsson selur sijra¹⁾ Halldore og klaustrino a Helgafelli med vpplægje og sampycke sijnnar kuinnu Biargar Snorradottur Jordina halfa Arnastapa j Breidawijk sem liggur j knarrar kirkiu sokn til fullrar eignar og frialz forrædis med ollum þeim gognum og giædum sem greindre Jordu halfri fylger og fylgtt hefur ad fornu og nyiu og fyrskrifud ketill og Biorg vrdu fremst eigandi ad. hier j mot gefur optnefundur Halldor (aboti) xx^e med þessum frijdleika xiiij malnytu kugilldi. og xij fiordunga smiorz og vje j þarfligum peningum ofrijdum. skilldi greindur Kietill suara lagaripttingum a greindre jordu. enn Aboti halda til laga. og til sanninda hier vm et cetera.

341.

15. Júní 1481.

á Þverá.

INGIBJÖRG Snæbjarnardóttir og Finnbogi Jónsson reiknast við, og telr hún sig eiga undir Finnboga háltf sétta hundrad af þeim peningum, sem Þorgerðr móðir hennar hafði gefið henni; fær hún honum fult umboð yfir þessum peningum um næstu tólf mánuði, en gjalda skyldi hann henni

¹⁾ Svo.

eða Þorgerði móður hennar, ef hún kynni við þurfa, jafnmikla peninga að næstum fardögum, og þar með kvittar hún Finnþoga um alla aðra innstæðu.

AM. Fasc. XXVI, 23, frumrit á skinni, komið frá séra Skúla á Grenjaðarstað. Bæði innsigliu eru dottin frá. — AM. Apogr. 554.

Þat giorum uit gamli þorsteinsson og sygrdr broddason godum monnum uiturligt med þessu ockru opnu brefi at þar uoru uid hia saum og heyrðum æ ord og medtal finnþoga ionssonar og ingibiargar snøbiarnardottur j fyrstu adh hun reiknadi epter standa hia greindum finnþoga halft setta hundrat af þeim peningum sem þorgerdr moder hennar hafdi gefit henni vnder opt nefndvm finnþoga. feick¹⁾ hun honum þa fullt og laugligt vmbod ýfer þessum peningum²⁾ vm nōstu tolf manade j. so mata at hann skýldi giallda henne eða þorgerdi modur hennar ef hun kynni uid þurfa iafn mýckla peninga at nōstum fardogum. suo og gaf og giordi opt nefnd ingibiorg þratt nefndan finnþoga med handabande aullvngis kuitan og akórvlausan vm alla adra peninga instóðu og medferd þa sem hann hafdi halldit a hennar uegna fra því fyrsta er moder hennar gaf honum opt nefnda peninga. for þessi giorningr fram a þuera j laxardal faustudagin j fardavgvm³⁾ þa lidit uar fra hingatburd uors herra iesu christi. M. cd. lxxx. og j. ar. og til sannenda hier um settu uit fyrnefnder menn ockur incigle fyrer þetta bref skrifat j sama stad og ari fimtadagin nōsta epter festum barnabe apostoli marteris³⁾ gloriosi.

342.

15. Júní 1481.

á Hólum.

VITNISBURÐR þriggja presta, að Bjarni Ólason hafi lýst því með þeim orðum og endimörkum, er bréfið greinir, að hann hafi legið með Randiði dóttur sinni.

Bisk. 3. Fol. 247—48, með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar

¹⁾ Svo. ²⁾ peninga, frbr. ³⁾ D. e. 25. Maí.

1641—42, eptir transskripti frá 13. Júlí 1481. Yngri afskrr. eru í Landsb. 115. 4^{to}, II, 85—87 og ÍBfél. 126. 4^{to}, bls. 239—241.

Það giorum vier Ketill Grijmolfsson. Eiríkur Einarson. Andres Jonsson og Gudmundur Jonsson prestar Hóla Biskupz dæmiz godum monnum viturligt með þessu voru önu Brefi. að þar voru vier j hia og heyrðum a. vorum andaligum faður Biskup Olaf með Guds naad nærverandi. og morgum dandi monnum öðrum nærverendum og ahey(r)öndum bæði lærðum og leikum að Biarni Olason lysti söðnañ lysing okugadur og öspurdur. fyrst sagðist hann hafa leigid hia Randídi dottur síjñne alnakiñ Bæði vnder einum klæðum. þa hun var þrettan vetra gömul.

.

.

.

.

.

.

. 1) J annañ tíjma epter fiandans aeggian seirna sagðist hann hafa Borid sig að að liggia með henne þa hun var 14 vetra gömul.

.

.

.

.

. Sagðist hann þetta skiemdarverk giört hafa fiorum sinnum með henne enn so opt vpp fra þuj fullkomliga henne innan hölds verid hafa að hann minde það eij.

. Var hann þa epter spurður þui hann hefði þessa skamm giört. enn hann suaradi að hann villði eij að Barngietnadur mætti af verða. og sagðist hallda sig þa sannañ að sok. og Beiddist nadar af Biskup Olaf með guds nað. vndrudust það aller bæði lærðer og leiker. að Biarni sendi epter Biskupinum til þess að seigia slijka skamm vpp a sig öspurdur. okrafður og okugadur. sem eingi villði heyra og skamm er fra að seigia. Nockrum dogum súdar sendi firr nefndur Biarni Bøð epter Biskupinum og sagðist þa hafa leigid Randíde dotter síjña likamliga

1) Sjá neðanmálsgrein á 241. bls.

med fullu verki atta sýnnum og so opt ad hann munde eij
 sagdist
 Biarni þuj ecki so frekt firre hafa kienst sýnn giorning. ad
 hann þeinkti það mundi bæta hans mál. Beiddist Biarni þa
 enn firer þesse sijn adurgreind brot morgum dandi monn-
 um nærverondum og aheyronðum Bædi lærdum og leikum.
 sem þetta Bref þar vīm giort vtvisar. skriptar og lausnar
 fyrer þesse sijn adurgreind brot. og lagdi sig vpp a dom
 heilagrar kyrkiu. og tok skripter af Biskupinum. og til
 sanninda hier vīm. settum vier firr nefnder prestar vor Jnn-
 sigle fyrer þetta Bref. er skrifad var a Holum j Hialltadal
 fostudæginn j Huitasunnu anno domini m.^o cd.^o lxxx primo.

343.

22. Júní 1481.

á Hólum.

VITNISBURÐER sex presta um það, að Bjarni Ólason hafi lýst
 því, að hann hefði haft nógan mat og klæði, síðan hann
 kom undir kirkjunnar vald, nema fastað annan hvern dag
 um jólaföstu, en annan hvern etíð fisk.

AM. Fasc. XXVI, 11, frumritið á skinni. Fjögur innsigli hafa ver-
 ið fyrir bréfinu, en þau eru nú öll döttin frá.

Witnisburður vñ lising Biarna Olafssonar(!)¹).

Þath giorum vier sveinbiorn þordarson. ketill grimolfs-
 son. eirekur einarsson. þolleifur magnusson. gudmundur jons-
 son prestar holabiskupsdæmis godum monnum viturligt med
 þessu voru opnu brefi ath þar voru vier j hia ok heyrdum
 æ æ sunnudaginn næsta epter geisladaginn æ holum j hiallta-
 dal þa lidit var fra hingat burd vors herra iesu christi
 þushund fiogr hundrut attatiger ok eitt ær ath biarne ola-
 son lysti firir oss ath hann hefði haft nogann mat ok klæði
 síðan hann kom vnder kirkiunnar valld nema um jólafastu
 sagdistz hann hafa fastad annan huern dag enn annann
 huern etid fisk efter þui sem biskupen hafði honum skipad

¹) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

firir sin brot. vissu vier ok aller badi lærder ok leiker þeir sem heima æ stadnum voru ath þath var satt ath honum brast huorki matur ne dryckur klædi nie þionusta sem hann sagdi sialfur ath allir sier hefði gott giortt. sagditz hann ok allðri hardara fangelsi haft hafa helldur enn fioturlæs rumann til skipta æ sinum fotum en opt þess j mille laus geinget. sau þeir dandi menn sem ei vissu adur ath biarne olason var bæði feitur ok vel fêr ok ath aullu uel halldinn.

Ok til sanninda hier um settum vier fyr nefnder prestar vor jncigli firir þetta bref er skrifath var æ holum j hialltadal faustudaginn næsta firir jons messu baptiste æ sama are sem fyr seger.

344.

22. Júní 1481.

á Hólum.

VITNISBURÐER fjöggra presta, að séra Jón Jónsson hafi lýst því og svarið það, að hann hafi séð Bjarna Olason 1479 liggja hjá Randiði dóttur sinni í Vík í Flateyjarðal um nótt í einni sæng undir einum klæðum, með fleira því, er bréfið greinir.

Bisk. 3. Fol., bls. 244—45, með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar 1641—42, eptir transskrípti frá 13. Júlí 1481. Yngri afskr. eru í Landsb. 115. 4to, II, 81—82 og ÍBfél. 126. 4to, bls. 236—37.

Það giorum vier Ketill Grijmolfsson. Eiríkur Einarson. Andres Jonsson og Gudmundur Jonsson prestar Hóla Biskupzdæmis godum monnum viturligt með þessu voru opnu Brefi að þar voru vier j hia saum og heyrdum á. a fostudægin næsta fyrer Jonsmessu Baptistæ heima a domkyrk(i)unne á Holum j Hialltadal að sijra Jon Jonsson sor fullan Bokareid fyrer vorum virduligum herra og andaligum faudur Biskup Olafe að hann hefde sied Biarna Olason liggia hia dottur sijune Randidi v̄m nott j einne sæng og vnder einum klæðum j vijk j flateyjarðal nu fyrer tueimur árum og firrnefundur sijra Jon sagdist hafa spurt að heimamennina huor kona hia Biarna læge. enn þeir suor(u)du honum að hann læge hia Randidi dottur sijne. og það sama

sa hann sialfur a sama vietfangi er hann gieck ad saeng-
inne. lyste og adurnefndur Biarni og medkiendist fyrer
brattnefndum sijra Joni nu j haust ed var a Þuerá j
Hnioskadal adur enn Biskupinn liet fanga hann vnder kyrk-
(i)unnar Riett ad hann hefði optliga leigid hia Randidi dott-
ur sijne j einne saeng. og enguañ ad fordast. Og til sann-
inda hier vñ settum vier firr nefnder prestar vor Jnnsigle
fyrer þetta Bref er skrifad var a Holum j Hialltadal fostu-
dægin næsta epter dýra dag Anno Domini m.^o cd.^o lxxx^o
primo.

345.

29. Júní 1481.

í Viðey.

STEINMÓÐR abóti í Viðey stefnir séra Guðmundi Skúlasyni
í Skálholt 19. Júlí fyrir Magnús biskup fyrir þá sök, að
hann vilji ekki halda testamentum Skúla Loptssonar, föður
síns, „guð hans sál náði“, er hann gaf klaustrinu í Viðey
jörðina Heiðarhús (Nr. 149).

AM. 238. 4^{to}, bl. 3, skr. c. 1570. (Bessastaðabók). — Prentað á
latínu í F. Joh. Hist. Eccl. Isl. IV, 87.

Stefnvbref.

Vier broder Steinmodr med gudz þolinmædi aboti j
Videy stefn¹⁾ þer Gvdmvndr prestr Skvlason stvndarstefnv
j Skalhollt fimtudeiginn¹⁾ næsta fyrir translatio sancti Torlaci
episcopi nv j svmar fyrir herra Magnvs biskvp i Skalholti
fyrir þa sok at vær kærvm þat til þin at þv villt ecki
halda testamentvm ok gíof er þinu fadir Skvli Loptsson
sem gvd hans sal nadi gaf jordina Heiðarhvs kirkivne j
Videy sem þar vm giortt opit bref vtvisar. vnder þan dom
edr orskvrd er biskvp Magnvs þar yfir seigir edr seigia
lætr. hverra svára edr seekta þv verdr skylldvgr klavstrinv
hier fyrir ok fyrir þær fleiri sakir adrar er ver megvm þar
med logvm til þin tala. Sertt kominn at hadege ok sit suo
leinge stefnvna sem endeligr laga vegr fellr æ þessi þin
mal. stefni ek þer j adr greindan stad ok dag med ollv þvi
profi ok skilriki er þer ma til gagns ok bata verda j fir-

¹⁾ Svo.

greindv mali. stefni ek þer at ordfvllv ok heilagrar kirkiv lavgmali riettv at vitne þinv .N. oc þinv .N. oc allra þeirra er ord min heyra.

Biodvm vier brodvr þormodi vorvm konventvbrodvr vnder krapti heilagrar hlydne at lesa þetta vortt stefnvbref firir sira Gvdmvndi Skvlasyni svo hatt oc skilid at hann megi vell heyra ef hann vill.

Og til sanninda hier vm settv ver vortt insigle fyrir þetta stefnvbref skrifad j Videy jn festo apostolorum Petri et Pauli anno domini M.^o cd.^o lxxxj.

346. 30. Júní 1481. á Öxarárþingi.

TVÆGGJA tylfta dómr, útnefndr á alþingi af Hrafní lögmanni Brandssyni, um eiðvætti og undanfæri Randiðar Bjarnadóttur og Bjarna Ólasonar, föður hennar, af legorðsmáli því, er Ólafr biskup Rögnvaldsson hafði á þau borið.

Ny kgl. saml. 1945. 4to, bl. 336b—337a, með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1666 (ártal 1490). — AM. 196. 4to, bl. 40a—41a, með hendi séra Sigurðar Jónssonar í Ögri 1657—1665 (ártal 1490). Þessar tvær afskriftir eru nær samhljóða. — Landsbókasafn 115. 4to, I, 370—371, með hendi séra Jóns Haldórssonar í Hitardal c. 1730 (ártal 1480, nokkuð afbökkuð afskrípt um samt). — MSteph. 62. 4to, bl. 173b—174b, Eirspennla, skr. c. 1650—60 (ártal 1481). — ÍBfél. 125B. 4to, Nr. 188, skr. c. 1680 (ártal 1481, nokkuð styttr dómrinn; maukfúid). — AM. 211c. 4to, bls. 80—82, skr. c. 1700 (nokkuð afbakað um mannanöfn; ártal 1481). Fleiri afskriftir eru til af dómi þessum í skjalabókum, en eingar afskriftir hans eru vel góðar og nær er eitthvað að þeim öllum. Ártalið 1490 fær með eingu móti staðizt, því að þá er Hrafn lögmaðr dáinn. Ártalið 1480 getr heldr ekki verið rétt, því að af skjölum þessa máls er ekki hægt að sjá, að Ólafr biskup hafi tekið Bjarna fyrri en um haustið 1480, og þá 17. Nóv. geingr prestadómrinn biskups um fangn Bjarna. Ártalið 1481 verðr því að vera hið rétta. Svo stendr og í ágripi því „Vmm Eydvætte“ úr dómi þessum, sem stendr í dómasýrþunni í ÍBfél. 114. 8vo LVIII. Þorsteinn sýslumaðr Magnússon í Þykkvabæ (d. 1656), einn hinn mesti lagamaður á 17. öld, hefir samið ritgerð um dóm þenna all-langa, og telr hann dóminn þar ólöglega dæmdan (AM. 229. 4to, AM. 232a, 4to, MSteph. 58. 4to). Alt það, sem eru bersýnilegar afbakanir í handritunum, svo sem Bjarni Ólafsson (!), Ragnheiðr (!) Bjarnadóttir, og því um líkt, er leiðrétt hér þegjandi.

Dómur um Bjarna Ólason og hans dóttur¹⁾.

Öllum mönnum, sem þetta bréf sjá eður heyra, senda Gunnlaugur Þorkelsson, Einar Magnússon, [Finnbogi Jónsson, Þorlákur Þorsteinsson, Þorvaldur Jónsson, Magnús Magnússon²⁾, [Ari Jónsson, Kolli Magnússon³⁾ Gunnar Jónsson, Gunnsteinn Ísleifsson, Haldór Sumarliðason, Ólafur Sveinsson⁴⁾, Arnór Finnsson, Stephán Þórarinsson, Guðmundur Stephánsson, Þórður Auðunarson, Jón Hrafnsson, Finnur Pétursson, Þorleifur⁵⁾ Gunnsteinsson, Ólafur Þorvaldsson⁶⁾, Einar⁷⁾ Andrésson, Höskuldur Einarsson, Einar Árnason og Þorsteinn Guðmundsson kveðju guðs og sína, kunnugt gerandi, [að þá liðið var frá guðs burð⁸⁾ 1481⁹⁾, laugardaginn næstan eptir Péturs messu og Páls á almenniligu Öxarárþingi vorum ver í dóm nefndir af erligum manni Hrafn Brandssyni, lögmanni norðan og vestan á Íslandi, að rannsaka, skoða og dæma, hvort Randiður Bjarnadóttir skyldi ná lögligu undanfæri eður ei fyrir þann áburð, að Bjarni Ólason, [faðir hennar¹⁰⁾, hefði vænt því¹¹⁾, að hann hefði legið [með henni¹²⁾ líkamliga.

Nú af því að vor lögbók vottar svo, að kona skal færast undan með eiði, ef maður vænist henni, því dæmdum vér henni tylftareid fyrir Hrafn lögmanni, og skyldi hún þennan¹³⁾ eið unnið hafa fyrir Michaelsmessu í haust að forfallalaus. Skyldu með henni sanna¹⁴⁾ ellefu¹⁵⁾ konur þær, sem Hrafn lögmaður [nefndi til¹⁶⁾ [með henni¹⁷⁾, og

¹⁾ 62; Dómur um undanfærslu óbótamanns 196, 1945. ²⁾ [196, 1945 og 211, nema hvað það hefir „Kiele Magnusson“ (fyrir: Magnús Magnússon), sem mun afbökun úr: Kolli (sbr. 3. neðanmálgrein); sl. hin. ³⁾ [115; sl. hin, en nöfn þessi eiga auðsýanlega að standa, því að þau fylla einmitt aðra tylftina; 211 hefir hér: Árni Jónsson, Magnús Magnússon. ⁴⁾ Svo öll, nema 115, sem hefir: Steinsson. ⁵⁾ Þorlákur 211; rétt: Þorleikur. ⁶⁾ 196, 1945; Þorvaldsson 62, 115, 211. ⁷⁾ Gunnar 211. ⁸⁾ [62, 115 (burði); Anno Domini 196, 1945. ⁹⁾ 62, 125, 114; 1480, 115; 1490, 196, 1945. ¹⁰⁾ [62, 115; sl. hin. ¹¹⁾ b. v. 196, 115. ¹²⁾ [115, 62; hana 196, 1945. ¹³⁾ þann 62, 115. ¹⁴⁾ sverja 62, 115. ¹⁵⁾ 62, 115; níu 196, 1945. ¹⁶⁾ [tilnefndi 1945. ¹⁷⁾ [b. v. 62.

skyldugar að sanna þenna eið með henni, eður fá lögmæta grein fyrir sig og sverja þar að fullan eið, að þær hygði¹⁾ henni [eiðinn heldur ósæran eður²⁾ særan. En ef þær vildu hvorki gera, þá dæmdum vér þær aungra vitna njótandi [verða mega³⁾. En hver, sem vald⁴⁾, vél eður styrk veitir þar til, að hún nái ei undanfæri⁵⁾ eptir vorum dómi, svari slíku fyrir kongdóminum sem sá, er rænir mann þjófi eður útlægum manni.

Jtem í annari grein vorum vér [í dóm⁶⁾ nefndir af Hrafni lögmanni að skoða og dæma, hvort Bjarni Ólason væri⁷⁾ rétt⁸⁾ fangaður eður ei af biskup Ólafi og hans mönnum fyrir þá sök, að biskup⁹⁾ sagði, að Bjarni Ólason hefði legið sína dóttur Randíði, og lét þar upp á fanga hann að óprófuðu máli, og lét hann ei ná fram að koma lögligu undanfæri. En svo¹⁰⁾ vottar vor landslaga bók, að¹¹⁾ með tylftareíði skal synja allra óbótamála. Vísa og svo til kyrkjunnar lög: Ef biskup kennir manni það eður hans lögligur¹²⁾ umboðsmaður, að hann hafi það ódádaverk unnið, að liggja sína dóttur, en hann kveður nei við, þá skal hann¹³⁾ synja með tylftareíði. Og fyrir því að Bjarni Ólason náði ei lögligu¹⁴⁾ undanfæri fyrir áður [greindan atburð¹⁵⁾, þá dæmdum vér hann ólögliga fangaðan, og hann aptur undir kongs vald að sverja tylftareíð fyrir Hrafni lögmanni, að hann hafi sína dóttur Randíði aldrei líkamliga legið, og ellefu¹⁶⁾ skynsama menn að sverja með honum, þeir sem Hrafn lögmaður tilnefnir, og skylduga að sverja. En ef þeir vilja þann eið ei sverja eður fá lögmæta grein fyrir sig, og sverja þar að fullan bókareíð, að þeir hugðu¹⁷⁾ þann eið [heldur ósæran¹⁸⁾ en særan, þá dæmdum vér þá aungra vitna njótandi verða eiga þaðan af.

1) 115; hugðu 62; hugi 196, 1045. 2) [115; eiðinn ósæran heldur en særan 62, 196, 1945. 3) [mega verða 196, 1945. 4) eður b. v. 196. 5) 62, 115; sínu framfæri(!) 196, 1945. 6) [til 62, 115. 7) 62; var, hin. 8) 62, 115; rettilega 196, 1945. 9) biskupinn 62. 10) þó 1945. 11) sl. 1945. 12) sl. 62, 115. 13) sl. 62, 115. 14) b. v. 196. 15) [greindnum atburði 196, 1945. 16) níu 196, 1945. 17) hygði 62, 115. 18) [ó-særan heldur 62, 115.

Samþykkti þennan vorn dóm [með oss áðurgreindur lögmann¹⁾] [stöðugan og óbrigðul(eg)an og setti et cetera²⁾].

347.

6. Júlí 1481.

á Hólum.

VITNISBURÐARBRÉF ellefu klerka um mótfall Rafns lögmanns Brandssonar og lögréttumanna við Ólaf biskup Rögnvaldsson frammi haft í lögréttu á Öxarárþingi með harki og háreysti og lemjandi höndum, og höstuðu þeir biskup út af lögréttunni og sögðu, að hann ætti ekki þar að vera.

AM. Fasa. XXVI, 6, frumritið á skinni. Tölf innsigli hafa verið fyrir bréfinu, en þau eru öll dottin frá, nema tvö.

motfall hrafns mot biskup olafe³⁾.

Þath giorum vier sueinbiorn þordarson. eirekur einarson. jon broddason. gudmundur skulason. sigurdur þollacks-son. jon þorualldzson. gudmundur jonsson. sniolfur sigurds-son. bessi suartzson. hallkell gudmundsson ok helgi illuga-son prestar holabiskupsdæmis godum monnum viturligt med þessu opnu brefi ath þar voru vier j hia saum ok heyrdum æ. ath sub anno gracie M^o cd^o lxxx^o primo æ laugardagin næsta epter petursmessu⁴⁾ j laugrettu æ almennelegu auxar-ærþingi. ath vor verdugur herra ok andaligur fader olaf med gudz nad biskup æ holum j hialltadal liet lesa þav⁵⁾ priuilegia bref sem vorer naduger herrar noregx kongar haufdu ut gefit heilagre hola kirkiu ok hennar formonnum til frelsis. j fystu magnus kongur. hakon. eirekur. kristoffur ok kristiern epter þui sem þeirra bref þar vm giord ut visa. heyrdum vier ok aller fyr skrifader prestar ath adr nefndr vor andaligr fader biskup olaf med guds nad baud sig ok alla sina menn under fyr skrifud uerndarbrief ok sierliga vnder þath verndarbrief sem kong kristiern hafdi honum sialfum ut giefit. baud hann ok ath betra ok bæta huerium

¹⁾ 62; hin hafa þessa niðragslinu styttri; [frá sl. 211. ²⁾ [b. v. 211.

³⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi. ⁴⁾ Þ. e. 30. Júní. ⁵⁾ tvískr.

manne firir sig ok alla sina menn huad sem huer mætti þar til hans tala ath laugum eda hans manna. baud hann ok ath styrkia kongsins riett epter sinne mackt. liet ok biskupen lesa þar þath sama forbodsbref sem hann hafdi adr forbodath hrafn brandzson er sig kallar laugmann ok lysti hann þa enn af ný(u) honum sialfum nærveranda j fullt forbod ok firirbaud honum ath nefna nockura doma æ medan hann væri j þessu forbodi. sagdi ok ath hann skilldi ecki skemma laugriettuna eda adra dandi menn af sinne naueru. suo ok firirbaud hann huerium manne ath ganga hans doma medan hann væri ecki leystur. suo ok liet biskup olaf lesa þar þau bref ok skilrike sem hann hafdi upp æ biarna olason vm þau odadaverk sem hann hafdi j fallit ok sialfur medkentz. en hrafn brandzson ok hans fylgiarar villdu aungua vackt giefa nockurum hans brefum. vtan helldur hroppudu þeir upp þar j laugriettunne lemiandi sinum hondum saman med op ok kall hark og hareysti. suo þau bref skilldu ecki mega heyrast sem biskupen villdi lesa lata. sogdustz þeir ok huorki sæta kongsins brefum nie nockurum brefum odrum þeim biskupen liett þar lesa. buduzt ok nockurer til af laugriettumonnum fylgiarar hrafns ath skiera j sundur kongsins bref ef þeir hefdi macktina. var einn af þeim eyiolfur gunnarsson. voru þeir ok sumleger af fylgiorum hrafns laugriettumennenner er budutst til ath draga prestana ut af laugriettunne ok hostudu biskupen burtt af laugriettunne ok saugdu hann ætti ecki þar ath vera. en biskupen sagditz vera rikissens rad j noregi ok baud sig þa en til ath styrkia kongsins riett. voru þeir ok enn nockurer er þat toludu ath þath mundi giallda prestanna líff ef þeir lieti ecki af sinum upptecktum. ok epter þetta allt saman giortt gieck biskupen burtt af laugriettunne. en hrafn brandzson er sig reiknar laugmann firir nordan ok uestan æ jslandi syndi sig þa æ aukandi þath forbod sem hann var adur j settur af biskupenum med suo storu forproti ath hann nefndi dom ut þar æ þinginu ifer þeim malum sem biarne olason hafdi j fallit j holabiskupsdæmi ok xij prestar hofdu adur ifer dæmtt med tuennem

tylftardomum ok gudz laug ok kristenn laga riettur ut vis-
ar ath firir kirkiunnar domara æ ath profastz ok dæmastz.
ok þar med j annari grein liet hann sueria firir sier ij
notta sakar giptt upp æ biskup olaf ok stafadi þeim sialfur
eidinn. fellandi suo upp æ sig firir huora þessa grein full-
komit bann epter þui sem gudz laug ut visa.

voru mest j þessum motgangi

hrafn brandzson.

einar þorolfsson.

asmundur jonsson.

ellendur brandzson.

eyiolfur gunnarsson.

nichulas gunnarsson. ok

jon ketilsson

med samþycki allra annara almugans þeirra sem j motgangi
ok samþyckt voru j moti biskupenum ok heilagre kirkiu.

Ok til sanenda hier vm settum vier fyr nefnder prest-
ar vor jncigle firir þetta bref er skrifath var æ holum j
hialltadal faustudaginn næsta epter visitacionem beate marie
virginis æ sama ære sem fyr seger.

348.

9. Júlí 1481.

á Hólum.

BRÉF tólf klerka í Hólabiskupsdæmi um ágreining biskups
og leikmanna um kirknamál.

AM. Fasc. XXVI, 7, frumritið á skinni. Tólf innsigli hafa verið
fyrir bréfinu, en nú eru þjú af þeim dottin frá. — Bréf þetta mun vera
eitt af gögnum þeim, er Ólafur biskup Rögnvaldsson hefir haft utan með
sér fyrir erkibiskup gegn Rafni lögmanni.

ágreining presta ok leikmanna¹⁾.

Þath giorum vier sueinbiorn þordarson. ketill grimolfs-
son. eirekur einarsson. andres jonsson. stigur jngimundar-
son. biorn þosteinsson. gudolfur magnusson. ellendur brodda-
son. gudmundur jonsson. jon helgason. eirekur steffansson ok

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

helgi jllugason prestar holabiskupsdæmiss godum monnum viturligt med þessu voru opnu brefi ath nu upp æ langann tima hefur suo mikill orettur ok yfervalld geingit yfer allar þær kirkiur smærre og stærre er leikmenn hallda ok hafa halldit j holabiskupsdæmi ath þeir hafa tekit under sig ok giortt af huat þeir hafa villiat þeirra godz ok tiunder bædi j faustu ok lausu. ok allt þat kirkiurnar eiga. Suo ok landskyllder af kirknanna jordum. huale ok vjdu af kirknanna rekum ok allt annat sem kirkian eigur ok henne hefer gefit verit til upphelldiss ok heidurs. vilia leikmennener liten reikningskap hier af giora biskupenum en sumer aunguann. En þo þeir giore nockurn þa vill einginn luka aptur heilagre kirkiu þat godz sem þeir hafa eytt ok fortærtt af þui þeir þickiazst eiga epter vondum gomlum vana ath fara med sem þeir vilia. þui firir þessa savk eru flestar kirkiur bædi smar ok storar j holabiskupsdæmj komnar ath nidurfalle suo ei ma gudþionusta flytiastz ok suo missa kirkiurnar siñ ornamenta. þier firir hafa ok margar kirkiur nidur fallit firir maurgum ærum. suo ath þar sem kirkiurnar stodu er nu eingin. En saker þess ath kirkiurnar eru nidur fallnar en eydder peningarner þa fa prestarner huergi nær sina skylldu huorki kaup nie mat epter þui sem registrum hola-kirkiu ut visar ok gamall vane er til. þui bændurner sialfer taka tiundina sier til eignar svo huorke fær kirkian nie prestarner af tiundunum en ef presttiundin fellur lital þa skal presturinn hafa hana. En ef hun er nockut meire þa vill bondinn eignast hana sialfur ok luka þa suo litid sem þeir vilia. Suo ok vilia bændurner ei ath byscupinn¹⁾ skipti kirkiu godzin med kirkiunum ok skipe fra rikum kirkium nockut ok til fataekra epter þui sem kristenrettur seger ok ut visar. En ok margar jarder komnar under klaustur ok kirkiur ok lykstz eingi tiund af sem adur voru vnder tiund til soknarkirkiunnar. þar firir falla ok margar kirkiur nidur. En þo biskupen liete dæma um nockurar kirkiur af tolf prestum eda tuennum tylftum sem illa voru halldnar þa

¹⁾ Svo hér fullum stöfum.

vilia bændurner huorki luka kirkiunne godzit ok ei kirkiuna upp byggja epter þui sem kristenriettur vt visar. hefer ok einn osifdur leingi ifer geinget j holabiskupsdæmi ath allt testamenta sem menn giefa heilagre kirkiu minna en hundrath hafa þeir eignastz sem kirkiurnar hallda. ok firir slikan oriett ok annann vidurlikann mega kirkiurnar ecke eflastz. Eru ok gefin ath fornu j holabiskupsdæme testamenta gjafer j morgum jordum er her kallastz kristfie ok fataeker menn skulu fædastz upp æ einn eda tueir æuinnliga firir þeirra sæl er giefit hafa ok þat vilia þeir ecki hallda sem nu eiga jardennar epter biskupcens skipan. Suo ok þar sem diackns skylld er æ alkirkium þeim sem bændur hallda. vilia marger ecki hafa þa epter þui sem registrum hola kirkiu vt visar. vilia ok leikmenn ecki prestanna dom hallda. helldur dæma þeir þar sina doma þuertt j moti. vm þau mæl sem þeir eiga ecki dom ifer segia ok heilagre kirkiu til heyrer. Suo sem eru frændsemisspell. Suo vilia þeir ok forsuara ok med ifervalld veria aunnur kirkiunnar mæl. sem eru hordomar. manndraparar ok ransmenn sem ræna heilaga kirkiu ok presta. ok maurg aunnur banzverk sem vier kunnun ecki hier ut j ath skrifa suo biskupen ok hans umbodsmenn koma eigi kirkiunnar riette fram. sem nu skiedi æ alþingi af hrafni brandzsyni er sig kallar laugmann ok hans fylgiorum epter þui sem bref þar um giord votta. Kunnun vier ok aungua rietting ath sia heilagre kirkiu hier um vtan gud sialfur ok vor verdugur fader erkibiskupinn j þrandheime æ kirkiunnar uegna. ok vor nadugur herra kongurinn ok rikissens rad j noregi af veralldz valldz vegna vili þar til styrkia ath heilaug kirkia mætti hallda sitt frelsi ok heidur sem henne til ber ok kirkivnnar lavg vt visa. Vitu vier aller fyllilega ok reyntt hofum ath þann mickli motgangur sem almuginn giorer ok giortt hefer heilagre kirkiu biskup olafi ok hans prestum. er til komenn af hans umvandan um fyrskrifada articulos sem hier standa ok upp æ þetta hid sama er hann um sagdur ok hans prestar ef hann fylger þessum heilagrar kirkiu rett fram. hafur ok hrafn brandzson er sig kallar laugmann er nu er

j heilagrar kirkiu forbodi uerit fystur ok fremstur firir þeim motgangi sem heilaug kirkia ok biskupen hefer feinget af almuganum j landenu af hans rongum upppektum moti gudi ok heilagre kirkiu.

Ok til sannenda hier vm settum vier fyr nefnder prestar vor jncigle firer þetta bref er skrifath var a holum j hialltadal jn octaua visitacionis sancte marie virginis anno domini M^o cd^o lxxx^o primo.

349.

11. Júlí 1481.

á Hólum.

VITNISBURÐAR tveggja manna, að Ólafr biskup bauð Bjarna Ólasyni undanfæri fyrir þá rykt, er hann hafði feingid af Randíði dóttur sinni.

Bisk. 3. Fol., bls. 245, með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar. 1641—42, eptir transskripti frá 13. Júlí 1481. Yngri afskr. eru í Landsb. 115. 4to, II, 82—83 og í ÍBfél. 126. 4to, bls. 237.

Þad giorum vid Jon asgrijmsson og Þorkiell Oddsson godum monnum viturligt med þessu ockru opnu Brefi ad þar voru uid j hia og heyrdum a ð Modruvullum j Horgárdal ad vor nadug herra og andaligur fauder¹⁾ Biskup Olaf med Guds nad Baud Biarna Olasyne vndañfæri fyrir þa rykt sem hann hafdi feingid af Randidi dottur sinni. Nefndi Biskupinn honum þa til strax ena bestu dandi menn ad sanna med honum þenna eid. Gudna Eiolffsson. Magnus Þorkielsson og Magnus Magnusson og adra bestu dandi menn. Var Biarni þa eij kominn a Biskupsins valld. laus. okugadur. opintadur. og fyrer vtañ allt fangielse. og hier epter vilu vid sueria. ef þurfa þiker. og til sanninda hier vm settum vid fyrrnefnder menn ockar Jnnsigle fyrer þetta Bref. er giort var a Holum j Hialltadal midvikudægin næsta fyrer festum divisionis Apostolorum anno domini m.^o cd.^o lxxx^o primo.

¹⁾ Svo, 3. Fol.

350.

11. Júlí 1481.

á Hólum.

VITNISBURÐR tveggja manna, að Ólafur biskup á Hólum bauð Bjarna Ólasyni undanfæri um þá rykt, er hann hafði feing-ið af Randíði dóttur sinni.

Bisk. 3. Fol. bls. 245—46 með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar 1641—42 eptir transskripti frá 13. Júlí 1481. Yngri afskr. eru í Landsb. 115. 4^{to} II, 83 og í ÍBfél. 126. 4^{to} bls. 237—38.

So felldañ vitnisburd berum vid Jon Þordarson og Sueijrn Gudmundsson. ad vid vorum j hia og heyrdum a ad vor virdulige herra og andalige fader Biskup Ola fmed gudz nad Baud Biarna Olasýne vndañfæri vñ þa rykt. ad hann skilldi hafa leigid Randidi dottur sijna lijkamliga og Baud honum adt skrifa til þeirra bestu dandi manna sem hann treisti best til. og kunnugast mundi til vera. adt sueria med sier. Nefndi og Biskupinn þar thil Gudna B(onda) Eiolfsson. Magnus Þorkielsson og Magnus Magnusson. og þa adra dandi menn sem hann treisti best til og þar mætti kunnugast thil vera. enn adur nefndur Biarni gaf það suar hier j mot. ad hann sagdist ecki nenna ad skrifa þeim til. þuj hann kuedzt þar ecki traust a hafa. Baud og Biskupinn honum manninn ad fara med Brefed. og hier epter vilii vid sueria ef þurfa þiker. Og til sanninda hier vñ settum vid firr nefnder menn ockar Jnnsigle fyrer þetta Bref er skrifad var a Holum j Hialltadal midvikudægin næsta fyrer festum divisionis apostolorum anno domini m^o. cd^o. lxxxj^o.

351.

13. Júlí 1481.

á Hólum.

TRANSSKRIFT af bréfum um Hvassafellsmál og mál Ólafs biskups á Hólum við Rafn lögmann Brandsson.

Bisk. 3. Fol bls. 243, 257—258 með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar 1641—42. Yngri afskrift af bréfum þessum eptir þessari bók er í Landsb. 115. 4^{to} og ÍBfél. 126. 4^{to} með mjög óskjallegu á-gripi af transskriptinu.

Transkriftar Bref af Bannettum verkum
Biarna Olasonar.

Það giorum vier Sueinbiorn Þordarson. Ketill Grym-
olfsson. Eyrikur Einarsson. Andres Jonsson. Gudmundur
Jonsson og Helgi Jllugason. prestar Hóla Byskupzdæmis
godum monnum viturligt með þessu voru opnu Brefe. að
vier saum og yferldsum opin bref með heilum og oskaudd-
um hangandum Jnnsiglum so latanda ord fyrer ord sem
hier eptir skrifad stendur. [Hér kemr:

1. Bréf síra Eiríks Einarssonar og Erlends Broddasonar frá 18.
Okt. 1480, Nr. 279 að framan.
2. Bréf síra Eiríks Einarssonar og Ólafs Ingimundarsonar frá 24.
Okt. 1480, Nr. 280 að framan.
3. Bréf Ketils prests Grímólfssonar, Eiríks Einarssonar ofl. frá 28
Nóv. 1480, Nr. 291 að framan.
4. Bréf síra Ketils Grímólfssonar, Eiríks Einarssonar ofl. frá 22.
Júní 1481, Nr. 344 að framan.
5. Bréf Jóns Ásgrímssonar og Þorkels Oddssonar frá 11. júlí 1481,
Nr. 349.
6. Bréf Jóns Þórðarsonar og Sveins Guðmundssonar frá 11. Júlí
1481, Nr. 350 að framan.
7. Bréf Ketils prests Grímólfssonar, Eiríks Einarssonar ofl. frá 11.
Nóv. [1480], Nr. 283 að framan.
8. Bréf síra Ketils Grímólfssonar, Andrés Jónssonar ofl. frá 28. Nóv.
1480, Nr. 290 að framan.
9. Bréf síra Ketils Grímólfssonar, Eiríks Einarssonar ofl. frá 15.
Júní 1481, Nr. 342 að framan.
10. Dómr um Bjarna Ólason 17. Nóv. 1480, Nr. 285 að framan.
11. Dómr um Bjarna Ólason 14. Maí 1481, Nr. 334.
12. Vitnisburðr um Bjarna Ólason 22 Júní 1481, Nr. 343 að framan.
13. Vitnisburðr um hálfkirkjureikninga 8. Sept. [1480 eða 1479], Nr.
275 að framan.
14. Viðvikrdómr um hálfkirkjur 15. Jan. 1481, Nr. 318 að framan.
15. Bréf síra Sveinbjarnar Þórðarsonar ofl. um hálfkirkjureikninga
17. Jan. 1481, Nr. 319 að framan.
16. Bréf um lausnarbeiðslu Rafus lögmans 8. Júní 1481, Nr.
339.
17. Barðsdómr 15. Jan. 1481, Nr. 317 að framan].

Og til sanninda hier vīm settum vier firrskrifader prest-
ar vor innsigle fyrer þetta transskriftar Bref. Skrifad a
Holum j Hialtadal fostudaginn næsta fyrer festum divisionis
Apostolorum anno domini m^o cd^o lxxx^o primo.

352. 16. Júlí 1481. í Viðey.

VITNISBURÐR um upplestr á stefnu Steinmóðar ábóta í Viðey til Guðmundar prests Skúlasonar.

AM. 238. 4^{to} bl. 3, skr. 1570 (Bessastaðabók). Sbr. Nr. 354 hér á eftir.

Medkenning uppa stefnuna.

Þat giore ek Þormodr Jonsson conventbrodir j Videy godvm monnvm kvnngitt med þessv minv opnv brefi at ek medkienvnst at ek hefi lesid þetta sama stefnvbref sem hier er med fest epter skipvn ok bodskap mins herra abota Steinmodar sem gvd hans sal hafi æ lavgardeiginn¹⁾ næsta epter Petvrs messv æ allþinge¹⁾ yfir Gvdmvndi presti Skvlasyni svo hatt ok skilid at han matti vel heyra ef hann villde.

Ok til sanninda hier vm setta ec ok miner conventvbrædr vortt conventv jnsigle firir þetta bref skrifad j Videy manvdeygin¹⁾ næsta firir translatio beati Torlaci episcopi anno domini M^o. cd^o. lxxxI.

353. 16. Júlí 1481. á Hólum.

ÓLAFR biskup á Hólum lykr síra Katli Grimólfssyni jörðina Bakka í Ólafsfirði í ráðsmannskaup fyrir fimm hundruð.

AM. Fasc. XXVI 18, frumrit á skinni með innsigli biskups kloffnu að endilaungu. — Apogr. 3288.

backar i olaf(s)firde²⁾.

Vij olaf med guds nad biskup æ holum giorum godum monnum viturligt med þessu voru opnu brefi ath vij hofum lukt ok feinget til fullrar eignar vorum radzmanne sira katile grimolfssyni jordena halfa backa j olafsfirde er liggur j kufjabeckiar kirkiu sokn med aullum þeim gaugnum ok giædum sem greindre halfre jordu fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nyiu ok vij vrdum fremstz eigande ath. luktistz fyr saugd half jord fyrir fim hundrath heilagre hola kirkiu ok oss af erfingium þosteins skarpssonar er hann

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

vard oss skyldgur. hofum víj luckt adur greinda jord fyrnefndum sira kate j sitt radzmanz kaup fyrir fim hundrud. skulum víj suara lagaríptingum æ adur greindre halfre jordu en sira ketill hallda til laga. Ok til sannenda hier um heingium víj vortt jnsigle fyrir þetta bref skrifath æ holum j hialltadal manudaginn næsta fyrir þorlaksmessu anno domini 1000 cd0 lxxx0 primo.

354.

19. Júlí 1481.

í Skálholti.

DÓMR tólf presta útnefndr af Magnúsi biskupi í Skálholti um kæru Steinmóðar ábóta í Viðey til Guðmundar prests Skúlasonar, að hann vildi ekki halda þá gjöf, er Skúli Loftsson (faðir hans) hafði gefið klaustrinu í Viðey jörðina Heiðarhús á Rosmhvalanesi.

AM. 238. 4to bl. 2, skr. c. 1570. Borið saman við dómasyrpu Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni, sem ég á, skr. c. 1608. — Afskr. eptir 238 er meðal AM. Apogr. 1800 og í J. Sig. 143. 4to frá 1696. Sbr. F. Joh. Hist. Eccl. Isl. IV,87.

Domr vm Heidarhvs.

Ollvm monnvm þeim sem þetta bref sia edr heyra senda Hellgi Magnvsson. Jon Snorrason. Finnvr Magnvsson. Þorvalldr Snorrason. Þormodr Tannason¹. Andreas² Þorbiarnarson. Einar Þorsteinsson. Oddr Gvdmvndzson. Gvdmvndr Olafsson. Snorre Helligason. Þorkiel³ Þorvardzson oc Arne Jonsson kvediv gvdz oc sina [kvnnigt giorandi⁴ ath svb anno gracie 1000. cd0. lxxx1 æ fimtveiginn næsta firir translatio sancti Þorlaci episcopi vorvm vær j dom nefnder af ærligvm herra oc andligvm fodvr herra Magnvs⁵ med gvdz nad biskvpi j Skallholti at dæma oc skoda vm þa akærv sem herra Steinmodr aboti j Videy. sem gvd hans sal hafi⁶ kærði til sira Gvdmvndar Skvlasonar at greindr sira Gvdmvndr villdi eigi hallda þa giof sem Skyli Loftzson hafði gefit klavstrinv j Videy jördina Heidarhvs er

¹) Tu^{ma}ason, JHák. ²) Audun, JHák. ³) Þorkiell, JHák. ⁴) [sl. bæði; ⁵) Magnusi, JHák. ⁶) nadi, JHák.

liggr j Vtskala kirkivsokn. Nv af því at furgreindr Gvdmvndr var þar logliga fyrir kalladr oc stefndr en þar kom fram fyrir oss opid bref med godra manna insiglvn svo latandi at hann kiori sier legstad at¹ kirkivnne j Videy ef han dæi svnnanlandz en ef han dæi fyrir nordan land þa skyllde þo adrgreind jord Heidarhvs obrigdliga² eign klavstvrzins j Videy. En fyrnefndr³ Skvle skilde sier þa apr [j moti⁴ firir jordina Heidarhvs salvmessv hvern dag eitt ar vm kring. jatadi þessv greindr aboti Steinmodr med rade oc samþyckie sinna conventvbrædra oc því dæmdvm⁵ vier fyrnefndir domsmenn med fvllv doms atkvædi jordina Heidarhvs æfinliga⁶ eignn klavstvrzins j Videy oc obrigdanliga⁷ halldazt eiga svo framt sem fyr greinder menn sværi tveir eptir sinvm ingsiglvn innan manadar fyrir herra Magnvsi eda hans logligvm vmbodzmanni.

Þat giore eg einar björnsson godum monnum uiturligt med þessu mínu opnu brefi. at eg medkennumzt at eg hefi gefit thumase hrafnssyni jordina dögurdarnes er liggr a skardzströnd j skardz kirkjusokn med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jordu fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu og eg uard fremst eigandi epter modr mina til æfinligrar eignar honum og hans erfingium. enn undan mier og mínum erfingium j suo mata at eg gelld honum upp j þessa somu jord sín þjónustulaun fyrir þa. ui. tolf manade er hann hefir mier þjónat og þar til hans auerkabætur er ec atte at bitala honum. skal þetta mitt gialld edr giof snuazt upp i mína tjundargiof edur fiordungsgiof efter þui sem dandemonnum þiker eg fremzt med logum hafa matt giora. hier til gef ec honum .x. hundrud. Og til sanninda hier um setta eg mitt insigli fyrir þetta bref er skrifat uar a skarde a skardzströnd. laugardagin næsta fyrir marteinsmesso. þa lidit uar fra hingatburd uors herra ihesu christi. M. cccc. lxxx og eitt ar.

374.

17. Nóvember 1481.

á Þverá.

VITNISBURÐARBRÉF tveggja manna, að jörðin Dálksstaðir á Svalbarðsströnd hafi aldrei verið ákærð af Jóni þistli né Björgu konu hans eða Þórnýju dóttur þeirra, — og hafa þeir um fjóra tigi vetra á Svalbarðsströnd verið, — og eigi hafi jörðin ákærð verið fyrri en Ólafur Haldórsson ákærði.

AM. Fasc. XXVI, 13, frumrit á skinni. Fyrri innsiglið er dottið frá. — Apogr. 167.

Vitnisburður svalbardzstrendijnga ad dalkstader
hafa ecki verid áhræder.¹⁾

Þat gerym vith kolle vigfvsson og²⁾ are eireksson god-
vm monnvm viturlegt med þessv ockrv opnv brefe at vit
havfvm verit aa svalbardzstravnd optsinnis vpp aa fior(a)tige
vetvr. og³⁾ havfvm vit alldre heyrtt þat. at jorden dalstader²⁾
er liggur j s(u)albardz þingvm hafe verit akærð af jone
þistle ne biorgv konv hans og³⁾ eige af þornyiú dottvr
þeirra. Ok³⁾ eigi fyr en olafvr halldorson akærde. vilium
vit hier sveria⁴⁾ epter þo þurfa þike. Og³⁾ til sannenna
hier vm settvm vith fyr nefnder menn ockvr jnsigle fyrir
þetta vitnisbyrdarbréf. er skrifat var aa þvera j hnioskadal
lavgardagen næstañ epter Marteinmessv. þa lidit var fra
hingatbyrd vors herra jesv christi þushund. cccc. attatiger
og eitt ar.

375.

2. December 1481.

undir Felli.

ANDRÉS Guðmundsson gefr kirkjunni undir Felli, í Skógi og
á Brekku í Hvaldal sex manna íferð í Saurbæjarfjöru.

AM. Apogr. 2360. „Ex Exemplari Einari Einarii Judicis Barda-
strandensis“ (AM.). Afskriptin er staðfest: „Medkienumst vier under-
skrifader menn, ad wier sied höfum og yferlesed swo látande bref
sem hier fyrer ofan og framan skrifad stendur, ásamt med Sira Olafs
Brandssonar, Gisla Biörnssonar og Geirmundar Olafssonar vidimus,
innehalldanda, ad þeir þetta sama bref, um Skogs kirkiu itak j Saurbæiar

¹⁾ Utan á brefinu með hendi frá c. 1700. ²⁾ Svo. ³⁾ Svo. ⁴⁾ se-
veria, frbr.

föru, sið og yferlesed hafe, með heilu hangande Jnnsigli, hvert þeirra vidimus skrifad var að þykvaskoge þann 8. dag Martii Anno 1609. Enn þetta wort transskriftarbréf er ritad j Skálholtti þann 24. dag Novembris Anno Christi 1704. Magnus Markusson. e. h. — Arngrímur Biarnason Egh. — Þorkell Arnason e. h. — Wigfus Jonsson e. h.“

Þat giori eg andres gudmundsson godum monnum kunnigt með þessu minu opnu brefi at ec hefer gefit æfinliga. vj. manna jferd til reyztlu j saurbæiarfioru þessum þrimur kirkiuum. kirkiunni under felle oc kirkiunni j skogi oc kirkiunni a brecku j hvoldal oc skulu vera .ij. uppreiðslumenn með huorium sex. skal þetta standa æfinliga suo leingi sem fiaran vintz. for þesse min giðf framm j kirkiunni vndir felli j kollafirdi þessum godum monnum næruerundum halluardi jonssyni oc arna hermanzsyni. Enn þa var lidit fra gudz burd M. cccc. lxxx. ok eitt ar. sunnudagen fyrstann j jolaföstu.

376.

5. December 1481.

á Þverá.

VITNISBURÐAR Óla Bjarnasonar um Dálksstaði á Svalbarðs-strönd.

AM. Fasc. XXVI, 14, frumrit á skinni, og er innsiglið fyrir, en nokkuð brákað. — Apogr. 166.

Þat gerir eg ole biarnason godvm monnum viturlegt með þessv minv opnv brefe. at eg var þar j hia sa og ehayrda¹⁾ eg a. a dalstadvvm¹⁾ a svalbardzstravnd. favstvdagenn fardagenn næstañ efter er þorkell bónde bergson saladizt fyrir vm veturenn. var gvdrvn andresdotter kona hans þa a dalstadvvm¹⁾ og lyste sig þar malakonv j gardenn efter þorkel bergson bónda sinn. en jon þistill lyste Biorgv þorkelsdotter konv sina lavglegañ erfingia efter favdur sin. en adur nefnd gvdrvn hieilt sina eign jordena dalstade. geingv þa titt nefnd hion. ion og biorg til handabantz með gvdrvnu andresdotter. og lucktv henne alla jordena dalstade til fullrar eignar j mala sinn. þessvm dande-

¹⁾ Svo.

monnum hia veraváðv. ole oddzson og olafur magnusson leikmenn. og fleirvm avdrum. Ok¹⁾ hier vil eg sveria efter ef þvrfra þiker. Og¹⁾ til sannenda hier vm setta eg oli biarnason forsagnarvottur mitt jnnsigli fyrir þetta vitnisburðarbref skrifat æ þvera j hnioskadal midkvdagenn næstan fyrir nihculas¹⁾ Messo þa lidit var fra hingatbvrð vors herra jhesv christi þushvnd .cccc. attatiger og eitt ar.

377.

19. December 1481.

í Rómaborg.

BRÉF Julianuss biskups af Sabina umboðsmanns Sixtuss páfa hins fjórða til (Magnúsar) Skálholtsbiskups (Eyjólfssonar) um giptingarleyfi Páls Jónssonar og Solveigar Björnsdóttur og Orms Jónssonar og Ingibjargar Eiríksdóttur, og er biskupi hótað stefnu á páfagarð, ef hann framkvæmi ekki skipan postullegs sætis.

Landsbókasafn 62. 8vo bls. 6—9, skr. c. 1750 „Eptir pappírs Manuser. ei gömlu. utan á því stendur: Skardsbref 1498“. Er sú afskript kölluð hér *a.* — Advocates Library Edinb. 21, 7, 14. 4to (FM. 64. 4to) með hendi séra Björns Haldórssonar í Sauðlauksdal c. 1770 (= *b.*). Það er töluverðum erfiðleikum bundið að árfæra þetta bréf, af því að frumrit þess þekkist nú ekki,²⁾ og afskriptir þær af íslenzku þýðingunni af því, er fyrir manni hafa orðið, hafa misskrifað ár páfadóms Sixtuss fjórða, svo að eptir því yrði þetta bréf frá 19. Dec. 1479, en einmitt 20. Dec. það ár, eða daginn eptir, er fyrra leyfisbréfið dagsett, sem þetta bréf skírskotar til, og er í afskriptum beggja bréfanna sagt, að þau sé gerð á „niunda ári“ Sixti páfa hins IV. Um fyrra bréfið kemr þetta vel heim (20. Dec. 1479, Nr. 231), því að einmitt þá um vorið hefir Páll Jónsson verið búinn að biðja Solveigar Björnsdóttur, og 5. April 1479 (Nr. 183) samþykkir Ólöf Loptsdóttir móðir hennar, að sá ráðahagr megi takast fyrir sér, ef Páll fái leyfi af kirkjunnar valdi, því að fjórmennings

¹⁾ Svo ²⁾ Þetta bréf mun enn með fleiri Skarðsbréfum hafa verið til í frumriti á Skarði fram undir 1600 eða leingur, svo sem skilja er af orðum Jóns Guðmundssonar lærða 1644 í „Tíðsfordrif“: „Margar dröslur, dóma og stórskrár sá eg á Skarði þau sex ár, eg þar var; einninn páfabréfið með hans eigin bulla í pjátröskjum óspjallað, Þorleifs ríka Björnssonar bónda, Solveigar og Ingveldar bréf um þeirra ektaskapaleyfi, sem taldist 3. og 4. að frændsemi. Jómfrú þessi Solveig, svo leingi kend, hafði átt áðr sjú launbörn við Jóni yngra Þorlákssyni, bróður Jóns eldra, sem skrifað hefur Skarðsbækr stóru, þann tíma, hún sat á Hóli í Bolungarvík“ (ÍBfél. Kh. 35 Fol. bls. 89).

meinbugir voru á. Hefir Páll þá þegar um vorið leitað leyfis til hjónalagsins hjá Magnúsi biskupi Eyjólfssyni, en biskup synjað, og líklegt að eins hafi farið um erkibiskup. Þá hefir Páll sent til páfa eða umboðsmanns hans og keypt fyrri leyfisbréfið frá 20. Dec. 1479, og hefir það ekki getað komið út til Íslands fyrri en með vorskipum eða á öndverðu sumri 1480. En ekki hefir Magnús biskup skipazt mikið við það, og hefir hann enn neitað að samþykkja hjónaband þeirra Páls og Solveigar, og þar við hefir það bæzt, að Ormr bróðir Páls og Ingibjörg Eiríksdóttir hafa heldr ekki feingið leyfi af biskupi til hjónalags. Hafa þeir bræðr þá gert mann á páfagarð eða til umboðsmanns hans og látið kæra Magnús biskup fyrir páfa um óhlýðni hans við bréf páfans, og þá hefir þetta síðara leyfisbréf að munnlegu boði páfa, „í lifandi raddar hljóði“, verið gefið út, og veltr á því hvaða ár það muni hafa verið. Ártalið 1498, sem stóð á afskrípt þeirri, er ritari afskríptarinnar í 62. 8vo hafði fyrir sér, nær eingri átt, því að þá eru þau bæði dáiin Páll og Solveig, og þurftu ekkert giptingarleyfi úr því. Solveig dó á tímabilinu frá 17. Jan. — 28. Marts 1495, og Páll er dáinn fyrir alþingi 1497. Er því ártalið 1498 sjálffallið, og getr ekki merkt annað en að það ártal hafi staðið á öðrum bréfum, sem með þessu bréfi lágu, ellegar þá að þetta bréf hefði verið transskriberað á íslenzku það ár.¹⁾ Af eidi Solveigar Björnsdóttur frá 2. Maí 1484 sést það eitt, að hún sver fyrir alla karlmenn, nema Pál Jónsson og Jón Þorláksson, en hitt sést ekki, hvort þau Páll og hún eru þá gipt eða ekki; þó er næstum svo að sjá sem það hafi ekki verið, og hafi Magnús biskup enn þæft í móti og viljað hnekkja hjónalaginu með því að Solveig hafi föstnuð verið Jóni Þorlákssyni fyrrum eða væri að öðrum kosti lauslætiskona, og því hafi Solveig unnið eidiinn. En þegar hér var komið hlaut páfabréfið þó að vera útgefið fyrir nokkru og jafnvel fyrri en 19. Dec. 1483, því að annars hefði það tæplega getað verið komið til Íslands og álita biskups fyrst í Maí 1484. En seinna en 19. Dec. 1483 getr bréfið ekki verið útgefið, því að Sixtus fjórði dó 12. Aug. um sumarið 1484, en vígðr var hann til páfa 25. Aug. 1471. Eru því þau ár páfadóms hans, sem hér veltr, á þessi:

IX. ár 25. Aug. 1479 — 25. Aug. 1480.

X. ár „ — 1480 — „ — 1481.

XI. ár „ — 1481 — „ — 1482.

XII. ár „ — 1482 — „ — 1483.

XIII. ár „ — 1483 — 12. Aug. 1484.

Af þessum árum má hér um bil með vissu fella úr 1483, eins og áðr greinir. Árið 1480 getr tæplega komið til greina, því að líklega hefir geingið í þófi með þeim biskupi og Skarðverjum um fyrri bréfið svo

¹⁾ 1498 var auk þess orðinn páfi Alexander VI., og var hinn 19. Dec. það ár á 7. ári páfadæmis hans, og var þá dáinn einn páfi (Innocencius VIII ¹²/₉ 1484 — ²⁵/₇ 1492) á milli hans og Sixtuss. Í hvorugri afskríptinni stendr heldr nafn Alexanders, en þar á móti Sixtuss.

langt fram eftir því ári, að varla hafi unnizt tími til þess að ná á páfa-
garð það ár. Hins vegar verður árið 1481 líklegast, bæði af því að þá
var hæfilegr tími liðinn frá fyrri bréfinu, og svo af því, að ekkert er
sennilegra en að hausavíxl hefði orðið hjá afskrifurum eða þýðendum
bréfsins á IX. og XI., ef í latínska bréfinu hefði staðið: „anno XI. pon-
tificatus domini Sixti pape quarti“, og að þá hefði komið út af ógáti í
íslenzkunni „á IX. ári“ o. s. frv. Getr varla hjá því farið að þetta
muni láta nærri.

Síðara pávabref sem þav Pall oc Solveig fengu.¹⁾

Virduglegum fodur i Christo N. med guds náð Biskupe
í Skálahollte edur hañs umbodsmönnum i andlegum efnun
sendir²⁾ Julianus med guds miskun Biskup Sabinensis heilsan
og hreinañ kjaerleika i Drottne.

Vegna Pals Jonssonar leikmanns og þeirrar konu Sol-
veigar Biörnsdottur og einnin Orms Jonssonar leikmans og
þeirrar konu Jngebiargar Eyreksdottur úr ydar Stigte er
oss framborin bæn. sem innehiellt að þesser menn hefde
áður fengid bref um hiönaband sín í mille³⁾ að mega gaura⁴⁾
i fiorda lid med ráde og Dispenseran ydar herra Biskup til
ydar edur ydar umbodsmanna i andlegum Efnun. huórt bref
medal annara greina⁵⁾ innehiellde⁶⁾ að ef þvílíker skylldu-
luder være á millun þessra. skylldu þier dispensera og leyfa
að adursagt hiönaband binda mætte. hvilíkt bref ydur tilsendt
og med tilbærelegum hætte afhendt þier ecke hafid vilíad med-
taka nie⁷⁾ því hlýða til undansláttar Embættesins og postu-
ligs sætis forðocktunar. sem sagt er. og enn nú vilied ecke. hvar
um adur skrifader menn hafa látid supplicera. svo að þeim kynne
fyrer tilhlutan þess postullega sætis um lækning forsied verda.
Þar fyrer í krapte og nafne herra pavans. hvörs umbod vier
sierdeilis hófum og af hañs sierdeilis bifalningu um þetta efne
sem til vor er sked i lifande raddar hliode tilsegium og
bifölum ydur i krapte heilagrar hlýdne under bannspínu og
skylldum að þier hlýdid ádurskrifudu brefe. og látid hlýða
og halldid ydur so í þessu efne að háskasamlegt hróp kome

¹⁾ b; vantar í a; ²⁾ b; þetta orð stendr í svigum í a; ³⁾ millun,
b; ⁴⁾ giora, b; ⁵⁾ b. v.; vantar bæði í a og b; ⁶⁾ innehelldu, b;
⁷⁾ e(du)r, b;

ecke yfer yður til eyrna herra pavans og að vier þurfum ecke að kalla yður personulega fyrir oss.

Utgefid Róm hiá St^o Petre under Jnnsigle vors umbods Embættis 19¹⁾ Decembris á²⁾ 9^{da}³⁾ áre pávadæmis⁴⁾ herra Sixti pava hins fiórda.

378.

4. Janúar 1482.

í Snóksdal.

VITNISBURÐARBRÉF Sigurðar Daðasonar, að Loptr Ormsson hefði gefið guði og sankti Pétri jörðina Staðarhól, svo framt sem hann ætti ekki skilgetin börn eða arfleiddi ekki þau börn, sem hann ætti við Steinunni, en ekki framar.

AM. Apogr. 1471, með hendi Árna Magnússonar eptir transskripti frá 28. Júní 1519, sem datt í sundr af fúa, þegar Árni var að afskrifa það. — Apogr. 1464 með hendi Páls Hákonarsonar „Ur transcripto Mag. Bryniólfs og 4^{ra} annara, giördu 1644 epter ödru vidimus 1547“.

Dat giore eg sigurdur dadason godum monnum kunnigt med þessu minu opnu b[ref]i at eg uar þar i hia at loptur Ormsson. sem gud hans sal nade. taladi suo felldum ordum fyrir mier og fleirum audrum dandi monnum. at hann hefði gefit guði og sancte petri jordina stadarhol. suo framt sem hann ætti ecki skilgetin bauru edur arfleiddi ecki þau bauru sem hann ætti vit steinuñe. enn ecki framar. og hier epter uil eg sueria ef þurfa þiker. og til sannenda hier um setta eg mitt incigli fyrir þetta uitnisburðarbrief skrifat i snoksdal j middaulum faustudaginn næstan fyrir þrettanda dag j iolum. þa er lidit uar fra hingatburd vors herra jesu christi O. flogur hundrud attatiger og tuau úr.

379.

5. Janúar 1482.

á Kvennabrekku.

VITNISBURÐARBRÉF Helga Ólafssonar, að Loptr Ormsson lýsti því, að því gæfi hann Staðarhól „til beneficium“ heldr en

¹⁾ XIX., b. ²⁾ b; sl. a; ³⁾ IX., b, ⁴⁾ pavadoms, b.

annað sitt höfuðból, að hann vildi ekki að Solveig móðir sin nyti eða hennar börn þau, er hún ætti við síra Sigmundi.

AM. Apogr. 1471, með hendi Árna Magnússonar eptir transskripti frá 28. Júní 1519, sem datt í sundr af fúa, þegar Árni var að afskrifa það.— Apogr. 1465 með hendi Páls Hákonarsonar „Ur transcripto Mag. Bryniolfs og 4ra annarra, gjördu 1644 epter Ódru vidimus 1547“.

Þat giore eg helgi olafsson godum monnum viturligt med þessu minu opnu brefi at eg heyrði lopt heitinn orms-son lysa þui fyrir mier. at hann gæfi þui stadarhol til beneficum. helldur enn annat sitt hofudbol. at hann uilldi ecki at solueig moder sin nyti edur hennar baurn þau hun ætti uid sira sigmundi. ef hans baurn kynne hennar ecki niot-andi verda og hier epter uil eg sueria ef þurfa þiker. Og til sannenda hier um setta eg mitt jncigli fyrir þetta uitn- isburdarbref. skrifat æ kvennabrecku j breidafiardardaulum laugardaginn næstan fyrir þrettanda dag j iolum. þa er lidit var fra hingatburd uors herra jesu christi. M.cd. attatiger og tvau úr.

380.

1. Febrúar 1482. á Draflastöðum.

VITNISBURÐARBRÉF Gríms Þórðarsonar um Dálksstaði á Svalbarðsströnd.

AM. Fasc. XXVII, 2, frumrit á skinni og er innsiglið fyrir.— AM. Apogr. 169.

Þath giore ek grimur þordarson godum monnum viturligt med þessu minu opnu brefi at ek heyrði þath talat þa þorkell bergsson lifdi at gudrun andresdot(t)er ætte segxtie huðrada j mala sinn hia þorkele bergssýne manne sinum enn eigi visse ek þar sannleik uppa. suo ok heyrði ek þat sagt at jon þirstill ok biorg þorkelsdotter kona hans hefði luekt gudrunu andresdottur j mala sinn jordina dalgstadi á sualbardzstraund ok þar bio hun til þerss et hun do. ok akiærði hana einge ne omakadi um fyr greinda jord suo at ek heyrde þerss getit. ok þa tok at sier þorkell sucinsson

jord ok penninga ok hiełtt medan hann lifdi. ok þa sueinn þorkelsson epter hann. ok hann gaf dottur sinne er bauđu ar finnzson atte ok hier veit ek aunguañ hafa verit akiærdañ af þerssum ok eigi þa sem æ hafa buit sidan ó opt nefndri jordu af erfingium þorkels bergssonar. so ek hafi þat vitat vppa floritigi vetur ok hier skal ek sveria epter ef þurfa þikir. ok til sannenda hier vm setta ek mitt jnnsigli fyrir þetta uitnisburðarbref er skrifat var ó draflastandum j hnioskúrdal fimtudaginn næsta fyrir pvrificacio sancte marie þa et lidit var fra hingatburð vors herra jhesu christi þussuñd flogur huñdrud. lxxx ok t(u)au ar.

381.

26. Febrúar 1482.

í Laufási.

VITNISBURÐAR Hallgeirs Sigurðssonar um Dálksstaði á Svalbarðsströnd.

AM. Fasc. XXVII, 1, frumritið á skinni, og er innsiglið dottið frá.
— AM. Apogr. 171.

Þath giore ek hallgeir sigvrðson godvm monnum vitvrligt med þessv minv opnv brefi at ek heyrði þath sagt ath ion þirstill ok biorg Þorke(l)sdotter kona hans hefde lvckt gvdrvnu añdresdottvr j mala sinn jordina dalgstadi a svalbarðrz stravnd ok þar bio hvn til þerss er hvñ do ok akiærði hana einge ne omakadi vm fyr gre(i)nda jord svo at ek heyrde þess gettit ok þa tok at sier þorkell sveinson jord og penninga ok hiełtt medan hann lifdi ok þa sveinn þorkelsson epter han ok hann gaf dottvr sinne er bauðvar finnzson atte ok hier veit ek avngvañ hafa verit akiærdañ af þerssvm. svo bio ek a fyr greind(r)e jorðv dalstodvm upp a xi tolf manudo ok akærde mig eingenn ok eigi þa adra sem a hafa buit sidan a opt nefndri jorðv af erfingivm þorkels bergssonar svo ek hafi þat vitat vppa floritigi uetur ok hier skal ek sveria epter ef þvrfa þikir. ok til sannenda hier vm setta ek mitt jnnsigli fyrir þetta vittnisburðarbref er skrifat uar j lavfase j eýafirðe þriðivdagenn næsta fyrir translacio sancti johannis episcopi þa er

lidit var fra hingatbyrd vors herra jhesu christi þvssvnd flogur hvndrud lxxx ok tva(u) ar.

382.

10. Marts 1482.

á Viðivöllum.

HALLSTEINN Þorsteinsson gefr aptr í vald Benedikts Sæmundssonar það sama lögveð, sem hann hafði lagt upp í fimtán hundruð í Borgarhöfn í Hornafirði, en Benedikt gefr hann kvittan um meðferð og byggingu á Borgarhöfn með fleira skilorði, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXVII, 11, frumrit á skinni frá Skriðuklaustri. Af fjörum innsiglium er nú eitt fyrir bréfinu. — Apogr. 2876.

vm borgarhöfn¹⁾

Þat gerum vier gudmundr halluardz(son). jon arnason. jon broddason ok helge oddzson godum monnum kunugt með þessu voro brefi at þa er lidit var fra burd cristi M. cccc. lxxx. ok tuo ar. sunnudag næsta epter imbrudaga a langafostu²⁾ a videvöllum ytrum j flötz dal voro vier j hia saum ok heýrdum æ ord ok handaband þeirra hallsteins þorsteinssonar af einne alfu ok benedict(s) sæmundzsonar af annari at suo fyrir skildu at hallsteinn gaf aptur j uald benedictz þat sama laugved. sem hann hafði lagt upp j .xv c. j borgarhofn er ligur j hornafirde. sua þar skýlði hann ongua tiltolu eiga né hans erfingiar. hier j mot gaf fyrgreindr benedict adrnefndan hallstein aullungis kuittan fyrir sier ok sinum erfingivm vm alla meðferd ok bygging a jorduni borgarhofn sua micklum partt sem benedict atti þar vt j. sua skýlði hallsteinn kuittur vm alla leigu af þeim .x. c. sem hann atti at luka benedict fyrir .x. c. j borgarhofn. sua skýlði þeir kuittir allir sem hallsteinn hafði kuitta gert vm landskýllder ok verleigur. vetur ok sumar. vt af borgarhofn. vppa sua langan tima sem hallsteinn hafði borgarhofn haft vegna benedictz. ok til næstu fardaga nu j vor er kemur. Enn epter faranda fra fardaugum j vor arliga skýlde hallsteinn luka benedict .x. aura j leigu huert ar

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ þ. e. 3. Marts.

af þeim .x. c^{rum} sem hallsteinn atti at luka benedict fyrir þann tíu hundrada part sem hann keypti j borgarhofn at benedict. medkendizt benedict at hann hefði sellt ok feingit hallsteine halfan þridia tug .c.^a j borgarhofn. Sampykti sigridr hallzdottir kuinna benedictz allan þenna gierning þeirra j mille. Ok til sañinda hier vm settum vier fyrnefnder menn vor jnsigli fyrir þetta bref skrifad j sama stad siau nottum sidar enn fyr seger.

383.

18. Marts 1482.

á Helgafelli.

VITNISBURÐER Auðunar Oddasonar um landamerki milli Setbergs og Langadals litla, Valshamars og Bakka (Keisbakka) á Skógarströnd.

Landsskjalsafn 94² 4^{to} bl. 158^b (J.P.) með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. — AM. 264. 4^{to} bls. 21—22, skr. 1606. — AM. 252. 4^{to} bls. 38—41, skr. 1660 (af Jóni Steindórssyni á Kuerri). — AM. Apogr. 1604 og 1605. Prentað i Timariti Jóns Pétssonar II, 44—46.

Landamerke mille Setbergz og Langadalz litla.

Þad gioru vid Helge Helgason og Jon Eireksson godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefe ad vid vorum þar j hia saum og heyrðum á fostudaginn næstañ epter gregoriusmesso¹⁾. j Sydra Skogarnese. j micklholtzhrepp²⁾ ad³⁾ audun Oddason sór sofelldañ vitnizburd fyrir syra Helga Magnussyne profaste j millum Hijtarár og skraumu sem hier epter skrifad stendur.

Þesse er vitnizburdur Audunar Oddasonar vm landamerke j millum Setbergz og langadalz litla a skogaströnd. ad hann og hanz fader biuggu á Setberge langa æfe og voro þa eingin landamerke [halldiñ onnur⁴⁾ en þau⁵⁾ fyrgreindra jarda j millum. ad setberg ætti vpp ad merkegile enn langadalur ofañ ad vpp a fiall og ofan j á epter þui sem gilid geingur. og Oddur leppur sem þa atti Langadal hieilt hann⁶⁾ þesse somu landamerke. og eignadi alldre Langadal ofan yfer merkegil [og onguan heyrði hann eigna Langadal ofan

1) De 15. Marts. 2) mykholtzhrepp 264; 3) 264, 252; sl. 94; 4) [aunnur halldiñ 264; 5) 264, 252; þa(!) 94. 6) 264, 252; hin 94.

yfer merkegil¹⁾ fyrr enn narfa²⁾ Þorvaldsson. og olst fyrrskrifadur audun þar³⁾ vpp. og var þar leingstvið fram til þess hann var meir enn siotugur so hann visse þar til. þott hann væri vistum⁴⁾ j odrum sveitum. Heyrði hann og af sier elldre monnum þesse landamerke sogd j mille fyrrskrifadra jarda. enn eingin onnur so hann visse.

Þetta er vitnisburdur Audunar Oddasonar vm landamerki mille vðlzhamarz og bacha a skogarstrond ad fell það er⁵⁾ nu er kallad Midsaptanzfell. enn ad gomlu var kallad merkefell rædur landzmerkium⁶⁾ j millum firskrifadra jarda. Stendur stor steinn vppa fellinu. og sionhending vr steininum og⁷⁾ vpp j fuglstapa⁸⁾. þa sem standa vpp epter floanum. huor [ad rauk⁹⁾ annarz. og so vpp j götur og þaðan og vpp j ána stimlu. Jtem sionhending vr fyrrskrifudum steine a merkefelle og fram j sio. heyrði hann af eldri monnum þesse landamerke greind j millum fyrrskrifadra jarda. enn eingie onnur. [So heyrði hann og¹⁰⁾ sinn fodur segia og adra gamla menn. ad Oddur Þordarson. er kalladur var leppur. hefði ríjdit a landamerki þesse enu somu. þa¹¹⁾ er hann sellði kolbeine keis jordina backa a skogarstrond. og þetta væri saunn landamerki þar j mille.

Og til sanninda hier við et cetera¹²⁾ skrifad a Helgafelle j Helgafellz sveit manudaginn næstan fyrir Benedictz messu Anno 0 cd lxxx secundo.

384.

18. Marts 1482.

á Helgafelli.

DÓMR síra Helga Magnússonar prófasts og almennilegs dómara milli Hítarár og Skraumu um kærnu Haldórs ábóta á Helgafelli til Narfa Þorvaldssonar út af aðtekt hans á ýmsum jörðum klaustrsins.

Eptir skjalabók i 4^{to} úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar nú í Landskjalasafni 94² með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar, c. 1600.

¹⁾ [sl. 264, 252; ²⁾ Narffe 252; ³⁾ b. v. 264, 252; ⁴⁾ vid, b. v. 94 (útstrykað); sl. 264, 252; ⁵⁾ b. v. 264, 252; ⁶⁾ landamerkium 264, 252; ⁷⁾ sl. 264; ⁸⁾ foglstapa 264; folastapa(!) 252; ⁹⁾ [858, 264; a reke 252; ¹⁰⁾ [og suo heyrði hann 264. ¹¹⁾ 264, 252; þar 94; ¹²⁾ hér hættir 94; er því það, sem eptir fer, tekið eptir hinum handritunum.

Ollum godum monnum sem þetta brief sia edur heyra sende¹⁾ eg sijra Helge Magnusson profastur og almenneligur domare j millum Hijtarðr og Skraumu kuediu gudz og mijna kunnugtt giorandi. ad sub anno gratiæ 1482 manudaginn næstañ fyrir Benedictusmessu a Helgafelle j Helgafellsueit. var Narfe þorvalldsson þar þa logliga fyrir mig stefndur fyrir þa akiæru er Halldor abote ad Helgafelle kiærði til hans vppa klaustursins vegna a Helgafelle. J fyrstu grein. ad greindur narfi hefde gripid næpttvid klaustursinz a Helgafelle j Jordunne a Setbergi a Skogarstrond. og eignade sier þar Jtak vppa greinda Jord mote klaustursinz maldaga. Jtem fyrer adra sok ad firnefndur narfe eignade sier og kirckiunne a Eyre skog upp j klaustursinz Jord a Straume. og sýnde þar fyrer huorke maldaga nie annad skial og hafdi vnnid þar j vppa morg úr j oleyfe klaustursinz vmbodzmanna. Jtem fyrer þrijdiu sok ad þrattnefndur narfe hielldi og hefði halldid Jordina karstade. er liggur j Eyrar kirkiu sokn. og klaustursinz formenn eignudu klaustrinu ad Helgafelle. Jtem fyrir þa fiordu grein et cetera.²⁾

385.

6. Apríl 1482.

í Flatey.

Magnús Snorrason selr Magnúsi Þorkelssyni jörðina Jarlstaði í Bárðardal, en Magnús Þorkelsson kvittar nafna sinn um alla þá peninga, er hann átti að honum, og galt honum fimm ær með lömbum og fjögur ágildi í geldfé, og eru þeir þá kvittir hvor við annan.

AM. Fasc. XXVII, 5, frumrit á skinni. Innsiglin (þrjú) eru dottin frá.

Bref fyrir Jallstodum.

Þat giorvm vier tumas gudmundsson. eirekur þorarens-son. biorn gvdmunsson godvm monnum vitvrlægt med þessv voru opnv brefi ath þar uorv uier j hia savm ok heýrdvm a

¹⁾ senda, hdr. ²⁾ meira er ekki skrifað af þessu bréfi í skjala-bókinni, en skrifariann (c. 1600) ritar að lyktum: „Finis est vere precium vult scriptor habere“.

ord ok handaband þessara manna magnus snorrasonar af einni alfv en magnus þorkelssonar af annare ath fyr nefndr magnus snorrason selde greindum magnuse þorkelsýne jordena jallstade j bardardal er liggr j lvnðarbrekkv kirkiv-sokn med aullvm þeim gognvm ok gædvum er greindre jordv fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nýiv er optt nefndr magnus snorrason vard fremzst eigande ath. en hier j mot gaf magnus þorkelson alla þa penninga kvitta er han atte ath titt nefndvm magnuse snorrasyne og þar til fim ær med lombvm ok fiogr agilde j geldfe. skylde titt nefndr magnus þorkelsson halda sagdre jordv til rettra laga en magnus snorrason skylde svara lagaríptingv a fyrgreindre jordv. vorv vier oc fyr greinder menn nær stadder ok til kallader er opptt nefndr magnus snorrason medkenndeð ath hann hefde fulla peninga upp bored fyrir jordena jarlstade sem honum vel anægde oc því gaf þratt nefndr magnus snorrason opttnef(n)dan magnus þorkelson avlldvn(g)es kvittan oc akiærvlavsan vm fyr greint jardar verd fyrir sier oc ollum sinum epterkomeðdum. oc til sannennað hier vm settv vier fyr greinder men vor jnnsigle fyrir þetta kavps oc qqvittvnar bref er giort var j flateý laugardagen j helgu vikv þa er lided var fra hingadbvrd drottens vors þvsvnd fiogvr hundrvd atta tiger ok ii ar.

386.

11. Apríl 1482.

á Helgafelli.

DAÐI Arason selr Eiríki Haldórssyni og Ormi Jónssyni löglegum umboðsmanni hans jörðina Hríð milli Höfða og Ennis á Snæfellsnesi fyrir tuttugu og átta hundruð í lausafé, en Daði tilgreinir, að Snóksdalskirkja eigi skipstöð í Klett, búð og eldiviðarítak, og Eyrarkirkja búðarstöð.

Landsbókasafn 108. 4to bls. 47—48 með hendi Finns biskups Jónssonar á unga aldri, og staðfesta þeir, hann og faðir hans afskriftina: „Þetta er ordriett við sitt original pergamentisbref vijða roted þo læselegt. vitnum við sem saman lásúm, Hitardal d. 6. Augusti Anno 1723.

Jon Halldorsson Eldre.

finnur Jonsson“.

Borið saman við afskrípt gerða 10. Maí 1704 á Reykhólum af Gísla

Jónssyni og Eiriki Þorsteinssyni eptir frumritinu, sem þá var með einu innsigli (= b).

Kaupbref Dada Arasonar og Eireks Halldorssonar
 á Hrijsum i mille Hofda og Ennis
 Anno 1482.

Þat giðrum vær Einar Þórolfsson. Magnus Halldorsson. Skule Þordarson og Magnus Oddsson göðum monnum kunnugt¹⁾ með þessu voru opnu brefe at²⁾ fimtudagen i þáskaviku þá er lidet var frá hingatburd vors herra Jesu Christi ☉ cccc lxxx[ij³⁾] ár á helgafelle i helgafellsveit vorum vær i hið saum og heirdum á⁴⁾ ord og handaband þessara ærligra manna Dada Arasonar af einre álfr. enn Eireks halldorssonar af annare og Orms Jonssonar hanz lögligs umbodsmanns. at svo fyrer skilldu. at fyrrgreindur Dade arason selur ádurskrifudum Eireke Jördena hrijs er liggur i millum haufda og Ennis i Frodárkyrkjusokn. til fullrar eignar með avllum þeim gaugnum og gædum. sem greindre Jördu filgia⁵⁾ og filgt hefur at fornu og nyiu og hann vard fremst eigande at.

hjer i mót giefur fyrsskrifadur Ormur Jonsson i umbode Eireks halldorssonar viij⁶⁾ og xx⁶⁾ með þeim⁶⁾ frijðleika. xv mál nitukugillde. hest og iij vætter smiðrs fyrer iij⁶⁾ vj vetra gamallt naut fyrer ij⁶⁾ fiogra vetra gamallt fyrer j⁶⁾ tvö naut vj vetra gömul fyrer iij⁶⁾ vj saude gamla fyrer j⁶⁾ hálfsticke klædis fyrer ij⁶⁾.

Skulu þesser peningar lukter at nærstu fardögum af peningum offtnefndz Eireks halldorssonar.

Skyllde offtnefndur Dade Arason svara laga ryfftingum á fyrrgreindri Jördu hrijsum. enn Eirekur hallda til laga edur hañs umbodsmadur.

Greinde tijdtnefndur Dade at kyrkiañ i Snóksdal ætte skipstaud i klett. bud og eldevidartak. enn kyrkiañ á Eire budarstaud. enn ðngvann eldevid.

Ög til sanninda hier um settum⁷⁾ vier fyrrnefnder

¹⁾ kunnigt, b; ²⁾ á, b; ³⁾ [og tvö, b. ⁴⁾ tvískrifað i 108. ⁵⁾ filger, b. ⁶⁾ þessum, b. ⁷⁾ setium, b.

menn voru inzigli fyrir þetta Jarðarkaupsbref skrifad á sama stad deige og þre sem fyrr seiger.

387.

25. Apríl 1482.

í Ási.

ÞORBJÖRG Snæbjarnardóttir kvittar Finnþoga Jónsson um alla þá peninga, er hún átti að Finnþoga.

AM. Fasc. XXVII, 8, frumrit á skinni með báðum innsiglium, komið frá séra Skúla Þorlákssyni. — Apogr. 630.

Kuittantia Þorþiargar Snæþiarnardotter vþpa alla þa peningna sem þinþoge Jonsson lögman hafði vered henne v̄m skilldugur 1482¹⁾.

Þath giour(m) uid gamle þorsteinsson og sygurdr brodda-son godum monnum uiturligt með þessu ockru opnu brefi ath þar voro uid hia saaum og heyrðum á ath þorþiorg snæþiarnardotter meðkendizst með handabandi uid þinþoga jonsson ath hun hefde suo peninga upp borid og með hansaulum og iatyrde fulla borgan tekid ath henni uel anęgdi af sira einare benedicsyni á vegna þinþoga jonssonar fyrir alla þa peninga sem greindr þinþoge hafde henni skyldugr ordid. þu j sama handabandi gaf og giordi optt nefnd þorþiorg snæþiarnardotter þrattnefndan þinþoga jonsson aullungis kuittan og akęrulausan fyrir sier og sinum erfingium um alla þa peninga auoxtt og instędu er titt nefndr þinþogi hafdi henni att ath gialda fyrir þath iardar uerd er þorgerdr magnusdotter moder hennar hafdi henne gefid under optnefndum þinþoga. Og til sannenda hier um settu uit fyr nefnder men ockur incigli fyrir þetta bref skrifath j áási j kelleduherfi j auxarfirde jn festo marcię ewangeliste aa næsta ari eþter fyrnefndan giorning. anno domini m.^o cd.^o lxxxij.^o

388.

2. Maí 1482. í Saurbæ á Rauðasandi.

VITNISBURÐR um fund og viðskipti þeirra Einars Björnsson-

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá c. 1700.

ar og Bjarna „heitins“ Þórarinssonar við Skor, þá er Bjarni reið upp á Einar sofanda og hans menn.

Kriegers safn 2. 4to bls. 353—355 með hendi Styr's Þorvaldssonar c. 1700 eptir transskr. frá 5. Júlí 1490.

Það giðrum við Þordur Sigurdsson og Páll Jonsson göðum monnum viturlegt með þessu ockru opnu brefi. að vid vorum þar i hið. sðum og heýrdum á ord og handa-band þessara manna. af eirni álflu Einars Biörnssonar. en af annari Jóns Gudmundssonar og Þordar Eyrikssonar. að svo fyrir skilldu. að áðurnefndir menn Jon og Þordur handfestu fyrir skrifudum Einari Biörnssyni. svo latande vitnisburd. að þeir voru j Skor þá Biarni heitinn þórarinsson kom þar með sijnom monnum uppá optnefndañ Einar Biörnsson sofanda og hans menn. hiuggu þeir þá og slögu og skutu bædi með Byssu og Bogum. svo og eij sijdur sögdust fyrskrifader menn Jon og Þordur heyrt hafa. að tjttnefndur Einar Biörnsson baud fyrir sig og sijnna menn lög og ríett áðurnefndum Biarna heitnum. hvad hann mætti til hans tala með lögum. enn fyrskrifadur Biarni sagði þar neið vid. Hier með sögdu tjttnefndir menn Jon og Þordur þat þrattnefndur Biarni og hans menn hófdu gripid fyrir opt nefndum Einari og hans monnum þeirra peninga fyrst áttahrijug með æð og reida .vij. sverd. ij. hialltahnijfa. eitt armbristi. eina kystu. v. manna hanskar. Hier eptir vilium vid sveria ef þurfa þýker. Og til sanninda hier um settum vid fyrnefndir menn ockur Jnnsigli fyrir þetta vitnisburdarbréf er skrifad var j Saurbæ á Raudasandi fimtudaginn næsta fyrir krossmesso um vorit þá lidid var frá hingadburd vors herra Jesu christi M. cccc. átta tigger og ij. ár.

389.

2. Maí 1482. í Saurbæ á Rauðasandi.

VITNISBURÐR, að Bjarni „heitinn“ Þórarinsson hefði lýst því, „að hann skyldi handhöggva eðr fóthöggva“ Einar Björnsson og hans menn þá, sem í Skor voru, og að hann hefði skipað sínum mönnum að skammslá Einar og alla hans

menn og láta aungvan undan komast, og hefði farið að Einari og hans mönnum með höggum, slögum og skotum.

Kriegers safn 2. 4to bls. 348—351 með hendi Styr's Þorvaldssonar c. 1700 eptir transskripti frá 5. Júlí 1490.

Það giðrum vid Þordur Sigurdsson og Pall Jonsson godum monnum viturlegt med þessu ockru opnu brefi. ad vid vorum þar i hið. saum og heyrðum á ord og handaband þessara manna af eirni álflu Einars Biornssonar. Einn af annare Jons Gudmundssonar og Þordar Eyrikssonar. ad svo fyrirsildu. ad ádurnefnder menn Jón og Þórdur handfestu fyrskrifudum Einari svo latande vitnisburd. ad þeir hefði heyrðt Biarna heitinn Þórarinsson lysa því ad hann skýlði handhöggva edur fóthöggva Einar og hans menn þá sem i Skor voru og svo skipadi hann sijnum monnum ollum ad skamslá Einar Biornsson. og alla hans menn. og láta aungvañ undan komast og med þessari lofan og samtökum sögdu þeir Jon Gudmundsson og Þordur Eyriksson ad Biarni heitinn og hans menn hefði farid ad Einari og hans mönnum med höggum og slögum og skotum. bædi med Bogum og Bjssum. og svo hefði þeir tekid þeirra peninga j þessare sömu ferd. Og hier eptir vilium vid sveria ef þurfa þykir. og til sanninda hier um settum vid fyrnefnder menn ockur Jnnsigli fyrir þetta vitnisburdarbref. er skrifad var j Saurbæ á Raudasandi fimtudæginn næsta fyrir krossmesso um vorit. þá lidit var frá guds burd M. iiij.^c lxxxxij. ár.

390.

6. Maf 1482.

í Hvammi.

VITNISBURÐUR, að Bjarni „heitinn“ Þórarinsson hefði farið heiman úr Bæ til Skorar í þeim hug að slá Einar Björnsson í hel.

Kriegers safn 2. 4to bls. 351—352 með hendi Styr's Þorvaldssonar c. 1700 eptir transskr. frá 5. Júlí 1490.

Það giðrum vid Þordur Sigurdsson og Páll Jonsson godum monnum viturlegt med þessu ockru opnu brefi. ad

vid vorum þar i hið. sðum og heyrðum ð ord og handaband þessara manna. af eirni alfu Einars Þiornssonar. Enn annari Brands Asbiarnarsonar. at svo fyrir skildu. ad ðdur- nefndur Brandur handfesti fyrskrifudum Einari svo lðtanda vitnisburd. ad hann hefði heyrð Biarna heitinn Þorarinsson lýsa þvi ðdur enn hann fór heiman úr Bæ jnn til Skorar. ad hann skyllði slð Einar Þiornsson j hel. og svo bad hann sijna menn. ad þeir skyllðu slð Einar i hel og alla hans menn. lðta aungvañ undan komast þð sem j Skor eru. Hier epter vilium vid sveria ef þurfa þýkir. Og til sanninda hier um settum vid ockur Jnnsigli fyrir þetta vitnisburðarþref. er skrifad var i Hvammi á Bardaströnd mðnudaginn næsta eptir krossmesso um vorid. þð er lidid var frð hingadburd vors herra Jesu christi 0. og cecc. ðttatijger og ij. ar.

391.

6. Maí 1482.

í Hvammi.

HELGA Þorleifsdóttir selr og fær Guðna Jónssyni jörðina Neðra-Bakka í Langadal í Kirkjubólssókn til fullrar eignar og kvittar hann um andvirði jarðarinnar.

Landsbókasafn 119. 4to bls. 140, skr. c. 1650.

Þad Giore Eg Helga ÞorleifsDotter Godum monnum viturligt. ad ec medkiennunst med þessu mijnu opnu Brefe. ad eg hefe sellt og feingid Gudna Jonssyne Jordina Nedra Backa j langadal j kirk(i)u Bolz kirkiusokn til frialz forrædis og fullkomligrar Eignar. vndan mier og mijnum Erfingium. enn vnder Greindañ Gudna og hans Erfingia og Epterkomendur. med ollum þeim Gognum og Giædum sem greindri Jordu fylger og fylgt hefur ad fornu og nyu. og Eg hefe fremst eigande ad ordit. Medkiennest eg adurnefnd Helga Þorleifsdotter ad eg hefe fulla og alla peninga vppborid af optnefndum Gudna Jonssyne fyrer optnefnda Jord Backa. suo sem mier vel anæger. Þuj gef eg þrattnefnd Helga ÞorleifsDotter tijttnefndan Gudna Jonsson kuittañ og akiæru- lausan fyrer mier og aullum minum Aurfum og Epterkomendum vm þrattnefnda Jord og Jardarverd. Og til sann-

enda hier vm setta eg mitt Jnsigle fyrer þetta Jardar Bref. er skrifad var j Huamme j Huamssueit vppa Johannis Dag apostulj ante portam Latijnam. þa lidit var fa hingadburd vors herra Jhesu Christi m. cccc. lxxxij.

392.

[1482 eða síðar].

VITNISBURÐR Þórðar Sigurðssonar um aldr sinn og fæðingar-
ár Solveigar Guðmundardóttur.

Kriegers safn 2. 4to bls. 314—316 með hendi Styrð Þorvaldssonar
c. 1700.

Vitnisburðarbref nær Solveig Guðmundardotter
var fædd.

Það giðri ec Þordur Sigurðsson godum monnum vitur-
ligt med þessu mijnu opnu brefi. ad eg medkiennist. ad eg
hefi handfest Einari Biðrnssýni svo lýtandi vitnisburð. sem
hier epter stendur skrifat. at eg var sagdur af fòdur mýn-
um og móður og þeim monnum óðrum sem minn alldur
vissu .xi. vetra gamall þá Guðmundur Arason reid med
monnum sijnum j nordlendinga fiðrdung.¹⁾ þá somu reid sem
Biorn Kársson og fleijri nordlendingar hofðu lýst á ádur-
nefndan Guðmund Arason. og hans menn gripi og rðni og
heimsókñ. at eg vissa fyrer full sannindi at tijttnefndur
Guðmundur Arason og Helga Þorleifsdottur áttu ekki neitt
barn á lijfi sijn i milli j þann sama tijma. Enn þá Sol-
veig dottir optnefnds Guðmundar Arasonar og Helgu Þor-
leifsdottur var fædd. sem nu lifir. og Biarni heitinn Þorar-
insson²⁾ kalladi sijna eigiñkonu. þá var eg fimtan vetra
gamall.³⁾ Hier eptir vil eg sveria ef þurfa þýkir þá eg er
med Lögum til beiddur.

Og til sanninda.

¹⁾ Það var 1427 (Nýi annáll). Þórðr er því fæddr 1416. ²⁾ Bjarni
Þórarinsson bóndi Solveigar var veginn 1482. ³⁾ þ. e. 1431.

393.

[1482. eða síðar].

VITNISBURÐER Filippuss Sigurðssonar um aldr sinn, þegar Guðmundr Arason gerði norðrreiðina (1427) og þegar Solveig Guðmundardóttir fæddist (1431).

Kriegers safn 2. 4^{to} bls. 323—325 með hendi Styrs Þorvaldssonar c. 1700.

Það giöri (eg) Philippus Sigurdsson góðum monnum viturligt með þessu minnu opnu brefi. að eg meðkiennunst. að eg hefi handfest Einari Biörnssýni svo latandi vitnisburd sem hier epter stendur skrifad. að eg var sagdur af födur minnum og modur og þeim monnum öðrum. minn alldur vissu. xix. vetra. þá Guðmundur Arason reid með monnum síjnum j nordlendinga fiordung.¹⁾ þá sömu reisu sem Biorn Kársson og flejri adrir nordlendingar lystu á áðurnefndan G(udmund) A(rason) og hans menn ræni og Gripi. og heim-sökn. að eg vissa fyrir full sannindi. að fyrnefndur Guðmundur Arason og Helga Þorleifsdottur áttu ecki neitt barn á lifji síjn i milli j þann sama tijma. Enn þá Solveig dottir optnefndz G(udmundar) A(rasonar) og Helgu Þorleifsdottur var fædd. sem nu lifir. og Biarni heitinn Þorarinsson²⁾ kalladi síjna eiginkvinnu. þa hafda eg þrið vetur og tuttugu. Hier eptir vil eg sveria ef þurfa þykir. og (eg) er lögliga tilkvaddur.

394.

9. Maí 1482.

á Helgafelli.

HELGI Ísleifsson lýsir því, að hann hafi í umboði Andrés Ámundssonar og hans hústrú Gunnhildar Pétrsdóttur selt Halldóri ábóta á Helgafelli jörðina Munaðarnes í Trékyllisvík fyrir tuttugu hundruð, og kvittar hann ábóta um andvirðið.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétssonar í 4^{to}, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600, nú í Landsskjalasafni 94²

Það giore ég Helgi Ísleifsson godum monnum kunn-

¹⁾ Það var 1427. Filippus er því fæddr 1408. ²⁾ Bjarni var veginn 1482.

ugt med þessu mijnu opnu brefi ad eg hefi medkienst. ad eg hafi sellt Herra Halldore med guds nad abota a Helgafelli j wmbodi Andries Amundssonar og hanz Hwstru Gunnhilldar pieturzdottur. Jordina Munadarnes er liggur j Arness kirkiusokn. med ollum þeim gognum og giædum sem greindre Jordu fylger og fylgtt hefur. ad fornu og nyiu. og fyrgreind Hwstru Gunnhilldur var framast eigandi ad ordiñ efter Loftt heitinn Ormsson sinn Bonda. huorz sál gud náði. Hefur hann bitalad mier vppa firr nefudra manna vegna Andriesar Amundssonar [og Hwstru Gunnhilldar¹⁾] so felldum peningum sem hier epter skrifader standa. iiij malnytu kugilldi. j eygeinginn vxa iiij vetra gamlañ fyrir ij^o: 8 saudi gamla fyrir ij^o: hest fvrr halftt anat hundrad. xviiij fiordunga smiorz fyrir ij^o: x vætter skreidar ferugvætta fyrir ij^o: ij halfstycckiss klædi fyrir vj^o: hef eg þessa somu peninga alla vppborid þeirra vegna. epter þui sem mier vel anæier. þui gief eg herra Halldor olldungiss kuittañ og akiærulausañ. wñ fyrgreintt Jardar verd. og thilsanninda hier vm setta eg mitt Jnsigle fyrir þetta kuittunarbrieff. skrifat a Helgafelli j Helgafellzsueit. fimtudaginn næstañ fyrir Hallvardsmesso. Anno Domini 1482.

395.

20. Maí 1482.

á Þorkelshóli.

TYLFETARDÓMR útnefndr af Hrafní lögmanni Brandssyni um það, hver vera skyldi umboðsmaðr Orms Bjarnasonar.

AM. Fasc. XXVII, 13, frumritið á skianni frá Staðarhóli. Tólf innsigli hafa verið fyrir bréfinu, en þau eru nú öll dottin frá. AM. Apogr. 1491 (eptir frumbr.).

Domur wñ wmbod Ormz Biarnassonar²⁾

Awllum Maunnum þeim sem þetta breffs sia edur heýra Senda. Eiggell grimsson. Gunnlaugur Þorkellsson. Einar arnason. Olafur Þorwardzson. ketill teitzson. jllughe halldorsson. Gizaur biarnarson. liotur þorleifsson. þorualldr gudmundzson. þorkell þorsteinsson. biorn jonsson ok Eiggell jonsson Quedio guds ok sina. kunnighth giaurandhi. ath þa eth

1) b. v. vantar í hdr.; 2) Utan á bséfinu með hendi frá c: 1600.

lidit war fra hingath burdh wors herra jehsu christi þusundh flaugur hundruth attatighir ok tuau ar. a þorkelshuole j vífdedal a almennelighv hierads þinghi. mǫnudaghin næsta fyrir huitasunnu. vorum vier j dom nefndir. af ærlighum manne hrafne brandzsyne laughmanne fyrir nordan ok westan a jslande. ath skodha ok dæma¹⁾ huerr vera skýlldhe vmbodhs Madr orms biarnasonar. kaulludo þar til vmbodha sira gudmundr skulason. arne þorleifsson ok þáll brandzson veghna jngebiargar þorwardzdottur kinnu sinnar. Enn hustru margreth vi(g)fwsdotter hafde adr j setzt ok ath sier tekit ok dom fyrir lagth eptir dandhi manna giordh ok samþýkt. og beidduzt hier domz a ok vndir laugdu med handabandhe hwer hallda skyllde peningha adhr greindhz orms biarnasonar. En sakir þess ath oss leitz erfinghi orms einghi hallda megha vmbodit. edhr þeir er þar næstir standa j erfdatale. ok aunguan þann nanara er fullar vaurdzlur ok borgun hefdhe. fyrr enn jngebiorgh þorwardzdotter. ok gudridr systir hennar. Þui dæmdhum vær adr nefndhir domsmenn þal brandzson ok erlend erlendzson bændur fyrr greindra kuenna. laughliga vmbodsmenn þratt nefndz orms biarnasonar. Ok þal brandzson skýlldughann ath sier ath taka peningaþa ok eptir ath kæra ok allar skuldir ath afhgreida þær hann yrdhe med laugum skylldugur ok fullt forswar fyrir ath veita beggia þeirra veghna. Enn erlendhr skylldhur ath jnna honum fullt fyrir starf sitt hans veghna eptir dandhi manna giordh ef þeir semia eighe sialfir ok skipta med sier vmbodunum. enn ef þeim semdhe þat eigi sialfum. þa skyllde þeir nefna þar til sex skynsama menn at skipta til jafnadar med þeim. Enn hustru margret riethyligha hafa ath sier tekit peningana ok j setzt ok med skildh. skuli Enn hyggia ath a huerium tolfmanudhum huersu med peningana er farit eda sueinnenn er halldinn.

Samþyckte þennan uorn dom medh oss fyrr nefndr hrafn laughmadr. hverr eth sitt jncigle setthe medh vorum fyrr greindra manna jnciglum fyrir þetta vorth domsbrefh. er

¹⁾ dæmda, frumritið.

skrifat var a asgeirsa j víjdedal a sama úre deggi sidhar enn fyr segir¹).

396.

20. Maí 1482.

á Þorkelshóli.

TYLFTARDÓMR útnefndr af Hrafni lögmanni Brandssyni um arf og löggjafir Sophíu Loptsdóttur milli Árna Þorleifssonar og Páls Brandssonar umboðsmanns Orms Bjarnasonar.

IBfél. 309. 8^{vo} bl. 117^b — 119^a með hendi Ara Magnússonar í Ögri c. 1620; — IBfél. 67. 4^{to} með hendi séra Eyjólfis Jónssonar á Völlum í Svarfaðardal (d. 1745). — AM. 199. 4^{to} bls. 46—48 skr. c. 1604. — Afskript af dómi þessum er til mjög víða í dómabókum, en ártalið er nær alstaðar skakt, optast 1402 og einstaka sinnum 1485 og enda á fleiri vegu, en það er alt rangt, og flestar eru afskriptir bréfsins mjög breinglaðar.

Domur hrafnz laugmannz wm Tijundargiuf²).

Aullum monnum sem þetta bref sia edur heyra senda³) Egill Grijmsson. Gunnlaugur Þorkelsson. Einar Arnason. Olafur Þorvardsson⁴). Kietill Teitsson. Jllaugi Halldorsson. Liotur Þorleifsson⁵). Þorvaldur⁶) Gudmundsson. Gissur⁷) Biarnarson. Þorkiell Þorsteinsson. Biorn⁸) Jonsson og Egill Jonsson q(uediu) g(uds) og sijna kunnugtt giorandi at [þa lidit var fra hingatburdi vors herra Jesu Christi M CD lxxx og tvö⁹) úr a þorkielzhuoli j vididal¹⁰) manudaginn næstann firir fardagaviku vñ vorit vorum vier j dom nefnder of erligum manne Rafne Brandssyni laugmanne nordan og westan a Jslandi ad skoda. ransaka¹¹) og dæma a millum þeirra Arna Þolleifssonar og Pálz Brandssonar vmbodzmanz Ormz Biarnasonar¹²) vñ þann arf sem Arne reiknade sier fallit hafa oc brædrum sijnum eptir Soffiu Loptzdotter modur Ormz enn faudurmodur sijna. og ei sijdur vñ allar þær giafer sem adur nefnd Sophia hafde

¹) þ. e. 21. Maí. ²) 309; — giuf = giöf; ³) sendum 309; ⁴) Þorualds-son 199 (rangt); ⁵) Leitsson 309 (rangt); ⁶) Þorvardur 309 (rangt); ⁷) Gijlsle 309 (rangt); ⁸) Biarni 309í 67, 199 (rangt). ⁹) [67; arum epter lausnaranz hingatburd 142 (!) 309; 1402, 199 ¹⁰) 67; Eidedal (!) 309; ¹¹) sl. 199 67; ¹²) Brandssonar 199 67, 309 (rangt).

gefit vr aullum sijnum peningum. huorsu logligar þær skyllde vera.

laugdo þessar fyrgreinder menn Pall og Arni sig þar vnder dom med handabande.

Nu af þui ad vor landz log)¹ so vtuijsa²) ad sonar sonur skal taka jafntt uid dottur þui dæmdum vier Arna og brædrum hanz þridiung. Enn Ormi ij hlute af arfue epter Sophiu bædi j londum og lausum eyrer³). Enn þau odul sem meire ero og fader Arna stod til leysi hann ef hann vill⁴) fimtta hlut minna enn verd ero [nu⁵) j næstum⁶) fardaugum [Lx^c ⁵) jnan sueitar Pali Brandssyne j haund j fulluirdu gosse. enn ef hann leyser ei suo siehann af þeirri lausn bædi firir sig og brædur sijna.

[Nu saker þess⁵ j annari grein ad þar kom ei fram firir oss ad peningar epter Sophiu andada væri meire enn hun hafde at erfdum tekit epter faundur sinn og modur. þui dæmdum vier at hun skyllde ei mega vr sijno erfdagosse meir med laugum gefa enn Tijundargiof. Enn ef tijundargiofin hrycki eigi til gíafanna. þa skylldi so firir huorium skerda sem tala rennur til epter fiarmagne. vtan salugiafer þær skulo fyrst oskertar af lukazt. Enn⁷) tijundargiof dæmdum vier fimta huortt hundrad. kynne og suo ad⁷) profast ad Sophia hafi haftt nockut aflagoss þa skylldi hun hafa vr matt gefa fiordungzgiof. Reiknast og svo til ad Ormur sonur hennar meigi epter Tijundargiof halda badum jordunum Fagradolum⁸) þa skylldi honum skiptast til eignar þad sem þá þyrftti aptur ad leggiast. Enn þratt nefndur Pall vmbodsmadur hanz kiosi j huorri jordunne þad skylldivera er til skiptanna legst.

Samþykktu þennann vorn⁹) dom med oss adur nefndur Rafn Brandsson laugmann og [setti sitt innsigli med vorum innsiglium firir þetta vort domsbref. hvert¹⁰) skrifat var¹¹) a Asgeirsó [i Vididal a sama ari ¹²) ij dogum sijdar [en fyr segir¹²).

¹) laga bok 67; ²) ut visar 67; ³) avrum 67; ⁴) uildi 309; ⁵) [sl. 309; ⁶) næstu 309; ⁷) sl. 67; ⁸) Þaradolun; 199 Faxadolun IBfél. 79. 4to þar a dalnum 309; ⁹) sl. 309; ¹⁰) [et cetera 309; ¹¹) sl. 309; ¹²) [sl. 309.

397.

25. Maí 1482.

í Björgvin.

VOTTORÐ Þorleifs Björnssonar um, að hann skuldi herra Jóni Smjör, riddara og höfuðsmanni í Björgvin, hundrad Rínsgyllini, sem hann lofar að borga í haust.

AM. Apogr. 5514 "Efter copiu med hende Sr. Biarna Hallgrímssonar" (AM.). „Dær variæ lectiones sem hier standa in margine og uppi yfir einstaka stöfum med minne eigen hendi, eru teknar ur copiu af þessu brefi, sem Mag. Jon Thorkelsson Widalin hafde med eigen hendi ritad efter originalnum og mier sendt, þá hann var kirkiuprestur í Skalhollte (nota: þá var enn originallenn þar). öllu öðru bar stafrett saman i þeirre Mag. Jons copiu og hinne er Sr. Bjarne hafde ritad. a sinne copiu hafde Mag. Jon sett þennann efterskrifadann titul: Vitnisburdr uppá obligatiu Þorleifs Biörnssonar til herra Jons Smör, uppa hundrad Rinsgyllene" (AM.). Þetta frumrit, sem Árni getr um, hefir verið transskript fjögurra manna gert 14. Maí 1527 á Hattabergi í Noregi. Mismunr afskriftanna er alveg ómerkr.

Obligatia Þolleyfs Biörnssonar upp á .j.c¹) Rijns gylleni.

Dett giore jeg Thorleif biörnsson godum monnum kunnigt med thessu minu opnu brefe. ath eg medkennuust ad eg er skuldug hundrad Rins gyllene herra Jon Smör riddara og hauffuðsmanni ifver kongsgardenn j beren. for den kreara sem eg køpt ad honum j berenn vt af Stralsund. Skal jeg late føre thessa peninga till bergvin j haust. for utan hindur skada og forfall. Og tijll sanninde heer vm setta eg mitt jnnsigle for thetta bref skriffvat j beren laugardagenn næst for pinsdag. þa lidit var fra hingadburd vors herra Jesu Christi M. CCCC. lxxx. og .ij. aar.

398.

17. Júní 1482.

í Björgvin.

JÓN Smjör „riddari og höfuðsmann upp á konungsgarðinn í Björgvin“ lýsir Eyjólf Einarsson fullan óbótamann, fyrir að hafa fangelsað og tekið Jón prest Snorrason í Bæjarstað um náttartíð og sett í járn, nema hann sætti sig við Þorleif Björnsson með skynsamra manna ráði. (Sbr. bréf frá 20. Aug. 1484).

AM. Fasc. Dipl. Norv. XXV, 20, transskript á skinni gert í Flatey

¹) Stendr: ije í afskrift séra Bjarna, en Árni leiðréttir.

22. Júlí 1482. Prentað í Dipl. Norv. V, Nr. 918 (bls. 661), og er þar talið dagsett 7. Júní, sem mun vera prentvilla fyrir 17.; í F. Joh. Hist. Eccl. Isl. 1V, 172—173.

bref um eyolf einarson¹⁾

Jag Ion smior. riddari ok hofudsmann. wppa konungs gardin j biorguin. giorum viturligtt alle ath kom for rijk-insins raad j biorguin. wel burdig man. Torleif biornson ok tiedj bref forer oss med heilum ok oskoddum jnsiglum. lydandj ath erkibiskup olaf go(d)rar aminningar forðum erkjbiskup j þrandheimí. hvers siel gud²⁾ nadj. lysti eyvlf einarson j kirkiunar bann ok pafans ok matti eigi af leysaztt fyrr enn hann warj forlíjkttur med herra jon snorra-sonn. forj tej saker ath hann hafdj gripit fornefndañ jon j bæiar stad vm nættar tíjd ok burt færde med sig. j stock ok j iarn setti. wtt af huilkiñ jarn fornefndur herra jon kom. ok j eina kirkiy. kom þá for nefndj eyulfr med sina medfylgiara. ok toku forr nefnd herra jon vt af kirkennj ok fardu honom j sama fangelsi j gen. sem hann fyrr j var. forer suo dann reyrdar saker. haldur ek honom fyrir ein fullañ obotamann eptter þui sem stár j logbokinnj j obotamalenv. nema hann sætti sig vit torleif biornson. eftter ty sem skynsomum monnum tyker skialigit verra. suo framt ath hann vill blijfa j logum vpp a kruvunar vegna. ok a rijkisins vegna. Til sanninda hier vm. settj jag mitt jnn-sigli fyrir þetta bref. sem skrifath var j biorguin f(r)iadaginn næsta eptter helga líjkama dag. anno domini M^o. cd^o. lxxx. íj.

399. 22. og 23. Júní 1482 í Skálholti.

MAGNÚS biskup í Skálholti skipar á synodo með ráði nærstaddra kennimanna allar þær eignir og ítök til Hofskirkju í Héraði (Öræfum), er átt hefir kirkjan á Eyrarhorni, og transskribera þeir Hofskirkju máldaga, er Michael biskup setti 1387.

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ gug, hdr.

AM. Apogr. 2043, afskript gerð á Dyrhólum 1705 eptir transskripti frá 8. Júní 1652, sem gert var eptir transskripti frá 16. og 17. Ang. 1585, en það mun eiga að hafa verið gert eptir frumritinu. Afskript af þessu bréfi er og í Biskupsskjalasafni 2.4^{to}. með hendi Einars skóla-meistara Jónssonar 1752 eptir blöðum komnum frá séra Benedikt Jónsyni í Bjarnanesi (d. 1744), og hafði hann sent þau Jóni biskupi Árnasyni, en biskup fyrrum skipað að láta færa þau inn í bók (sbr. Dipl. Ísl. IV, bls. 30). En á Bjarnnessblöðunum hefir bréf þetta einmitt verið tekið eptir sömu afskriptum og Dyrhólaafskriptin. Eg hefi getið þess til í Fornbréfasafni III, 400, að transskript þessa bréfs sé gert c. 1483, en sá skilningr þykist eg nú sjá að réttari sé, að það muni einmitt gert 23. Júní 1482, daginn eptir að skipan Magnúsar biskups á að vera gerð, og er það í sjálfu sér ekkert ólíklegt. En hinu er örðugra að koma heim, að þá hafi ábóti sá verið á Helgafelli, er Helgi hét, því að eingin rök finnast til þess, að nokkurn tíma hafi ábóti verið þar með því nafni. En sæmileg gögn eru fyrir því hins vegar að Haldór Ormsson er ábóti á Helgafelli 1480 (bréf 14. Apríl það ár, Nr. 239), og gögn, sem ekki verða rekin, að hann hafi verið þar 1481 (bréf 27. Okt. það ár, Nr. 371) og eins einmitt 1482 (bréf 18. Marts og, Nr. 383) og síðan leingi. Er því ekki nema tvent til, að annaðhvort sé bréf þetta alt eitt falsbréf, sem þó er ekki líklegt, þar sumir af prestum þeim, sem hér eru nefndir, þekkjast annarstaðar frá, ellegar þá að nafn ábótans hefir mis-skrifast Helgi fyrir *Haldór*, og er það líklega.

Það giorum vier Helgi¹⁾ med Gudz náð úboti ad Helgafelli. Jon Gislason. Audun Þordarson. Magnus Helgason. Sveinn Jonsson og Finnur Magnusson prestar Skalhollts biskupsdæmis godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi. ad vier hofum sied. lesid og grandvarlega athugad þann máldaga kirkiunnar ad Hofi j Hieradi sem skrifadur stendur j þeirri máldagabok sem giðra liet biskup Michel godrar minningar. hvor var Skalhollts biskup. er hann svo j maldagabokinni j Skalhollti ord epter ord. so sem hier seiger.

[Hér kemr máldagi Hofskirkju í Öræfum 1387, Dipl. Ísl. III, Nr. 345].

Anno domini M. cd. lxxx. secundo laugardaginn næstann firir Pietursmessu og Páls á almenniligri prestastefnu j domkirkiunni j Skálholhti giðrdi sá virdulegi herra og andlegi fader broder Magnus biskup j Skálholhti þessa epter skrifada skickun. med

¹⁾ Svo.

ráði allra þeirra kiennemanna sem þar voru þá samankomner. ad allt það sem átt hafði kirkian ad Eyrarhorni. lönd. reka og jtök. það sem epter var ospiallad. þá skyldi það leggiast til kirkiunnar ad Hofi epter þennan dag.

Þesse adur greindur herra broder Magnus giördi þessi umskipti vid kirkiuna ad Hofi med handsöladu samþycki Magnusar bonda Gunnarssonar. sem þá var eigandi ad Hofi. Fyrer halft Skaptafell fieck hann til eignar klrkiunni ad Hofi halft Svinafiall.

Og til sanninda hier um setti fyrrskrifadur herra Magnus sitt innsigli med vorum adurgreindra manna innsiglium firir þetta bref hvort skrifad var j Skólholttl. á sama ári. degi sidar enn fyrr seiger.

400.

2. Júlí 1482. á Hóli í Bolungarvík.

VITNISBURÐR Einars Haldórssonar, að Björn Þorleifsson hafi gefið Solveigu dóttur sinni Vatnsfjörð.

Kriegers safn 2. 4to, bls. 178—179, með hendi Styr's Þorvaldssonar c. 1700.

Þda giöri eg Einar Halldorsson godum monnum kunnigt med þessu mijnu opnu brefi. ad eg medkiennist ad eg heyrda Biörn Þorleifsson eigna dottur sinne Solveigu jörðina Vatzfiörd. svo og heyrda eg fyrnefndur Einar ad Kristijn Biornsdottir bad ádurnefndañ Biorn Þorleifsson son sinn ad hann skyldi láta fyrnefnda jörd vatzfiörd fylgia nafni. enn tijttnefndur Biörn sagdi þar jð til. Og til sanninda hier um setta eg mitt jnsigli fyrir þetta vitnisburðarbref. Skrifad á Hóli j Bolungarvík mánudaginn næsta fyrir de Sanctæ Mariæ suiptune¹⁾ Anno domini M. CCCC. lxxx. og ij. ár.

401.

4. Júlí 1482.

á Harastöðum.

VITNISBURÐR Gregoriusar Jónssonar um Dálksstaði á Svalbarðsströnd.

¹⁾ D. e. Þingmaríumessa og Svithunsmessa 2. Júlí.

AM. Fasc. XXVII, 3, frumritið á skinni, og er innsiglið dottið frá.
— AM. Apogr. 170,

Þath giore ek gregorius jonson godvm monnum vitvrligt med þessv minv opnv brefi ath ek heyrði þath talat ath gvdrvn aøndresdotter hefde lotet jordena dalgzstadi alla a sualbardzstrond j sina penni(n)ga vm voret er þorkell bergson bonde hennar salastisz¹⁾ fyrir vm vetrenn enn jon þistel ok biorg kona hans hefde feingit frida peninga ok ofrida j stadenn. suo ok visi ek adr nefnd(ur) gregorius fyr greind gudrun bio a jordvne dalgstodvm til þess er hvn do ok akiærði hana einge ne omakadi vm fýrgreinda jord svo ath ek heyrde þess getit. ok þa tok ath sier þorkell sueinsson jord ok penninga ok hiehltt medan hann lifdi ok þa sueinn þorkellsson efter hann ok hann gaf dottur sinne er bauduar finnzson atte ok hier ueit ek avngvañ hafa verit akiærðan af þessvm ok eigi þa sem a hafa bvit sidan ð oft nefndri jordu af erfingivm þorkels bergssonar svo ek hafi þat vitat vppa floritigi uetr ok her skal ek sveria epter ef þvrfa þykir. ok til sannenda hier um setta ek mitt jnsigli fyrir þetta vitnisbyrdarbref er skrifat var a harastodum j hnioskúrdal translacio sancte martine ok epýscopi þa er lidet var fra hingathurd vors herra jhesu christi þvssvñd flogvr hvñdrvd lxxx ok t(u)au ar.

402.

21. Júlí 1482.

í Kirkjubæ.

ÞORKELL prestr Björnsson fær Magnúsi biskupi í Skálholti upp í barneignasektir og önnur brot jörðina Eyjar í Breiðdal, en 10 hundruð í Gilsá í Breiðdal og þar til fimm hundruð standi fyrir brigð.

Bisk. Skalh. Fasc. XVI, 18, frumrit á skinni og er innsiglið dottið frá. — AM. Apogr. 2497 „accuratissime“.

Vm iordina eyjar er liggur j austflordum.²⁾

Þat giore eg³⁾ þorkell prestr biornsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefe ad ek³⁾ med-

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi. ³⁾ Svo.

kennuñzt ad eg¹⁾ hefi fengit minum herra biskupinum herra magnuse med gudz nad biskupe j skalholhti jordina eyiar er liggr j breiddal j heydala kirkiusokn med ællum þeim gægnum og gædum sem greindri jordu fylger og fylgt hefur ad fornu og nýiu og eg¹⁾ vard fremzt eigandi at j þær sekter sem eg medkennuñzt ad eg hefi brotligr ordit j barn-eignum og ædrum brotum enn ef nockur lagarípting kann vppa ad koma fyrr greinda jord eyiar þa set eg¹⁾ þant og fæ eg til fullrar eignar fyrrnefdum herra magnuse tíu hvndrut j jordunne gilsæ er liggur j breiddal j sæmu kirkiusokn med ællum þeim gægnum og gædum sem fyrr greindri jordu fylger og fylgt hefur ad fornu og nýiu og eg¹⁾ vard fremzt eigandi ad og þar til fimm hundrvt af mer edr minum erfingium þeim sem rípta vilia fyrgreinda jord eyiar. Og til sanninda hier vm sette eg mitt junnscigli fyrir þetta bref skrifat j kirkiubæ a vtmannasueit miduikudaginn næsta fyrir jacobsmesso vm sumarit anno domini M^o cd^o lxxx^o secundo.

403.

22. Júlí 1482.

í Flatey.

TRANSSKRIFT af bréfi Jóns riddara Smjör's um bannsetning Eyjólf's Einarssonar frá 17. Júní 1482 (Nr. 398).

AM. Fasc. Dipl. Norv. XXV, 20, frumtransskriptið á skinni. Prentað í Dipl. Norv. V, bls. 661. Af þrem innsiglium eru hin tvö fyrstu dottin frá. F. Joh. Hist. Eccl. Isl. IV, 173.

Medkennvmstt værr gudne jonsson einar brandzson ok hafidi skulason. at wær hofum sied ok yferlesit opit bref. werdug herra. þerra jons smiors riddara ok hofudsman [á kongsgardin²⁾] j biorguin med hans heilu ok oskoddu insigli. Suo latanda ord eptter ord sem fyrr skrifat star. Ok til sanninda hier vm settvm wær wor insigli fyrir þetta trannskrifttarbref. skrifat j flatey a breidafirdj. manvdagin næsta fyrir jacobi apostulj. a sama úrj sem fyrr seiger.

¹⁾ Svo. ²⁾ [á spássiu og nokkuð óglögt vísað inn.

404.

23. Júlí 1482.

í Flatey.

TRANSSKRIFTARBRÉF af dómi ríkisráðsins norska um góz Þorleifs Björnssonar frá 25. August 1481 (Nr. 360).

AM. Fasc. XXVI, 27, frumtransskriptið á skinni. Af sex innsiglium eru fjögur fyrir.

Medkenunzt ver einar brandsson þorkell sueinson sigurdr ionson are magnusson. jon asmundzson og þorkell oddzson med þessu woro opnu brefi ath ver havfum sied og yferlesit opit domsbref þessara fyrnefndra verdug(r)a herra og ærligra manna krununnar væpnara og ríkis ráds j norege. med þeirra heilum og oskauddum hangandi innciglium suo latande ord epter ord sem fyrr skrifad stár. Og til sanninda hier um settum ver fyr nefnder menn wor juncigli fyrir þetta transkriptarbrief skrifath j flatey á breidafirde þridiudaginn næsta fyrir iacobs Messo áre síjdar enn fyrr segir.

30. Júlí 1482.

405.

22. August 1493. á Skriðu í Fljótsdal.

VITNISBURÐARBRÉF tveggja manna um skilmála Magnúsar biskups góðrar minningar og Orms prests Eiríkssonar, að Ormr prestr skyldi gjalda kirkjunni á Hofi í Vopnafirði tutugu hundruð í næstum fardögum, og skyldi hann þar með kvittr við staðinn um alla staðarpeninga.

AM. 263. Fol. bls. 4, máldagabókin forna frá Skálholti, skr. 1598.— AM. Apogr. 5758 með hendi Árna Magnússonar (eptir 263. Fol.).

gamall maldage.

Þad giorum vid hallsteinn þorsteinsson: oc Gvnnlaugur Biarnarson godvm monnvm kvnnugtt med þessv ockrv opnv brefe: þa lidid var fra hingad burd vors herra jesv christi M. cccc. lxxx oc tuo ar: næsta dag epter olafsmesso firri vm svmarid vorum vid j hia: savm oc heyrdum a: ord og handaband biskup(s) Magnús: godrar minningar: oc Orms prestz Eirekssonar: ad suo felldur skilmale for fram

med þeim ad adurnefndur Ormur prestur: lofade ad giallda kirkiunne a Hofe j Vopnafirde xx^c j ollum þarflegum peningvm: ad næstum fardogvm. Skyllde þratt nefndur Ormur prestur hier med vera kvittur vid stadinn: vm alla stadarins peninga: sem hann atti honum ad giallda: ad þessum peningvm luktum. Og til sanninda hier vm: settum vid ockur jnsigle firir þetta bref: skrifad a skridv j fliotz dal fimtudaginn næsta firir Bartolomeus messv: Anno domini M.º cd. xcij.

406.

31. Júlí 1482.

í Grundarfirði.

DIÐRIK Pining hirðstjóri og höfuðsmaðr yfir öllu Íslandi skipar Magnúsi Þorkelssyni sýslu milli Varðgjár og Úlfsdalafjalla (Vaðlaþing).

AM. Fasc. XXVII, 9, frumrit á skinni, og er innsigli Pinings heilt fyrir bréfinu.

Syslubref Magnus Þorkelssonar a(f) Didrich
P(ining) Anno 1482.¹⁾

Þat giore eg dirich pining hirdstiore ok hofudsmann yfer ollu jslande godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefe ath eg hefe vnt ok skipat ærligum dande manne magnuse þorkelssyne mins herra kongsins sýslu ok vmbod j millum vargiar ok vlfsdalafialla med rekum ok renningum huolum ok hafrextum ok al(l)re þeirre rentu sem greindre sýslu fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nyiu. skal hann iarder byggia þær sem eg hefe eigi adr rad fyrir giort tolla ok viseyre vth ath krefia ok upp ath bera. skal hann aull móul smærre ok stærre segta ok sækia ok nidrsetia ok fyrir sig stefna prof æ taka ok doma uth ath nefna ok dag ath gefa þeim monnum sem j vandræde kunnu ath falla sem gud late færre en fleire. ath ollu jafnfullu sem eg sialfr. Skal hann eignazt aull. vj. marka mal ok þær fyrir jnnan. en ef

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld þeirri sömu, sem víða hefir ritað á spássíur Svalbarðsbókar af Jónsbók (AM. 343. Fol.).

stærre mál kunnu til ath falla þa skal hann mior þar fullan reikningskap af giora upp a mins herra kongsins uegna ok minna. bid eg vm alla dande menn ath þier sieud honum greider ok godviliuger vm þann godvilia sem þier vilid honum giort hafa. skal hann þessu minu vmbode ath fylgia til næsta auxararþings ok þat leingur sem eg giorer eigi adra skipun æ. skal hann fulla makt til hafa skatt ok visreyre saman taka ok vth ath krefia þan sem þetta næsta vmlidid ar fallit hefer ok þeim quittan gefa sem luka vilia enn þeim fullar saker a gefa sem eigi vilia gialda. skal hann ok fulla makt til hafa vmbodsmann ath setia fyrir sik ef hann kann þess med þurfa. En skile skattenum til bessastada. Ok til sanninda hier vm sette eg mitt jncigle fyrir þetta syslubref scrifat j grundarfirde midkudagin næsta fyrir Olafsmessu seinne anno domini 00 cd lxxx secundo.

407.

4. August 1482. á Illugastöðum.

ÞORLEIFR Andræsson selr Ólafi Þorvarðssyni átján hundruð í jörðunni Bergstöðum í Miðfirði fyrir jörðina Tungu í Hrútafirði, með fleira skilordí, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXVII, 14, frumrit á skinni, frá Staðarhóli. Af fjörum innsiglum er nú eitt fyrir bréfinu. — Apogr. 1489 (eptir frumritinu).

Þath gioru00 uær gunnar biarnarson. fuse Juarsson. brandr olafsson ok jon eireksson godum monnum uiturligt med þessu woro opnu brefe 00 stadarbacka j midfirdi sunnudagin næsta eptir krossmessu um uorit¹). þa er lidit uar fra hingatburd worss hera ihesu christi þushund flogur hundrud attatiger ok tuau ar woru00 ver j hia saum ok heyrdum 00 ord ok handaband þessara manna olafs þoruardzsonar af einni halfu enn þorleifs andressonar af aþare ath sua fyrir skildu at þesser fyr nefnder menn keyptu jordum sin j milli. er sua heita. selldi adr nefndr þorleifr fyr nefndum Olafi atian hundrud j bergstodum j midfirdi til fullrar eignar ær liggr j stadarbacka kirkiusokn med ollum þeim gognu00 ok

¹) D. e. 5. Maí.

gæðum sem þeim atian hundrudum greindum hefer fylgt bæði at fornu ok nýiu ok hann ward fremst eigandi at. hies j moti gaf opt nefndr olafur iordina tungu j hrutafirdi er liggr j stadar kirkiu sokn með ollum þeim gognum ok gæðum sem greindri jordu hefer fylgt bæði at fornu ok nýiu ok hann uard fremst eigandi at. atti þorleifur at bæta husamun æ jordune tungu olafe epter þui sem þeim kæme saman eda sex menn giordi þeirra j mille ok giora æ bergstodum skala ok bur kauplaust epter þui sem titt nefndr olafur villdi til fa efnet at uidum ok torfuð. skyllði huor um sig suara laga riftingum æ greinduð jordum en bader hallda til laga. skyllði huor um sig ganga aptur at sinni jordu sem att hefði ef með loguð geingi af. at næstum fardogum domlaust. Ok til sanninda hies wm settum vier fyr nefnder menn vor jnsigle fyrir þetta jardakaups bref er giort uar æ illugastodum æ uaznesi sunudagin næsta epter olafsmessu sidare æ sama are sem fyr seger.

408.

4. August 1482.

á Móbergi.

BENEDIKT Magnússon lykur Ingibjörgu Þorvaldsdóttur konu sinni mála hennar, og er þar í Vik og Hóll í Reynistaðarþingum.

Frumrit á skinni úr safni Jóns Pétssonar nú í Landsbókasafni. — AM. Apogr. 5655 „Ex originali“ með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna. „Brefed er á kálfskinn. Öll Jnsigle með þveingiunum eru j burt, sem á þveingiaförunum synast ad hafa verid sex“.

Þeim godum monum sem þetta bref sia eda heýra senda þosteinn prestur illugason. annoddr einarsson. ion haflidason prestar. ion hallgrimsson. þosteinn markus son ok þiodolfur oddz(son) leikmenn. kuEDIU guds ok sina kunnigt giorandi. at þa lidit var fra hingat burd vors herra iehsu kristi þushund flogr hundrut. attatigir. ok tuo ar. þridiodagen næsta fyrir jacobsmesu¹⁾ j grimstungum j vatzdal. vorum vær i hia saum ok heýrdum æ ord ok handaband þeirra

¹⁾ þ. e 23. Júlí.

benediktz magnussonar af einne halfu. ok ingibiargar þorualldzdottur af annare at suo fyrir skildu at adr nefndr benedikt magnusson lukti fýr nefndri jngebiorgu þorualdzdottur kono sinne j sinn mala iordina vik j skaga firði er liggr j reýnes stadar kirkiosokn til fullrar eignar vndan sier ok sinum erfingium fyrir tiutigi hundrada. ok þar til hol þar et næsta er ligur j reýnesnes stadar þingum fyrir .xx. hundrut. ok þar til .xx. hundrut þau hun vildi hafa. dæi fýr nefnd jngibiorg fýr en adrnefndr benedikt þa skildi benedikt sier aptur adr nefndar iardir vik ok hol til eignar. en luka erfingium fýrnefndrar jngibiargar suo uorna penn- inga sem þeirra kaupmalabref þar um vottar.

ok til sanennda hier um setium uier fýr nefnder menn uor jnsigli fyrir þetta bref skrifat var a mobergi j langadal sunno dagen næsta fyrir laurencius Messo. a sama dri ok fýr seger.

409.

18. August 1482.

í Flatey.

VITNISBURÐARBRÉF þriggja manna um það, hver bréf Þorleifr Björnsson hafði með sér til Danmerkr, og bauð „fram á kongsins náðir og rikisins ráð í Noregi á Öxarárþingi á Íslandi“, svo og í „kanceleri“.

AM. Fasc. XXVII, 7, frumrit á skinni. Af þrem innsiglium er nú hið fyrsta dottið frá.

Vitnisburðarbréf er eg hafði j kancelerie.¹⁾

Þath giorum uær sygurdr jonsson þorkell sueinsson og sygurdr einarson godvm monnum kunnigt med þessu uoru oppnu brefi at uær medkenþunzt at vær forum med þorleifi biornsyne til danmerkur og aptur til noreges. og vær vissum fyrir full sannindi. ath fyrir nefndr þorleifur biornson hafði til danmark med sier þau bref er hann hafði bodit sig og sin skilriki fram a kongsins nader og rikisins rad j noregi a auxararþingi a jslandi. Ok²⁾ suo uissu uær fyrir

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi Þorleifs hirðstjóra Björnssonar

²⁾ Svo hér.

nefnder menn ath adr greindur þorleifur hafdi með sier aull þesse bref sem hier epter standa skrifut og upptalin og fleire aunnur. og baud þau til ransak fyrir minn herra konginn þar j danmark og kannceleri Enn under rett fyrir rikissins rad j norege og hann hafdi þau þar til retta suo uær uissum. Enu þat fyst þav bref er gudmundar peningum til heyrer og helgu þorleifsdottur hans eigin kunnur. Merkrbref aull. dalsbref. kollabæiar doma og aunnur þau bref sem þar til heyra. alltanabref. stadarholsbref vm þa peninga sem þar til heyra. og loptur ormsson atti og solueig moder hans. enn stefane lopzsyni feill¹⁾ til erfdar. audoflsstadabref. eirex lopzsonar forsuar er hann hafdi aa þingi og sumarlida sonar hans. samþycktarbref af enum beztum monnum um landzins naudzsyniar. bref steinvarn biornsdottur er henne voru apttur dæmder¹⁾ og bref er andresi ormsyni heyra til. Og¹⁾ til saninda hier vm settum (vær) vor insigle fyrir þetta bref skrifad j flatey aa breidafirdi sunnvdaginn næsta epter assumcio sancte Marie þa er lidit uar fra critzburd M. cccc. attatiger og tuo ar.

410.

30. August 1482. á Staðarhóli.

28. Apríl 1483. á Bakka í Öxnadal.

ARNFINNUR Jónsson selr Arnóri Finnssyni jörðina Höskuldsstaði í Laxárdal fyrir Mýrar í Miðfirði, er Arnór lét með samþykki Helenar Jónsdóttur konu sinnar, og þar til ellefu hundruð í þarflegum peningum, en Arnór skyldi eiga lausn á Mýrum.

AM. Fasc. XXVII, 15, frumrit frá Staðarhóli, nokkuð fúid. Tvö fyrstu innsiglin eru dottin frá. — Apogr. 1490.

bref fyrir hoskulldzstaudum j laxárdal

Anno 1482. ²⁾)

Þatt giorum ver sveinbiorū prestur palsson hallvr asgrimsson ok jon biornsson godum monnum kvnngt med

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi.

Þessv vorv oppnv brefi æ stadarholi j savrbæ fosttvdagin næstta fyrer egidiusmesso þa er lidit var fra hingattbvd vors herra j þesv christi þvshvnd fiogur hvndr(v)d atta tiger ok t(v)av ær vorvm vær j hia savm ok heyrðum æ ord ok handaband þessara manna arnfins jonssonar af eirne alfv en arñor(s) finssonar af annare at svo fyrer skilldv at fyrr nef(n)dr arnfinvr selde adr greindvm arñore jordina hoskoszstade j laxardal er ligur j hiardarholltz kirkiv sokn med ollvm þeim gognvm ok gæðvm sem greindre jordv fylger¹⁾ ok fylkt hefer ath fornu ok nyiu ok hann uard fremst eigandi ath. hier j mot gaf optnefndur arnor titnefðum²⁾ arñfinne jordina myrar j midfirde er liggur j mels kirkiu sokn med samþýcke ok upplage helenar jonsdottur kvinnu sinnar med ollum þeim gognum ok giæðum sem greindre jordu fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nyiu ok þau urdu fremst eigandi og²⁾ þar til ellifu hundrud j þarfligum peningum. skýllde þrattnefndr arnor leýsa jordina myrar til sin fyrir tolf kugillde ok atta hundrud. j fridum peningum ok iiii hundrud j þarfligum peningum þa uti uæri þriu ær. scýllde huor þeirra fyrer sig suara laga riptingum a þeirre jordu er huor selde audrum enn bader halda til laga. Ok²⁾ til sanniða hier um settum ver adrgreinder menn uor jnsigle fyrer þetta jardarkaupsbref er scrifat uar æ backa j auxnadal manudagenn næsta fýrer festum philipi et jacobi æri sidar enn fýr seger.

411.

4. September 1482.

í Laufási.

VITNISBURÐAR þriggja manna um samning þeirra Magnúsar Þorkelssonar, vegna Kristínar Eyjólfsdóttur konu sinnar, og Guðrúnar Gunnlaugsdóttur um arf eptir Eyjólf heitinn Arnfinnsson.

AM. Fasc. XXVII, 16, frumritið á skinni. Þrjú innsigli hafa verið fyrir bréfinu; miðinnsiglið er dottið frá; brot af hinum er fyrir bréfinu.

¹⁾ Hér skiptir um hönd á bréfinu, og er alt niðrlagið ritað með annari hendi en fyrri hlutinn. ²⁾ Svo.

Þat giorvm ver tumaes gudmunztson. hallur runuolfs-son. þorgils halzson godum monnum kunni(g)t með þessv uoru optnu bref(i) at þar uorvm uer j hia savm og heird-vm áá ord og handaband þessara manna magnus þorkels-sonar af eini alfu en gudrunar gunlauxdottur af annari firir þan askillnad at þeira uard a mille vm arf og peninga reikning kristinar eyolfsdottur koñv sinar. at hann reiknadi sier fimtvng vr grytvbaka og vr avllum þeim peningvm er eyolfur heitten anfinzson at(t)e a deyanda deigi. enn gudne eyolfsson broder hennar hafdi at sier tekit ologlega og let huorke virda ne lagaueg a ganga og firir þatt setti adur nefnd gudruñ j borgan tuær jarder er suo heita svinarnes hringsdal og þar til. v. malnytu kugildi. skyldi fyr nef(n)dur magnus þessar iardir og kugildi at sier taka leigur og lan(d)skylder upp bera þar til er ret(t)ur laga veg(ur) geingur aa vm fyr skrifadan aarf og peninga.

Ok til saninda hier um setvm uer fyr skrifader menn uor jnsiglle firir þetta uitnisburdabref er giort uar j lavf-ase j eyafirdi a midvikudaginn næsta firir mariv Messo sidari þa er lidit var fra¹⁾ hingat burd voss hera jehsv christi þvsvnd flogur hvndr(u)t aatatiger ok tav ar.

412.

24. Oktober 1482.

í Skálholti.

DÓMR klerka útnefndr af Magnúsi biskupi í Skálholti um aftöku Bjarna Þórarinssonar, er Einar Björnsson og hans fylgjarar ófyrirsynju í hel slógu.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 5 eptir trausskripti gerðu 29. Apríl 1483 og víðimeruðu 14. Aug. 1484. — AM. Apogr. 2592 „accuraté“.

prestadomur vm aftako biarnar þorarenssonar.²⁾

Ollum godum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda stefhan jonsson backalarius arcium. olafur oddzson. arnorr auzuraron radman j skalhollte. arne snæbiarnarson. þorleifur stefhansson. jon olafsson. skegge amundason.

¹⁾ far, frumritið. ²⁾ utan á bréfinu með gamalli hendi.

jon uilhialmsson. hakon jonson. oddr bergsson og teitur jons-
son prestar skalholltzbiskupsdæmis kuEDIU guds og sína
kunnigt gerandi at sub anno gracie M.^o cd.^o lxxx.^o secundo
fimtadaginn næsta fyrir festum simonis et jude j schalhollte j
biskupstungum uorum wer j dom nefnder af worum wirdu-
ligum herra og andligum faudr herra magnuse med gudz
nad biskupi j schalhollte at dæma og skoda wm þa akiæru og
malafferli sem greindr herra magnus kiærði til einars biornsson-
ar wm þau malafferli sem gerduzt a læk a bardastraund þa er
einar biornsson for þangat med sinum fylgiurum og biarne
þorarinsson war oforsyniu j hel sleginn af einare biorn-
syne og hans fylgiurum og fyrir þa adra sauk at biarne
þorarinsson war þionuztadr og takande heilagt sacrament-
um epter wm nottina er hann war særdr enn sleginn j hel
epter wm morgu(n)inn hinn næsta. Jtem fyrir þa þridiu
sauk at einar biornsson hafdi sidan geingit oleystur j hei-
laga kirkiu j ohlydne og tekít þionuztu og heilagt sacra-
menta og wm samneyte wid adra cristna menn.

Nu med þui greindr einar biornsson lagdi wnder þar
þa fyrir oss þann dom eda urskurd sem herra magnus med
guds nad þar yfer segdi eda segia lieti wm adrskrifadar
saker og malafferli at hann skyllði þat hafa og hallda sem
hann yrði þar þa skylldugr gior og dæmdr wpp a heilagr-
ar kirkiu wegna. Nu saker þess at opt greindr herra
magnus kom þar þa fram fyrir oss med suodan prof at sira
andrius gudmundzson hefdi handfest honum suo wordinn
witnisburd at hann hefdi heyrð einar biornson lysa þui
manudaginn fýstan j iolafaustu j flatey a breidafirdi at hann
skyllði finna biarna þorarinsson ef hann wæri uestur a
sañdi og hann skyllði ecki fordatz hann leingr suo og wm
nottina þa er greindr sira andrius war sottur til biarna
þorarinssonar og hann kom heim til lækiar a bardarströnd
þa stod einar biornsson þar uti fyrir westan dyrnar enn
presturinn gieck jnn til biarna skriftadi honum og þionuzt-
ade hann epter hans bæn og beidzlu.

J þridiu grein beiddi tittskrifadr biarne fyrrnefndan
sira andrius at bera sín bod til einars at bidia sier lifs og
grida og baud þar til aull þau god bod er hann kunne.

enn optskrifadr einar gaf þat suar fyrir sig at eingin won væri at hann tæki hans bod nein. þui dæmdum wer adrgreindan sira andrius skylldugan at winna eid juañ fiortan daga epter sinum framburd fyrir biskup magnuse edr hans wmbodsmanni. sor og optgreindr sira andrius hier at fullan bokareid epter þui sem dæmt war og adr skrifat stendr fyrir sira arnore auzurarsyne er þa hafdi þar wmbod til af herra magnuse. beiddunzt wer fyrrnefnder domsmenn og epterspurdum einar biornson huort hann hefði nockur prof edr laugliga afsakan j mot adrgreindum saukum enn (hann) sagðizt eingin hafa. Nu af þui at oss litz einar bi[or]nson flokksforinge og fullr höfuzman uerit hafa j þessare ferd at lata sla adrgreindan biarna þorarinsson fyrir þa grein j hel at hann war þar med sinum monnum og hieilt þa bædi fyrir og epter suo og fyrir þa adra grein at optgreindr einar war beiddr lífs og grida [fyrir titt]nefndan biarna og fieckzt ecki. Þui dæmdum wer þrattnefndan einar skyll- ugan at taka lausn og skripter af heilagri kirkiu og sekan niu morkum fyrir tilferd og atwist. suo og fyrir þridiu sauk at adrgreindr biarne heitinn, hafdi tekit guds likama og war sidan ofursyniu j [hel] sleginn. Nu saker faheyrdz odæmiligs storuirkis sem sialldan edr alldri hefer wid borit hier a woru landi dæmdum wer optskrifadan einar biorn- son og hans fylgiara sialfsetta wt af heilagri kirkiu og hennar sacramenta og skyllduga at taka lausn og skrifter sierliga hier fyrir af heilagri kirkiu enn þuilikar fiarsekter sem hann werdr hier fyrir skylldugr wppa heilagrar kirkiu wegna dæmdum wer under dom og urskurd herra magnus med guds nad biskups j schalholhti. Jtem med sama dome dæmdum wer optnefndan einar biornsson fyrir ohlydne jnn- gongu heilagrar kirkiu og samneyti wid cristna menn sidan hann fiell j adrgreint storuirki framan til þess er hann kendizt at hann hefði heýrt biskupsins forbodsbref sidan xij aorum fyrir huern hatidisdag þann sem j sextan daga halldi er sex aorum fyrir huern helgan dag en þrim aor- um fyrir huern rumbelgan dag wtan hann færi sig undan med eidi fyrir biskupinum edr þeim sem hann til skipar jnnañ tueggia manada epter þui sem hann er til færð og

sekan þrim morkum fyrir þionuztutekiu. skal opt nefndr einar þiornson edr hans wmbodsmadur hafa lukt allt adr greint sektafe herra magnuse biskupi j schalhollte edr hans wmbodsmanni at næstum fardogum junná þessa biskups dæmis. samþykkti þenna worn dom med oss wor andligr fader herra magnus med guds nad biskup j schalholti. suo og war þessi uor domur uppsagdr og jn skriptis frambrinn at einare þiornsyne nærueranda. Og til sanninda hier um settum wer fyrr nefnder prestar wor junscigli fyrir þetta domsbref skrifath j sama stad degi og are sem fyrr seger.

413. 28. Október 1482. á Hofi í Vatnsdal.

STEINÞÓR Sölvason fær Einari Oddssyni, með samþykki Oddfríðar Gísladóttur konu sinnar, til fullrar eignar tuttugu hundruð í jörðunni Hofi í Vatnsdal, en Einar geldr Steinþóri Fjós í Svartárdal og níu hundruð að auki.

AM. Fasc XXVII, 4, frumrit á skinni með þrem innsiglium, og hafa þau aldrei fleiri fyrir bréfið komið.

Þath giorum uer gunlaugur þorkelsson. liotur þorleifsson. gisli filpusson. runolfur arnþiarnarson og jon þiornson. Godum monnum uiturligt med þessu woru opnu brefi. at þa er lidit war fra hingatburd uors herra ihesu christi þusuñd flogur hundrut attatigier og íí ðr manudaginn næsta fyrir allra heilagra messu á hofi j uaztdal uorum uier j hia saum og heýrdum a ord og hañdaband þeirra einars oddzsonar af einne halfu og steinþors soluasonar af annare. at suo fyrir skildu at nefndr steinþor selldi fik og handlagdi greindum einare til fullrar eignar med upplagi og samþýck(i) oddfríðar gísladóttur kuinno sinnar xx hundrata jardar part j greindri jordu hofi j uazdal med ollum þeim gognum og gædum sem fyr sogdum jardarpart fylgir og fylgt hefer att fornu og nýu og adr nefnd hion urdu fremz eigandi at med logum. hier j mot gaf oppt nefndr einar tittnefndum steinþori jordina fíos er ligur j svartardal i

hlidar kirkiu sockn med samþycki asu eigilsdottur konu sinar med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jordu fylger og fylgt hefer at fornu og nýu og þar med vi malnýtu kugilldi og iii^c j ollum peningum. attu þessir peningar gialldaz æller at næstum fardogum. skylldi huor oppt nef(n)dra mana einar og steinþor suara lagaríptingum a þeirre jordu er att hafdi en huor vm sig hallda til laga [er keypti¹⁾] og hier til lofadi einar at suara kirkiv reikningi suo miclum sem steinþori hefer borit at suara upp æ suo langan tima sem han hefer halldit fyr greindan jardar part. Og til saninda hier um settum ver fyr nefnder men vor incigli fyrir þetta bref er giort uar j sama stad dag og ar sem fyr seiger.

414. 30. December 1482. í Þórsnesi í Harðangri.

AFLÁTSBRÉF Ólafs Rögnvaldssonar biskups á Hólum handa Nikulásargildinu (gildisbræðrum) á Austursyn í Harðangri í Noregi.

Ferðamannen, Bergen 1865, Nr. 4—5, bls. 19, eptir frumritinu á skinni, er fanst á Austursyn, en er nú komið í Ríkisskjalasafn Norðmanna. Dipl. Norveg. VIII, bls. 424—425, eptir frumritinu.

Vij Olaf med gudz nad biscop aa Hoolum j Islandi heils-um ollum godum monnum sem þetta bref sia edr heyra kærliga med gudi ok vorri fru. kunnigt giorandi. ath Halldor Eysteinnsson oldurmann j sancti Nicolaj gilldi aa Austursyyn j Hardangur ok tuo dandimenn med honum Jon Andresson ok Vikingur Olafsson kuomu til voor ok badu ooss aa gudz vegna. ath vij skulldim gifua til firsagt gilldi nockurar afgifter synda ok aflat þeim til styrktar ok hialpar. er fyrneft gilldi hialpa ok styrkia. þuj gudi til heidur. jomfru Marie. sancto Nicolao ok ollum gudz helgum. hofum vij forer þeirra bænastad skulld af þuj valldi. gud hafur ooss vntt fioratigu daga aflat. ollum bræðrum ok systrum j nefndu gilldi er sinar synder vilia skripta jdra-astz ok bæta vid gud. samaleidis ok skulu þeir niotandi

¹⁾ [b. v.; vantar í frumbréfið.]

vera fyrsagt aflat er optnef(n)t gilldi stydia ok styrkia med sinar godar tillogur. testamentum. gafur. messum ok salutidum. pater noster. et aue Maria forer ollum gilldisbrædrum ok gilldissystrum. ok ollum kristnum salum. ok suo forer allt annath gott. er þeir vilia giort hafua.

Ok til sannenda hier vm þa þryckium vij vortt sigl forer þetta bref sem skrifath var æ þorsnesi sietta dag jola anno domini m^o cd^o lxxx^o secundo.

415.

[1482].

ANDSVÖR Norðlendinga til Ólafs biskups á Hólum um skyldur presta og kirkna, einkum um tíundareikning af hálfkirkjum og um biskupsgistingar, svo og varnargreinar þeirra um þau efni.

AM. 381. Fol., 5 blöð laus í arkarbroti með hendi Hákonar Ormssonar. Grunnavíkr-Jón skrifar á spássiu: „giört i tid Olafs biskups circa ann: 1479. er med hendi Hakonar Ormssonar exaratum 1644“. Ártalið 1479 er þó rangt, því að þessi skrá er meðal annars svar upp á bréf Gauta erkibiskups frá 22. Sept. 1481 (Nr. 364 og 365). Skrá þessi mun því gerð sumarið eða haustið 1482. Ólafr biskup er í Noregi vetriun 1482—1483; hefir farið utan haustið 1481 (Sbr. bréf frá 24. Júlí 1481, Nr. 355) og hefir þá verið utan þrjú ár (1481—1483). Sjá bréf frá 18. Apr. 1486.

Andsvar Nordlendinga w̄m presta og kyrkna skylldur.

J Naffne Vors herra Jesu Christi. biodum vier med einu samþycke bændur og almugie sem byggia og bua i holabiskupsdæme. þeir nu eru hier samankomner so felldann bodskap.

J fyrstu að vier biodum oss auðvelldlega vnder lög og riettende. bæde med kongdomenn. heilaga kirkiu og þeirra vmbodsmenn. og þá að styrkia og stydia til allra riettra mǫla epter lögum og vorre skylldu epter fornu og nyiu. Suo og beidunst vier að þeir late oss faa og haffa þaug lög og riettende sem þeir skylldast oss epter lögum og gömlum siduana og Biskupsdæmenu og almuganum i þui byggjande kann þörff og naudsyn til að verda. Enn beidunst vndan allre þuijngan og olöglegre ásokn og yffer-

gángo mote gömlum vanda og landssins lagariette. Virdest oss kongdomssins riettur og heilagrar kyrkiu so saman settur med stöddu endemarke og framsettum greinum. ad huörke mega höffdingiarner eff þeir geima laganna riettelega. ad ánaudga edur þreyngia folkenu med off mikillre ágyrne. og ad ei meige favitrer menn synia höffdingium þeirrar skylldu sem þeir haffa ádur riettelega vnder geinged. Þui vilium vier konge vorum og Biskupe og þeirra vmbodsmönnum eige¹⁾ synia slijkrar hlydne og þegnskylldu sem vier og vorer forelldrar haffa þeim og þeirra forfedrum loffad og jätad epter þui sem lögmálid kongdomssins og kyrkiunnar skipar og skyrer med stöddu endemarke huorra-tueggia vegna suo vier meigum med náð og frelse byggia og bua vnder vernd og fyrerhyggiu þessara tueggia Guds vmbodsmanna. Skulum vier fyrst allra heidra Gud. heilaga kyrkiu og hennar formenn. og veita þeim þa hlydne og riettende sem vier erum ad lögum skyllduger. enn vernda ei til þeirrar ogiptu sem optlega heffur yffergeinged aff missette og sundurþycke mille kyrkiunnar formanna og leikvalldssins og annars almuga i landinu. Vilium vier med sönnum godvilia giallda og greida tolla og tijunder og skipadar skylldur. þær sem vier eigum heilagre kyrkiu og hennar vmbodsmönnum ad giallda epter lögum. sem forn renta og gamall landssins sidvane heffur a verid og huorskyns haattar edur tegundar það kann helldst ad verda það christendomenum ber epter lögum ad hallda og naudsyn kann til verda. Vilium vier og hallda þaug lög og bodord sem lærder menn boda og skipa i heilagre kyrkiu. þau sem biskupleg formæle heffur fyrer geinged og lærder og leiker haffa med einu samþycke ásetter orded. ad oskierdum vors náðuga herra kongssins riette i alla stade.

Giörum vier nu öllum godum mönnum heyrum kunnugt. ad vier höffum sied og heyrnt og yfferlesed breff og bodskap virdulegs herra Erchibiskupssins aff Nidarose²⁾ suo hlíodanda ad vor andligur fader Biskup Olaff á Holum

¹⁾ cigia, hdr. ²⁾ Það er bréf Gauta erkibiskups frá 22. Sept. 1481 (Nr. 364), en ekki bréfið frá 15. Sept. 1478 (Dipl. Isl. VI, Nr. 153).

haffe klagad fyrer sier. ad vier vilium honum ðnguann reikningskap giðra aff tijundum og ðdrum eignum sem hálffkyrkium tilheyra. suo ad kyrkiurnar margar forðiarffast og nidurfalla fyrer vort forsømmelsis skulld og ðngua-stads synest huort kyrkiunnar skyllda bliffur stòð. og so i Erchebiskupssins breffe. ad hann ried oss og hòglega baud vnder hlydne ad giðra hiedan i frú riettann reikningskap aff kyrkiutijundum og ðllum ðdrum kyrkiunnar rentum. Enn v̄m kostnad og n̄aturlegur aff hálffkyrkium skyllde fara epter þui sem Biskups naudsyn tilseiger i hañs frid og kyrkiunnar magt er ad hallda og fiele i þeirra reikning-skap huad standa kynne þesse biskups gysting. heffur og Biskup Olaffur beidt hier suars v̄m huad d̄ndemenn vilia hier ad giðra edur suar til gieffa. Geffum vier og nu þad suar aff vorre hende. ad vier vilium allann erchebiskupssins bodskap og lògliga skipun og annarra vorra yfferbodara styrkia og hallda epter þui fremsta sem vor skilningur til ber epter fornum landssins laganna riette og kyrkiunnar lògm̄le tilheyrer sem konganna skipaner. riettarb̄atur og saattm̄le vtvijsar. ad fornu og nyiu skal i Holbiskupsd̄ame yffer ganga.

Enn þar sem so stendur i Erchebiskupssins bodskap. ad hann baud oss ad giðra reikningskap aff kyrkiutijundum aff hálffkyrkium edur v̄m gisting og n̄aturlegur ad þeim. vitum vier eingin lòg. breff edur m̄ldaga. heffð edur vana edur nockra lòglega j̄tan þar til vera nie verid haffa. helldur vitum vier ad fornu og nyiu haffa yffer geinged. ad þo Holabiskup haffe visiterat annadhuort ðr huorn hluta sijns Biskupsd̄emis. haffe þeir gist ad alkyrkium enn alldre ad hálffkyrkium og teked so ad stadarkirkium allann þann reikningskap aff ðllum þeim tollum og tijundum. skylltum og skipunum sem til þessarar kyrkiu heffur leiged og aff b̄nhusum til kaups edur kostar þeim preste er ad þeirre kyrkiu syngur þar sem m̄ldagar so tilseigia ad fornu. ad prestur take heima j kaup iij merkur. enn vtangardz sem til telst ij merkur aff huorre hálffkirkiu. enn halffa m̄rk aff b̄nhusum. Hóffum vier vijda sied og heyrte breff og skilrijke huorsu hálffkyrkiur haffa giðrdar vered. og huor

æffenligur vane heffur fylgdt halffkyrkjuskyllidum i hola-biskupsdæme.

J fyrstu ad þeir dandemenn sem halffkyrkiurnar haffa giðra lated haffa gieffed til þeirrar soknarkirkiu sem jòrdin heffur til tijundar vnnder leiged. sumer v.^o sumer x.^o eda meire peninga til þess ad su leiga er aff þeim peningum fellur aarlega. skal kyrkian til sijn taka fyrer þá tijund sem aff þeirre jordu og peningum skyllde falled haffa. Virdest oss flestar stadarkirkiur edur nær allar ad þessum reikninge og kaupmála skadlausar aff verda. þar sem þær taka aarlega leigu aff søgdum peningum. hundrad edur meira. Enn vier vitum faar jarder edur nær ðnguar ad meire kyrkiutijund aff falle enn xvij alner. halffmòrk edur v aurar. Haffa þui þeir goder menn sem þessa sálugiðff haffa gieffed sierdeilis og einvirdelega vpp á sijnna peninga teked med suo ordnum skildaga. ad á þeirre sömu jordu skal hólffkyrkiu kalla med biskups atquæde og suo vordinne rentu. ad þar skal syngia annann huorn helgann dag messu. enn taka þar ij alner i kaup á messuna og máltijd med huorre. enn sitia ei frammar. Reiknast þá messukauped til tueggia marka á huorium xij mánudum. Skyllde og sá bonde er þessare kyrkiu skyllde vppe hallda til sijn taka kyrkiutijund og preststijund aff þeirre jordu og lausapeningum. og so liostolla sem forn vande heffur á vered. Vitum vier ðngua rentu edur reikningskap vñ kostnad. vtgliðlld edur gistingarskylldu vera eiga nie vered haffa ad halffkyrkium adra enn nu hòffum vier fram sagdt. Og þennann sama reikningskap giðrum vier nu aller ydur Biskup Olaffur med einu jðtyrde aff þeim ðllum hólffkyrkium sem vier hòlldum og vmbod yffer hòffum i Holarbiskupsdæme. Suo og aff þeim kyrkium sem og þeirrar rentu haffa giðruar vered. ad þar skyllde syngia huorn dag helgann. suo ad kaupe og koste sem þar til heyrer. Suo og biodum vier þessa halffkyrknanna skylldu sem fyrsskriffad er vnnder ydar Biskupslega skipun og valde sem kyrkiunnar lög tilvijsa þar ed suo seiger. ad Biskup skal kyrkium ráða og ðllum eignum þeirra og suo ollum Christnum dome. tijundum og tilgiðffum þeim sem menn gieffa Gude og helg-

um monnum löglega sier til sðluhiðlpar. þui ad eckert valld meigu leikmenn yffer slijkum hlutum haffa vtan Biskupa skipan. Presta og lærda menn skal Biskup til kyrkna skipa sem máldagar standa til. Þui biodum vier og beidunst. ad þier tilskiped so lærda menn þessa kyrknanna rentu vpp ad bera sem fyrr sagdur skilmåle og maldage tilseiger.

Enn þo ad fyrr seige ad Biskup skule kyrkium ráða og kyrknanna eignum. er það anglioslega skilianda. það hanns valld sem allra annara yfferbodara skal blijffa og vera epter riettu og settu lögmdle og stöddu endemärke þui sem sð heffur jítad og vnder geinged er þa skylldu heffur i fyrstu sett og tilgiöff. enn ei framar sem skriffad stendur. ad ei skulu höffdingiar sitt endemärke yffergdnga til ad anaudga sijna vndermenn framar enn lög votta. Stendur so i R. B. virdulegs herra Eireks med Guds myskun Noregs kongs. ad þar sem hann skipade med Biskupanna samþycke og sðttmala leikmonnum halld og forræde á kyrkiu og kyrkna eignum sem það kongsins breff tilseiger. skyldu þeir hallda þar med þuilijkum kiennemannaskyldum sem sa haffde fyrer skilt er gaff. enn luka aff ecke framar. Nu eff nockur su fyrnd edur forsoman kann á ad proffuazt optneffndum halffkyrkium er þeirra skyldum sie ei suo riettelega vpphallded sem greindur skilmåle tilseiger. þa vilium vier þar andvelldega til suars og vmbotar med Biskupssins ráde vmmgdnga ad heilög kyrkia haffe sijna fulla skylldu. hallda stade sem lög tilseigia.

Riettarbot Magnus kongs¹⁾ stendur suo skriffud. Honum var tied med breffum Nordlendinga vñ ymissa affdráttu og þuijnganer er Biskupar og lærder menn giðra þeim i mote lögum og fornre landssins veniu. villde hann med önguu mote þuilijka ohlydne og ránginde leinge hlijda ldta. og þui fyrerbaud hann Biskupum og lærðum mönnum ad strijda á þegna sina mote lögum og fornre sidveniu. so þo ad Holabiskup visitere huort ár Biskupsdæme sitt. þá skyllde hann koma i huorn löghepp sem forn lög votta og gista ad annarehuorre soknar kyrkiu. biodande þegnun-

¹⁾ þ. e. Ögvaldsness-sættargerðin 2. Maí 1297, Dipl. Isl. II, Nr. 167.

²⁾ þ. e. réttarbót 10. Júní 1320, Dipl. Isl. II, Nr. 342.

um og ollum almuga á ad standa og hallda riئتendum sijnum og fyrrnefndum Articulis epter þui þeir vita fyrer Gude ad fornu heffde vered. skylldande hirdstiora og alla landssins formenn ad styrkia þennann sinn bodskap epter þui sem þeir villdu suara fyrer Gude og hönum.

R. B. H. K.¹⁾ er suo stenndur. ad sylumönnnum hæffer dyggilega²⁾ ad geima til vpphallds og riئتenda þegnanna og vndermanna virdulegs herra Noregs kongs. fyrst ad önguar sekter leggiast á framar enn fornn lög votta. og önguar adrar nyiar ölögur. huorke fyrer forbodan nie taksetningar. bydur og kongurinn ad þesse hanns bodskapur og allur annar sem hann heffde skipad godum monnum til frelsis enn ostyrelötum til yfferbotar verde stadfastlega halldinn. skipande stadfastlega og obrigdulega. ad huor sem hanns breff brytur. þo ad ei sekt ägreindre sie sakadur 8 mörkum. biodande þar laga vrskurd á ad leggja og dæma þar fyrer 8 merkur neffndar sem adrar lagasekter þær sem äneffndar eru i lands laga bokenne sialffre á huorn þann mann er ad þui verdr kunnur og sannur³⁾. Nu fyrer allar þessar fyrrskriffadar greiner og konganna og Biskupanna samþeykt og skipaner ad fornu og nyiu. vogum vier nie meigum i onguann handa müta nockrar nyiar alögur eda þuijnganer jätta edur vnder ganga. kongenum og rijkenu Norege til obäteligs skada. enn oss og vorum epterkomendum fätækum sem rijkum til æffenlegrar änaudar og oendanlegrar fiepijnu. kunnum vier þui öngumann reikningskap kostnad edur vtelukningar aff halffkirkiu jata edur samþeykia fram-ar meir enn forn vande heffur á vered og fyrrskriffad stenndur.

Nu so sem vier höffum ädur greintd og suar til gefued vñ þä äkiæru sem vor virduligur herra Biskup Olaffur heffur tilkall veitt vñ halffkyrkna reikning i hanns Biskups-dæme. vilium vier nu og ei sijdur auduelldega andsuor til gieffa vñ þä adra hlute sem nockur äskilnadur heffur ä verid ä millum lærdomssins og leikmanuanna hier i Biskups-

¹⁾ þ. e. réttarbót frá 1309, Dipl. Isl. II, Nr. 196. ²⁾ leiðrétt; dyrliga (!) hdr. ³⁾ Sjá réttarbót um bréfabrot frá 25. Nóv. 1315, Dipl. Isl. II, Nr. 221.

dæme huad hellst er það kann verða. huort það er helldur v̄m reikning kirknanna edur rentu lærðra manna edur adrar skyldur þær ed huorer haffa til annara heimt og kraffed og ei ðsatter orded sijn ð millum. suo og v̄m þær lagasokner er huortuæggju valldenu tilkiemur til fiarsekta og þar kunna ei huortuæggju ad einum skilninge v̄m verða. huorer edur huorsu það skal til fullra laga sektast. suo og ei sijdur v̄m þær sokner er leikmenn þykiast framar meir sokter vera med forbodun og vtsetningum enn þeim þyke lög til standa. þo þeim verðe saker gieffnar edur nockud kunna brotleger verða mot heilagre kyrkiu. Villdum vier þessa hlute og alla adra med Biskupssins ráðe og samþyckt til þeirra lykta leida sem öllum dandemönnum lærðum og leikum hier i Biskupsdæmenu meige aff beggia hende samþyckelegast verða. Suo þo ad heilög kyrkia og kongdomurinn haffe sitt oskierdt valld i alla stade sem þeir haffa ðdur sett og samþycker ð vorded. Nu þar sem telur v̄m alkyrkna skyldur og þeirra rentur og þann reikningskap sem þar skal aff giora. og so er skriffad i fyrstu ad þeir sem kyrkiurnar haffa i fyrstu giðra läted skal haffa so miklar tillögur og heimanfylgiu sem Biskupe syndest. hun meiga halldast aff og hennar þionustumenn. þar med skyllde Biskup skipta hierade til þess ad akueda huorsu marger menn þangad skylldu tijund giallda. atte til þeirrar kyrkiu ad gialldast helmingur tijunda sem er kyrkiutijund og preststijund og gialldast i þeim peningum sierhuor v̄m sig sem lög tilseigia. þangad skulu og liostollar leggiast aff þui hierade sem ðdur er tijunnd vnder skipud. Skyllde preststijunden leggiast preste til tidakaups enn kyrkiutiund kyrkiunne til vpphelldis edur annarar sæmdar sem skriffad stenndur. Eff olærder menn taka lysetoll og kyrkiutiunnd og prestsfiordung. þá skulu þeir luka preste tidakaup fyrer hanns fiordung. enn kaupa kyrkiu nockra sæmelega gripe med hennar fiordunge so sem fie það vinnst til. nema kyrkia þurffe ðdruvjisu sier til vpphelldis og hier vppá haffa mál-dagar setter vered med þuilijkum kiennemanna skyllðum v̄m saung og setu sem forn lög tilvisa og gamall vannde heffur ð vered. Skulu prestar syngia a stadarkyrkiu huorre

huorn dag helgann messu. ottusaung og aptansaung og so v̄m l̄ngaf̄östu og jolaf̄östu og ymbrudaga alla. enn messa til halffkyrkna annann huern dag helgann enn ad b̄enhusum messu i huorium m̄dnude. Og fyrer þessa og adra skyllduga þionustu skulu kiennemenn kaup taka slijkt sem su kyrkia var funderut med og þá reiknadest til iiij marka tijund til prestskaups liggia enn slijkt vtangards sem tiltekst og m̄ldagar tilseigia. Tijdakaup presta ad fornu til viij marka edur ix. trautt meira edur ecke á tolff m̄dnudum huorium vtangards og heima. Vitum vier nu f̄dar edur nær ðngua alkyrkiu ad iiij marka tijund til ligge. helldur þær fleire ad haff(e). ij.¹⁾ m̄rk edur minna fyrer jmislega audn og vndandratt sem dregst vndan kyrkiunum bæde fastaeigner og lausar. Og þeir sem þær haffa ad hallda vilia ei tijund aff giöra sem verda²⁾ kongs eigner edur kyrkna. þiker bændunum prestarner aungualeidis þá skylldu fremia v̄m kyrknanna saung og setning sem þeim þyker forn vande til haffa vered. þikiast þeir og ei skyllduger vera meira kaup edur peninga vtgreida enn kyrkiunnar renta tilstenndur i þeim sama tijma. i huorn handa m̄ta sem hun heffur vndan geinged. huort þad kann helldur verda fyrer f̄tækdum edur forsoman þeirra sem þar skylldu v̄mhyggiu á haffa. Nu þar sem kong Eirek med Biskupanna saattm̄la og samþycke haffa v̄m eins orded. þar leikmenn skylldu haffa valld og forræde a kyrkium og kyrknaeignum med þeim kiennemanna skylltum er s̄ð haffde skilt er gaff. enn ei meira vtgiallda. Stendur og suo i Christnum riettenum. ad þar olærder menn taka kyrkiutijund skulu þeir kaupa kyrkiunne nockra sæmelega gripe med hennar fiordunge edur annars konar vpphelldis. Þyker oss þui þennann kyrkiunnar hluta einginn annar meiga vtkreffia edur burt taka. vtan hann falle til slijkrar rentu kyrkiunne til handa sem fyrr seiger. Vtvijsar so skipan og riettarbot virdulegs herra Vilhjalmi Cardinalis og stadfesting Jnnocentij p̄ffua. ad eingenn Biskup skal dyrffast ad leggja vnder sig edur sinn stad eigner edur odul annara kyrkna. Og þar

¹⁾ ij, hdr.; ²⁾ þannig.

AM. Apogr. 1992 „Ex membr. fra Valþjófsstadar kirkiu. 3 innsigle hanga vid brefed þeirra manna er fyrer það eru skrifader. hvaraf það sidarsta er ecke vel læst. Brefed er skrifad med ymsu bleke. og greihende. kannske og fleirum enn einne. Er blettott og illa umvendad. Mier virdest brefed vera falsbref. og vera uppskafed gamallt bref til ad skrifa á. ad visu giet eg eigisied. það sieso gamallt ad skriftenne. sem árstaled seiger“ (AM). Afakript af þessu bréfi er í bréfabók Brynjólfs biskups AM. 368. Fol. VII, 189 rituð 24. Febr. 1653 eptir frumritinu og vottuð af séra Böðvari Sturlusyni og Thomasi Finnsyni „kgl. Majestets eiðsvara“. Kallast bréfið þar „Lögfestuvitnisburður frá Valþjófsstað“.

Það giorum vier gynnlaugur biarnarson. Þorleifur barkarson. Þorbiorn¹⁾ Þorsteinsson godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi arum epter Guds burd m ed attatie og iij a mariomesso fire²⁾ vñ sumaret a valþiofstad heyrdum vier arna prest Þorsteinson logfesta nefndan stad med þessvm vmmerkium. heimalandit vtan frá merkigardi og ad liosa allt riettsyni nordur i jokulsá kleifarland riettsyne þadan aeñ fellur ofan og nordur j jokulsá mots vid þurijdarstadi suo undir iokla. molaland³⁾ allt nordur [i merkigard.⁴⁾ langhusaeyrar.⁵⁾ æfir⁶⁾ fiall svdur i merkigard. suo langt þaðan þar til kelleda er aull frame og suo riettsyne vt i iokulsá. þesse vmmerki baru med nefndum sira arna ad riett og saunn hefdi hallden verit marger dugandi menn. og til sannenda hier vñ setium vier vor insigle firir þetta bref skrifat i sama stad deige og ari sem adur seiger.

465.

20. August 1484.

í Flatey.

VITNISBURÐR tveggja manna, að Þorleifr Björnsson hafi lesið

¹⁾ á spássiu og undirpunktað; fyrst rituð: „Þordur“ og uppi yfir því „Þorleifur“, hvorttveggja undirpunktað, og hefir því verið óskýrt í frumritinu; „Þorkell“ 268. ²⁾ „fire stendur hier. enn eigi fyre. og er það enn nu ein nota falsitatis“ (AM.); fire er slept úr í afskr. í 268 Fol. ³⁾ Mulaland 268 Fol. ⁴⁾ [ur merkegarde 268. ⁵⁾ „hier er brefed olæselegt“ (AM.); þetta orð er því hér tekið eptir AM. 268. ⁶⁾ yfer 268.

á „lögþingi“ í fyrra bréf Jóns Smjörðs frá 17. Júní 1482 (Nr. 398) um viðskipti Eyjólfss Einarssonar og séra Jóns Snorrasonar, og hafi eingir eptir það viljað ganga dóma Eyjólfss, og Magnús biskup talaði svo, að hann skyldi aldrei halda hann fyrir lögmann yfir sér né sínum mönnum meðan svo stæði.

AM. Fasc. XXVII, 32, frumrit á skinni. Bæði innsiglin eru dottin frá.

bref eyólfs einarssonar¹⁾

Þat giorum vid jngimundr finzson og þoruardr steinmodson laugriettumenn godum monnum vitrlegt med þessv voro opnu brefi ath vid uorum a laugþinge j fyra sumar þa er þorleifur biornson liet lesa þar þat bref sem hann hafde ut af noregi vpp a eyiolf einarson af hera jon smior vm þat sem til hafde komit j mille greindz eyiolfs og sera jons snorrasonar um þær saker er hann giort hafde vid greindan sira jon epter þui þat bref utuisar sem þar er um giort. Enn þar epter sem þat var ut leset. villdu aunguer hans doma gaŋga. suo wid vissum. og biskup magnus talade suo dan ord ath hann skylldde hann alldre fyrir laugmann hallda yfer sier edr sinum maunnum þar epter medan suo stæde. Suo og vissum vid at greindr biskup magnuss ok didrek pining villdu dagþinga peninga af eyiolfe einarssyne fyrir þetta þat uissum vid eigi huerr ender at þar uard upp a þeira j mille. Og til sannaenda hier (vm) settum vid fyrnefnder laugriettumenn ockr jnsigle fyrir þetta opit bref skrifat j flatey faustudaginn næsta fyrir bartholomeusmesso anum eptter guds burd. M. cccc lxxx og iiij ar.

466.

23. Augúst 1484.

í Flatey.

VITNISBURÐARBRÉF UM VIÐTAL ÞEIRRA BRÆÐRA ÞORLEIFS OG EINARS BJÖRNSSONAR UM „ÞANN GAMLA REIKNINGSSKAP, SEM GREINDR EINAR VAR SKYLDUGR SÍNS FÖÐUR VEGNA VORUM NÁÐUGA HERRA KONUNGINN Í NOREGI“.

AM. Fasc. XXVII, 34, frumrit á skinni. Af þrem innsiglum or einungis hið fyrsta fyrir bréfinu. — Apogr. 1157.

¹⁾ Utan bréfinu með samtíða hendi.

Witnissbvrdr um vidual þeira brædranna vm kongs
skulldina þorleifs og einars 1484¹).

Þath giorum vær gudine jonson vigfuss biarnarson og einar
branzon godum monnum vitrligt med þessu voro opnu brefi
ath vær vorum j hia j flatey æ breidafæde upp æ vor fru
messu dag²) þa er lidit var fra hingatbvrdr vors hera jhesu
christi. M. cccc lxxx. og iiij ær ath þeir tauludutz vid þor-
leifur biornson og einar biornson vm þann gamla reikning-
skap sem greindur einar war skyllidugur sins faudr vegna
vorum nadhuga hera konunginn j noregi. baud nefndr þor-
leifur sig til vid ath taka og fram ath færa fyrnefnda skulld.
enn optnefndr einar sagditz eigi villdu luka neina peninga
nema opt nefndr þorleifur hefde þat bref af uoru(m) nadh-
uga hera konunginn. ath hann skýllde opt nefnt gialld vpp
bera suo hann mætte gefa honum sina kuitteucia. enn þratt-
nefndr þorleifur sagditz þat bref ecke hafa enn baud einare
ath setia sina peninga j borgun ef nockur talade upp æ til
þess hann fiengi sina kuittan sem honum vel likadhe. enn
tittnefndur einar villde þat eigi. og lyste fyrir einvm vt af
oss seinna ath hann hefde skrifat fyrir vorn nadhygan hera
konungin ath hann villde forlikatz medh hans nadher sialf-
ur. edr þann hans nad til seude medr sitt opne bref. sa
honum mætte fulla kuitteucie gifa Og til sannenda hier
vm settum ver fyr nefnder menn vor jnsigle fyrir þetta op-
it bref skrifat j flatey manudaginn næsta fyrir bartholumei
apostoli. æ sama ære sem fyr seger.

467.

23. August 1484.

í Flatey.

GJÖRNINGSBRÉF Þorleifs Björnssonar og Ingveldar Helgadóttur,
og lykr hann henni Svefneyjar og Miðjanes fyrir 90
hundraða í reikningsskap og ábata af hennar peningum,
meðan hann hélt þá, og eigi var eiginorð bundið þeirra á
milli, og í það silfr og þau þing, er hún fékk honum þegar
hann fór af landinu í fyrra sinni og nú; þar með reiknar
hann hvern mála hún hafi átt og eigi í sinn garð.

1) Utan á bréfinu með fornri hendi. 2) p. c. 15. Aug.

AM. Fasc. XXVII, 36, frumrit á skinni. Öll innsiglin eru dottin frá, en þau hafa verið sjö. — Gömul afskrift af þessu bréfi er meðal Helgafelleskjala í bók í Landsskjalasafni 94² með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600, eptir óárfærðu transskripti frá hér um bil sama tíma og sjálft bréfið. Hljóðar transskriptið svo:

„Fyrer Svefn Eyium og Midianese mille Dorleifs og Jnguoldar hinnar somu.

Þad giorum vier Einar Þoralfzson. Jon Þordarson. Bardur grims-son og Jon Magnusson godum monnum kunnugtt med þessu voro opnu brefe. ad vier hofum sied og yferlesid ord og brief þessara manna vnder þeirra heilum oskoddudum hangandi Jnsiglum. so latandi ord epter ord sem hier epter skrifad stendur [þá kemr bréfið]. og thil sanninda hier vm“. Þetta transskript mun vera frá þessum tímum (c. 1484).

Gjorningur Þorleifz Biornssonar vid Jngvellede Helgadottur¹⁾.

Þat giorum ver gudine jonson jngimundr finnzson einar brannzson sigurdr jonson runolfr hauskulldzson og biorn helgason godum monnum vitrlegt med þessu voro opnu brefe a manudaginn fyrir bartholomei apostoli þa er lidit var fra hingatburd. vors hera jhesu christi M. cccc lxxx ok iiij ar j flatey a breidafirde vorum vær j hia saum ok heyrdu m a ord og handabannð þessara manna þorleifs biornssonar af einne halfu enn jngueldar helgadottur hans eiginkuinnu af annarri ath suo fyrir skildu ath greindr þorleifur lugte jnguellde helgadotta þessar ij jarder er suo heita. suefneyi- ar er ligia j flateyiar kirkiusokn fyrir .xl. hundrada og midianes a Reykianes ej Reykhola kirkiusokn fyrir .l. hundrada fyrir þann reikningskap og abata sem fiell af hennar peningum medan hann hiellt þa suo ath eigi var eiginord saman bundit þeira j mille suo fyrir þat silfur og þing þau sem hun hafde honum feingit þa hann for burt af landet fyra sinne og suo nu og hann hafde henne adr feingit j sin þionustzu laun. Medkennditz optnefndr þorleifr biornson fyrir oss adr nefndum monnum at inguelldr helgadotter ætte adr j sin gard þriatige hundrada ok ccc hundrada²⁾ enn nu reiknaditz male tittnefndrar jngvelldar helgadotta cccc hundrada²⁾ j garde þrattnefndz þorleifs biornssonar. Og til sanda hier um sette þrattnefndur þorleifr biornson sitt jn-

1) Utan á bréfinu með hendi frá c. 1700. 2) Svo.

sigle með vorum optnefndra manna jnnsiglvn fyrir þetta opit bref giort j sama stad dag og ar sem fyr seger.

468. 29. September 1484. á Grund í Eyjafirði.
TRANSSKRIFT.

AM. Fasc. LXV, 9, frumtransskriptið á skinni. Öll innsiglin (þrjú) eru dottin frá. — Am. Apogr. 5825.

Vitnisburðarbréf Arna Þorsteinssonar. Biarna Olafssonar¹)
og Biorns Jonssonar²).

Þath giorum wær. arni þorsteinsson. Biarne Olason ok biorn jonsson. Godum monnum viturligt með þessu woro opnu brefi. ath wær saum ok heyrðum ýfirlesit transkriftarbréf wt af wors naduga herra kong hans brefi með heilum ok oskauddum hangandi jn siglum. svo latanda ord eptir ord sem hier epter skrifat stendur. [Hér kemr:

1, transskriptarbréf gert á Båtssöndum 21. Maí 1484 (Nr. 456),
og í því

2. hirðstjórabréf handa Diðrik Pining á Íslandi, útgefið af Hans konungi í Flensborg 26. Nóv. 1483, Nr. 448].

Ok [til] meire sanninda hier wm settum wær fyrnefnder menn wor jnsigli fyrir þetta transskriptarbréf skrifat á grund j eyjafirði jn festo Mikaelis archangeli. anno domini M.º cd.º lxxxº quarto.

469. 15. Október 1484. á Mel í Miðfirði
SKOÐUNARGERÐ SEX presta tilnefndra af Ólafi biskupi Rögnvalds-
syni um það takmark og rekamark, er registrum dómkirkjunnar
á Hólum til vísaði, að kirkjan á Staðarbakka ætti allan Reykja-
tanga fyrir framan gras og Reykjaeyri alla með gögnum
og gæðum.

Eptir frumriti á skinni meðal Staðarbakaskjala í Lands-
skjalasafni, nokkuð skemdu. Öll (6) innsiglin eru dottin frá.
— Afskrift á skinni frá 19. öld meðal Staðarbakaskjala.
— AM. Apogr. 3745, staðfest afskrifteptir frumriti bréfsins: „þetta
hier fyrer framan og ofan skrifad brief er ordriett og stafriett skrifad
epter originalnum sem er ritadur a kalfskinn, og hefur verid með .6.

¹) Svo (!). ²) Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld.

hangande junsiglum, enn nu eru .5. burtu, og ecke fyrir brefnu nema hid 3dia junsigled, sem er aflangt, med kalek jnnan j, og kross þar ofan fyrir. Utann um kring jonsigled stendur: S. EGILLI. PBI. IOHNES þetta sierhvat vottum vid underskrifader sem originalinn med athuga hier vid samann bárum j Hvamme j Hvamms sveit þann 5. dag Junij árum epter gudz burd 1710. — Þordur Þordarson. — Ormur Dadason. — Ad þetta næst fyrir framann vidimus skrifada brief sie ordriett samhlioda vid originalinn vottum vid underskrifader j sama stad arc og deige sem næst fyrir framann skrifad stendur. — Magnus Magnusson profastur og prestur i Hvamme. — Þorsteirn Sigurdsson“.

Þeim godum monnum sem þetta brief sia edr heyra senda sira hallur finnzson. arnnbiornn asmundzson. eigill jonsson. jon gudmundzson. þorlackur þorgeirson. gudmundr sculason prestar holabiskupsdæmis kuEDIU gudS. ok sina kunnigt giorandj med. þessu uoru opnu breffj. ath þa er lid-it uar fra hingatburd tors lausnara iehsu christj þushund. flogur hundrud. attatiger og .iiij. ar. Uorum uær til nefnd-er ok scipader af uorum andaligum fedr ok uirdelegum herra. herra olaf med gudz nad biskup a holum kirkiunnar uegna a stadarbacka ad scoda ok ad sia med scyñsemð huat oss litist rettast firir gude um þat tacmark ok reka-mark er registrum domkirkiunnar ath holum til uisade ath kirkian a stadarbacka ættj allann reykiatanga firir framan gras ok reykiaeyre alla med gognum ok gædum. Ok¹⁾ þui leistz os(s) rettast ok sannast firir gude epter uorre skyn-
seme ok þat com os(s) saman ollum fyrgreindum kirkiunnar sonum at lækur sa rede firir er fellur j sio firir nordan eyrena enn firir sunnann fram æ adr greindre eyre stendr eiñ suardleysugrof og¹⁾ þar gegnt j sio ut einn stor steirnn. og¹⁾ þui com os(s) þat saman med lofatake ath þetta uæri eignn enns heilaga johannis baptiste a stadarbacka hedan j fra. og¹⁾ hier epter uilium uer sueria ef þarf.

Ok¹⁾ til sanninda hier um heingium uer adurgreiñder prestar uor jnsigle firir þetta bref giort ok scrifat a mel j midfirde faustudagenn næsta epter festum sancti calixti pape a sama are sem fyr seger.

¹⁾ Svo.

470. 22. Oktober 1484. á Munkaþverá.

EINAR ábóti á Munkaþverá reiknar hve mikið jarðagóz klaustrinu hefir aukizt síðan hann varð ábóti.

AM. Fasc. XXVII, 37, frumrit á skiuni frá Staðarhóli. Innsiglið er fyrir bréfinu, en nokkuð brákað. — Apogr. 1453.

Þat giorum uær broder jon Magnússon broder þorðr einarsson broder olafur magnússon ok broder þoruardr hallgeirsson conuentvbrædr munckapuerarklausturs godum monnum uiturligt med þessu uoro brefi ath þa er lidith uar fra hingatburd uors herra jhesu christi þushund fiogr hundrud atta tiger ok fiogr ar a friadaginn næsta fyrir festum seuerini episcopi uoro uær æ tale med einar abota. reiknadi hann fyrir oss huersu mikit jarðagoz aukizt hefde klaustur(s)ins uegna sidan hann uard abote ýfer munckapuerarklaustre. reiknadizt þat tuo hundrud hundrada ok sextigi hundrud at auk ok þar til mikill skogur j hnoskadal¹⁾ j uagljajordu. er hier ecke til reiknud jörden jlhugastader¹⁾ er hann²⁾ hafde til feingit. bad einar abote oss at uær skýlldum samþýkia at hann gæfe þeim sem hann villdi greinda jord jlhugastade.¹⁾ ok med þui at oss þiker jarðagozit uel aukizt hafa hofum uær þar til gefit fullt jayrde ok samþycke med handabande uid einar abota uorn ýfermann. Ok til sañinda hier (um) settum uær uort capitula jncigli fyrir þetta bréf skrifat j sama stad dege ok are sem fyrr seger.

471. 2. December 1484. á Munkaþverá.

MARGRÉT Eyjólfsdóttir selr Magnúsi Jónssyni jörðina Efsta-Fell í Kinn með afrétti og skógi fyrir alls þrjátigi hundraða.

AM. 280. 4to. bls. 66—67, skr. c. 1640 af Hákonu Ormssyni — Klaustraskjalabók Landsskjalasafns 94, einnig með hendi Hákonar Ormssonar c. 1640.

Breff fyrer Effstafelle 1484.

Þad giörum vid Sniolfur Hrafnsson (og) Gudmundur

¹⁾ Svo. ²⁾ tvískrifað.

Þorleifsson godum mönnum viturligt með þessu ockru opnu brefe. að þá er lided var frá hingadburd vors herra Jesu Christi þushund fiðgur hundrud attatiger og fiðgur ðr. fðstu-daginn næsta eþter Mariumessu sijðare¹⁾ í Skridu í Reykia-dal vorum vid í hið. sðum og heirdum ð ord og handa-band þessara manna Magnus Jonssonar af einne alfu og Margretar Eyulfsdottur af annare. að so fyrer skildu að fyrrgreind Margret Eyulfsdotter selde aadur nefndum Magnuse Jonssyne halfa jordena Efstafell í Kinn. er liggur í liosa-vats kirkiusokn. með ðllum þeim gðgnum og giædum sem greindre halfre jörðu filger og filgt hefur að fornu og nyiu og Hrafn Brandsson bonde hennar og hun vrðu fremst eigande að.

Sagde optnefnd Margret. að jorden Fell ætte afriett í Flateyriardal og skog með vmmerkium í Barnafells jörðu.

Hier j mote gaf tittnefndur Magnus Jonsson .xx. kugillde. er hann aatte hia bonda hennar og henne og .v. hundrud í ððrum peningum. en ðnnur .v. skyllde leggiast fyrer husleyse ð jörðunne.

skyldi þrátt nefnd Margret suara lagaríptingum a hálfre jörðunne Efstafelle er hun selde. enn Magnus halda til laga.

Og til sannenda hier vmm settum vid ockur Jnsigle fyrer þetta bref. skrifad a Munkaþveraa í Eyjafirde fimtugaginn næsta fyrer Nichulasmessu a sama aare sem fyrr seiger.

472.

1484.

í Núpufelli.

17. Maí 1488.

á Möðruvöllum.

VITNISBURÐR, að Árni Höskuldsson gerði testament sitt sjúkr á likama, en heill að viti, og lukti kirkjunni í „Gnúparfelli“ í reikning sinn hálfu jörðina Gilsá í Eyjafirði, en hálfu gaf hann Indriða syni sínum, og skyldi Höskuldr Árnason þá eiga lausn á allri jörðinni.

¹⁾ þ. e. 10. Sept.

AM. Fasc. XXVII, 27, frumrit á skinni. Bæði innsiglin eru fyrir bréfinu, og er annað þeirra brákað. — Apogr. 3293.

Bref vm gilsaa¹⁾

Þat gerum uid oddr þorbiarnason og bryniolfur olafsson godum monnum uiturligt með þessu ockru brefi ath þa er lidet uar fra hingatburd vors herra ihesu christi þusund cccc attatiger og fiogur ar j nuparfelli²⁾ j eyiafirdi ath þar uorum uid j hia saum ok heyrðum a þa arne hauskaullzson giördi sitt testamentvm siukur j likama en heill at uite ed adr greindr arni skipadi og lukti halfa jordina gilsa kirkivne j gnuparfelli²⁾ j sinn re(i)kningskap er liggur j eyiafirdi j saurbæiarþingum með þeim skilmala sem hier epter steindr. en halfa jördina gilsa gaf arne jndrida syne sinum at suo fyrir skildu atti hauskaulldr arnason skyllði til sin leysa til halldz og eignar alla jördina gilsa nær sem hann uildi fyrir suo uordna peninga sem godum monnum þætti tidt nefnd jörd gilsa vera verd. Og til sanninda hier um settum vier fyrr skrifader menn ockur jncigle fyrir þetta uitnisburdarbref er skrifath uar a Oaudruuöllum j eyiafirdi lagardaginn næsta efter uppstigningardag fiorum arum sidar en fyr seiger.

473.

[um 1484]

BREÐ (Magnúsar biskups Eyjólfssonar til Einars Björnssonar) um sætt við heilaga kirkju og fjármál.

AM. 679. 4to skb., þetta skr. aptan við orðubók Jóns biskups Krabba bls. 60a. og er máð mjög á bili, og verðr ekki full ábyrgð á því tekin. Sbr. JEsp. Árb. II, 106.

..... sincero fav(or)e cvm salvte.

Vita skulu þier at ydart bref ko[m til vor. sto]d þar ut j at þier hefdit fengit uort bref. j uetur oc ýdr sende hlioda j sodan mata sem ýdr ahrærdi oc ydr skvlv phest enn at nyiu a þat j vori(?) frett at þier hafit fallit j bann

¹⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi. ²⁾ Svo.

med k[a]rino uid oss ok gud verdr ydr.

þat j fyrstu hefði þier haft var rad þa uer uissum þar vm [ok se]ndvm til ýdar god heilræde j uorv brefe. þa hefde ýdr þat allt bet[r] geingit ef þier hefðit þav viliat hafa. en nu skeyttu þier þui ecke [ok] hafit þier geingit j þionustu banne j kirkiv j mote ollum. helldur haf[it þier] j moti þui fram farit bædi j samneyti ok kirkiu ingongv ok guds likama [tekiu. hafit þier] vafit ok savrgat hier j marga med ýdur. suo at þier megit hræddir [ver]a guds uegna huersv þetta lýcktazt.

Jtem stoð suo j ydru brefi at þi[er villdut] koma j þann stad ok finna oss sem ver vikvm uppa. megi þier þa eptirleng[ing] hafa at finna oss sem ýdr berr ok ydr er navdsynlig. þuiat vier þeinkium at blifa. edur þar nær suo sem vor eyrindi kvnnu uid koma. enn ef þier hefð-[ut] uillia til þa mætti þier med aurgaugum sendibodum ok suo med fara ut latum ýdrum monnum koma til snars fridar. þuiat þar megit þier fa noga peninga hid s[narasta] til ef þier uillit suo sem er j um skipti laugligu. uid systur ydra solueigu¹⁾ [þuiat vier] uitum at hyn tekur giarna af ýdur adrar jarðir þar nær sier. ef hun a kost [a. en] ecki gerum uer neina sætt þar um. utan uer sevm j fullri uissu. ok j fullri vpp a kirkiunar vegna af ýdur ok ydrum monnum.

Jtem beidvmzt uer j þessu uoro [brefi] af ýdur. þau þriatigi hundrada sem þier lofvdut oss þui hit sýdra na j furra sumar fyrir kuittan ok fiar innstæðu sem ver attvm uid ydr ok gafum ýdr. [En ef vier] faum ecke vora penninga nu j fardogum næst er koma þa. kollvm vier ap[tur þat ku]jttanar bref sem uer gafvm ýdur. ok segium upp allri þeirri sætt sem þar uar ger med [ockr]. þuiat þa jord sem þier settvt oss uilium uer huorki gripa fra solueigu. ne fra s[teinune] þuiat ef þat skal halldazt at uer hofvm jordina. þa uilivm ver fa kuittan [af] solueigv ok steinune j fardogvnm er kemur. enn ef þier gerit hier ecki j

¹⁾ Solveig Björnsdóttir á Skarði.

[nie fait hier] skial til þa þeinckium ver at ecki mincki sakirnar uid ydr ok ydar menn. skvl[v] þier nv hugsa ydur um sialfir huat ydur þikkir hagligazt hier vt j. enn dæm-inn hia sialfum ydr at þui meira omak sem þier hafit fyrir einum h[lut] þui meira munu þier uilia j gen taka.

ecki meira at sinni.

hier med geymi ydar gvd.

474.

[1484].

FORSÖGN [Magnúsar] biskups [Eyjólffssonar] fyrir umburðarbréfi, þar sem hann tilkynnir, að hann ætli að ríða í visitaziuferð á næsta sumri.

AM. 679 4to. bl. 60b aptan við orðubók þá, er Jón biskup Krabbe samþykkti 1464. Þetta er með sömu hendi og bréf Magnúsar biskups til Einars Björnssonar (Nr. 473).

Vær N. med guds nad biskup j skalholtli ok visitator yfir allt [skalholtz] biskupsdæmi. heilsum allum godum monnum þeim sem byggja ok bua j N. N. kærliga med guds kvediu ok worri kunnighth giorandi at vær þeinckium at hafa vora visitacionem j greindu takmarki hier med ydur æ .N. dagin næsta at kemur eptir .N. Messo næst komandi j sum-ar ok rida heiman wr skalholti til .N. ok suo kirkiu fra kirkiu sem wor leid liggur wm .N. fiordung þui bidium wier wm alla dandimenn. þóu sem kirkiur halda edur halfkirkiur bædi lærda ok leika j greindu takmarki. ath þeir lati til reidu mat ok aul ok fararskiota ok adra þa hluti sem þeim ber oss ok woru folki at weita. Bidium wær kærliga ok biodum vndir krafti heilagrar hlýdni. worum prestum ok kirkiubændum j fyrsaugdu takmarki at lesa eda lesa lata þetta wort bref huer at sinni soknar kirkiu ok sendi sidan huerr fra sier þetta wort bref til hins næsta þingaprestz edur kirkiubonda þess sem eigi hefir adur þetta wort bref til komit fram j weginns fyrir oss. suo at eingin soknar

kirchia sie wndan skilin j fyrrsaugdu takmarki. þar til sem þetta bref kemur til kirkiunnar j .N.

Ok til sanninda her wm settum vær.

475.

[1484].

FORSÖGN [Magnúsar] biskups [Eyjólfssonar] fyrir syndalausnarbréfi fyrir þá menn, er styrki fátæka kirkju með fé-gjöfum.

AM. 679. 4to. 60^b skb, aptan við orðubók þá, er Jón biskup Krabbe samþykki 1464.

Vær N. med guds nad biskup j skalholti ok visitor yfir allt skalholtz biskupsdæmi. Giorum godum monnum kunnigt med þessu woro opnu brefi at sakir þess ath. N. N. hefir komit fyrir oss ok ækært ath honum þikirkia a N. sem hann á forstandu ath veita hafa ordit fyrir mýklum skada. sakir þess at hennar bvfe ok adrir hennar pe(n)ing-ar. eru eyddir. enn bædi kirkian ok stadurinn þar þurfti eflingar ok endurbætingar. enn sæ prestur sem þar hefir kirkiufenadnum eytt ok eyda latit. sezt þar wpp ok þikirt þar framfæri eiga at hafa æfinliga. Nu af þui at wærhaufum yfir sied ok skodat huersu þar er hattat ok lizt oss sem greind kirchia sie miok fatek. ordin ok suo stadurinn ok þau bædi þurfi storrar hialpar wid. þui bidium vær alla dandimenn bædi lærda ok leika at hialpa til fyrrsagdri kirkiu ok stad fyrir guds sakir ok jungfru Marie nær sem greindur sira .N. edur hans wmbodsmenn. bidia þar aulmausu edur hialpar til. Ok j guds trausti jungfru marie ok hins heilaga peturs ok pals ok allra heilagra manna gefum vær sierhuerium sem leggja nockura peninga edur arbeidi til optnefndrar kirkiu

476.

29. Janúar 1485.

í Hvammi.

DÓMB útnefndr af Arnóri Finnssyni, kongs umboðsmanni

(milli Gilsfjarðar og Skraumu), um framfæri Guðlaugar Sveinsdóttur, er þrotbjarga og ófær hafði orðið eptir barn-eign, og kendi hún barnið Runólfi Höskuldssyni.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748), skr. c: 1608. Afskr. frá c. 1700 er í AM. 4 bls. 103—106.

Domur vm Gudlaugu Sueinsdotter hun var ofær.

Það Giorum vier þordur helgason. Finnur Pietursson. Sigurdur Helgason. arni Halldorsson. Þorkiell Jonsson og Gunnar Codransson. Godum monnum viturligt med þessu voru opnu brefi. ad þa er lidit var fra hingadburd vors herra jhesu christi. M. c. c. c. lxxx og v ar. laugardæginn næstañ fyrer Purificatio sancte Marie virginis j huammi j huams sueit æ þingstad riettum. vorum vær j dom nefndir af ærlegum mannj Arnori finnzsyni er þa hafdi laugligt vmbod kongsdomsins vegna. þing ad setia og dom yfer nefna. huorsu fara skylldi vm þa konu sem heitir Gudlaug og er Sueinsdottir. og ofær hafdi ordit j haust vestur á Biarna-staudum¹⁾ j S(a)urbæ. suo hun gat ecki sialf flutt sig edur fært Bæia j millum og Þormodur Biorsson sem bio á biarnarstaudum¹⁾ og nefnd kona hafdi ofær og þrotuona hia ordit Beiddi og krafði arnor finnzson ad nefna dom yfer huar fyrr Greind kona Gudlaug skylldi hialp edur framfærslu hafa. Nu af þui ad þesse kona Gudlaug Sueinsdottir hafdi ofær ordit j þeirri sott sem hun fæddi þad barn. sem hun sagdi Rvnolf Hauskulldzsonsannañ faundur ad vera. Enn vor landzlaug suo vtuijsa. at þar sem kona verður Barns hafandi. þaskal sa madur sem þad Barn á vnna þeim manni fullt fyrer sinn kostnad sem konu annadist medan hun er i þeim siukleika og suo fyrer Barnfostur. Þui dæmdum vier Greinda konu Gudlaugu Sueinsdottir skyllduga ad sueria fullañ bokar-eid fyrer profasti edur hans vmbodzmanni ad nefndur Runolfur væri jafnsannur fader hennar Barn(s) sem hun er modur. og ad þeim eydi vnum dæmdum vier Runolf skyll-ugan ad leggja peninga fyrer Greinda konu og hennar barn fyrst i vetur ef hann hefur til. þui oss þikir hun af hanz vaulldum og þunga ofær ordit hafa so framt sem hann verður

1) Svo.

sannur fadir ad hennar barni. Suo og ad þessum eidj vnum dæmdum vær jon biarnason. sem Greindur Runolfur atti peninga hia. skylldugañ ad fæda nefnda konu Gudlaugu og hennar Barn. suo leingi sem þeir peningar vinnast til. sem Runolfur a hia Greindum Jone j suoddañ mata. at fram skal falla fyrer Greinda konu og hennar Barn .v. alnir á huorri viku. og ad þessu honum lucktu dæmdum vær greindan Jon biarnarson aurlungis kuittañ vid fyrrskrifadan Runolf. suo micit sem hun neytir og hennar Barn. Jtem dæmdum vær og at augmundur Einarsson skyllidi vera kuittur vid Runolf vm það sem hann giallda atti optskrifudum Runolfi Hauskuldz¹⁾syni. þui það syndist ad nefndur augmundur Einarsson hafdi suo leingi fyrer optnefndri konu Gudlaugu og hennar Barni haft at þeir peningar aller eru framfallnir fyrir þau er Runolfur atti hia augmundi suo micid á huorri viku sem fyrr seigir. Enn ef Runolfur Hauskuldz¹⁾son verdur ecki fadir at þessu Barni sem laug votta. þa skal af hans ecki fyrer þau leggiast. Enn sa suari þeim kostnadi þa sem fyrer þeim er hafdur er fadir verdur þa Barns med saunnu. Jtem i þridiu Grein dæmdu vier Gudlaugu Sueinsdottir skyllduga ad sueria fullañ Bokar-eid. ef hun er til fær fyrer arnori finnssyni ad hun væri eigi fær at flytia sig Bæia j millum. skal hun med riettu þennañ eid sueria mega. a huorium deigi sem arnor vill taka. Ef ecki er laughelgur dagur. Nu ad þessum hennar eydi vnum edur suornum. dæmdum vær fyrnefndir menn med fullu doms atquædi. þessa þratnefnda konu Gudlaugu Sueinsdottir eiga laugligt framfæri a Greindum Saurbæiar-hrepp. sem hreppamanni Ber ad hafa med riettu med fulltinge edur tillægi. þar til sem hun feingi sijna heilsu suo hun giæti sialf flutt sig og fært Bæia j millum. sem adrir fatakir menn edur þar Bændur og hreppsmenn rydia henni til annars laugligs framfæris og huorn Bonda þar i hrepp skylldugañ ad flytia hana og færa sem adra hreppamenn og laug vtvijsa. Enn huor Bondi j fyrrgreindum Saurbæiar-hrepp sem þessa konu Gudlaugu vill ecki flytia og færa

¹⁾ Gudmundz (!) hdr. hér.

eptir þui sem laug vtvíjsa sa fyrstur er fremstur situr á Bodleid og suo huor fra audrum eptir riettum Bodburd. þa hafi votta vid sa er þangad flutti er riett uar eptir bodburd fram j veg og abyrgi hinum er fyrer situr med vitnum þessa konu. þa er sa uidskildur er þangad flutti. Enn hinn abyrgist ad aullu er fyrer situr. og vid skilldi taka greindri konu. Bædi uid kong og Erfingia. ef hann vill ecki vid henni taka edur jnn lata. huort sem þessari konu verdur. hun deyr af kulda edur matleysi. edur huad annad sem henni verdur af þess vaulldum edur forsomun er fyrer situr og vid atti ad taka optgreindri konu. Eptir þui sem laug vtvíjsa j framfærslu Bælki v̄m þa menn sem ecki vilia vid taka edur jnnlata fataeka menn. Skyldi þessi kona fyrst flytiast til hols j saurbæ ef hun er flutt og þadan j Tialldanes og suo vt eptir straundinne til hrepps Ęnda Bæ fra Bæ. Eptir riettum bodburdi. Ęn huor bondi sem hana vill eigi bædi flytia og fæda sem fyrr greiner. suari slíku sem laug vtvíjsa. og adur stendur skrifad. huad sem henni verdur sijdan til meins. af hans vaulldum sem eigi uill vid taka. og til sanninda hier vm setium vier fyrrnefndir menn vor jnnsigli fyrer þetta domsbref. skrifat j Liarskogum j Laxardal j hiardarhollzt kirkiusokn Blasiusmessu vm veturinn á sama ari og fyrr seigir.

477.

5. Febrúar 1485.

á Hrafnsseyri.

JÓN Björnsson (danr) gefr Erlingi Jónssyni tuttugu hundruð í þjónustulaun til kvonarmundar og setr honum „Okinsdalinn“ í Arnarfirði „til panta“ fyrir gjöfinni, og þó að hann þurfi meiri peninga með, skal hann þó ekki missa góða konu fyrir fjóratígi hundraða úr garði Jóns.

AM. Fasc. XXVII, 41b, frumrit á skinni með brákuðu innsigli. — Apogr. 784.

Path giore eg jon biornsson godum monnum kunigth med þessu minu oppnu brefi ath eg hefe gefeth erlingi jons-

syni xx hundrut j kugilldum ok¹⁾ fridum peningum ok¹⁾ j aullum þarfligum peningum til giptumalha en þo hann þurfe meire peninga med þa skal hann ecki missa goda konu firir floretigi hundrada vr minum garde. skal hann hafa okinsdalin j arnarfirde til pantta þar til eg hefe vt golldit honum þa peninga sem eg gef honum edr adra jord jafngoda þa sem honum bihagar. gef eg ok gellid fyrgreindum erlingi þessa adr greinda peninga j sið þionuztulaun. Ok til sanninda hier vm setta eg adrgreindrjon biornsson mitt jnsigli firir þetta bref skrifad æ hrafnsseyri j arnarfirde laugardag festum sancte agatte virginis þa lidith var fra hingatburd vors herra ihesu christi þusvn(d) fiogr hundrut lxxx og¹⁾ fim ar.

478.

12. Apríl 1485. á Bessastöðum.

DÓMR tólf manna, útnefndr af Hallsteini Þorsteinssyni kongs umboðsmanni í Múlaþingi um kæru Erlends Magnússonar til Magnúsar Ívarssonar, að Magnús hefði setið á ótekinni jörðu Erlends, sextán hundruðum í Bustarfelli í Vopnafirði.

AM. Apogr. 4470 „Ex orig. Biorns Petursonar a Bustarfelle“ (AM.). Árni gaf Birni frumritið apr. Innsigli Guðmundar Sigurðssonar var fyrir bréfinu: „þetta innsigle hefur vered það annad under brefenu, og eigi nema eitt firir framan það, sem nu er burtu, svo ei verdr vist vitad hvert það hefur vered Kodrans eda Hallsteins. þar hafa alldri vered under heingd nema .xij. og mun Hallsteinn ei innsiglad hafa, það stendur og ei sidarst í dominum, ad hann sitt innsigle med fest hafe“. (AM.).

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda kodran jonsson. Gudmundur sigurdzson. Gunlaugur Runolfsson. pall þorsteinsson. hermundr Benedictzson. thomas Einarsson. arne magnusson. Eindride arnorsson. Ellendr arnason. jon thomasson. mikel teitzson ok jon jonsson kvediu Gudz ok sina kunnegt giorande ath þa er lidit var fra

¹⁾ Svo.

burd kristz þusund .cccc. lxxx ok .v. ár æ manudagen næsta epter paskaviku¹⁾ æ bessastodum j fliotzdal æ þingstad rettum vorum vær j dom nefnder af velbornnum mane hallsteine þorsteinssyni kongs vmbodsmane j mulþinge. ath dæma umm þæ ækæru er Ellendur magnusson kærde til magnusar juarssonar ath hann hefdi setit æ otekinne jördu hans bustarfelle .[xvj^o hundrudum²⁾] þar j er liggur j hofsþingum j vopnafirdi upp æ svo langan tima sem hann ok fader hans hefer átt haft ok halldit. j ongu hans frelsi. þui dæmdum vær stefnuna lögliga ok magnus rettliga firir kalladan.

Jtem j sama dome dæmdum vær þæ bada magnus ok ellend skyllduga ath ríða til næsta auxararþings med oll sin prof ok skilrike ok leggja þau þar fram under lögman orskurd ok .xij. logrettumana dom hvert afgialld af greindum jardar parte skýlldu lukazt saker þess ath vier hofum eigi sed þar liost logmal umskrifath firir þenan laga brest ath greindur ellendur hafdi eigi stefnt adurnefndum magnusi til laga skiptes.

Jtem dæmdum vær optnefndan Ellend skýlldugan ath ríða heim til bustarfellz upp æ .iij. reisir. oc lesa þennan vorrn dom firir títt greindum magnusi ok hafa þar .ij. löglig vitne vid ath þad megi sveria ath þeir hygdi hann heima vera. skyllde ellendur þetta giortt hafa hid sidarza viku firir botholfsvöku. enn ef þrattnefndur magnus villdi fordazt ath heyra þenna dom edur talma títtnefndan ellend honum fram ath koma. þæ skylldi hann sem lesenn þegar hann være byriadur. svo ok skylldi opt greindr ellendur mega lesa edur lesa lata nefndan dom firir títtnefndum magnusi hvar hann gæte. hvortt þat være j þingreid edur æ auxararþinge epter sama skilordi sem fyrr seger.

Samþyckte hallsteinn þorsteinsson kongs umbodsman þenna dom med oss.

Ok til sannend[a] hier vm settum vær fýrgreinder domsmenn vor insigle firir þetta domsbref skrifath j sama stad ok ære degi sidar enn fyrr seger.

¹⁾ þ. e. 11. Apr.; ²⁾ [Þannig.

479.

21. Apríl 1485.

á Hólum.

GUNNLAUGR Þorkelsson fær Ólafi biskupi á Hólum og heilagri Holakirkju til æfinlegrar eignar jörðina Brimnes í Svarfaðardal itölulausa og með reka, en Ólafr biskup leggur á mót partinn í Tungu í Vatnsdal í Grimstungnaþingum.

AM. Fasc. XXVII, 38, frumritið á skinni. Öll (5) innsigli eru fyrir, en nokkuð eru sum þeirra brákuð. — Apogr. 3295.

brimnes j suárb(ada)rdal. 1485⁵⁾

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda andres jonsson. gudmundr jonsson. erlendr broddason. prestar holabiskupsdæmis. sveinn gudmundsson ok einar kolbeiñsson leickmenn kvediv gvdz ok siña kvnigt giorandi þa er lidit var fra hingatvrd vors herra ihesv christi 70. ed. lxxx. ok fim aar. a. holvm j hialtadaal midvikvdaginn næsta fyrir jonssmessv holabiskups vm vorit²⁾ vorvm ver j hia saum ok heyrdum æ ord ok handaband vors andaligx favdvs olaf(s) med gudz nad biskups a holvm af einne alfvo enn gvnlagx þorkeilssonar³⁾ af annare alfuo med suo felldvm skilmala at gvnlaggur þorkeilsson³⁾ feick³⁾ adur greindvm biskup olafi ok heilagre holakirkju til ævinligrar eignar jordina brimnes er liggur j svarfadardal j upsa kirkiv sokn jtavlulavsa ok rekañ med sem jordvne til heyrer med ollvm þeim gognvm ok gædvum er greindri jordu hefer fylgt at fornu ok nýio ok hann vard fremst eigandi at vndañ sig ok sinvm erfingivm. Enn hier j mot gaf opt nefndr biskup olaf adurnefndum gvnlagge partinn j tvngv er liggur j vatzdal j grimstvugna kirkiu sokn med ollv þvi sem honum hafer fylgt at forno ok nýio. Skal ok adrgreindr biskup olaf hallda þessare fyr skrifadre jorðv til laga enn titnef(n)dv Gunlaggur suara laga riptingvm ef nockur vill akæra. Ok til sanenda her vm settvm vær fyrnef(n)der menn voor jncigli fyrir þetta bref er giort var j sama stad ok aare degi sidar en fyr seger.

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi. 2) þ. e. 20. Apríl. 3) Svo,

480.

22. Apríl 1485. á Valþjófsstöðum.

PRÓFENTUBRÉF Jóns Ólafssonar, þar sem hann gefr Arna presti Þorsteinssyni prófentu sína.

AM. Apogr. 4429 „Epter transcripto 14 gamallra Skriduklausturs brefa, giordu þann 28. Septembris Anno 1697. (= a). Samanlesed vid annad transcriptum .XI. Skridulausturs pergaments brefa, giort þann 17. Septembris 1697“ (= b.).

Þad giðrum vær¹⁾ Sveinn prestur Jonsson. Þorsteinn Arnason. Arni Magnusson. Jon Eyiolfsson. Oddur JslEIFsson og Markus Vigfusson godum monnum kunnigt med þessu voru brefe. at sub anno Domini M. CD. LXXX. qvinto. a laugardagenn næsta epter áttadag Jola²⁾ j störu stofunne á³⁾ Valþjófsstöðum j Flíotzdal vorum vær¹⁾ j hia sðum og heyrðum á ord og handaband þessara manna. sira Arna Þorsteinssonar og Jons Ólafssonar. ad svo fyrir skildu. at greindur Jon Ólafsson gaf sig j æfnliga profentu og frammfære til ádurnefndz sira Arna med svo vordnum skilmála og peninga vexte sem hier seger.

Jn primis gaf hann med sier hálfa jörð er Sturluflötur⁴⁾ heiter er liggur j flíotzdal j Valþjófstadar kirkiu sokn. med öllum þeim gögnum og giæðum. skogum og landznytium sem greindre halfre jörðu fylger og fylgt hefur ad fornu og nýiu epter því sem hann vard fremst eigande ad .vij.⁵⁾ málnytú kugillde. vij. saude gamla j .ij.⁶⁾ og hross j .j.^c Hiermed skylle fyrr greindur⁷⁾ Jon þiona um .vij.⁸⁾ ár þa þionustu sem sira Arne legde fyrir hann. og hann hefde heilsu til. skylle greind jörð og aller fyrrnefnder peningar ut gialldast ath næstum fardögum epterkomendum sira Arna til eignar. nema .vij. kugillde bulæg skylldu gialldast ad öðrum fardögum. Hier i⁹⁾ mot skilde Jon Ólafsson sier j greinda profentu æfenliga mat og skiæde og .x. alnar¹⁰⁾ gialldvodar¹¹⁾ á hveriu áre. Skylle hann giðra sier hus á sialfs sins kostnade ef hann villde. skilde hann þá þegar ganga j þessa sína profentu og hafa þvilikt bordhalld sem hans dagliger

1) vier, b. 2) þ. e. 1. Janúar. 3) ad, a. 4) Stullaflötur, a. 5) Jtem, b., 6) ccc a; 7) nefndur, a; 8) sl. b; 9) a, a; 10) alner, a; 11) vodir, b;

sveinar. enn ef tittnefndz sira Arna misser vid fyrr enn Jons. þá skyllde optnefndur Jon fylgia peningum þráttgreindz sira Arna til hans erfingia. Og til sannenda hier um settum vær vor Jnsigle fyrir þetta profentubref. skrifad j sama stad. fóstudagenn næsta firir gagndagenn eina á sama áre sem fyrr seger.¹⁾

481.

20. Maí 1485. á Þorvarðsstöðum.

MAGNÚS Árnason selr Jörundi Vigfússyni jörðina hálfu Hafrafelli í Ássþingum í Fljótisdalshéraði fyrir tíu hundruð í ganganda fé og lausafé.

AM. Apogr. 4294 „Ex orig. Petrs Asmundzsonar a Ketilsstodum i Austfiordum“ (AM.). „Þar sem i þessu brefi er skrifad z, o: og stendr i originalnum = og vantar striked sem þesse tvö connectere. titell uppi yfir ordunum sem merke *ur*, er eius ritadur. ex. gr. ad= o: ad². alias hoc apographum accuratissimum est“ (AM.) Afskript er i bréfabók Brynjólfs biskups AM. 275. Fol. bls. 167. Ennfremr er afskript á skinni i Bisk. Skalh. Fac. X, 5, gerð i Skálholti fyrir Brynjólf biskup 15. Nóv. 1663 af Oddi Eyjólfssyni skólameistara, Torfa Jónssyni kirkjuprest, Teiti Torfasyni, Ólafi Jónssyni, séra Þórði Sveinssyni, Sigurði Björnsyni og Teiti Pétrossyni, eptir afskript Pétrs Ásmundssonar og Jóns Grímssonar gerðri að Ási i Fellum 3. Sept. 1663. Afskript þar af er meðal fornbréfaafskripta Árna 2612. Kallast bréfið þar: „kaupbref Jörundar Vigfússonar fyrir hálfu Hafrafelli j fellum austur af Magnuse Arnasyne fyrir x c j lausafe. Anno 1485. utskrifad Anno 1663“.

Þat giorum vær kodran jonsson. þorualldr sigurdzson. smidr gudmundzson ok michil teizson godum monnum uiturlikt²⁾ med þessu uoru brefi. þa er³⁾ lidit var fra hingatburd⁴⁾ vors herra iehsu christi. [þusund fiðgr hundröt atta tiger ok fim⁵⁾ aar. vndir aasi i fliotzdalshieradi a miduikudagin næsta firir philipe et jachobi.⁶⁾ vorvm ver j hia saum ok heyrðum a 7) ord ok handaband⁸⁾ þessara manna. af

¹⁾ Aptan við afskriptina stendr: „Þetta bref er a kálfskinn med gamla skrift med einu hangande Juncigle og tiglenum gomlum afodru“.

²⁾ vitanligt x, 5; ³⁾ ed x. 5; ⁴⁾ — burde x, 5; ⁵⁾ 1485, x, 5; ⁶⁾ p. e. 27. Apr., ⁷⁾ sl. x, 5; ⁸⁾ handsöl x, 5;

eirne ælfuð jaurðndar vigfussonar. en af annare magnus¹⁾ ærnasonar at svo firir skilldu. at ædur nefndur magnus fleck ok selldi fyrgreindum jðraundi jaurdina hóalfa hafrafell er ligur j æspingum i fljozdals hieradi til fullrar eignar ok frials forædis með aullum þeim gögnum ok gædum sem greindre jaurðð fylger ok fylkthefer at fornu ok nyið ok hann uard [fremz²⁾ eigandi at. hier i mot gaf opt nefndur jaurðndur þrattnefndum magnuse tíu hundrðd. skyllði þar j lukazt átta malnytð kugillði ok tolf sauder veturgamla. ok hundrad j uadmulum ok lukazt allt at næstum fardögum. skyllði títt nefndur magnus suara lagaríptingum æ³⁾ ædur greindri⁴⁾ jaurdu en optnefndur jaurðndur halda⁵⁾ til laga. lysti [þui ok⁶⁾ magnus ærnason fyrir oss at hann hefði þat tilskilet j kaupe þeirra finnboga at sa helmingr jardar at kirkian vnder æsi mætti eða ætti at eiga uillði hann ecki kaupa ok vændiz þar at vottum.

Ok til sanninnda her vm settum⁷⁾ uer fyrnefnder menn vor jnnzsigli firir þetta jardar kaupsbref skrifat æ þoruardzstaudum⁸⁾ j skriddal j mula kirkiu sokn faustðdagin næsta firir huitasunno æ sama ære sem fyr segir.

482.

18. Júní 1485.

á Hólum.

GUNNAR prestur Jónsson vottar, að Þorleifr heitin Arnason hafi sjúkr á líkama, en heill að skynsemi, gert sitt testamentum, og hafi hann þá gefið með endrýjuðum gjörningi Þorgerði Hallsdóttur Vatn eða Merkgil, hvort sem hún vildi heldr, og þar til tíu kúgildi.

AM. Fasc. XXVII, 40, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3297.

¹⁾ magnusar x, 5; ²⁾ [fyrir meir x, 5. ³⁾ leiðr.; vantaði í frbr.; að x 5; ⁴⁾ greinde x, (!); ⁵⁾ halde x, 5; ⁶⁾ [þar x, 5; ⁷⁾ setum x, 5; ⁸⁾ Þorvaldsstöðum x, 5.

Testament vm merkigil¹⁾

Þat giorer ek²⁾ gynnar prestr ionsson godvm monnum vitrligt með þessu minv opnv brefi ath eg²⁾ var í hía ok heyrdeg æ ath ek uar í glaumbæ j skagafirdi ath þolleifr. heitenn arnason sem gvd hans sæl hafi giordi sitt testamentvm heill ath skynsemi en sivkr í likama fyrir mier ok odrvm dandi monnum nær veravndvm koñvm ok kavllvm. ok j millum annara greina er hann giordi fyrir sier ok sinne sæl kirkivm ok fataekvm monnum endrnyadi hann sinn fyrra giorning er hann hafdi giort við þorgerdi halzdottir ok gaf henni til ævenligrar eignar vatn eda merkigil hvort sem hvn villde helldr hafa ok þar til .x. kvgilldi. ok til sanninda hier vm setti ek mitt innzikle fyrir þetta vitnisburdarbrief skrifat a holvm í hialltadal lavgardaginn næsta fyrir jonsmessv baptiste er lidit var fra hingatbyrd uors herra ihesv christi þvsvnd fiogr hvndrvt lxxx. ok v. ar

483.

24. Júní 1485. í Hvammi í Fljóttum.

ÁRNI bóndi Þorsteinsson kvittar Pál Jónsson fyrir Hallsteini Þorsteinssyni um andvirði Molastaða í Fljóttum.

AM. Fasc. XXVII, 43, frumritið á skiinni. Af þremr innsiglium er nú eitt fyrir bréfinu. — Apogr. 3299.

vm molastadi í fljottum 1485¹⁾

Þat giorum við þoruardur prestvr semingsson ok asmundur modaulfsson godum monnum uiturligt með þessu okkru brefi ad sub anno gracie. M.^o cccc.^o lxxx.^o quinto in natiuitate johannis baptiste j huammi j fljottum uorum við j hía saum og heyrðum æ ord ok hañdaband þessara manna arña bónda þorsteinssonar ok páls jónssonar ath fyr greindur arnni þorsteinsson gaf ok giordi adur greindan pál jónsson avlldungiss kuittan ok akiærulausan fyrir hallsteini

¹⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi. ²⁾ Svo á víxl í bréfinu. ³⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

boñda þorsteinssyni ok aullum hans er(f)ingium ok laugligum epterkomiñdum um alla þa peñinga sem oppt nefndur pal jonsson atti at giallda hallsteini bonda fyrir jordina molastadi ed liggur j holldz kirkiu sokn. medkeñdizt þrattnefndur arñi þorsteinsson at hann hefði fulla ok alla peñinga upp dregit uegna brodur sins hallzsteins sem honum uel anægdi. ok til meire audsýningar ok sanenda hier um setti tittnefndur arni þorsteinsson sitt incigli med okkrum jnciglum fyrir þetta kuittunarbref skrifad j sama stad a dag ok ári sem fyr seger.

484.

[1485?].

ALÞINGISDÓMR tólf manna útnefndr af Eyjólfí (lögmanni) Einarssyni um handar afhögg og aðra áverka, er Jón Sigmundsson og hans fylgjarar veittu Ólafi Sölvasyni.

Dómr þessi finst hvergi, nema í ágripi einu, og á þann hátt kemr hann allviða fyrir í dómabókum. Hér er hann tekinn eptir Landsbókafafni 63. 4to. bl. 37b, skr. c. 1640, og AM. 211. 4to. bls. 166, skr. c. 1700. En sá er galli á, að ártalið er allajafnan ritað „1548“ í þessum dómi, en það fær ekki samrýmzt við það, að dómrinn sé dæmdr af Eyjólfí lögmanni Einarssyni (1480—1494). Hugsí maðr sér, að ártalið sé misritað fyrir 1485 (í því ártali eru sömu tölustafir og hinu), þá eru lögmannsár Eyjólfis ekki til fyrirstöðu, en annar agnúi verðr þar á móti á því ártali, og hann er sá, að Ásgrímr Sigmundarson, sem nefndr er hér í dóminum, er þá dáinn (veginn í Viðidalstungu í Sept. 1483). Þó er ekki óhugsandi, að dregizt hafi málið og að dómrinn kynni að vera frá 1485.

Alþingisdómur vm handar affhogg 1548.

Dæmdur aff Eiolffue Einarssyne og xij Logriettumonn-um vm [þa ákiæru¹⁾ er Olaffur Soluason [sýnde og²⁾ sagdist feingid haffua aff filgiorum Jons Sigmundssonar. Asgrime Sigmundssyne og Sygmunde yuarssyne³⁾. og dæmt var til alþingis.

Nu sakir þess ad þar voru ónguar sakir syndar og⁴⁾ fram bornar. ad Olaffur haffue hafft til vid [fyr²⁾ greinda menn þa

¹⁾ [þann averka 211. ²⁾ [sl. 211. ³⁾ Jonssyne 211. ⁴⁾ edur 211. ⁵⁾ hefde 211.

er honum veittu auerkana. þuj dæmum¹⁾ vier fyr²⁾ nefndum Olaffue xij^c á þumalfingrinum [a hægre hende³⁾. enn vj^{c4)} a vinstri hendinni. ij merkur á hofud[hoggsarinu⁵⁾. tuo fullrietti á stingnum sem hann haffde á sijnum hægra handleggnum.

Dæmdum vier ad þessar sárabætur skyllde gialldast j ollum fullum ⁶⁾ peningum. xj stikur varningsklædis j huort hundrad og þar [adra peninga jafnuirða j hundrad⁷⁾. [Þui skal aff þessum peningum [lukt ij^{c8)} jnnann [manadar næsta⁹⁾ j hid fyrsta sal ad heimili sialfs Olaffs Soluasonar. aunur ij^{c10)} ad næstu Michaelsmesso [j hid annad sal¹¹⁾. enn allt ad næstum fardogum j hid sijdasta sal.¹²⁾

485.

20. Júlí 1485. á Rófu í Miðfirði.

10. Maí 1499. á Holtastöðum.

SIGMUNDR prestr Steindórsson selr Bergljótu dóttur sinni 35 hundruð í jörðunni Bjargi í Miðfirði fyrir Hvarf í Viðidal.

AM. Faec. XXVII, 4a, frumrit á skinni, og er innsiglið fyrir bréfinu, en brákað. — Apogr. 3298.

[Þat giore eg thvmas hrafson¹³⁾ godum monnum uiturlegt med þessu minu opnu brefi at þa lidit uar fra guds burd M. cd. lxxx. og .v. áúr á sialfa þorlaksmessu um sumarit á rofu j midfirði uar eg j hia sa eg og heyrdig á ord og handaband þessarra mana sigmundar prestz steinþorssonar og bergliotar sigmundardottur dottur hans at so fyrir skildu at greindr sira sigmundr selldi bergliotu dottur sinni xv hundrut og xx. j iordunni biargi j midfirði med ollum þeim

¹⁾ dæmdum 211. ²⁾ oft 211. ³⁾ [b. v. 211. ⁴⁾ 7c, 211. ⁵⁾ [hoggenu 211. ⁶⁾ fullvirutum 211. ⁷⁾ [til adrer peningar jafnvirder 211. ⁸⁾ [lukast 400, 211. ⁹⁾ næsta manadar 211. ¹⁰⁾ 400, 211. ¹¹⁾ [b. v. 211. ¹²⁾ „Datum þessa doms 1548“ 211. ¹³⁾ Utan á bréfinu standa með sömu hendi þessi upphafsorð ad bréfinu: „Þat giorum vid tvmas hrafsson og þorlukur ottarsson“, Hafa þeir upphaflega ætlað tveir ad útgefa og votta bréfið, en ekki orðið af, ad Þorlákur Óttarsson yrði með.

gögnum og gædum sem þeim iardar dyrleika fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu og hann hafdi fremst eigandi at ordit. hier i mot gaf opt nefnd bergliot þrattnefndum sira sigmundi fodur sinum iordina alla hvarf j vididal er liggr j tungu kirkiu sokn med ollum þeim gognum og gædum sem þeirri iorðu fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu og hun haf[di] fremst eiganndi at ordit. skylldi huort um sig suara lagariptingum æ þeirri iorðu er sellt hafdi enn huort um sig halda til laga. Og til sanninnda hier um setta eg mitt innsigli fyrir þetta bref er skrifad uar á holltastodum i langadal þa lidit uar fra guds burd M. cd. niutiger og niu áR næsta dag efter uppstigningardag um sumarit.

486.

31. Júlí 1485.

í Bjarnarhöfn.

VITNISBURÐR, að Magnús Oddsson sór fullan bókaréið að því fyrir Finnboga lögmanni Jónssyni, að hann var hjá og heyrði á, að Illugi Haldórsson og Sighvatr Illugason seldu Einari Þórólfssyni jörðina Brimilsvöllu.

Eptir afskrípt staðfestri 25. Júní 1703 á Reykhólum af Gísla Jónssyni og Einari Oddssyni, og rituðu þeir eptir frumritinu á „pergamenti“.

Það giorum vid Asgrimur Halsson ok jon Ketilsson godum mōnnum vitañlegt med þessu ockru brefi. ad þar voro vid ij hið og heyrðum á ad Magnus Oddsson sor fullañ bokareyd firer fimboga Jonssine Logmanne ad hann var þar hið og heyrde á ad Jllugi Halldorsson og Sigvatur Jllugason selldu og feyngu Einare Þorolfssine Jordena Brimilsvollu ad ollu og fullu sem þetta¹⁾ kaupbrieff utvijsar sem þetta kaupbrieff er medfest. Og til sannenda hier um setum vid firnefnder menn ockur innsigle firer þetta brieff er skrifad var ij Biarnarhoffn ij Helgafellssveijt sunnudagienn næsta efter Olafsmesso hiña firri anno domini M cd^o lxxx^o qvinto.

¹⁾ Svo.

487. 3. September 1485. í Dal undir Eyjafjöllum.

EYJÓLFUR Einarsson lögmaðr sunnan og austan á Íslandi „og hirðstjóri yfir allt Ísland“ skipar Árna Einarssyni sýslu og kongs umboð í Vöðlupingi til næsta alþingis.

AM. Apogr. 5626 með hendi Jóns Magnússonar bróður Arna „Ex originali á kalfskinn“.

Ég eyiolfur einarson laugman sunan og austan a jslande og hirðstjóri yfer allt jsland heilsar¹⁾ ollum godum monnum þeim sem býgia og bua í vöðlupingi gudz kuediu og mina.

vil eg ýdur viturligt giora at ec hefi vnt og skipað velbornum manni arna einarssyni Mins herra kongsiús sýslu og umbod hier með ýdr. suo sem fullmecktugum sýslumanni til ber at hafa með skauttum og skyllidum rekum og renningum hvolum og hafrekstrum og ollum þeim rett og reñtu sem kongdominn ok mig tilheyrer og eigi er adur fullur sattmali a ger. skal fyr nefndur arni oll mal smærri og og stærri sætta og semia. segtta og nidur setia og fyrir sig stefna prófa taca og dom yfer nefna þar sem þess þarf með og sækia vnder kongdominn og mic. Skal adurnefndur arni hafa öll sex marka mal og þar fyrir jnnañ sier til lettis og eignar fyrir sina armædu fyrir vtan allañ reikningskap vid kongdominn og mic. En ef stærri mal kunnu til at falla sem gud lati færri en fleire. þau skal hann sækia vnder kongdominn og mic og mier þar fullan reikningsskap af gera. skal og fyrnefndur arni fulla mackt og valld til hafa þeim monnum dag at gefa sem j vandrædi kunna at falla edur fallit hafa og til min sem skiotaz kunnu þeir og a kirkiunar nader komast. skal hann og fulla mackt til hafa at stefna þeim monnum aptur i sina sýslu sem þar hafa brotliger ordit ef þeir hlaupazt j adrar sueiter. skal hann mins herra kongsiús iardir býgia j greindu takmarki og landskyllder vpp bera viseyri saman taca og taca lata vnder fullañ reikningskap vid mic og þangat færa sem eg geri rad a fyrir at afluektum nefndarmonnum sitt þingfararkaup. Bidur eg vm alla goda menn og sierliga Mins herra kongs-

¹⁾ Svo.

iñs vine og mina at þier seut greindum arna viliuger og efterlater huors sem hann kann med þurfa og latid hann vel og reidugliga at komazt þeim goduilla er þier vilit honum gert hafa. hier med skal optnefndur arni fulla mackt til hafa þeim manni vmbod at gefa lög og rett at gera sem hann med ser til kys j greindu tacmarki at ollu jamfullu sem hann sialfur. Byd ec tittnefndvm arna at hann tali lög ok rett til huors Mans og þo med vægd og mýskun. þar sem þat tilheyrer enn þriotskum og þralýndum se hann rettur domari og refsingasamur. skal hann þessari Mans herra kongsins syslu og vmbodi at fylgia til næsta óxararþings og þat leingur sem eigi verður ónur lauglig skipan a gior. Og til sannenda hier vm setti ec eyiolfur einarsson mitt jnnsigli fyrir þetta syslubref er skrifat var j dal vnder eyiafiollum laugardag næsta fyrir natiuitas sancte Marie virginis. arum epter guds burd .M. flogur hundred attatiger fim ar.

8. September 1485.

488.

13. April 1486.

á Munkaþverá.

HÁLFÐAN Einarsson handsalar Einari ábóta á Munkaþverá klaustrinu til eignar þann skóg, er hann reiknaðist eiga í Vaglaþjórdú í Fnjóskadal, gegn svo miklu tímri úr skóginum, er Árni bróðir Hálfðanar hafði átt skilið, en það var tíu huadruð að tölu eða tólf.

steinstade j oxnadal er liggur j backa kirkiu soknn med ollum þeim gognvm ok gædum sem greindum jordum fylger ok fylgt hefur ad fornu ok nyiu ok oddur uard fremst egandi at ok hier til þriatigi hundrada sex malnytu kvgillde ok fiogur ok tuttugu j þarflegum peningum. skýlde huorr vm sig halda til laga þeim iordvm sem keypte en suara lagariptingum a. þeim sem selde. lofode helga þolle(i)fsdotter ad. suara kirkiu reikninge a holtastaudum suo sem henne bære. reiknudvst þar siou hundrat j porcio er fallid hafde sidan skule bonde loptsson deidi ok henne bar umbod yfer jordvni ok tolf malnitv kvgillde j gamla instædu. suo ok lyste helga þorleifs dottir fyrir oss ad hvn hefde ecki meir en fim uetur ens atta tigar ad aldre þa hun selde oddi jordina ok hun hefde huorki giofum gefid nie saulvm selt þrattnefnda jord holtastade ok ongum lofad at selia nema odde steinsyne. ok til sannenda hier um settum uer fyr nefnder men uor insigle fyrer þetta jardakaups brief sem giort uar a laugalande j haurgardal a fimtudagin j trinitatisuiku a sama are sem fyr segier.

531.

30. Júní
23. Júlí 1487.á alþingi.
í Ljárskógum.

DÓMR útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jónssyni um ættleiðing Pétrs Loptssonar, og er hún lögleg dæmd.

AM. 234. 4^{to}, bls. 264—265 (= a) og bls. 585 (= b), hvorttveggja skr. um 1600. — MSteph. 27. 4^{to}, bls. 176—177, Svartskiinna, skr. c. 1730 (= c). — IBfél. 67. 4^{to}, bl. 55—56, „Iclis“ með hendi séra Eyjólf á Völlum (= d).

Alþingisdómur vm ættleiðing Peturs Loptzsonar.

Ollum monnum sem þetta bref sia edur heyra senda gudni jonsson. jon oddsson. jon ellingsson. gunlugur þorkielsson. sigurdur dadason. þorlakur þorkielsson. arnor finsson. halldor þorgeirsson. hauskulldur arnason. benedikt magnusson. jon arngrimsson¹⁾ og þorlakur þorsteinsson quediú Gudz

1) Magnusson 67.

og síjna [kunnugtt giorande¹⁾ ad subb anno gratiæ [m. cccc. lxxx og vij²⁾ á laugardaginn nærstan epter pietursmesso og palz á almenniligu auxarðrþingi vorum vier j dom nefnder af ærligum manne finboga jonssyni laugmanne nordan og vestan á jslandi ad skoda oc dæma þá saumu ættleiding sem steinunn gunarsdotter hafdi ættleidt pietur Loptsson son sinn oc [hann þar þa beiddist doms a i logrettunni³⁾ huort hon skyldi lauglig edur eigi. nu af þui ad þar kom fram ættleidingar bref fyrr nefndz pieturs vnder godra manna jnciglum huert giort uar epter bokarinnar ordum þui dæmdum vier fyr nefnder domzmenn þessa saumu ættleiding laugliga med aullum sijnum greinum oc articulis oc obrigduliga halldaz mega⁴⁾ oc optnefndan pietur Loptsson laugliga ættleiddan til allra þeirra arfa sem laugbok skyrer ad ættleidingur a med logum ad hafa sú er⁵⁾ med laugum er ættleiddur.

Samþykkti þennan uorn dom med oss adur nefndur finbogi jonsson laugmann oc setti sitt jncigli med vorum jnciglum fyrir þetta domzbref [skrifad i Liaskogum í Laxardal manadaginn næstan epter Þorlaxsmesso um sumarit a sama ari sem fyrr segir⁶⁾).

532.

26. Júlí 1487.

á Hólum.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

Bisk. 3. Fol. bls. 79—80, með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar 1641—42 fyrir Þorlák biskup Skúlason.

Bréf vm myklagard.

Þad giorum vier Olafur Jngemundason. Nicholas Wilhíalmsson. Gudolfur Magnusson. Jon Kollason. prestar Hóla Byskupzdæmis godum monnum viturligt med þessu woru opnu Briefi ad vier sðum og ýfferlasum mældagann Myklagardz kyrckiu j Riegistrum⁷⁾ heilagrar Holakyrckiu so lát-

1) [b (á spássíu), c, d; útstrykað í a; 2) [b; 1487, a; 3) [b. v. d. 4) eiga, d; 5) ed, b; 6) [b. v. d; 7) Svo.

anda. ord epter ord sem hier grejner. [Hér kemr síðari hluti Miklagarðsmáldaga eptir máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar XLVIII og LXXVI, Dipl. Isl. V, bls. 313—314, 350—351].

Settum vier fyrr nefnder prestar vor jnsigli fyrer þetta wtnisburdar Brief. skrifath a Holum j hialltadal fimtudæginn næstañ fyrer Olafzmessu fyrri. þa er lidid var fra hingadburd vors herra Jesu Christi þusund cccc og lxxx og sið ðr.

533.

27. August 1487.

á Skarði.

SÆTTARGERÐ Magnúsar biskups í Skálholti og Einars Björnssonar, bæði um víg Bjarna Þórarinssonar vegna Einars sjálfs, og svo vegna Þorleifs bróður hans, „sem guð hans sál náði“.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 6, frumritið á skinni. — AM. Apogr. 2593 (eptir frumritinu). — Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 7, transskript gert í Búardal c. 1541¹). — AM. Apogr. 2594 (eptir því transskripti). — AM. Fasc. XXVIII, 12, transskript á skinni gert í Skálholti 29. Júlí 1488. — Apogr. 1493 (eptir því transskripti). — AM. Fasc. XXVIII, 11, vidi-mus á skinni gert á Reykhólum 18. Marts 1534. Hér er fylgt Skálholtsfrumritinu, og er innsigli Einars Björnssonar enn fyrir bréfinu.

sættarbrief biskup magnus og einars björnssonar
vm bæ j borgarfirdi ma hier lesa.

Þath giorum wær broder halldorr med gvdz næd abotj a helgafellj. helgj magnusson og petur þordarson prestar schalholltz biskupsdæmis. sigurdr dadason. arnorr finnzson og eyiolfur gunarsson leikmenn godum monnum witurligt med þessu woru oppnu brefe a manudaginn næsta fyrir decollacionem johannes baptiste a skardj a skardzstraund þa er lidith war fra hingatburd wors herra jhesu christi þusund fiogr huñdruth attatiger og siau ær worum wær j hia saum og heyrðum a ord og handaband þessarra manna

1) Þessi afskript hefir aldrei verið reglulega innsigluð, og Árna þyk-
ir bréfið þar „apalega bókstafað“.

herra magnus med gudz næd biskups j skalholtj af einne alfu enn einars biornssonar af annarrj at suo fyrir skildu at nefndr einar biornsson skyldj giallda biskup magnuse fyrir þær sakir og askilnad sem þeirra war j millum. cc. hundruth hundrada. woro þessar jardir þar til skildar. j fyrstu bærr j borgarfirdj og þar med jardiarnar langholt og huitarrbackj er þar liggia wnnidir fyrir hundrath hundrada og optnefndr einar kuittur wm kirkiu reikning j bæ og kirkiufe og wppgiord kirkiunar þar. Skyldj þetta hundrath hundrada gialldaz fyrir þa saumu sauk sem einar biornsson brotligr ward fyrir sig og sina menn þa þeir foro til lækiar æbardarstraund og biarne heitinn þorarinsson war oforsyniu j hel sleginn sem gud hans sal hafe. Jtem j annarrj grein gallt tittnefndr einar adrskrifudum biskup magnuse annat hundrat hundrada fyrir allar þær skulldir. sakir og peningareikning sem þratt greindr einar honum skyldugr ward fyrir sig og sinn brodur þorleif biornsson sem gud hans sal nadj þessar jardir þar j luktar er suo heita jordin half asar er liggr æ sidu j skaptartungu fyrir xxx hundrada at suo fyrir skildu at þa peninga sem biorn heitinn þorleifsson hefdj fargat og suarid wæri at hann hefdj j burt skipat skyldj halft bitala biskup magnus enn halft fyrgreindr einar adrgreindri kirkiu og þar til .ij. jardir westur æ bardarstraund j haga kirkiusokn er suo heita haukaberg fyrir xxx hundrada og hrakstadj fyrir .xl. hundrada med skerj þui sem þar liggr fyrir framan og bæta þar til halfu þridia hundradj og þar til. xiiij. kugilldj og vj hundruth j ollum þarfligum peningum. Suo og i¹) sama hanndabandj worum wær j hia fyrsskrifadir menn at optnefndr biskup magnus gaf tittskrifadann einar aullungis kuittan og akiærusausan wppa heilagrar kirkiu wegna fyrir sier og ollum sinum epterkomendum kirkiunnar formonnum j skalholtj wm allar þær sakir og misfellj sem þeim hefer j mille farid og einar honum skyldugr ward wppa sinna wegna og sins brodrs þorleifs heitens biornssonar. Hier med skylldu beggia þeirra menn og medfylgi-

1) VIII, 7; XXVIII, 11; sl. VIII, 6 og XXVIII, 12.

arar biskup(s) magnus og einars kuittir og ækiæruleisur wm þan styrk og fylgj sem huorer haufdu audrum weitt. skylldj þrattnefndr einar leysa [mega aptur¹] jardirnar haukaberg og hrakstadj jnnan .v. ara fyrir adrar jardir jafndyrar at laugligri wirdingu þeirra manna sem þar er²) kunnigth til og þeim biskupinum og einarj wel semur. skylldj þessar .ij. iardir lukaz fyrir sunnan og austan. lofadj fyrr skrifadr einar at suara lagariptingum æ þessum ollum fyrrskrifudum jordum. enn þratt nefndr biskup magnus hallda til laga. Gallt optgreindr einar tittskrifudum biskup magnuse allar þessar adr skrifadar jardir med ollum þeim gaugnum og gædum sem greindum jordum fylger og fylgt hefer at fornu og nýiu og hann ward fremzt eigandj at med laugum. hier med skylldj biskup magnus mega at sier taka jordina bæ og þær .ij. iardirnar sem þar med fylgia þegar hann willdj og suo jordina halfa asa er liggr austur a²) sidu. Og til sanninda hier wm settu⁴) fyrnefndir menn herra magnus biskup j skalholtj og junkærj einar biornsson med worra fyrrskrifadra manna jnsglum sin jnnsigle fyrir þetta bref er skrifath war [æ sama sama are og degj sem⁵) fyrr sægir.

534.

1. Oktober 1487.

í Haga.

Magnús biskup í Skálholti gefr Ingibjörgu Eyjólfsdóttur systur sinni jardirnar Bæ í Borgarfirði, Hvítárþakka og Langholt, en hún skyldi gefa Eyjólfí Gíslasyni jörðina Bæ, ef hann giptist eptir „okkru ráði“ og Gísla föður síns, og kvittar biskup systur sína um andvirði Bæjar.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 8, frumrit á skinni nú innsiglislaust.— AM. Apogr. 2595 „accuraté“. Frumritið nokkuð skemt.

Brief vm Bæ j Borgarfirde.

Vær brodir magnus med gudz næd biskup j skalholtj

1) [aptur mega, frb., en merkt, að sætaskipti skuli gerð á orðunum.
2) VIII, 7 & XXVIII, 11; sl. VIII, 6 & XXVIII, 12; 3) sl. VIII, 6;
4) settum VIII, 6; 5) [i budardal. Þridiodaginn næstan eptir bartholomeus messo (= 28. Aug.) a sama are. deigi sijdar enn VIII, 7.

giorum godum monnum kunnigth med þessa woro oppnu brefi at wær medkennunzt at wær haufum gefid jngebiorgu eyiolfsdottur systur worrj jordina alla bæ er ligr j borgarfirdj med þeim tueimur jordum sem þar wádir liggia er suo heita huitarbackj og langholt sem einar biornsson oss fieck med greindri jordu bæ. gefum wær og faum [a]dr skrifadrj jngebiorgu fyrr nefnda jord bæ med greindum tueim jordum med ollum þeim gaugnum [og g]ædum sem optgreindre jordu bæ fylger og fylgt hefir at fornu (og) nyiu og wer wrdum fremzt eigandj at. at suo firir skildu ath fyrnefnd jngebiorg skýlldj gefa eyiolfe gislasyni syne sinum titt skrifada jord bæ suo framt sem greindr eyiolfr giptizt epter ockru rade og suo gisla philipussonar fodr sins. medkennunzt wær og j þessu woru breffj at wær hofum fulla peninga wpp boiid af optskrifadri jngebiorgu fyrir þratt greinda jord bæ sem oss wel ænæger. Suo og medkennunzt wer at wer haufum lofad [a]t suara lagaríptingu æ titt nefndrj jordu bæ enn þrattgreind jngebiorg halda til laga. Og til meirj audsyningar og stadfestu hier [w]m settum wær wort jnsigle fyrir þetta bref er skrifath war j haga æ bardastrand manudaginn næsta epter festum michaelis archangelj. anno dominj. M^o. cd^o. lxxx^o. septimo.

535.

1. Oktober 1487.

í Haga.

MAGNÚS biskup Eyjólfsson gefr Ingibjörgu Eyjólfsdóttur systur sinni jarðirnar Haukaberg og Hrakstaði á Barðaströnd, eða þær jarðir, er Einar Björnsson leysir þær með.

Bisk. Skalh. Fasc. XVI, 20, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá. — AM. Apogr. 2499 „accuratissime“.

Brief frá haga vm hauka Berg og hrakstade¹⁾

Wær broder magnus med guds nad biskup i skalholte giorum godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefi. at uær medkenunzt at uær hofum gefit ingebiorgv eyolfsdottur systur uore jardernar haukaberg og hrakstadi. er

1) Utan á bréfinu með nokkuð gamalli hendi.

liggia j hagakirkju sokn med ollum þeim gognum og gæddum¹⁾ sem greindum iordum fylger og fylgt hefer at fornu og nyu og uer urdum fremzt eigande at. eða þær iarder sem einar biornzson leysser þær fyrir. innañ. v. ara. skal hun atsier taka iardernar. at næstum fardogu(m) haukaberg og harkstadi¹⁾ till fullrar eignar. Og til meirj au(d)syningar og stadfestu hier vm settum vær uort jusigle fyrir þetta bref er skrifat var j haga a bardastraund manudagin næsta epter festum michaelis archangeli anno domini. M^o. cd^o. lxxx. septimo.

536.

3. Október 1487. í Bæ í Hrutafirði.

Dómr Arnórs Finnssonar sýslumanns milli Geirhólms og Hrutafjarðarar um viglýsing Guttorms Ólafssonar, er vegið hafði Ólaf Indriðason.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni, skr. c. 1608. — AM. 211. 4to bls. 174—175, skr. c. 1700, að eins upphafið, og skeytir svo aptan við það dómi frá 20. Janúar 1496.

Domur vm viglýsing.

Það giaurum vier Jon Suarthaufdason. Arni halldorson. helgi finnsson. Hallur²⁾ Olafsson. Nicholas Vigfusson og Jon Magnusson Godum monnum kvnnigt med þessu voru opnu brefi. at þa er lidit var fra hingad Burd vors herra jhesu christi. M. cccc. lxxx og vij ar a miduikudægin næstañ eptir³⁾ Michaelismesso j Bæ j hrutafirdi á þingstad riettum vorum vær i dom nefndir af ærligum manni arnori finnzsyni. Er þa hafdi laugligt vmbod kongdomsins vegna j sýslunni millum Geirholms og hrutafiardarar at skoda og dæma. huorsu lauglig vera skyldi su sama viglýsing er Guttormur Olafsson lysti fyrir Hallbirni¹⁾ Þorsteinssyni og Birni Jonssyni þa er hann hafdi oforsyniu j hel slegit Olaf heitinn Jndriðason.

1) Svo; 2) Óskýrt í Vatnsh.; Hallur 211; 3) Hér hleypur 211 alt í einu úr þessum dómi og skeytir hér aptan við dómi frá 20. Jan. 1496

Nv af þui að þessir fyrr skrifadir menn halldor¹⁾ og Biorn soru fullan Bokareyd fyrir Arnori finnssyne suo vær heyrðum. að greindur Guttormur Olafsson hefði lyst fyrir þeim á kirkiunni á Eyri j Bitru sagðri viglysing epter aullum Bokarinnar ordum. Og þui dæmdum vær fyrr nefndir domsmenn þessa saumu viglysing j allañ mata laugliga vera. og optnefndan Guttorm Olafsson að laugum lyst hafa fyrr nefndu vigi. sem laugin vtújsa.

Og til sanninda hier um setium vier þrattnefndir domsmenn vor jnnsigli fyrir þetta domsbref skrifad i sama stad deigi og ari sem fyrr seigir.

537.

6. Oktober 1487.

undir Múla.

GÍSLI Filippusson staðfestir þann gjörning um Keflavík (á Barðaströnd), er hann hafði gert við Jón Jónsson mág sinn og Dýrfinnu dóttur sína.

AM. Apogr. 1161, að því er virðist eptir frumriti.

Þat giore eg gisle filippusson godvm monnum kunnigt með þessv minv opnv brefe at ek meðkennunzt at eg hefe staðfest þan sama giörning stodugan j allañ mata sem eg hefe giort vm jordena keflavik vid jon jonsson mág mið ok dyrfinno dottur mina epter þui sem þat sama bref vt visar sem þar er vm giort. at þessum vitnum tilkolludum. herra magnuse með guds nað biskupe j skalhollte ok síra¹⁾ lopte filippussyne. Ok til sannenda hier vm setur herra magnus sitt jnsigle með²⁾ ok nefndur síra loptur með gisla filippussonar jnsigle fyrir þetta bref skrifad under mvla á skalmarnese jn festo fides virginis. anno domini. 1487. cd^o. lxxx^o. septimo.

1) leiðr.; suo, hdr.; 2) Svo.

538. 22. Október 1487. í Flatey á Breiðafirði.

TVÉR menn transskríbera bréf frá 6. Marts 1390 um Illgastaði og Hrafnagil í Laxárdal.

AM. Fasc. IV, 17. Frumtransskriptið. Aftan á því stendr með hendi Árna lögmanns Oddssonar: „Þetta bréf kom mîr til handa a Sîafarborg þann sydasta Julij Anno 1625. A[rni] O[dds] s[on]“.

Þat giorum uid Martein þoruardson og jon hauskauddzson godum Monnum kunnegt med þesso ockru opnv brefi at uid hofum sêt og heýrt ýfer lesit opit bref þessara manna vnder þeirra heilum og oskau[d]um hangande jnsiglum suo latande ord epter ord sem hier seger epter. [Hér kemr afsalsbréf Þórðar prests Þórðarsonar fyrir Illugastöðum og Hrafnagili í Laxárdal til Bjarnar Brynjólfssonar 6. Marts 1390, DL, III, Nr. 376]. Ok til sanninda hér um settum uid adur skrifader menn ockur jnsigle firir þetta transkriptar bref skrifat j flatey a breida firde manu dagin næsta firir tueggia postula messo simonis og jude. arum epter guds burd M^o. cccc^o. lxxx. og .vij. úr.

539.

14. Nóvember 1487.

í Viðey.

VITNISBURÐR um rekafjörur Viðeyjarklaustrs í Grindavík.

AM. 238. 4^{to} bl. 37^b, Bessastaðabók, skr. c. 1570.

Þat giorvm ec arne þorvardzson godvm monnum vitvrligtt med þessv minv opnv brefi at ec for tvær reisvr med abota steinmodi j videy sem gud hans sal hafj og sira þo(r)-steine heitinvm er þa var a kalfatiorñ vm fiorvr allar avstvr fra hravni j grindavik og avstvr at migandi. lysti aboti steinmodvr þar þa fyrir mîr og morgvm dandimonnm odrvm. at kirkiañ j videy ætti hvalreka hvar sem ræki j avllv þessv takmarki. og hier vill ec sveria epter ef þvrfa þycker. Og til sannenda hier vm setta ec mitt insigle fyrir þetta vitnîsbvrdarbréf skrifad j videy midvikvdaginn næsta epter festum brikcij episcopi et confessoris anno domini M^o cd^o lxxxvij.

540.

7. December 1487.

í Viðey.

VITNISBURÐR um reka Viðeyjarklaustrs á Krýsivíkrfjörum og annarsstaðar.

AM. 238. 4^{to}, bl. 37^b, Bessastaðabók, skr. c. 1570.

Þat giore eg jon hellgason godvm monnvm viturligt med þessv minv opnv brefi. at þa er eg var j videy hia abota Steinmodi heitinvm sem gvd hans sal hafi. Enn sira þorarinns heitinn felixsson hieilt þa kryssvvikvr stad medkiennvnt ec at ec sotta þa hval æ fim hestvm er rak ú florum hia miganda og sandskridv er þa vorv ornefni kavllvd ú kryssvvikvr rekvm vegna klavstvrzins j videy og abotans. Enn j annan tima ú xj hestvm vestvr ú florum nær bessastadafiorvm. giordi sira þorarinns þar avngva hindran ú eda motmæli at klavstrid j videy ætti þenna hval eigi. og avngvan annan vp(p) ú kæra. og aldri heyrdæ ec þar tvimæli æ leika og hafa þetta verid xl vetra sidan. og hier epter þessari minne frasogū vill ec sveria ef þvrfa þycker. Og til sanninda hier vm setta eg mitt insiglle fyrir þetta vitnisbvrðarbref skrifad j videy fostvdaginn næsta fyrir conceptio sancte marie virginis anno domini m^o cd^o lxxxvij.

541.

10. December 1487. á Stað á Reykjanesi.

VITNISBURÐR þriggja manna um máldaga kirkjunnar á Stað á Reykjanesi.

AM. Apogr. 2305 með hendi Árna Magnússonar „Ex originali fra Stad a Reykianese. accuratissime“.

Þath giorvm vær hermundr prestur odzson. olafur diakne þorkielsson og arnoddur tomasson godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi at uær hofum sied yferleset og giolla skodat maldaga kirkiunar a stad a reykianese suo latanda at hvn ætte landet allt j barme j diupafirde jnn ad gliufura og ut at steinum þeim sem standa a ytra leite og

alla halfa soluaflöru til motz uid midhus suo og teig skog allan j millum grimkelsar og kleifar. suo og stod j hennar maldaga at hunn ætte heimalandet allt a stad jn at merkis holum j innara hraun og upp j flokuaalda nípu og j aust-ann verda þorsteinsey og þar upp j snos.

Og til sanninda hier umm settum uær fyrrnefnder menn vor insigle firir þetta uittnisburðarbréf er skrifat uar a stad-arstad a reykianese manudagenn næsta firir magnusmessu anno domini M^o. iiij^c. 1) lxxx^o. septimo.

542.

22. December 1487.

1489.

í Viðey.

ÞORVARÐR Steinmóðsson selr, með samþykki Rögnu Árna-dóttur, konu sinnar, Ólafi Ásbjarnarsyni tuttugu hundruð í Vik (Reykjavík) á Seltjarnarnesi fyrir hálfu Búland, „er liggr austr á Síðu í Skaptártungu í Leiðvallarþingi“.

AM. 238. 4^{to}, bl. 69, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Skiptvbref fyrir xx^c j Vik æ Seltiornynese oc Bvland avstr æ Sidv.

Þat giörvm vid Sigurdr Jonsson [oc] Vilhialmr Ormsson godvm monnvm kvnnigt med þessv vorv opnv brefi at þar vorvm vid j hia savm oc heyrdivm a a lavgardaginn næsta eptir Thomas messv postvla þa lidit var fra hingatburd vors herra Jesv Kristi M. iiij^c. lxxxvii ar ord oc handaband þessa ara manna Þorvarðs Steinmodssonar af einni alfv en Olafs Asbiarnarsonar af annarri. at svo fyrir skildv at adrgreindr Þorvardr ældi fyrrgreindvm Olafi Asbiarnarsyni xx^c j jord-inni Reykiavik. er liggr a Seltiarnarnesi j Kialarnesþingi med upplagi oc samþykki Raugnu Arnadottur kvinnu sinn-ar med aullum þeim gangnum oc gædivm sem greindri jördiv fylgir oc fylgt hefir at fornvm oc nyiv. at aullv til teknv en

1) Árni segir, að iiije sýnist skrifað með öðru bleki, en alt sé þó falslaust.

aungun fra. oc þau vrdv fremst eigendr at. oc greind jörd ma eiga ad riettyv lögv.

Hier j mot gaf þratt nefndr Olafr Asbiarnarson titt nefndvm Þorvardi Steinmodssyni jördina halfa Byland. er liggr avstr a Sidv j Skaptartvngv j Leidvallar þingi med upplagi og samþycki Onnv Sniölfsdottvr. kvinnv sinnar. j svo mata. ad hvn skildi sier þessi xx^e j jördinni Vik med þeim skilmala sem hann hefir keypt. og skyldi hvor vm sig halda sinv kavpi til laga en sa svara lagarýptingvm er seldi.

Oc til sanninda hier vm setivm vid fyrrnefndir menn ockar innsigli fyrir þetta jardarkavps bref er skrifat var j klavstrinv j Videy tveimr arvm seirna enn fyrr seigir.

543.

2. Janúar 1488.

í Laufási.

SVEINN Eyjólfsson selr Kolbeini Jónssyni jördina Sigurðarstaði í Bárðardal fyrir sextán hundruð í lausafé.

AM. Fasc. XXVIII, 15, frumritið á skinni. Af þrem innsiglium er nú eitt fyrir bréfinu.

Þat giorum ver halldor hallsson. hellgi snorrason og nichulas ketelson godum monnum uiturligt med þessu uoru brefi ad þa er lidit uar fra hingatburd uors herra iesu christi þusund og cccc lxxx og uiij ar j laufasi j eyiafirdi uorum uer j hia saum og heyrðum a ord og handaband þessara manna sueins eyiolfssonar af einri alfu en kolbeins ionssonar af annari ad suo fyrir skildu ad fyr nefndr sveirn selldi adrnefndum kolbeini iord sina sigurdarstadi j bardardal er liggur j lundarbreyku kirkiv sokn med ollum þeim gognum og gædum sem greindri iordu fylger og fylgt hefer ad fornu og nyu og hann vard fremzt eigandi ad med logum. hier j motti gaf opt nefndr kolbeirn titt nefndum sveini vj hundrvt med suo vordnvm fridleika x malnytu kugilldi iiij gellfiar kugilldi og cc ofrid. skyldi þrattnefndr sveirn suara laga riptingum a fyr greindri iordu en greindr kolbeirn hallda til laga. Og til sannenda hier um settv

ver fyrnefnder men vor insigli fyrir þetta bref skrifad á niunda dag iola j sama stad og ari sem fyr seger.

544.

4. Febrúar 1488.

á Stað í Kinn.

BÖÐVAR Eyjólfsson selr Kolbeini Jónssyni jörðina Sandvík í Bárðardal fyrir átta hundruð í lausafé.

AM. Fasc. XXVIII, 17, frumritið á skinni. Öll (3) innsiglin eru dottin frá.

Þat giorum viær ellendur prestur broddason. helgi þo-steinsson og þvridur sýgurardotter. godum monnum vitur-lighth með þessv vorv opnv brefi þa lidit var fra hingad-þvrd vors herra ihesv christi þvshvnd flogur hvndrvth atta-tigir ok¹⁾ átta ár. vorum vær j hia savm og heýrdvm á ord og handaband þessara manna bavdvars eiolfsson(ar) af annari alfv en kolbeins ionssonar af annari ath svo fyrir skildv at bavdvar eiolfsson selldi fyr gr(e)indvm kolbeini jonssyni iordina sandvik er ligur j lvndarbreckv kirkiv sokn með avllvm þeim gavgnvm og giædvm sem greindri iordv fylger og fýlt hefer ad fornu og nýv og hann vard fremzt eigandi ath. hier á mot gaf titt nefndr kolbein jonson opt-nefndvm bavdvari eiolfssyni átta hvndrvt. iij malnýtu ku-gilldi. iij. gellfiar hvndrvt og .ij. hvndruth j avllvm þarflig-um peningum. Og¹⁾ til sanninda hier vm settvm vær fyr skrifader menn vor inncigli fyrir þetta kavpbref er skrifath var á stad j kinn þridi daginn næsta fyrir niv vikna favstv á sama ári og degi sem fyr seger.

545.

8. Apríl 1488.

á Helgafelli.

LOPTR Jónsson selr, með samþykki Ingibjargar Ingimundar-dóttur, konu sinnar, jörðina Hraunhafnarbakka í Staðarsveit

1) Svo hér..

Halldóri ábóta og klaustrinu á Helgafelli gegn því að ábóti kendi Narfa syni Loptis til subdjákns með því skilorði, er bréfið greinir.

Eptir Skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar í 4to bl 125 nú í Landsskjalasafni, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. — Ágrip af þessu bréfi með ártali 1488 er í AM. 252. 4to bls. 44—45; AM. 430. 4to bls. 4, og AM. Apogr. 1587.

Kaupbrief fyrir HraunHaffnar Backa.

Það giorum vier Helgi prestur Jonsson. Einar Þorleiffsson. Jon Jonsson. Einar Þordarson og Skwle Þordarson godum monnum kunnugtt með þessu voro opnu briefe að a þridiudaginn j þaskum Anno domini 1488 a Helgafelli j Helgafellzsvait vorum vier j hia saum og heyrdum a ord og handaband þessara manna. af einne alfu Herra Halldorz Abota a Helgafelli með samþycke hanz conventubrædra. Enn af annare alffu Lopttz Jonssonar. að so fyrirskildu. að greindur Lopttur Jonsson selldi firskrifudum abota Halldore með samþycke Jngebiargar Jngemundardottur konu sinnar Jordina Hraunhafnarbacka. er liggur j stadarsveit vnder ollduhrygg klaustrinu a helgafelli til æfinligrar eignar með þeim gognum og giædum sem greindre Jordu fylger og fylggt hefur að fornu og nyiu og þau vrdu fremst eigandi að. Hier j mot jatadi og lofade firskrifadur Abote Halldor með samþycke conventubrædra Narffa syne greindz lopttz og Jngebiargar konu sinnar kost og kiendslu a klaustrinu. vadmalz klæde og skiædi framan til þess hann væri subdiakne. með so ordnum skilmala. að ef pilltinum kynni þau nockur forfoll til að falla að hann mætti ecki vijgiast¹⁾ eda villdi ecki vijgiast þa er hann væri xvj vetra gamall þa skilddi klaustrid og abotinn skilinn vid pilltinn. enn Jordin æfinlig klaustursinz eign. enn ef hann væri þa ecki vijgdur subdiakne er hann væri xvij vetra gamall og villdi þa eigi þo hann mætte. þa skilddi hann vera til þess hann væri vigdur subdiakne. edur ef hann være vijgdur fyrr enn hann væri xvij vetra. þa skilddi hann þo vera a klaustrinu þar

1) yngri, hdr.!

til hann væri xvij vetra. enn ef presturinn kynne fyrr ad deýia. þa skilddi greindur abote Halldor lwka greindum lofte ijc vppa huoria xij manude sem epter væri thil þess hann være xvij vetra. Hier til skilddi Abotinn giallda lofte ad næstum fardogum iiij mállytu kugilldi og iiij saudi gamla ad hausti komandi. xij fiordunga smiorz. jc j vadmalum og jc j varninge. ef sigling yrddi. skilddi abotinn ad sier taka Jordina til æfinligrar eignar ad næstum fardogum. Lofade Lofftur ad suara lagaríptingum a greindre Jorðu. enn abotinn hallda til laga.

Og til sanninda hier v̄m et cetera.

546.

28. Apríl 1488.

á Grýtubakka.

TYLFTRADÓMR útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni, kongs umboðsmanni í Þingeyjarþingi, um kærur Magnúsar Þorkelssonar til Jóns Sigmundssonar um Grýtubakka og Hlýskóga og önnur fjármál.

AM. Apogr. 3871 með hendi Páls Hákonarsonar „Ex originali communicato mihi a Paulo Jonæ Vidalino, Vice-Nomophylace“ (AM.) „accurate collatum“. Þrettán innsigli höfðu verið fyrir bréfinu, en átta af þeim voru dottin frá. Apogr. 3872, afskrípt eptir sama frumriti.

Domur milli Jóns Sigmundssonar og Magnuss Þorkelssonar um Grytubacka og Hlyskoga et cetera¹⁾.

Ollum monnum sem þetta bref sea edr heýra senda finbogi ionsson. þorsteinn þorleifsson. ion arngrimsson. og olafur halldorsson lögrettumenn. jon finnbogason. nicholas ketilsson. ion sigfusson. sveinn Eyiolfsson. magnus þordarson. hrafn halldorsson. thvmas gudmundzson og asgrinur hallzson Q(uediu) G(udz) og sina kunnigt giðrandi at þa er lidith var fra guds burd þushundrat fiðgr hundrut atta tiger og atta ær æ manadaginn næsta firir tveggia postula messo philippi et iacobi a grytubacka i hofdahverfi a þingstad nettum vorum vier i dom nefnder af ærligum manni

1) Þessi fyrirsögn er með hendi Árna Magnússonar.

finboga ionssyni logmanni nordan og vestan a jslandi er þa hafdi kongsins syslu og umbod i þingeyiarþingi at dæma millum þeirra magnus þorkelssonar og ions sigmundzsonar um þa akæru er magnus kærði þar til ions af vegna kristinar eyiolfsdottr konu sinnar um arf og peninga epter eyiolf heitin arnfinnzson fôdr kristinar. og at svarinni stefnunne at greindr ion var þangad stefndr i sagdan stad og dag dæmdum vier stefnuna lögliga. og ion sigmundzson þar lögliga firir kalladann um allar þær greiner og peninga sem joni þar lagasvar firir at hallda.

i fyrstu grein kærði magnus þat til jons at hann hefði og hielldi a vegna barna gudna eyiolfssonar jördina grytubakka og hlyskoga i hofdahverfi er magnus reiknadi kristinu konu sinni til arfs hafa fallid epter eyiolf arnfinnzson at rettum hlutskiptum vid onnur syskin sin.

i annari grein kærði magnus til ions at hann hefði og hielldi .c. hundrada i lausapeningum er gudni hefði at sier tekid epter eyiolf fôdr sinn og at þessum greindum peningum iordum og lausaféé sooru þar iij skilriker vottar firir finboga ionssyni lögmanni fullan bokareid at þeir vissu firir full sannindi at gudni eyiolfsson tok at sier grytubacka og hlyskoga epter eyiolf arnfinnzson daudan. og þar til .c. hundrada i fridum peningum og ofridum sua og iardirnar grimsmes og eyr i fiordum og lagdi þessa peninga ei til skipta sua at þeir vissi vid systur sinar. og eingin lögligh lagaskipti vissu þeir a þessa peninga ganga.

j þridiu grein kiærði og magnus til ions af vegna gudna eyiolfssonar og barna hans at gudni hefði at sier tekit af peningum eyiolfs .xiiij. tigi hundrada at auk fyr greindra peninga og lagt eigi til lagaskipta vid adra erfingia eyiolfs.

Hier i moti þessum greindum akærum vændizst ion sigmundzson i fyrstu at eyiolfur arnfinnzson hefði giefid gudna eyiolfssyni til fullrar eignar iordina grytubacka og liet þar upp lesa .ij. bref sua hliodandi at eyiolfur hefði gefid gudna iordina grytubacka hver os lituzst i allan mata eigi fullmecktug vera um adr nefnda giof. þui dæmdum vier optnefnadan ion sigmundzson skyllidugann at lata sveria .ij.

löglig vitni at eyiolfur arnfinnzson hafi gíeft sýni sinum gudna til fullrar eignar iórdina grytubacka i hofdahverfi. sua og dæmdum vier ion sigmundzson skýlldugann at lata sveria onnur .ij. loglig vitni at iórdin i hlýskogum hafi lögliga skipt verit gudina til eignar eptér eyiolf fódr sinn. En þat .c. hundrada sem svarid var at gudene hefði at sier tekid eptér eyiolf fódr sinn og ei til logligrá skipta lagid vid systr sinar sua þeir vissi liet jon sigmundzson þar i moti bref upp lesa med .ij. manna insciglum sua latanda at gudini eyiolfsson hefði fram lagt til skipta alla kvika peninga eptér eyiolf fódr sinn. þar i moti vendizt magnus þorkelsson vitnum at og baud at lata sveria ij vitni skilrik at ormur gunlaugsson sa er þar var firir skrifadr hefði at þeirra viti eigi verid i hofdahverfi a þui vori og alldri þar komit sua at þeir vissi. þvi firir þessa grein og fleiri adrar þær þessu brefi til heyra dæmdum vier þat ecki afl hafa utan helldur dæmdum vier ion sigmundzson skýlldugann at lata sveria .ij. loglig vitni at gudini eyiolfsson hafi framlagt alla kvika peninga þa hann hafði at sier tekid og eyiolfur hafði att til logligrá lagaskipta vid adra erfingia eyiolf arnfinnzsonar. En ormr gunlaugsson leitz os ologligt vitni sva framt sem þat verdr svarid af .ij. vitnum at ormur kom ecki i hofdahverfi a þui vori sem eyiolfur arnfinnzson deydi eda hann var eigi i nesi þa þar var skipt peningum eptér eyiolf. Sva og dæmdum vier firir þa akæru er magnus kærði til jons a vegna barna gudina at gudini hefði at sier tekid eptér eyiolf .xiiij. tigi hundrada af oskiptum peningum lausafe at auk þess hundrad hundrada sem adr var til svarid. voro hier eingi vitni til leidd. þui dæmdum vier jon sigmundzson skýlldugann at sveria lyritareid at su skulld var eigi i gard erfingia gudina sua at hann vissi hvern er jon sor þar þa firir finnboga ionssýni logmanni þenna greindan lyritareid oss nærverondum. skýlldu þesser allir greindir eidar leidazt firir finnboga ionssýni lógmanni innan manadar særra daga at heyrdum dominum at forfallalaus. og at þessum ollum eidum unnum og lögliga leiddum sem hier fyrr skrifader eru og i dominum standa. dæmdum vier þessa akæru magnus þorkelssonar nu at sinni ecki afl hafa. En

ef ðoni sigmundzsyni fallazst þau eignarvitni sem dæmd eru vegna gudna um gíof eyjolfs a grytubacka og sua þau vitni er leidazst skyldi um lagaskipti a hlýskogum. þa dæmdum vier þessar greindar iardir grytubacka og hlýskoga aptur til lagaskipta vid kristinu eyjolfsdottr henni til fullrar eignar sua mikin hlut upp i sagdar iarder sem henni kann til falla at rettu laga skipti vid adra erfingia eyjolfs arnfinnzsonar. sua og ef þau vitni fallaz at gudini hafi fram lagtt til rettra lagaskipta vid erfingia eyjolfs alla kvika peninga þa gudni hafdi ath sier tekid og eyjolfr hafdi att utan vi. hundrud edr. vij. þa dæmdum vier ion sigmundzson skyllidugan at giallda magnusi þorkelssyni vegna kristinar konu hans .iiij. hundrud og xx ur þui hundrad hundrada sem magnus sveria let at gudeni hefdi at sier tekid epter eyjolf arnfinnzson i lausa peningum. Enn firir þann skulld at ion sigmundzson sor þann lyritar eid sem vier dæmdum honum firir þau .xiiij. tigi hundrada er magnus kærði til hans og ei voro vitni til borin dæmdum vier hann nu at sinni þar eigi meiri svara skyllidugan fyrer¹⁾. Og hier til dæmdum vier ion sigmundzson skyllidugan at giallda þrattnefndum magnusi þorkelssyni .xij. alna abata af hveriu hundradi af greindum peningum faustum og lausum a hverium .xij. manudum upp á þau .vj. ar er gudeni hafdi halldid optnefnda peninga og þar med leigr og leigu²⁾ leigr epter rettum reikningi af sögdum abata skyldi titt nefndr ion sigmundzson giallda edr giallda lata þessa halfa innstædu peninga magnusi þorkelssyni heima i grenevik innan manadar at eidunum faullnum en halfa innstædu sem eru ónnur .xij. hundrud at michaelis Messo þar epter i nesi i hófdahverfi þar sem eyjolfr arnfinnzson atti bu og lood þa er hann deydi. skal og þar gialldazt abati og alogr allar at næstum fardögum epterkomendum sem fyrskrifad stendr þrattnefndum magnusi þorkelssyni edr hans umbodsmanni.

Og at sua profudu mali sem nu er greint og i dominum stendr samþyckti finnbogi ionsson logman þenna vorn

1) hér: fyr', annars f' 2) hér stendr í hdr. z (og), en því er ofaukið.

dom med oss. og þui til sanninda hier um setti hann sitt innscigli med vorum insciglum firer þetta domsbref skrifad i sama stad og ari tueimur dogum sidar en fyr segir¹⁾.

547.

7. Maí 1488.

á Helgafelli.

GÍSLI Jónsson gefr Haldóri ábóta á Helgafelli kvitta alla þá tiltölu og þann rétt, sem hann þóttist eiga til jarðanna beggja Þveráa og Gerðubergs í Eyjahrepp og Bjarnarfoss í Staðarsveit fyrir lausafé, er bréfið tilgreinir.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar í 4to, bl. 159a, nú í Landskjalasafni 94², með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar, c. 1600. Ágrip af þessu bréfi með ártali 1488 er í AM. 252. 4to bls. 54; AM. 430. 4to bls. 15, og Apogr. 1586 og 1649.

Gierduberg og þvera.³⁾

Þad giorum vær Einar Þorolfsson. Magnus Halldorson godum monnum kunnugt med þessu voro opnu briefe. ad þar vorum vær j hia sðum og heyrðum á a Helgafelli j Helgafellzsueit fostudag næstañ fyrir krossmessu³⁾ vm vorid 1488. ord og handaband Halldorz abota ad Helgafelli og gijsla Jonssonar ad so fyrir skildu ad gijsle Jonsson handlagdi Halldore kuitta og akiærulause alla þa tiltölu og riett sem hann þóttist eiga og hafa til þessara Jarda er so heita þuerðr thüær og gierduberg er liggia j Eyjahrepp. og Biarnarfoss er liggur j stadarhrepp vnder ollduhrygg fyrir sier og ollum sijnnum epterkomendum klaustrinu til æfinligrar eignar. Hier fyrir skilldi greindur Abote Halldor lwka greindum gijsla xij ær j fardogum og xx vod. mioltunnu ad sumre. og j^c asmunda og þar til 40 alner j bwsgagni. sau vær aller fyrnefnder menn ad greindur gijsle var heill ad viti og skynsemd. og thil sanninda hier vm. setium vier adurskrifader menn vor Jnsigle fyrir þetta brief. skrifad ad Helgafelle j Helgafellzsueit in festo Johannis beuerlatensis a sama are sem fir seigier.

¹⁾ p. e. 30. April. ²⁾ 430. ³⁾ p. e. 2. Maí.

548.

15. Maí 1488.

á Helgafelli.

VITNISBURÐR JÓNS JÓNSSONAR um landamerki Saxahvols, Öndverðarness og Gufuskála undir Jökli.

Eptir skjalabók í 4to bl. 150a úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar, nú í Landsskjalasafni 94², með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar á Reynistað, c. 1600. — AM. 264. 4to bls. 11, skr. 1606. — AM. 252. 4to bls. 26—27, skr. 1660 (af Jóni Steindórssyni á Knerri). — Landsbókasafn 108. 4to bls. 128—29 (með hendi séra Jóns í Hitardal). — AM. Apogr. 1575, 1655 & 1657.

Landamerke mille Saxahuolz. ondverdarness og
Gwfuskúla.

Þad giore eg Jon Jonsson godum monnum kunnugtt med þessu mijnu opnu brefe ad eg heyrda Króuk heitinn Marteinsson segia þesse landamerki millum Saxahuolz ondverdarness og Gwfuskala. ad ondverdarnes ætti sudur med sio til hualraufar.¹⁾ þadañ sionhending til uigisborgar. þadan til borgar þeirrar er stendur hia Hraknessbrunne. þadañ sionhending til þijstilshellu. þadañ j [skierit j skarfvijk.²⁾] og þesse landamerke hafa verid hofd og halldin j millum greindra jarda so leingi sem eg hefi til vitad. og einginn vppatalad ad mijnu vite. hafda eg og vppa morg úr [klaustursinz vmbod³⁾] a Helgafelli og [akiærde einginn þesse landamerkie. var eg meir enn sia(u)tugur er eg bar þennann vitnissburd. og hef eg optast verid vistum aa klaustrinu ad Helgafelle.⁴⁾] og rijdit med klaustursinz formonnum. og hier epter vil eg sueria ef þurfa þyker. Og til sanninda hier vm [sette eg mitt Jnsigle fyrer þetta vitnissburdarbrief.⁵⁾] [Skrifad aa Helgafelle j Helgafellzsuweit vppstigningardag Anno Domini M cd lxxx viij ar.⁶⁾]

549.

26. Maí 1488.

í Hruna.

EIRÍKR bóndi Þorsteinsson selr Árna presti Snæbjarnarsyni

¹⁾ hualzröfvar 252. ²⁾ [skard j skarfvijk 252. ³⁾ [umbodid klaustursins 264. ⁴⁾ [264, 252; sl. 94 (!). ⁵⁾ [108; etcetera 94, 264 og hin fl. ⁶⁾ 1448 ar (!) 252, 108, en séra Jón vill leiðrétta það í 1484; [Anno 1488, 94.

sjö hundruð í jörðunni Langholti í Flóa fyrir níu hundruð í lausafé.

AM. 258. 4to, bls. 202—203, með hendi Hákonar Ormssonar um 1648 fyrir Brynjólf biskup.

Kaup Breff fyrer Langhollts Parte j Floa.

Þad giörum vier Jon Olaffsson og Gudmundur Þor-
kelsson prestar. Jon Gellisson og Rognvalldur Hialmsson
leikmenn godum mönnum witurligt med þessu voru opnu
brefte. ad þá er lided war frá hingadburd wors herra Jesu
Christi þusund fiögur hundrud attatiger og aatta aar. huijt-
drottinsdag vmm worid¹⁾ i Hruna i Ytrahrepp worum vier
i hið saum og heirdum á ord og handaband þessara manna
sira Aarna prests Snæbiarnarsonar aff eirne aalfu. Enn
Eireks bónda Þorsteinssonar aff annare. Skildest þad og
falst wnder þeirra handabannde. ad fyrrgreindur Eirekur
selde aadurneffndum Sira Aarna Snæbiarnarsyne sið hundr-
ud i Jörðunne i Lánghollte i Floa er liggur i Laugardæla
kirkiu sokn. med öllum þeim gögnum og giædum sem
greindum Jardarparte filger og filgt heffer ad fornu og nyu
til ytstu wmmerkia wid adrar Jarðer og aadurgreindur
Eirekur hafde aadur fremst eigande ad orded. Hier i mote
skyllde fyrneffndur Sira Arne gieffa og giallda aadurgreind-
um Eireke nio hundrud i suo vordnum peningum. sex
maalnytu kugillde. tuo naut tuæuetur. tolf sauder vetur-
gamler. fiorer sauder tuæuetrer og þar til frijdvirdta x aura.
Skyllde optgreindur Eirekur suara lagariptingum á adur-
greindum Jardarparte i lánghollte. Enn Sira Aarne hallda
til laga. Ok²⁾ til sannenda hier wmm settum vier fyrr-
neffnder menn wor Jnsigle fyrer þetta kaupbreff. Skriffad
i sama stad og aare dege sijdar enn fyrr seiger.³⁾

¹⁾ p. e. 25. Maí. ²⁾ Svo hér. ³⁾ p. e. 26. Maí.

550.

8. Júní 1488.

á Flugumýri.

DÓMR tólf presta útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um ákæru séra Jóns Þorvaldssonar til Sveins Oddssonar um ásetu á jörðunni Efra-Ási ótekinni.

AM. Fasc. XXVIII, 26, frumritið á skinni. Af tólf innsiglium eru nú átta fyrir bréfinu, sum mjög skert. — Apogr. 3311.

Domur Wm Svein Oddson.¹⁾

Þath giorum vær sigurdr þorlakksson. magnus ionsson. gottskalle nichulásson. olafur ingimundarson. nichulass uilhialmsson. stigur ingimundarson. gunar ionsson. ion kollason. ion hellgason. gudulfur magnússon. olafur ionsson. ion þorkellson prestar holabiskups dæmis godum monnum uiturligt med þessu uoro brefi voro uær i dom nefnder af uirduligum herra ok anþaligum fodur olafui med guds nad biskup æ holum laugardaginn næsta epter dyradag.²⁾ þa lidid var fra hingadburd uors herra iesu christi þusund flogur hundrud attatigir ok atta ar at dæma vm þæ akæru er sira ion þorualldsson rædzman æ holum kærdi til sueins odzsonar. at hann hefði setit æ iorduni efra asi oteckinni er liggur i hialltadal. þui i fystu grein dæmdvm vær stefvna logliga ok suein odz(son) logliga fyrir kalladan. en i annari grein dæmdum vær adr nefndan suein odzson skylldugan at leida t(v)av loglig uitni fyrir biskup olafui eda hans vmbodsmanni hier i dag at hann hefði iordina epter logum tecit. en fallnadz honum þessi uitni ok hefer suo setit med uilia sialls³⁾ sins obbelði ok fullu forþroti æ adrgreindre kirkiunar fasta eign. þæ dæmdum uær fyrskrifadan suein skylldugan at luka heilagri holakirkiu sextigi marka j fullretti fyrir ran ok rangliga asetv iardarinar. i þridiu grein fyrir rangligt halld kugilldana med jorðvni dæmdum uær opp(t)nefndan suein skylldugan at giallda aptur kvgilldin ok matinn undan þeim smior ok skyr. en ef matvrin er ei til suoluki hann eyri epter huert kugilldi uppa huora uicu. en heilagri hola kirkiu i rett sinn þriatigi marka. skulu fyr greind kugilldi. matur ok rietarfar³⁾ æ kugilldunum lukatz nu strax

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ þ. e. 7. Júní. ³⁾ Svo.

i dag fyrir solar setur sira ione i hond ok hans umbodsmanni. i fiordu grein at sira ion kærði til hans at hann hefði ei lukt landskyllidina af adr greindri iordu efra asi ok sagditz hafa beitt ok kraft ok feingit eigi þui skal sira ion leida t(v)av loglig uitni at hann hafi beitt og kraft. fullnátz honum þav vitni þa skal sueinn luka xii alner fyrir hveria krof ok þar til kirkiuni fimtan merkur i riect sinn fyrir rangligt halld j landskyllidinar ok oheimilld iardarinar. ok luka landskyllidina nu j dag og retarfar landskyllidarinar ok oheimilld iardarinar lukitz i haust at michilsmesso en et hæsta fullretti kirkiunar lukitz at næstum fardogum ok hann fallin i bann af sialfs sins verki ok skylldugan ath taka lausn ok skrift af biskupinum. hier til dæmdum uær suein skylldugan at luka suo hvern pening sem han hefði til eda honum afladitz. suor ok tittnefndr svein fullan bokareid þar fyrir oss at hann skyllði þenna vorn dom hallda ok peningana lvka epter þui sem peningarnir afladitz. Ok til sanenda hier um setivm uær fyr skrifadir prestar vor incigli fyrir þetta domsbref [er] skrifat uar a fvgumýri i skagafirdi sunudagin næstan epter dyradag. a sama ari sem fyr seigir.

551.

9. Júní 1488.

á Viðivöllum.

* TVEGGJA tylfta dómr, útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum á prestastefnu, um kæru biskups til Haldórs Brandssonar, að hann hefði eigi haldið Viðvíkrdóm um kirkjugózin á Barði í Fljótum frá 10. Febrúar 1481 (Dipl. Isl. VI, Nr. 317; *Barðsdómr hinn síðari*).

AM. Fasc. XXVIII, 20, frumritið á skinni. Fyrir því hafa verið 24 innsigli, en nú eru að eins 11 af þeim eptir og þó flest nokkuð brákuð. — Fasc. XXVIII, 21, transskript á skinni frá 2. August 1488, og eptir því er þessi dómr tekinn upp í Barðsdóm Jóns lögmanns frá 17. Okt. 1573. — AM. Fasc. LXV, 10, transskr. ¹⁰/₈ 1488. — Apogr. 3604.

Bardzdomar 1488.¹⁾

Þat giorum vær eirecur einarsson. ion þorualldzson.

¹⁾ Utan á XXVIII, 20, með hendi frá 16. öld. Utan á XXVIII, 21, stendr með hendi frá 17. öld: „Domur um Halldor brandsson“.

ketil¹⁾ grimolfsson. sigurdur þorlaksson. magnus ionsson. þorleifur magnusson. þorstein ionsson. þorstein illugason. snioolfur sigursson.²⁾ þorstein gudmundzson. olafur ingimundarson.³⁾ magnus asgrimsson. are olafsson. ion ionsson. ion helgason. ellendur broddason. olafur klængsson. káár ionsson. gunnar ionsson. þordur ingimundarson.³⁾ olafur þorgeirsson.⁴⁾ gudmundur ionsson. arne halldzson⁵⁾ ok steinn þorualldzson prestar holabiskupsdæmis godum monnum viturligt með þessu voru opnu brefi at þa er lidit var frá hingatburd vors herra iesv christi þusund cccc attatiger ok atta ar. manudagin næsta epter dyradag a vidivollum i skagafirdi a almennilegri prestastefnu vorum vær i dom nefnder af vorum uirduligum herra ok andaligum faudr olafui með gyds nad biskupi a holum ath dæma vm þa akiæru er biskupin kiærdi til halldors brandzsonar at hann hefði eigi halldit þann dom sem dæmdr var vm kirkiu godzen a bardi j vidvik j vidvikursveit ok rofit svo þann dom er atian prestar dæmdu. var þar lesin ok suaren stefnan. þui j fyrstu grein dæmdu(m) ver stefnuna laugliga ok fyrnefndan halldor rettiliga fyrer kalladan hier j dag. en saker þess ath hann forsmadi at koma j suaren stefnudag dæmdum ver hann skýlldugan ath giallda maurk j stefnufall nema hann syni lauglig forfaull ath hann matti eigi koma. J þridiv grein dæmdu(m) ver optnefndan halldor skýlldugan ath giallda fiorar merkr j domrof junan siauundar ath heyrðum dominum heima at holum biskupinum j hond eda hans vmbodsmanni ok skýlldugan ath hallda domen sem adr þann sem fyr var dæmdr. En fyrer sina þriozsku ok rangligt halld a peningunum kirkiunnar a bardi fallenn j bann ok skýlldugan at taka lausn ok skrift af biskupinum.

Ok til sannenda hier vm setium ver fyrnefnder prestar vor jnsigli fyrer þetta domsbref skrifvat j sama stad degi ok are sem fyr⁶⁾ seger.

¹⁾ ketill 21. ²⁾ sigurdsson 21. ³⁾ ingimundason 21. ⁴⁾ þorgrimsson 21. ⁵⁾ hallzson 21. ⁶⁾ 21; sl. 20.

552.

9. Júní 1488.

á Víðivöllum.

TVÆGGJA tylfta dómr, útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum á prestastefnu, um kæru biskups til Árna Höskuldssonar, að hann hefði eigi haldið Eyrarlandsdóm frá 7. Júní 1479 (DI, VI, 202) um kirkjugózin í Núpufelli og á Hnappstöðum.

AM. Fasc. XXVIII, 22, frumritið á ekinni. Af 24 innsiglum eru nú 10 fyrir bréfinu. — Apogr. 3304. — AM. Fasc. XXVIII, 23, transskript á skinni frá 16. Júní 1488. — Apogr. 3308. — AM. Fasc. XXVIII, 25, transskr. á skinni frá 18. Júní 1488. — Apogr. 3310. — AM. Fasc. XXVIII, 24, transskript á skiini frá 2. August 1488. — Apogr. 3309.

Vm nuparfell ok hnappstadi.¹⁾

Dat giorum vær eirecyr einarsson. ion þorualldzson. þorsteinn ionsson. ketil grimolfsson. sigurdvr þorlaksson. magnus ionsson. þorleifur magnusson. þorstein illugason. sniolfur sigursson. þorsteinn gudmundz(son). arni halldzson. olafur ingimundarson. magnus asgrimsson. ion ionsson. ellendur broddason. gvdmundur jonsson. olafur klængsson. olafur þorgeirsson. ari olafsson. gunnar ionsson. kar ionsson. þorðr ingimundarson. ion hellgason. þorstein þorualldzson prestar hola biskupsdæmis godum monnum uiturligt med þessv vorv opnv brefi at þa lidit uar fra hingatburd uors herra iesv christi M. cccc. lxxx ok atta ar manudagin næsta epter dyradag æ uidivollum i skagafirdi æ almenniligri prestastefnv vorvm vær i dom nefnder af vorum virduligum herra ok andaligum favdur olafui med gudz nad biskupe æ holum i hialltadal at dæma um þa akiæru er biskupen kærði til arna havskollsdssonar at hann hefði eigi halldit þann dom er dæmdur uar æ eyrarlandi i eyiafirdi vm kirkiv gotzen i nvparfelle i eyiafirdi ok nappstada i flioottum. uar þar lesin ok suarin stefnañ. þui i fystv grein dæmdum vær stefnvna logliga. ok fyr nefndan arna hoskollsdsson logliga fyrir kalladan hier i dag. en saker þess at hann forsmadi at koma i suarinn stefnvdag dæmdvm

¹⁾ Utan á frumritinu með fornri hendi.

vær hann skylddugan at giallda mork i stefnvfall nema hann sýni loglig forfaull at hann mat(t)i eigi komazt. en fyrir fyrstu grein er i ste(f)ñvni stod ad arni hoskollidsson hefði rofit þann dom sem dæmdur var æ eyrarlandi af prestvm ok prelatum tvennum tylftum i anari grein dæmdum vær optnefndan arna skylddugan at giallda fiorar merkvr i domrof innan s(i)avñdar. at heyrðvm dominvm heim at holum biskupinum i hand eda hans vmbodsmanni. ok skylddugan at hallda dominn sem adr. þan sem fyr var dæmdur. en fyrir sina þr(i)osku ok rangligt halld æ peningvnum fyrir greindra kirknæ. nvpufells ok nappstada. fallinn i bann ok skýlldvgan ath taka lausn ok skripter af biskupinv. Ok til sanenda hier vm setivm vær fyrir skrifadir prestar vor incigli fyrir þetta domsbref skrifat at flvgumyri i skagafirdi æ sama ari ok deigi sidar en fyr segir.¹⁾

553.

16. Júní 1488.

á Hólum.

TRANSSKRIPTARBREÐ.

AM. Fasc. XXVIII, 23, frumtransskriptið á skinni. Öll (4) innsigli eru fyrir bréfinu. — Apogr. 3308.

Domur Vm Arna Hoskuldson.²⁾

Dat giorum uær gottskalle niculasson. niculas nilbials-son. ion þorkelsson. gudolfur magnusson ok olafur ionsson (prestar) godum monnum uiturligt með þessu uoro opno brefi at uær saum ok yferlasum domen er dæmdur uar um kirkiv godzen nvparfellz i eyiafirdi ok nappstada j fliotum suo latanda ord epter ord sem hier seiger.

[Hér kemr dómrinn frá 9. Júní 1488, Nr. 552 næst á undan].

Ok til sanenda hier (vm) setium vær fyr nefnder prestar vor incigli fyrir þetta transskriptarbrief skrifat æ holum i hialltadal manudagin næsta fyrir festum botulfui abbatis. anno domino³⁾ M.º cd.º lxxx. octavo.

1) p. e. 10. Júní. 2) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. 3) Svo.

554.

16. Júní 1488.

á Hólum.

TRANSSKRIFT af Barðsdómi.

AM. Fasc. LXV, 10, frumrit transskriptsins á skinni. Innsiglin eru dottin frá. — Apogr. 3604.

Bards Domur.

Þat giorvm uier nikulas vilhialmsson. gvdvlfur magnusson. olafur ionsson ok ion þorkelsson godum monnum viturligt med þessu voro opnv brefi ad vier hofum sied ok yferlesit domsbref med heilum ok oskavddvm hangandum insiglum vm halldor brandsson suo latanda ord efter ord sem hier segir.

[Hér kemr Barðsdómr frá 9. Júní 1488, Nr. 551 að framan].

Ok til sanninda hier vm settvm vier fyrrnefnder prestar vor insigli fyrir þetta transkriftarbrief er gjort var æ holvm j hialltadal æ manvdaginn næstañ fyrir festvm sancti botvfi abbatis. anno domini mcdlxxx octavo.

555.

18. Júní 1488.

á Hólum.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

AM. Fasc. XXVIII, 25, frumtransskriptið á skinni. Öll (4) innsiglin eru fyrir bréfinu. — Apogr 3310.

Domur um Arna Hoskulldzson.¹⁾

Þat giorvm vier nikulas uilhialmsson. olafur ionsson. gvdvlfur magnusson ok ion þorkelsson prestar godum monnum uiturligt med þessu voro opnu brefi ath vier sævm ok yferlasum dominn er dæmdr uar um kirkivgodzin nuparfellz i eyiafirdi ok hnappstadi²⁾ j fliotum suo latanda ord efter ord sem hier seger.

[Hér kemr dómrinn frá 9. Júní 1488, Nr. 552 að framan].

Ok til sanninda hier um settum vier fyrrnefnder prestar uar insigli fyrir þetta transkriftarbrief skrifat æ holum j hialltadal æ midvikvdaginn næstan fyrir festum sancti iohannis baptiste anno domini mcdlxxx octavo.

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo.

556.

24. Júní 1488.

á Hólum.

TRANSSKRIFT af Barðsdómi hinum fyrra.

AM. Fasc. XXVI, 2, frumritið á skinni; eru öll innsiglin fyrir því, en sum af þeim eru nokkuð brákuð.

Þat giorum vier ion þorualldsson radzmadur æ holum. nikulas vilhialmsson. olafur ions(son). gudvillfur magnusson. ion kollason ok ion þorkelsson prestar holabiskupsdæmis godum monnum viturligt med þessu voro opnu brefi ad vier hofvm si(e)d ok yferlesit domsbref um hrafn brandsson ok halldor brandsson snioolf brandsson ok kirkiuna abardi suo latanda ord epter ord sem hier seger.

[Hér kemr Barðsdómr frá 15. Janúar 1481, DI, VI, Nr. 317].

Þath giorum uær snoolfur⁴⁾ sigurdsson radzmann heilagrar holakirkju. gudmundr ionsson. gudolfur magnusson ok eirikur sigmundzson. prestar holabiskupsdæmis. sueinn gudmundsson ok bodvar finsson leickmen godum monnum uiturligt med þessu uoro brefe. at uær uorum j hia ok heyrdu æ. at ion þordarson profentumadur æ holum. heill at skynseme ok uite gaf j sitt testamentum heilagre holakirkju seir⁴⁾ til eptarlætis .xx. hundrud j friduirdu peningum til ath ut luka ok afenda nu j fardogum. hier j mott skýlldi⁴⁾ hann sier af heilagri holakirkju ok stadnum sex alner klædis ok eina hud upp æ huort ar medan hann lifer. ok þa fædu sem gaumlum dandi manni til heyrer ok honum uel bihagar sem er miolk ok blautur fiskur. uar biskup olafur nær þessum giorningi ok hann samþyckiandi. Suo ok hier til gaf adur nefndur ion þordarson heilagre hola kirkju til æfenligrar eignar ok sier til saluhialpar j sitt testamentum til bænahallds ok olmosugiordar jordina skuggabiörg er liggur j deilldardal j hofs kirkju sokn. sem hann reicknar fyrir xx hundrud med ollum þeim gaugnum

¹⁾ [nefndi matt, frumritið. ²⁾ v'id, frumbr. ³⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi; [með hendi frá 17. öld. ⁴⁾ Svo.

ok gædum sem fyr greindri iordu hefer fylgt ath fornu ok nýv. ok hann vard fremst eigandi. skal hann hallda sialfur iordina medan hann lifer. holakirkia epter hans daga nema hann uilli¹⁾ fyrr afenda. heir¹⁾ til skilldi hann seir¹⁾ at liggia jn j kirkiunne fyrir sancte iohannes bidiande iumfru mariu at upphafe seir¹⁾ arnadarordz uid sin en sæta son drottenn uorn ihesum christum. sancte iohannes. goda gudmund ok alla guds hellga men. hier til er ek bidiandi alla ueralldarmenn at þeir fyrirgefi mier huad sem ek hefe j mote þeim brotit med ord edr uerck. ek uill giarna fyrirgefa ollum þeim sem j mote mier hafa brotit. ok til sannenda ok meire stadfestu hier um setur adr nefndur ion þordarson sit incigli med uorum fyrir þetta testamentvm bref hans er giort uar æ holum j hialltadal fimtudagin j fardogum.²⁾ En skrifad halfum manade sidar. anno domini M. cd. lxxx. nono.

585.

5. Júní 1489.

á Hólum.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

AM. Fasc. XXIX, 2, frumtransskr. á skinni. Af þremr innsiglium eru tvö fyrir bréfinu. — Apogr. 3316.

Domur ad jorden holar j laxardal sie æfinlig
eign holakirkju.³⁾

Dat giorum uær snioolfur sigurdsson radsman heilagarar hola kirkiu olafur ionsson ok eirickur sigmundsson prestar holabiskupsdæmis godum monnum uiturligt med þessu opnu brefe. at uær hofum sied ok yferlesit domsbref þordar sueinbiarnar(sonar) suo latanda ord epter ord sem hier seiger. [Hér kemr dómr um Hóla í Laxárdal frá 23. Janúar 1489, Nr. 576 að framan].

Ok til sanninda hier vm setium vær fyrir nefnder prestar vor inncigle fyrir þetta transkriptarbrief er skrifat var æ holum j hialltadal favstvdagin næsta fyrir huita-svnnv. anno domini M^o cd^o lxxx^o nono.

¹⁾ Svo. ²⁾ D. e. 21. Maí. ³⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

586. 8. Júní 1489. á Ytri-Laugum.

HALLBERA Magnúsdóttir selr Jóni Arngrímssyni jörðina Syðri-Lauga í Reykjadal fyrir jörðina Mýlastaði í sömu sveit og nokkurt lausafé.

AM. Apogr. 2942 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna „Ex originali á kalfekinn“.

Þath giorum uier eirekr einarsson ion þorgilsson prest-ar. ion ionsson. þorsteinn einarsson. ion kolbeinsson ok ion eireksson leikmenn godvm monnum viturlegt med þessv voru opnu brefi. ath þa er lidid var fra hingadbvrd uors herra ihesv christi þvshund. fiogur hvndrud. attatiger ok níu ar. vorum vier j hia. a greniadarstad i reykiadal miduikudagenn næsta fyrir gregorivsmesso¹⁾ savm ok heyrdum æ ord ok handaband þessara manna. ions arngrimssonar af einne alfu. enn hal(l)beru magnusdottr af annari. ath svo fyrir skildu. ath hallbera magnusdotter selldi ioni arngrimssyne iordena sydre lauga i reykiadal er liggr i einarstada kirkiu sokn til fullrar eignar. med ollvm þeim gognvm ok gædvm sem greindre iordu fylger ok fylgt hefer ath fornvm ok nyv. ok hvn vard fremzt eigandi ath. enn hier i moth gaf adr nefndr ion arngrimsson adrnefndre hallberv magnusdottr iordena mylastadi i reykiadal er liggr i mylakirkivsokn til fullrar eignar med ollvm þeim gognvm ok gædvm sem greindre iordu fylger ok fylgth hefer ath fornvm ok nyv ok hann vard fremzt eigande ath. þar til kross med feste fyrir fiogr hvndrvd ok kv ok asaudar kugilldi. skilde adr greindr ion arngrimsson sier ath ganga aptur ath iordvne mylastodvm an kærú eda sokn ef sydre laugar geingi af med lavgvm. skyllde hvort vm sig. ion ok hallbera hallda adrgreindvm iordvm til laga sem keypte enn þat svára laga riptingvm er selldi. æ adrgreindvm iordvm. Ok til sannenda hier vm settvm vier fyrskrifader menn vor incigle fyrir þetta iardakavpabref er skrifat var æ ytrum lavgvm

¹⁾ þ. e. 11. Marts.

i reykiadal manudagen i huitasvinnv uikv æ sama are sem fyr seger.

587.

9. Júní 1489.

á Móbergi.

PRÓFENTUSAMNINGR Þorvalds (búlands) Jónssonar við Ásgrím ábóta á Þingeyrum fyrir Gottskálf Þorvaldsson, son sinn.

AM. Apogr. 469 „Ex originali monasterii Thingeyrensis, accuratissime“. Þar með fylgir skýrsla um frumritið og innsigli þess með hendi Páls Hákonarsonar. Frumritið var með likri skript og bréf „sem giörð eru síðarst í Seculo XIV^{to}.“ „Originallinn at þessu brefe er nu [c. 1712] til storskiemmda trosnadir, og göt á honum hier og hvar“. Það, sem ekki varð lesið, hefir Páll tekið eptir afskript bréfsins með hendi Þorkels sýslumanns Guðmundssonar, því að þá varð bréfið alt lesið, og hefir Páll undirstrykað og undirpunktað þá staði í bréfinu, sem hann hefir tekið eptir afskript Þorkels eða með stuðningi af henni, en hér er það sett í hornklofa í útgáfunni. Frumrit þessa bréfs er nú (1901) komið í Landskjalasafnið með hinum öðrum fornu bréfum Þingeyraklaustrs, og er enn furðumikið eptir af því, og tvö fyrstu innsiglin enn fyrir því.

Bref vin reyke j hruttafirde.¹⁾

Jn dei nomine amen. Giordizt suo félt profento kaup j millum þeirra herra asgrims abotta a þingeyrum med uittund ok samþýcke þess sama klausturs konuentu brædra af einne alfo. en af annare þorvaldz jonson(ar) ok [g]otzskalks þorualldzson(ar) sonar hans. sem hier greiner. at nefndr þorualldr ok [gotzskalk] gaf med honum til æuenligrar uistar til þingheýra klausturs fioritigi hun[drada. iordina re]yki j hruttafirde er ligr j stadar kirkio [so]kn fyrer [fiogr hun]dru[t ok tutt]ugo ok þar til ætta malnýtu kugillde ok tuo gelldfiar [kugill]de [ok þriu] hundrut j koplum ok þriu hundrut j ollum peningum. skildi hann af [stadnum fyrir] gotzskalk uod ærliga ok sæmiligt bord sem adrer profentomenn. enn eignazt [alla] þessa peninga staduren efter handaband. ok lukazt at næstum fardogum ætta kugillde ok þriu hundrut j koplum. enn odrum fardogum

¹⁾ Þetta stóð á bréfinu með hendi, „sem ecke er riett gömul, ecke heldur ny.“

tuo kugillde ok [þar til skil]lde hann hafa til stadarens sæng ok kisto. skilldde staduren eignazt ef[ter hans dag huorttu]eggja en hallda ferdugri sængine ok hafa rum i skala.

Vo[ro þessar kaup]uottar herman filipusson. olafur ionson. gudmundr eyuindz(son) ok ellen[dr obl]a[udz]son.

ok till sanenda hier um settu sin jnsigle med jnsiglum h[erra as]gri[ms] abotta ok konuentu brædra fyrir þetta bref skrifat a mobergi j [langad]al þridiodagen næsta fyrir barnabe apostoli. þa er lidit uar fra hingatburd uors herra ihesu kristi þushund flogr hundrud ætta tiger ok nio ar.

588.

21. Júní 1489.

á Hólum.

VITNISBURÐR Snjólf's prests Sigurðssonar um lúkning andvirðis Biaskerja Guðmundi presti Skúlasyni, er Ólafr biskup hafði að honum keypt, með þeim fleiri atriðum, er bréfið greinir.

AM. Fasc. XXIX, 8, frumritið á skinni. Innsiglið er fyrir bréfinu. — Apogr. 3320.

medkjenning Sniolf(s) prests að hann hafe luckt peninga fyrir Biaskier Gudmunde Skulasine.¹⁾

Þat giorer ek sniolfur prestr sigurdzson radzman a holum godum monnum niturligt med þessu minu opnu brefe at ek medkennuntz at ek lutki²⁾ sira gudmundi skulasyne æ uegna biskups olafs æ holum he(i)llt fiar hundrad er hann sialfur med took ok svo bavd hann honum meire peñinga fyrir þa somo iord biasker. er hann selldi biskupin ok heilagre holakirkiu suo sem þeirra bref þar um giort utt visar. suo ok feck ek honum naut flogra uetra gamalt j þessa somo skulld en hann skiladi mier aptur halfum madnadi seinna. reid ek ok heim til hans þriar reisar um ueturin æ biskup(s)ins uegna at giora utt af uid hann um fyr greint iardaruerd en ek fann hann ecki þui hann duldizt fyrir mier ok hans kirkia med ok hans þingu-nautar [messuna³⁾] ok allar tider kyndermessudag⁴⁾

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo. ³⁾ [messu | messuna, frbr. ⁴⁾ Svo.

sjalfan. fyrir þan skulld at hann uilldi ecki finna mik. ok til sanenda hier um setta ek mit incigli fyrir þetta uitnisbvrðarbrief er giort uar æ holum j hialtadael sunnudagin næstan epter festum corporis christi. anno domini m. cd^o. lxxx^o. nono.

589.

24. Júní 1489. á Ási í Kelduhverfi.

KAUPMÁLABRÉF Sigurðar Þorleifssonar og Kristínar Finnbogadóttur.

AM. 354. Fol. bls. 88—89, skinnbók af Jónsbók, og er þetta ritað inn í bókina með gerðarlegri hendi um eða eptir 1600. — JSig. 143. 4^{to}. bls. 170—172, skr. 1696. — Landsbókasafn 115. 4^{to} I, 215 (sira Jón Haldórsson), og afskript þar af í ÍBfél. 126. 4^{to}, bls. 299—301. — MSteph. 61. 4^{to} bls. 22—24, skr. c. 1780. Við afskript sína ritar sira Jón í Hítardal „þessi Sigurðr var bróðir Teits í Glaumbæ“, og um ártalið 1509, sem hann stingr upp á: „Ita lego pro 1489, sed observetur, hvort Finnbogi hafi eigi verið orðinn lögmaðr fyrir annum 1490, og ef svo reynist, kann ártalið 1489 að standast . . .“ Það er nú staðreynt, að Finnbogi var orðinn lögmaðr 1485, og mun ártal þessa bréfs óbyggjanlega vera 1489. Bréf þetta er prentað í Skýringum Páls Vidálins yfir fornryði Jónsbókar, Rvík 1854, bls. 205—206, og þar með laung rannsókn um lögvillur bréfsins. Sbr. kaupmálabréf frá 11. Sept. 1485 — 20. Apr. 1486 (Nr. 489 að framan).

Huad Gagngialld og Gíof er med riettu.

Aullum monnum sem þetta Brief sia edur Heyra senda Einar prestur Benidichtson. Jon Gudmundson. Griymur Jonson. Brodde Sigurdson. Ormur Jonson. Stulle Sigurdson. Steinn Steynmodson. Eyolfur Þoruardson. Þorolfur Brandson og Ketill Gijslason kuediu Gudz og sijna. kunnugt Giorande. þa Lided var fra Guds Burdi 1489¹⁾ Jonsmessu Baphtiste v̄m vorid j Ase j Øxarfyrde j kellduhuerfe vorum vier hia heyrduum og s̄aum æ ad Sygurdur þorleifson keyptte Kristijnu Fimbogadotter sier til eiginkonu eptter þui sem Gudz Løg seigia med raede og samþycke fimboga Jonsonar

¹⁾ leiðrétt; 1589(!) 354, 143, Fornryði; 1509 (eptir getgátu) 115, 126; 1510, 61.

Logmans fodur hennar með so felldu fiekaupe og skilmala. J fyrstu ad nefndur sigurdur hafdi til kaups og eiginords vid sagda Christinu alla þa peninga sem þa útte hann j fœstum eignum og Lausum. reiknade hann það iiij^c) hundrada. Hier j mot Gaf Greindur fimboge dottur sinne Kristjnu iij Jarðer er so heita Ska(r)d huaður Vatzhorn. er liggia j Haukadal j Vatzhorns kyrkiusokn j²) lxc og þar til œnnur lxc j frijðum peningum og ofriðum. Gaf Sigurdur Kristjnu lxc j Tilgiœf enn xxxc j Beckiargiof og morgungiof. huad er³) kallast gagngialld og Giof. skyllde hun eignast [j þessa [giœff Jœrdina⁴) mærstade med Grund ad skylldre. er liggia j vassdal og þar til so mikla peninga j Gripum og þingum ad reiknast Giafernar med Jœrdunum til nijutju⁵) hundrada. Giordu þeir fimboge og Sigurdur so felldañ skilmala a mille hanz og Christinar ad fimboge skyllde og kiœre ad Kristin skillde vera helmingakona j Gard Sigurdar med so tilskildu ad þaug lœgdu þa j fielag alltt það er þaug ættu þa edur eigande kynnu ad verda med erfdum edur odrum hlutum vnder þa Grein og skyring sem riettar Bot. H. K. wt vijsar med þeim arftókum. ad huortt þeirra vñ sig skylldi eiga vid annad alla hœlfa peninga fasta og lausa. œnn Erfingiar take allañ halfañ helming annañ huertt sem firr kann fra ad falla. enn ef þaug eiga ej Borñ eptter sig. þa skal það sem eftter⁶) lifer Taka auk sijns⁷) helmings fimtta hlut j Lœggiof af þess peningum er fra er falled. [for þesse Gœrningur⁸).

590.

1489.

á Alþingi.

SAMPYKT Magnúsar biskups í Skálholti (Eyjólfssonar), Eyjólfss lœgmans Einarssonar og Diðreks hirðstjœra Pinings um tíundagjald, legkaup, liksaungseyri, oliunarkaup, Rómas-katt, heytollagjald, kirkjugarðsgerð, og um það, hve fjœl-mennir fyrirmenn megi riða um land (sbr. DI, VI, 307).

¹) 7 hundr., Fornyrði (án efa rangt). ²) sl. Forn. ³) eð, Forn.

⁴) [61; j þessa jœrd (!) 354; þessa jœrd, hin. ⁵) 354, 61; tíutiu 115, 143, 126, Fornyrði. ⁶) sl. Forn. ⁷) þess, Forn. ⁸) [354,61; sl. hin.

Af því að þessi samþykkt er nú ekki til í neinum vel gömlum né góðum afskriftum, og af því að afskriftum hennar ber mjög á milli á ýmsan hátt, hefir hér orðið að prenta hana eptir hverju handriti fyrir sig á sama hátt sem farið hefir verið með önnur skjöl hér í safninu, er líkt stendr á með, og er það sá eini vegr til þess að útgefa nokkurn veginn tæmandi slíkar skrár. En svo er varið afskriftum þessarar samþykktar, að eingin vissa er fyrir því, að hún sé heil í neinni þeirra. Einna fylst er samþykktin eins og hún er prentuð hjá Magnúsi Ketils-syni I, 389—390, en sá texti styðst ekki við neina afskrift, sem fyrir mér hefir orðið. Ekki er heldr að sjá, að Finnr biskup hafi haft fyrir sér neina vel góða afskrift, þar sem hann tilfærir efni þessarar samþykktar í Kirkjusögu sinni II, 490; ekki verðr heldr mikið ráðið af Crymogæa Arngrims prests, Hamb. 1609, lib. III, 142, og langt virðist vera síðan að til hafa verið góðar afskriftir af samþykkt þessari. Um ártal hennar er þess að geta, að margar af afskriftunum árfæra hana alls ekki, og meðal þeirra er sú eina skinnbók, sem hún er nú á, og heldr elztu afskriftina. Elzta afskriftin, sem ártal stendr í, er frá c. 1600 (E); árfærir hún samþykktina til 1489, og henni fylgja flestar aðrar afskriftir í því, sem annars hafa nokkurt ártal (L, M, N, O, P.) og að nokkru leyti R); kemr ártalið 1489 vel heim. Ártalið 1487, sem ein af betri afskriftunum hefir (I), gæti og staðizt, en ártalið 1493, sem að upphafi hefir staðið í Q, verðr ekki fært til sanns vegar, því að þá eru þeir báðir dánir Magnús biskup og Diðrek Pining, og Stephán Jónson orðinn biskup fyrir tveim árum. Umtalsmál gæti það verið, hvort þessi samþykkt kynni ekki að vera frá 1479, einmitt sama ári og klerka-syndale Magnúsar biskups rétt fyrir þing, því að einar fjórar greinar í þessari samþykkt koma að efni til nokkurn veginn heim við greinar í prestastefnusamþykktinni í Skálholti 25. júní 1479 (DI, VI, 207). Væri þá að skoða prestastefnusamþykktina sem undirbúning undir alþingissamþykktina, og að visu gæti það staðizt, að því er Pining snertir, því að 1479 hefir hann haft hirðstjórn hér á landi. Aptr er það hæpnara, hvort Eyjólfur Einarsson hafi verið orðinn lögmaðr það ár, og einkum er það á móti því, að þessi alþingissamþykkt sé frá 1479, að engin af afskriftunum færir hana til þess árs.

Þess er enn að geta, að niðrslagi samþykktar þessarar um það, hve fjölmennir fyrirmenn mætti ríða um land, hefir stundum verið blandað ranglega saman við réttarbót eina Magnúsar konungs Eiríkssonar (Sjá Norges gamle Love III, 194, Nr. 107; IV, 421; Dipl. Isl. II, 645).

A.

A.M. 170A 4to, bls. 37, skinnbók skr., c. 1570.

Samþ(y)ckt).

Uier magnus med gudz myskunn biskup j skállholte.

Eyjulfur einarsson laugmann sunnan og austann æ islande. Didrik¹⁾ pining hirdstjore ok haufudzmann yfer allt island giorum godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefe. at uier hofum samþykkt og j log tekit æfinnliga hiedann af j almenneligre prestastefnu oc æ alþinge.

J fýstu at lukazt skulo allar tiunder af þeim iordum sem fallit hafa under kong og biskup. hiedann af æfinnliga fra .xx. uetrum.

Jtem skal vera .xuiij. alna sekt æ legkaupe oc liksaungseyri ef þessu er halldit.

Jtem .xuiij. alnar æ heytolle. og lukizt af huerium þeim sem æ iordu býr utan þar sem prestz setur er.

Jtem .xuiij. alna sank huer sem fornæmizt at giora kirkiugard um graptar kirkiu.

Jtem uar þat og samþykkt at biskup ride med xiiij. mann j uisitacio. og þa skylldu þeir taka tuifalldann rett Logmadur uid .x. mann. Hirdstjore uid .x. mann. Nefndarmenn til alþingis uid þridia mann. Officialis uid uij. mann. Profastur uid .v. mann. Sýslumadur uid .u. mann. Skulu þesser menn uera aller anefnder ok taka tuefalldann rett ef þeim uerdr med aufund misþyrmt.

B.

Dómabók Jóns landritara Magnússonar í Fol., bl. 134_b—135_a, skr um 1600. Eptir þessu handriti hefir Magnús Ketilsson látið prenta þessa samþykkt í Lagasafni sínu I, 75—76.

Alþingis og prestastefnu samþykkt Anno 1489

wm tíjvnder æ þeim jaurdum sem fyrir

xx arum hefdu fallid vnder kong og

Biskup oc þadan fra fiellj. Jtem

sekt æ heytolli og ffleira.

Wier Magnus med Gudz myskun biskup j Skalhollte Eiofur einarson Laugmann sunnañ og austañ²⁾ æ jslande didrik pining hirdstjore og haufudzmann yfer allt Jsland. giarum godum maunnum kunnigt med þessu voru opnu

¹⁾ Didrid, skinnb. ²⁾ vestañ, hdr.

brefi. ad vier haufum samþyckt og j lang tekid æuinliga hiedan af j almenniligum prestastefnum og æ alþinge.

J fyrstu ad lukast skulu allar Tjunder af þeim jaurdum sem fallid hafa vnder kong og biskup hiedan af æuinliga. frá xx vetrum.

Jtem skal vera xvijj alna sekt æ heytolle og lukast af huerium sem æ jaurdu byr. vtan þar sem prestsetur er.

Jtem xvijj alna sauks æ huern sem fornæmist ad giaura kyrkiugard um graptarkyrkiu.

Jtem var þad og samþycktt ad biskup rjide med xijj mann j wisitatu¹⁾ og skilldu þeir taka tuefalldan riett. laugmadur vit x mann. hirdstiori uid xunda mann. nefndarmenn til þijngs vit iij menn. oficialis uid iijj menn. profastur wid v mann. Skulu þesser menn vera aller anefnder og taka tuefalldan riett ef þeim werdur med aufund misþirmtt.

C.

Landsbókasafn 67. 4^{to}, bl. 79 a—b, og bl. 18 (= b.), skr. c. 1620.

Byskups og Hirdstiora og Lögmanns samþyckt vm Legkaup. Lijksöngseyrer og heytolla.²⁾

Vier Magnus med Gudz³⁾ náð Biskup j Skalhollte. Eyolfur Einarsson. Lögman Sunnann og Austann á Jslandi. Didrek pining [hirdstiore og⁴⁾ hofudzman yfer Jsland. giörum godum mönnum kunnugt med þessu voru opnu brefe. ad vier höfum samþyckt og j lög tekit æfinliga hiedan af j Almennelegri prestastefnu [og⁴⁾ á alþinge [j sumar⁵⁾.

[J fyrstu ad lukast skulu allar tjunder af þeim iördum sem falled hafa vnder kong og Byskup hiedan af æfinliga fra xx vetrum.

[Jtem skal vera⁶⁾ xvijj alna seckt á Romaskatt⁷⁾ halldi og legkaupe og oliunarkaupe og lijksaungs halldi. xvijj alner á heytolls halldi. og lukist af huerium þeim á jordu byr. fyrir vtan þar sem prestzsetur er.

1) wistariju, hdr. 2) Gömul samþyckt vm tolla prestanna. vm kirkiugardz giord og seckt þar á b. 3) myskun b. 4) [sl. b. 5) [b. v. b. 6) [Annad ad vera skal b. 7) b. sl. um rómaskatt, en ad öðru leyti er efni greinarinnar sama og i a.

xviiij alna seckt huer sem firnæmist ad giora kirkiu gard vpp¹⁾ til graptar.

Jtem var þad samþyckt ad Byskup ridi vid xiiij mann j visitatiu. og skylldu þeir taca tuefalldann riett. Løgmadur vid x. mann. Hirdstiore vid x. mann. nefndarmenn til þings vid þridia mann. Officialis vid vij. mann. Profastur vid vta mann. systlumadur vid fimta mann.²⁾

Skulu þesser menn aller vera únefnder og taca tuefalldann riett. ef þeim verður med hugmod eda ófund misþyrmt. et cetera.

D.

ÍBfél. 809. 8vo, bl. 107—108 (Öxnafellsbók), skr. c. 1620, með hendi Ara Magnússonar í Ögri.

Vier |-o-| |-o-| s(on) med Gudz (næd) Biskup j skalholhti. Eiolfur Einarsson Laugmann sunnan og austan a Jslandi. Didrik þjning hirdstiori og Hauffudzmann yffer alltt Jsland. Giorum Godum monnum kunnugt med þessu woru opnu Brefi ad wier hofum samþycktt oc Laugtekit æfinlega hiedan af j almenniligri prestastefnu æ alþjngi.

j firstu grein ad lukast skulu allar tiunder af þeim Jordum sem fallid hafa wndir kong og Biskup hiedan af æfinlega fra. xx. wetrum.

Jtem skal wera .xviiij. alna secktt a legkaupi lijksaungs Eyrir. suo oc liostolli ef halldit er oc lukist eirn heitollur af huerium þeim sem a Jordu Byr. fyrir wtan þar sem prestssetur er.

sama secktt er a þeim sem fornæmist ad giora kirkiu gard til greptrar.

Jtem war oc samþycktt ad Biskup ridi med .xiiij. mann. Laugmadur med .x. mann. hirdstiori med xwnda mann. Officialis wid [vij. mann]. Systlumenn wid .v. mann. Nefndarmenn til þjngs wid þridia mann. profastur wid .v. mann.

skulu þessir menn allir wera anefnder og taka tui-falldan Riett. ef þeim werdur med hugmod og aufund misþyrmtt.

¹⁾ b. v. b. ²⁾ öll þessi síðasta grein er að efni hin sama í b og a, nema nokkru ófyllri í b.

E

Dómabók, sem eg á, í 4to, bls. 74—75, skr. e. 1630—40, komin til mín frá Hannesi ritstjóra Þorsteinssyni.

Samþykkt í Skálholhti.

Wier Magnus með guðz myskun biskup í Skálholhti. Eiolfur Einarsson. logmann sunnañ og austan á Jslandi. Didrich Pijning hirdstjóri og höfudzmann yfir allt Jsland gioruñ goduñ monnum kunnigt með þessu woru opnu brefi. að wier hofum samþykkt og logtekid æfinlega hiedan af á almennilegri prestasteffnu og á alþijngi.

í firstu grein að lwckast skulu allar tijundir af þeim jorðum sem fallid hafa undir kong og Biskup hiedan af. æfinlega frá xx wetrum.

Jtem skal uera xvij alna sekt á rómaskattz halldi. legkaupi og lijksaungz halldi. xvij alner á heitollz halldi. og lvka af huorium þeim er á jörðu byr. fyrir utan þar sem prestzsetur eru.

Jtem xvij álna sekt. huor sem fyrirnæmist að giðra kirkiugard ef hann er tilkrafdur¹⁾.

Jtem uar þetta og samtékid. að Biskupinn ríjdi uid xijja mann j wisitatiu. og þá skilddi þeir taka tvðfalldañ rett. Logmadur uid xa mann. Hirdstjóri wid xa mann. nefndarmenn til þijngz uid iija mann. Officialis wid vija mann. Profastur wid va mann. Syslumadur uid va mann. Þessir menn sem nu eru nefndir þeir taki aller tuðfalldañ rett. ef þeim werdur með hugmod edur ófund misþirmt²⁾.

F

Eptir dómabókarbroti skr. e. 1650, er eg fékk ²⁴/₁₀₀ 1896 frá séra Arnljóti Ólafssyni á Sauðanesi.

Synodalia.

Þessa Articula sette Magnus Biskup og Didrich Pijning hyrdstjore og Eiolfur Einarsson lógmadur.

¹⁾ Neðanmáls ritar Bjarni amtmaðr Þorsteinsson (1828): „nonnulli: Jtem eru allir skyldugir fátækum að fylgia og líka þeir. sem bygd ból halda“. Sbr. G. ²⁾ Hér ritar Bjarni amtmaðr Þorsteinsson neðanmáls (1828): „nonnulli: er þetta bodid bædi prestum og Syslumönnum að hafa og halda æfinliga, segia og lesa fyrí sinum undirmönnum“. Sbr. B.

1. Ad lvkast skule tijundir af öllum þeim jörðum sem fallid hafa vndir kong og Biskup hiedaþ af æfínlíga fra 20 vetrum.

2. Jtem skal vera xvij alna secktt á Romaskatts hallde. Legkaupe. og ljksaungseyrer. ef halldinn er. og eins á heytolls hallde. og lvkest heytollur af huðrium þeim sem a jörðu Býr. fyrir vtaþ þar sem prestssetur er.

(3.) Jtem skal vera xvij alna secktt á huðr(i)um þeim sem fornæmest ad giðra vpp kirkiugard til greptrunar. ef hann er krafður.

(4.) Jtem ad Biskup ríjde ey fiðlmennare j Visitatiu enn vid xij mann. Løgmadur og hyrdstiðre vid x. mann. officialis vid vij mann. Profastur vid .v. mann. og syslumenn eins. Prestar og lögriettumenn vid iij mann. Og take þessir allir tuðfalldaþ riett ef þeim verður med ðfund misþyrmt j synne riettferdugre reysu. til og frá.

huðriar fyrr nefndar greiner vier höfum lögtekid ad halldast skule hiedaþ af æfínlíga.

G

MSteph. 61. 4to, bls. 83 (Blákápa) skr. c. 1650. — ÍBfél. 315B 4to, bl. 158, skr. c. 1650, með hendi Hákonar sýslumanns Gíslasonar (d. 1652).

Samþykt Biskups Magnusar. Eyolfs Logmans og¹⁾ Didrichs Þijnings á Presta Steffnu a alþijnge.

Ad menn taki þa ei j Bygder. sem þeir vita eingin deijle a ad sieu (ad) skilum kiender.

ad lukest tijunder a ollum þeim jörðum sem falled haffua vnder kong og kirkiu fyrir xx vetrum æ hiedan af.

ad²⁾ a Lijksaungs og heytolls halldj og kirkiu gards giord ad fornæmast. Skulj vera .xviiij. alna sekt a huoriu.

³⁾Ad aller sieu skílder fataekum ad filgia og ljfga sem Bygd Ból hallda.

Ad Byskup skilldj Rijda j visitatiu med xij. mann. [Officiall vid vij. mann⁴⁾] Logmadur og hirdstiori vid x. mann. Nefndarmenn til þijng(s) vid iij. mann.⁵⁾ Profastur og Syslumadur vid v. mann.

¹⁾ sl. 315. ²⁾ Jtem 315. ³⁾ og b. v. 315. ⁴⁾sl. hér 315 ⁵⁾ 315 setr hér inn um officialis samhl. 61.

Skulv þessar aller ðneffnder vera og taka tvefaldan riett. ef þeim verður með Öfund misþyrmt edur hugmód.

H.

Ny kgl. saml. 1847. 4to A. bls. 49, 114; C bl. 54, með hendi séra Guðbrands Jónssonar í Vatnsfirði 1669.

Magnúsar biskups.

Vér Magnús með guðs miskun biskup í Skálholti, Eyjólfur Einarsson lögmann sunnan og austan á Íslandi, Diörich Píning höfuðsmaður yfir öllu Íslandi gerum góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi, að vér höfum samþykkt og lögtekið æfniliga héðan af á almennilegri presta-stefnu á alþingi:

1) Að lúkast skuli allar tíundir af þeim jörðum, sem fallið hafa undir kong og biskup héðan af æfniliga frá xx vetrum.

Annað: að vera skal xvij aura sekt á legkaups, líksaungseyris og heytolls halldi, og lúkist heytollur af hverjum þeim, sem á jörðu býr, fyrir utan þar sem prestsetur er.

Þriðja: sama sekt er á þeim, sem fornæmast að gera kirkjugarð upp til greptrar.

Fjórdá: var samþykkt, að biskup riði við xij. mann. lögmaður við x. mann. hirðstjóri við x. mann. officialis við viij. mann. sýslumaður við v. mann.

Skulu þessir menn allir vera án nefndar(!) og taka tvöfaldan rétt, ef þeim verður með hugmód og öfund misþyrmt.

I.

ÍBfél. 125A 4to, bl. 33b, skr. c. 1680 eða fyrri.

Samþykkt vm tíjvndir af kongs Jordum [anno 1487.²⁾

Wier Magnus med gudz nad Biskup j skalholhti. Eyolfur Einarsson Lögmann fyrer sunnan og austan a Jslandi. Didrek Pijning Hirdstiori og Hoffudzmann yffer allt Jsland

1) sem er b. v. 49, 114. 2) [bætt við með dekkra bleki, en með sömu eða samtíða hendi.

giorum godum monnum kunnugt með þessu voru opnu Breffi. að vier höffum samþykkt og logtekid æfíinnlega hiedann af æ almennelegre prestasteffnu og a alþijnge.

Fyrst að lucka allar tijunder af þeim Jórdum sem fallid hafa vndir kong og Biskup hiedann af æfíinnlega fra xx. arum.

J annann mata skal vera .xviiij. alna sekt á Lijksongs og Legkaups og Heitolls halldi og lukist heitollur af huorium þeim sem a Jordu byr fyrir wtann þar sem prestzsetur er. Sama sekt er a þeim sem að fornæmast að giora kirkiugard vpp til graptrar.

J þridia Lægi var samþykkt. að Biskup Ridi við .xiiij. mann. Logmadur við .x. man. Hirdstiori og Officialis við .viiij. mann. Syslumadur við .v. mann. Neffndarmenn til þijngs við þridia mann. Profastur við .v. maun.

Skulu þessu allir menn vera neffndir og taka tuofalldann riett Eff þeim verdur með ofund misþyrmt Edur hugmod.

K.

ÍBfél. 125B . 4to, nr. 60, skr. c. 1680.

Samþýct j Skalholhte.

Wier Magnus með gudz nádd Biskup j Skalholhti. Eyolfur Eijnarsson Lögmann sunnann og austan a Jslande. Dydre[c]h þijning Hirdstiore jfer Jslande giorum godum monnum kunnugt með þessu voru opnu Briefe að vier höffum samþykkt og logtekid æfíinnlega hiedan (af) nu a prestastefnu halldast skule.

J firstu grein að lukast skule tijund af ollum þeim Jordum sem fallid hafa vnder kong og Biskup hiedan af æfíinnlega fra .xx. vetrum.

Jtem skal vera .xviiij. alna sekt a Romaskattz halde og Legkaup(i) og lijksaungs Eyrer ef halldinn er og einz a Heytollz halde. og lukist heytollur af huorium þeim sem a Jordu byr fyrir vtan þar sem prestsetur er.

Jtem skal vera .xviiij. alna sekt a huorium þeim sem for-

næmist að giora vpp kirkiugard til greptrunar ef hann er til kvaddur.

Jtem að Biskup ríjde ei fiólmennare j síjna Visitatiu reíjd enn við .xíj. mann. Logmadur við .x. mann. og so sýslumadur. Logriettumenn við þrídía mann. og skulu þesser menn aller taka tuofalldann Ríett ef þeim verður með ofund misþyrmt a sinne Ríettferdugre Reíjsu til Logþíngis eða fra.

L.

ÍBfél. 315A. 4to, bls. 75—76, skr. c. 1680. Advocates Library Edinb. 21,3,10. 4to, skr. c. 1750 (=315A).

Vm Tiunder af kongs jórdum a(l)þ(íngis)
s(am)þ(ykt) 1489.

Ver Magnus Biskup j Skalhóliti og Eyolfur Einarsson Lögmann svnnan og austan a Íslandi og Didrich Píning hirdstíori og Hofudzmán yfer allt Ísland. gíorum goðum mǫnnum kunnugt að ver hófum samantekid og j lög sett æfínnlega heðan af j almennilegum prestastefnum og a alþíngi.

J fyrstu að lukast skulu allar tíunder af þeim Jórdum sem fallid hafa vnder kong og Biskup hiedann af æfínnlega fra .xx. vetrum.

Jtem skal vera .xviiij. alna sekt á heytólli. og lukist af huoríum sem a Jorðu býr. vtan þar sem prestz setur er.

Jtem .xviiij. alna sekt á huorn sem fornæmist að giora kirkiugard vmm Grafftar kyrkiur.

M.

Landsbókasafn 91. 4to, bl. 84a með hendi séra Hannesar Björnssonar í Saurbæ c. 1680.

Alþíngis og presta Stefnu Samþykter Anno 1489.

Wier Magnus Biskup j Skáhlóliti og Eyolfur Einarsson Lögmann sunnañ og austan á Íslande og Dydrich Píning Hyrdstíore og Hofudzmán yfer allt Ísland gíorum goðum mǫnnum kunnugt að vier hófum samañteked og j

Lög sett æfinliga hiedañ af j almennelegum prestastefnum og á Alþingi.

J fyrstu ad Lukast skulu allar tjunder af þeim Jörðum, sem falled hafa under kóng og Biskup hiedañ af æfinliga frá .xx. vetrum.

Jtem skal vera .xvii alna sekt á Heytolle og lukast af hvörum sem á Jörðu Byr. utañ þar sem prestsetur Er.

Jtem .xvii. álna sök á Hvörn sem fornæmest ad giðra kyrkiugard um Graftarkyrkiu.

N.

ÍBfél. 79. 4to, bls. 306, skr. c. 1690.

Samþykt Vmm tjunder af kongs og kyrkiu Jordum.

Vier Magnus Med guds Naad Biskup j skálhollte og Eyolfur Eijnarsson logmann fyrer sunnann og austann á Jslande. Didrich þjning hirdstjore yfer allt Jsland giorum goodum monnum kunnugt med þessu voru opnu briefe ad vier hofum samþickt og logteked æfinnlega hiedann af á almennelegre prestastefnu og á alþingi.

1. ad lukast skule allar tjunder af þeim Jörðum sem falled hafa vnder kong og Biskup hiedann af æfinnlega fra 20 vetrum.

2. skal vera 18 alna sekt á legkaupz. lijksaungz og heytolla hallde. og lukest heytollur af huorium þeim sem a Jörðu byr fyrer vtann þar sem presturinn er. Sama sekt er á þeim sem fornæmast ad giðra kyrkiugard vpp til grafftrar. et cetera.

O.

Landsbókasafn 101. 4to, bls. 103—104, með hendi séra Jóns Halðórssonar í Hitardal c. 1730.

Anno 1489.

Vier magnus med gudz mýskun Býskup i Skálhollte. Eyolfur Einarsson Lögmadur sunnan og austan á Jslandi. Didrich Þjning Hirdstjore og Hófuðzmann yfer allt Jsland giðrum göðum monnum kunnugt med þessu voru opnu

briefe. ad vier hófum samþyckt og lógtekid æfinliga hiedan af á almennilegri prestastefnu a alþinge.

J fyrstu ad lukast skule allar tijunder af þeim Jórdum. sem fallid hafa under kong og Biskup æfinliga fra .20. vetrum.

Jtem skal vera xviiij alna sekt á Rómaskatti. ef ei er golldinn.

xviiij alnir á heytolli ef ei er golldinn. og takist af hvörium. sem á Jördu byr.

Jtem xviiij alner hvör sem fornæmist ad giöra ad kyrkiugardi ámintur af kyrkiubonda eda preste.

Lijksöngs Eyrrer skýlidi vera vj alner vöru. og gialldast effter sierhvörn. nema effter fótæka. Enn Eindage á honum þann fimtudag viku. sem fiórar vikur eru af sumre. enn hvör sem ei hefur golldid. sekur xviiij alnum. eins og á legkaupe. ef því er halldid.

P.

Landsbókasafn 62. 4to, bl. 27b—28, skr. c. 1730—40.

Vm Tijunder af Kongs Jordum Alþingis samþickt 1489.

Vier Magnus byskup j Skálholte og Eyolfur Einarsson Lógmann Sunnañ og austañ a Jslande. og Didrich Pining Hyrdstiöre og Hófudzmann yfer allt Ysland giörum gödum Mönnum kunnugt. ad vier hófum Samañtekid. og i Lógsett æfenlega hedañ af j almennelegum prestastefnum og a Alþingje.

J fyrstu ad Lukast Skulu allar Tijunder af þeim Jórdum. sem fallid hafa under kong og Byskup hedañ af æfenlega fra xx Vetrum.

Jtem Skal Vera xviiij alna sekt a Heytollj og Liukast af hvörium sem a Jördu byr utañ þar sem prestzsetur er.

Jtem xviiij alna sök a hvörn sem fornæmest ad giöra kyrkiugard um grafftarkyrkiu.

[Alþingis Samþyckt.

Af Magnuse Byskupe. Eyolfe Einarssyne Logmanne sunnañ og austañ og Didreck Pyning Hyrdstiora. og ollum almúga æfenlega Lógteked. a medal annars. ad hvör sem

fornæmest kyrkiugardz giörd amintur af kyrkiubönda eda preste. skal vera sekur iij aurum.

Jtem af sömu yfermönnum dæmt ad Ljksaungs Eyrer skyllde gialldast effter sierhvörn. nema efter Fútæka.¹⁾ er vj al. vöru. Enn eindage þann fimta dag viku sem iij Vykur eru af Sumri. Enn hvör sem ey hefur gollded. sekur 3 aurum.²⁾

Q

Landsbókasafn 832. 4^{to} bls. 236, skr. c. 1740—50 (JP).

Sampickt um Tiunder af kongs og kirkiu
Jordum 1493.

[Magnus biskup var fyrir Stephan um það leite 1489³⁾

Uier Magnus med guds myskun biskup i Skalhollte. Eiolfur Einarr(sson) Logmann firer sunnañ og austañ á Jslande. Didrich Piñing hofudsmann yfer ollu Jslande giorum godum mönnum kunnugt med þessu voru opnu briefe. ad vier hofum sampickt og logteked æfinlega hiedañ af á almennelegre prestastefnu á alþinge. ad lukast skule allar tjunder af þeim Jordum sem falled hafa vnder kong og biskup hiedañ af. æfinlega fra xx vetrum.

annad ad vera skal xvij alna seckt á legkaups og ljksaungs Eyrer og heytollshalde og lukest heitollur af huorium sem á jordu biggia firer utañ þar sem prestsetur er.

Pridia⁴⁾ sama seckt er á þeim sem fornæmist ad giora kirkiugard upp til graftrær.

Fiorda⁵⁾ Var sampickt af Biskupe. ad hann Rijde vid xij mann. logmadur vid x. hjirdstiore vid x. officialis vid 8. syslumenn vid v. skulu þesser aller menn vera anefuder. og take tuofalldañ Riett. ef þeim verdur med hugmod og ofund misþyrmt.

¹⁾ [virðist sem ritari handritsins hafi tekið þetta eptir annari bók en hið fyrra, þar sem þetta hefir staðið fyllra. ²⁾ Sbr. ljóstolla samþyktina gömlu 1265, Dipl. Isl. II, bls. 14. ³⁾ [á spássíu. ⁴⁾ 3, hdr. ⁵⁾ 4, hdr.

R

Lagasafn Magnúsar Ketilssonar I, 389—390 eptir „et temmelig got Apographum Membrane“, og hefir eingin samkynja afskript fundizt, og verðr því hér að prenta beint eptir þessari bók. Eptir henni er samþykt þessi ádr prentuð í Lagasafni handa Íslandi I. 38—39.

Samþykkt Magnúsar Byskups og Hirdstiorans.

Ver Broder Magnus med Guds Nad byskup i Skalholt. Eiolfr Einarsson Løgmann sunnan og avstan a Jslande. Didric Pining Hirdstiore og Høfudsmadr yfer allt Jsland giorum godum maunnum kunnugt ad ver haufum samþykkt og æfenlega lögteked hedan af i alme nilegre Presta-Stefnu.

Jn primis fyrstu grein at Mariu Messa. su sem er einne nott epter Ceciliu Messu a vetrinn og kallaz præsentatio Marie virginis. skal haldaz ad faustu og helgehalde sem Mariu Messa sidare a havstin.

J annarre grein ad eingin take þa menn i byggder ne vister. sem þeir vita einge deile a ad þeir se skilamenn.

J þridiu grein ad lukaz skule allar Tiunder af þeim Jördum. sem fellu under Kong og Kyrkiu og falled hafa fyrer xx. vetrum æfenlega hedan i fra.

J fiordu grei: skal vera xvij. alna Søk a Roma Skatts halde. xvij. alna Søk a Liksøngs halde. xvij. alna Søk a Leikavps halde oc sva a [olivnar kavpe¹]. xvij. alna Søk a Heitolls halde oc lukez af þeim. sem a Jördu bua. fyrer utan það. sem Pres's setr er. xvij. alna Søk hvor sem fornæmez ad giöra Kyrkiugard löglega aminntr.

Jtem eru aller skylduger fatökum at fylgia oc lifga þeir sem byggd bol hafa og hallda.

Jtem var oc samþykkt at Byskup skylde rida vid xijda Mann. Løgmadr vid xda Mann. Hirdstiore vid xda Mann. Nefndarmenn til þings vid iijda Mann.

¹) [leiðrétt, sbr. hinar afskriptirnar og Lagasafn handa Íslandi I, 39; í Lagasafni Magnúsar stendr: „ovinar søng“ (!) og þýðir hann það á dönsku með „Uvens Sang“.

Official vid vjǫda Mann. Profastr vid vta Mann. skulu þess-
er menn aller anefnder vera oc taka tvöfaldan Rett ef þeim
verdr med Ofund misþirmt edr hugmod.

Er þette boded bæde Prestum og Syslumönnum ad hafa
og halda þessar greiner æfenlega. segia og lesa fyrer sin-
um undermaunnum.

591.

15. Júlí 1489.

í Hafnarfirði.

Jón prestr Snorrason selr Magnúsi Áskelssyni tíu hundruð
í Raufarfelli ytra undir Eyjafjöllum fyrir þau tíu hundruð,
er hann hafði gefið Guðríði dóttur sinni, þá er hann gipti
hana Magnúsi, en Magnús gaf séra Jóni jörðina hálfu Vestr-
holt undir Útfjöllum.

AM. Fasc. XXIX, 11, frumrit á skinni. Öll (4) innsiglin eru dottin
frá. — Apogr. 2900.

kaupbref vm raufarfell ytra ok vesturholt¹⁾

Þat giorum uær arne prestur snæbiarnarson officialis
heilagrar skalholz kirkiv j millum hvitar j borgarfirdi ok
helkundu heidar. snorri prestur helgason. þorleifur sýg-
urdzson. ok gunar hrollaugsson godvm monnum kunnigt
med þessv vorv opnu brefi at sub anno gracie M^o. cd^o. lxxx^o.
nono jn festo diuisio apostolorum j hafnarfirdi uorum vær
j hia savm ok heyrðum æ ord ok hãndabañd þessara manna
ions prestz snorrasonar af eine alfu ok magnus askelssonar
af annare at suo fyrir skyldv at greindur sira jon selldi
greindvm magnusi tiv hvndrvt j iordvne raufarfelli hinu
ytra er liggur j midbælis kirkio sokn. enn onnvr tio hund-
rut gallt hann nefndum magnusi fyrir þav tiv hvndrvt sem
hann hafdi gefit gudriddi dottur sinne þa er hann gipte hana
greindvm magnusi med ollvm þeim gognum ok gædvvm sem
greindri allre²⁾ halfri iordv fylger ok fylgt hefer at fornu
ok nyio ok nefndr sira ion uard frẽmdz eigañde at til frials

¹⁾ Utan á bréfinu svo með fornri hendi. ²⁾ yfir línunni

forrædis ok fyllrar eignar. en j mot fyrir skrifudvm .x. hvndrvdvm. gaf oppt nefndr magnus tittnefndvm sira jone jordina halfa vesturhollt er liggur j hollzkirkiu sokn med ollvm þeim gognum ok gædum sem greindri allre¹⁾ halfri iordv fylger ok fyllgt hefer at fornv ok nýio ok nefndr magnus vard fremdz eigandi at til fyllrar eignar ok frials forrædis. skýlldi huor vm sig suara laga riptingvm a greindvm iordum ok svo hallda til laga þeirre er huor keypte. Ok til sanninda hier um settvm vær fyrr nefnder menn vor jnnsigli fyrir þetta iardar kavpsbref skrifat j sama stad ok are tueimvr dogvm sidar en fyrr seiger.²⁾

592.

6. August 1489.

á Hólum.

TRANSSKRIFTARBRÉF

AM. Fasc. XXVIII, 28, frumtransskriptið á skinni. — Apogr. 3313.

Vm þjaskier³⁾

Þath giorum uær gudmundur jonsson. Olafur ionsson. gudolfur magnusson ok eirikr sigmundsson prestar hola-biskupsdæmis. godum monnum uiturligt med þessu uoro opnu brefe at uær hofum sied ok yferlesit bref um biasker med heilum oskoodum hangandum inciglum. suo latanda ord epter ord sem hier seiger. [Hér kemr Þýjaskerjabréf frá 22. Aug. 1488, DI, VI, Nr. 565]

Ok til sannenda hier um setium uær fyrnefnder prest-ar uor incigle fyrir þetta transkriptarbref er giort uar a holum j hialltadal fimtudagen næstan fyrir lavrenciusmessu. anno domini M^o cd^o. lxxx^o. nono.

593.

7. August 1489.

í Víðvík

Dómr klerka útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um Grenj-aðarstað og hans peninga, er þá var forstöðulaus eptir burtför Eiriks Einarssonar af landinu með Þýzkum í óhlýðni og þrjúzku.

¹⁾ yfir línunni. ²⁾ Það er 17. Júlí. ³⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

AM. Fasc. XXIX. 3, frumritið á skinni. Af 21 innsigli eru nú 13 fyrir bréfinu, sum brákuð. — Fasc. XXIX, 4, transskr. á skinni frá 2. Sept. 1489. — Apogr. 115.

Sira Eirekur Einarsson sektast ollu síjnu fie við
biskup Olaf¹⁾.

Path giorum uær arne þorleifsson. sigurdur þorlaksson. gudmundur ionsson. olafur ingimundarson. andres ionsson. magnus asgrimsson. geir uigfusson. þorðr ingimundarson. gunnar ionsson. biorñ þorsteinsson. gudulfur magnusson. olafur ionsson. gudmundr kollason. ion hellgason. sigvrdr ionsson. ellendur broddason. eirikur sigmundsson. besse suartsson. olafur ionsson. halluadr biarnarson ok einar sigurdsson prestar holabiskupsdæmis godum monnum uiturligt med þessu uoro brefe. at anno domini M^o. cd^o. lxxx^o. nono fostu dagen næsta fyrir laurenciusmessu. j uiduik j uiduikursueitt. uorum uær beidder ok krafder af uorum uirduligum herra ok andaligum fodr olafe med guds nad biskup æ holum. at dæma um greniadarstad ok hans peninga er þa uar forst(a)vdulaus epter burtfor sira eiriks einarssonar. er hann for burt af landinu med þýskum j ohlýdne ok þrioskv ok sette staden uendarlausan ok saunglausan lockandi med sier hans prest er heiter sira ion gislason j sama ohlýdne ok vtan orlof bader saman. let biskupen lesa þar fyrir oss bref fyr nefndz sira eiriks med heilu ok oskoddu hans hanganda incigle um hans lofan. er hann hafdi lofad biskupinum alla hlýdne ok truleika ok allar skylldur at giora reiduliga sinna uegna ok stadarins suo leingi hann lifdi fyrir þan heidur at hann medkenditz j sinu brefe. ath biskupen hefði giort sier. En biskupen sagði þar fyrir oss. at hann hefði eingva þessa sina lofan halldit sem j hans brefe stendr. suo ok ei halldit sina lofan um munkapuerarklaustur epter þui sem hann lofade biskupenum. Nu saker þess at suo stendr j kristnum reitt²⁾. at biskup skall rada kirkium ok kirkna eignum. þui dæmdum uær ok samþyektum adurnefndr prestar fyr nefndan greñiadarstad ok alla hans peninga lausa ok fasta j fyr nefndz biskups olafs ualld ok yfersion. til ath ueita ok unna hueri-

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo.

um hann uill. þar til erchibiskupen giorer annat rad fyrir. medur þui at hans formann for suo osuarliga j burtt. Ok til sanenda hier um setum uær fyr nefnder prestar uor incigli fyrir þetta domsbref skrifad æ holum j hialltadal æa sama are deige sidar en fyr seger¹).

594.

22. August 1489.

í Haga.

FILIPPUS Sigurðsson lýsir því að hann hafi goldið Dýrfinnu Gísladóttur, sonardóttur sinni, í þau tíu hundruð, er hann gaf henni, þá er hún giptist, skógarpartinn í jörðina Botn í Patreksfirði með tilgreindum ummerkjum.

AM. Apogr. 1325 „accurate collatum. briefed var heillt og vel læselegt. oroted og oskafed 1726. Jnnsigled olldungis j burtu“ (Sauðlauksdalsbréf).

Þath giore eg filippus sigurdzson godvm monnum kunnegt med þessu mýjnv opnv brefi ath eg hefi gefit og golldet dyrfinnv gísladottur sonardottur minne j þau x. hundrut er ek gaf henne þa er hun giptezt. skogarparten j iordena botn er ligur j patrefirde j saurbæiar kirkiu sokn med þessvm umœerkjum. ð millum arnarstapa ðr ok til lækiar þess er geingur ofan af fialle med götum þeim sem liggia upp ð fiall fyrir ofan botna ok selialækur er kalladur. ok upp ð fiall suo langt sem skogur uex ok ofan til siofvar. sem greindum parti hefur at fornu fylgt ok nýiu. ok saudlauksdalur atti adur enn biorn bondi þorleifsson seldi frá. Sampýkte þessa mýjna giðf ok gialld gróa ketelsdotter eginkona mýjn. ok sýner ockrer gíjsle ok síra loptur. Ok til s nninda her um setta ek mýjt jncigle fyrir þetta bref er giort var j haga ð bardastraund la gardagin næsta fyrir bartholomeus Messo. þá er lidit var fra hingatburd vors herra jesv christi þusund. cccc. lxxx ok ix. ær.

¹) þ. e. 8. Aug.

595.

31. August 1489.

á Nauteyri.

Dómr sex manna útnefndr af G. ðna Jónssyni, er þá hafði kongsins sýslu og umbod í „Ísafjarðarsýslu“, um ákæru Jóns bónda Björnssonar til Odds Vigfússonar, er verið hafði ráðsmaðr Jóns gegn tveim hundruðum í kaup á ári hverju, en Jóni þótti Oddr ekki hafa staðið sér ánægjanlegan reikningskap.

Landsbókasafn 789. 4to, bls. 83—86, skr. um 1620 fyrir Ara Magnússon í Ögri. — Landsbókasafn 6. Fol. (Tiglabók), bl. 230, skr. c. 1670; er dómrinn hér heill, en ártal kolvilt: „1614“. og sýslumaðrinn er hér nefndr „Bjarni“ (!) Jónsson. — Ny kgl. saml. 1945. 4to bl., 374b—75a ágrip, skr. 1666; sýslumannsnafn rétt, og ártal 1488. — Thott 2106. 4to bl. 40b—41a og 284b, 85a ágrip ekr. c. 1700; sýslumannsnafn rétt og ártal 1489. Sbr. Sýslumannsæfir II, 175 (ártal 1489).

Domur vm misgrvn er husbondinn hafde á þienara
sijnum edur Rædamanne¹⁾.

Aullum mönnum sem þetta Bref síð edur heyra. sendum wier Eptterskriðader menn. Biarñe Gijslason. Þorolfur Arnason. Jon Þorgeirsson²⁾ Logriettumenn. Jón Jónsson. Asmundur Biarñason. og Bryniolfur Magnusson kuediu guds³⁾ og vora⁴⁾. kunnugt giorandi ad þrum eptter Guds burd⁵⁾ 1489 manudæginñ næstañ eptter Bartolumeusmesso æ Nauteyri á þingstad riettum. vorum vier til dõms og Logligra alyta nefndir af Gudna⁶⁾ Jonsyni. er þá hafdi kongs[ins sýslu og⁷⁾ vmbod j jsafiardarsýslu. vm þæ⁸⁾ agreining og tvijdrægni sem var med Joni B(onda) Biorñssýne og hañz þienara Oddi Vigfussýne. vm nockra peninga er⁹⁾ nefndur Oddur þottist ad greindum Joni eijga i sitt kaupgialld. og hann¹⁰⁾ samstundis laga á beiddist. handlogdu sig greinder menn vnder vorñ dõm[. Og¹¹⁾ því dæmdum vier málid riетtiliga vndirkomid. Bar ádurnefndur Oddur fram. ad Jón B(onde) Biorñsson hefdi lofad sier ijc á hvoriu Aari fyrir sijna Rædzmennsku og þionustulaun. Enn nefndur

¹⁾ Dómr um reikningskap 6. ²⁾ Þorgautsson 6. ³⁾ b. v. 6; sl. 789. ⁴⁾ 6; sijna 789. ⁵⁾ Anno b. v. 6. ⁶⁾ Bjarna (!) 6. ⁷⁾ [sl. 6; og b. v.; vantar í 789. ⁸⁾ þann 6. ⁹⁾ ádr, b. v. 6. ¹⁰⁾ þá b. v. 6. ¹¹⁾ [löglegan 6.

Oddur hafði fyrir hañz bwe verid j iijj á. og Reijkñudust þad viij^c er nefndur Oddur þottist ad adurgreindum Joni B(onda)¹⁾ eijga. Medkiendi firgreindur¹⁾ Jon B(onda)¹⁾. ad hann hefði lofad vnder votta árliga ad giallda fyrtyedum²⁾ Oddi ije [a huoriu are³⁾ firir sijna tru⁴⁾ þionustu oc wmsion. og þau somu hefði hann opttlega vppbodid og honum til reyðu sagt. sijdañ hann fór vr hanz þionustu. med því forordi. ad hann ynne þar¹⁾ Eijð ad¹⁾. ad hann hefði sier ærligañ Reijkning stadit á ollu því. er hann hefði jnntekid og vti latid. og [ongu leynt af sijnu fie⁵⁾ j sinne afgreijdslu og ad hann hefði æ greindum¹⁾ iij arum ecki vndir sig dreijgid [med hylmingu⁶⁾ af sijnu fie [til x. aura⁶⁾. nie helldur ráð nie dóð til lagtt. hvorn Eijð ad tjttnefndur Oddur neijtad hafði ad sueria. vtañ hann dæmdist þar skyldur⁷⁾ til ad lögum. skyldadi valldzmadurinn oss⁸⁾ greinda⁹⁾ menn til¹⁰⁾ eptter logum ad alyta og vrskurda. huort tjttnefndum Oddi skyldi sagdur eijdur dæmast¹¹⁾ edur ey. þar ad¹²⁾ bondinn Jon hafði ecki vitni nie adra¹³⁾ proffan til sijnz mólz. og opttnefndr Oddur hafi hia ollum monnum ærligur halldinn verid. vtañ¹⁴⁾ þo bondinn Jon hann misgrunadi. Hliodar svo vor Landzlaga Bok j nockrum greinum er [misgrunan vid kiemur og ecki er¹⁵⁾ vitne til. Nu hefur hann ecki vitne hinn vngi madur. þa leggie hinn fram slycktt fie [sem hann vill. og suerie ad¹⁶⁾ fullañ eijð. og ij skilriker menn med honum og¹⁷⁾ hefur þá hinn vnge madur allt slykt fie¹⁸⁾ sem hann á. Erfd 26. Nu kallar hann¹⁹⁾ misskiptt edur seiger. ad hann hafe leynt fie. þá skal hann synia med Lyrittar Eydi. Kvennag. 4. Nu ef annad tueggia hiona misser annarz vid og þrytur Brullupsvitne. þá skal þad hiona sem leingur lifer leggia²⁰⁾ fram fie. og skiptti²¹⁾ so sundur sem þad vill ándsvara firir gudi. [og vertt²²⁾ er. og ij skilriker menn med þeim²³⁾. [Jtem þiofab. 6. Þar skipar ad ransaka

1) sl. 6. 2) fyrgreindum 6. 3) [b. v. 6. 4) trúa 6. 5) [ei 'sf sínu fé leynt 6. 6) [sl. 6. 7) skyldugr 6. 8) til b. v. 6. 9) dóms. b. v. 6. 10) sl. hér 6. 11) þá b. v. 6. 12) eð 6. 13) sl. 6. 14) enn 6. 15) [maður mis og hafur ei (!) 6. 16) [og vinni að 6. 17) þá 6. 18) sl. 6. 19) b. v. 6. 20) 6; leggie (!) 789. 21) skipta 6. 22) [og rétt 6. 23) því 6.

og Bonda siottar Eijð ef þeir vilja honum kientt hafa. Jtem 9. ef maður sækir annan mann vñ stuld og er ecki lyst þyfd hanz. þá skal sá er firir sök verdur synia siottar Eydi¹⁾. Mannh. 25. greiner. ad ecki sie Riettur a okuædis²⁾ ordum. ef maður á sialfur sokn á málínu. Jtem alltt það logbok skyrer³⁾ ecki skilríklega vr. þá skal það hafa vr huorin móðle sem logriettumenn verda allir á eitt sätter. Er það vor skynsemdargrein. ad einum þienara bere jafnañ grandvörum ad vera. j því hann á [sijns husbonda vegna vñ ad vera. og Rædvendni vegna⁴⁾ ecki hlýdast meiga. ad⁵⁾ hann læte ecki sinn Eijð i tie. vilie husbondinn hann misgruna. þar ad⁵⁾ hann hefur hañz wmbod og fiarhalld. oc ecki má vittne ad koma. hvad oærliga vid hañz Eijðñ hondlar. [Annarz virdist oss. huor vndir sig draga meiga. það honum synist. þar husbondinn er fiarlægur edur af landi farinn⁶⁾).

Þvi i Guds nafne Amen. [oss i domz sæti sitiandi. ad⁷⁾ heilags anda nad med oss til kalladri firir þessar laganna greiner. vora veika vitzmune. þá dæmdum vier ad Oddur Wigfwsson ynne⁸⁾ þann Eijð. og tueir skilríkter menn med honum. ad hann hefði sijnum husbonda [Riettañ og⁹⁾ ærligañ Reijkningskap¹⁰⁾ stadid. og ongu leyntt nie vndir sig dreijgid [aff þvi fie. sem honum bar vt ad svara og ei helldur vnder sig dreijgid¹¹⁾ vitzuitandi og¹²⁾ med hilmingu hanz fie til x aura. nie helldur ráð nie dáð til lagt. skylldi [þessi Eijður vnninn¹²⁾ jnnañ sioundar. og ad honum vnnum dæmdum vier Oddi viij. Enn hañss eigiñ skulld og forsómañ ad hann hefði ecki fyrr til laga halldit. edur þann Eijð wnnid. er Jon B(onde) aff honum krafdist. Enn fielli Oddur ad þessum eijdi. þá dæmdum vier Jöne

¹⁾ [felt úr í 6. ²⁾ 6; ákuædis (!) 789. ³⁾ sker 6. ⁴⁾ [sinum husbóndi að þjóna og 6. ⁵⁾ sl. 6. ⁶⁾ [né heldur leggur ráð né dáð til 6. ⁷⁾ [og 6. ⁸⁾ vinni 6. ⁹⁾ [sl. 6. ¹⁰⁾ gert edur b. v. 6. ¹¹⁾ [b. v. 6. ¹²⁾ [þennan eið vinna 6.

B(onda) kaupid og það meira er domur sýðar dæmer.
[Samþichti þennañ vorn dom¹) et cetera.

596.

2 September 1489.

í Miklagarði.

TRANSSKRIPTARBRÉF.

AM. Fasc. XXIX, 4, frumtranskr. á skinni. Innsiglin eru döttin frá.
— Apogr. 115.

Þath giorum uær arne halldzson ok olafur magnusson prestar. þorallr oddsson ok simon paisson leikmenn godum monnum uiturligt med þessu uoro opnu brefe at uær saum ok heyrðum domsbref med heilum ok oskoddum hangandum inciglum suo latanda ord epter ord sem hier seiger. [Hér kemr dómr um séra Eirík Einarsson frá 7. Aug. 1489. Nr. 593].

Ok til sanenda hier um setium uær nef(n)der menn uor incigli fyrir þetta transkriptarbrief. skrifat j myklagarde j eyiafirði miduikudagen næstan fyrir mariumessu enu seinne. anno domini M^o cd^o. lxxx^o nono.

597.

14. September 1489.

á Hálsi.

SVEINN Eyjólfsson kvittar Kolbein Jónsson um andvirði jarðarinnar Sigurðarstaða í Bárðardal.

AM. Fasc. XXIX, 9, frumrit á skinni. Annað innsiglið er döttið frá.

Þat giorum uid kare aunundarson ok þorsteinn jlfsson godum monnum uiturligt med þessu ockru opnu brefi at þa er lidit uar fra hingatburd uors her a ihesu christi þushund flogr hundrud attatiger ok niu ár fyrir ofan gardin a uoglum j hnioskadal j halsþingum uorum uid j hia saum ok heyrðum a ord ok handaband þessara manna sueins eyolfssonar af einne alfu ok kolbeins jonssonar af annare að suo fyrir skildu at greindr sueinn eyolfsson gaf kolbein

¹) [b. v. 6.

jonsson aullungis kuithan ok akærulausan fyrir þat jardar-
uerd sem nefndr kolbein ati at giallda þrattskrifudum sueine
fyrir jordena sigurdarstadi j bardardal er sueinn Eýolfsson
hafdi sellt kolbeine jonssyne fyrir sier ok ollum sinum erf-
ingium ok epterkomendum ok hann hefði fulla peninga upp
borit fyrir greinda jord sigurdarstadi sem honum vel anægdi.
Ok til sannenda hier um settum uid oekur jncigli fyrir
þetta bref skrifat æ halsi j hnioskadal kross Messo um
haustit a sama are sem fyr seger.

598.

29. September 1489. á Sauðanesi.

19. April 1503. á Grenjadarstöðum.

VITNISBURÐR að Bjarni Jónsson hafi fest sér Guðrúnu Ólafs-
dóttur til löglegrar eiginkonu.

AM. Fasc. XXIX, 12, frumrit á skinni. Aenað innsiglið er dottið
frá. Bréfið er komið frá séra Skúla Þorlákssyni. — Apogr. 633.

Það giorvm vid ellendr magnusson og ion andresson
godvm monnum viturligt med þessv opnv brefi ad vid vor-
vm j hia savm og heýrdvm æ a mikaelsmessu vm haustid
þa lidit var fra gvds byrd þvsund flogur hvndrvd attatiger
og ix ar æ saudaness stad æ langanese ad bianne ionson
festi sier gvdrvnn olafsdottur til lavgligrar eiginkonu efter
guds lavgvn æ þeirra brvllavsdegi ed þar var þa sæmiliga
halldid ad nærveranda sira kolbeine ingemundarsyne og
avdrvm dande monnum med þui skilorde ad þesser fyr
greinder menn bianne ionson og gvdrvn olafsdottvr¹⁾ lavgdv
med sier helmingafielag feingens fiar og ofeingens. og til
saninda hier um settv uid fyr nefnder men oc'vr insigle
fyrir þetta vittnissbvrðarbref er skrifad var æ greñiadar-
stavdvm j reykiardal midvikudagen næstan efter marci
ewangeliste anno domini M^o qvingentesimo tercio.

¹⁾ Svo.

599.

3. Október 1489.

á Munkaþverá.

16. Febrúar 1490.

PRÓFENTUGJÖRNINGR JÓNS SIGFÚSSONAR OG ARNÞRÚÐAR ÁRNADÓTTUR VIÐ JÓN ÁBÓTA OG KLAUSTRIÐ Á MUNKAPVERÁ.

AM. Fasc. XXIX, 23, frumrit á skinni. Af 5 innsiglium eru nú tvö heil, og brot eptir af tveim öðrum. — Apogr. 3024. — Fasc. XXIX, 24, annað frumrit sama bréfs, og eru þar þrjú innsiglin heil, en tvö döttin frá. — Apogr. 3025.

proventu Bref 1489 geffur xx malnytu kugilldi og xx^c j odrum peningum¹).

Það giorvum ver semingur magnusson. þorgilss avgmvdnzson. prestar hola býskupsdæmis. are sýgurdzson ok jllavgj þorgilsson leikmenn godvum monnum uitvrligt med þessv voro brefi ath þa er lidit var fra hingatbvrd vors herra jhesv christi þushvnd cccc. lxxx ok ix ar. a mvkaþvera j eyiafirdi lavgardag hinn næsta epter mikelsmessu vorum vier j hia savm ok heýrdvum æ ord ok handaband herra jons abota æ greindv klaustri med samþykki sinna conventvbrædra af einne alfv. Enn jons sigfussonar af annare. ath suo fyrir skildv ath greindr jon gaf j proventv med sier ok konv sinne arnþrvde arnadotter klaustrinv a mvkaþvera .xx. malnytu kvgillde. ok²) xx. hvndrvd j fridvum peningvum ok fridvirdvum klaustrinv til æfinlegrar eignar. hier med skýlldi greindr jon smida æ stadnvm tresmidi ok jarnsmidi allt svo leingi sem hann veri fær til ath fra skilldv birkesmidi³) ok liadeinsklv. skýllde greind arnþrvdur kvinna hans savma eitt æklædit æ hveriv are svo leingi sem greindr herra jon aboti rikti. hier a mot skýlldv adr greind hion jon ok arnþrvdr hafa æfinlegt framferi a stadnvm. sæmilegt bordhalld svo sem frialsvm manne bæri ok þionostv af stadnvm til sængvr ok skoklæda

¹) Utan á XXIX, 23 með hendi c. 1600; með sömu hendi stendr utan á XXIX, 24: „Gudmundur Jonsson og Arnþrudur Arnadotter geffa clostrenu med sier j proventu xx malnytu kugilldi og XX^c j odrum peningum 1489“. ²) b. v. XXIX, 24. ³) XXIX, 24; birkesmidi (!) XXIX, 23.

ok serliga hvs þeim til inndælis. sina vod hvort þeirra ar-
lega. þar til lereft stikv ok skogærvr ok honum skædi sem
honum hentar. vij alner vadmals arliga svo leingi sem
hann veri fær ath smida. hier med skýllði greindr jon hafa
manadar orlof. hv(o)rv¹⁾ tvegja ath skadlavsv stadnum ok
honum þa hann beidizst. skýllde greindr jon j frelsi mega
stiंगा torf j stadarins jordv ok giora ser hæfligt²⁾ smidiv-
hvs sialfvm heima a stadnvm vpp æ sialfs siñs kostñad.
hier til epter þeirra dagha skýllði staduriu eignaz seng ok
kistv greindra hiona. Ok til sanninda hier vm settvm ver
vort conventv brædra jnsigle med fyrskrifadra dande manna
jnsiglum fyrir þetta bref skrifat j sama stad jn festo³⁾
ivliane virginis et martiris. are sidar en fyr seger.

600.

4. Oktober 1489.

í Heydölum.

TRANSSKRIFTARBÉF.

AM. Fasc. XXVIII, 10, frumtransskript á skinni. Innsiglin eru
dottin frá. — Apogr. 2877.

Borgarhafnar bref⁴⁾.

Þat gerum uid suein prestur jonsson ok einar prestur
jonsson godum monnum kunnigt med þessu ockru opna brefe.
ath uid hofum sied ok ýferlesit opit bref benedictz sammuðz-
sonar med hans heilu ok oskoddu jnsigle. suo latanda ord epter
ord sem hier seger. [Hér kemr afsalsbréf fyrir parti í Borgarhöfn
gert á Urriðavatni 13. Maí 1486, DI, VI, Nr. 508].

Ok til en meire audsyningar hier um settum uid fyr
skrifader prestar ockur jnsigle fyrir þetta transkriptarbref
skrifat j heydölum in festo sancti fran(c)i(sci et confessoris.
anno domini. M^o. cd^o. lxxx^o. nono.

¹⁾ hv(o)rvvm XXIX, 24. ²⁾ XXIX, 24; hæfligt (!) XXIX, 23. ³⁾
XXIX, 24; festvm XXIX, 23. ⁴⁾ Utan á transskr. með fornri hendi.

601.

4. Oktober 1489.

í Skriðu.

24. Marts 1491.

á Mýri.

MARGRÉT Eyjólfsdóttir selr Guðmundi Magnússyni jörðina Stærri-Voga á „Kálfatjarnarströnd“ fyrir Skarð í Fnjóskadal og Mýri í Bárðardal og þar til fjögur málnytukúgildi.

AM. 238. 4to bl. 3, skr. c. 1570 (Bessastaðabók), — AM. Apogr. 1806. AM. 65. 8vo bls. 69—70.

Stærra voga bref.

Þad giorvm ver Narfe Benedicsson. Ormr Einarsson oc Arne Hallsson godvm mönnvm vitvrligtt med þessv vorv opnv brefi at svb anno gracie M^o. cd^o. lxxxix j Skridv j Reykiadal svnnvdeiginn næsta epter Michaelismess vorvm vier j hia savm oc heyrðvm æ ord oc handaband þessara manna Margretar Eyolfsdottvr af einne alfv en Gvdmvndar Magnvssonar af annari. at suo firir skildv at Margret selldi Gvdmvndi jordina Stærri voga æ Kalf tiarnarstrond er liggr j Kalfatiarnar kirkiv sokn. sagde hvn jordena fimtuge hvndrvd. Hier j moti gaf Gvdmvndr jordena Skard j Hni[o]skadal er liggr j Lavfas kirkio sokn firir .xxx^e. oc jordena Myre j Bardardal er liggr j Lvndarbræckv kirkiv sokn firir xvj^e oc þar til iijj malnavtv kvigilldi. sagdi hvorki þeirra odrv til landamerkia æ greindvm jordvm en hvort sellde odrv epter því sem jardernar ætti oc þeim hefde fylggt at fornv oc nyiv oc þær hefðv fremst eigande at vordet. skyllde hvort svvara laga riptingvm æ annars jordvm en þav skylldv bæde hallda kavpe sinv til laga.

Oc til sanninda hier vm settv vier fyrskrifadir menn vor insiglle fyrir þetta jardar kavps bref skrifad æ Myre j Bardardal fimtvdeigen næsta fyrir annunciatio sancte Marie virginis tveimr arvm sidar en fyr seigir.

602.

5. Nóvember 1489.

í Efstadal.

8. Apríl 1492.

í Skálholti.

VITNISBURÐARBRÉF að Ari Magnússon hafi selt Magnúsi biskupi „góðrar minningar“ jörðina Lund í Lundarreykjadal fyrir þrjátígi hundraða í lausafé, auk þeirra þrjátígi hundraða, er biskupinn hafði áður feingið honum í greint jarðarverð.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 10 frumrit á skinni. — AM. Apogr. 2597 „accurate“.

litera empconis predij lünd in lundar reyckiadal.¹⁾

Þath giorum vid einar gudmundzson ok jon thomasson godum monnum kunnigt med þessu ockru opau brefe. ath þa er lidid var fra hingatburd vors herra jhesu christi. M. cd. lxxx. og ix. ar. a fimtudaghinn næsta epttir andressu. j efstadal. j laugardal. vorum vid j hia med fleirum audrum godum monnum. saum ok heyrðum a ord ok handaband þessara manna. brodr Magnús Godrar minningar. Skalholltzbiskups af einne alfu. enn ara magnussonar af annare. faldizt það ok skildizt. vndir þeirra handabande ad greindr are selde fyrnefndum biskup Magnuse. jordina alla lund j lundarreykiardal. til frials forrædis ok fullrar eignar med aullum þeim gaugnum ok giædum sem greindre jordo fylgir ok fylgt hefir ath fornu ok nyiu. ok hann vard fremst eigande ath. enn hier j mot. skýllde adr nefndr biskup Magnús fa opttgreindum ara. þriatigi hundrada j kugilldum ok friduirtum peningum. ad auk þeirra .xxx. hundrada. sem biskupinn hafde adur feingit honum fyrir fram j greint jarðarverd. Skýllde þrattnefndr are suara lagaripptingum. a greindre jordu. enn tittskrifadr biskup Magnús hallda til laga. Ok til sanninda hier vm settum vid fyrnefndir menn okur jnnsigle fyrir þetta vitnisburðarbrief skrifat j Skalhollte sunnudag hinn næsta epttir midfostu. þrimur arum sidar enn fyr seigir.

¹⁾ Utan á bréfinu með samtíða hendi.

603.

1489.

VITNISBURÐR Þorgils Kolbeinssonar um landamerki Hrepps í Andakíl.

Landsbókasafn 68. 4to, bls. 129, skr. c. 1690.

Það Giðre eg Þorgilss Kolbeinsson góðum monnum kunnugt með þessu minju opnu brefe að eg atte keiffte og selde Jörðena Hrepp er liggur í Andakyl í Huanneyrar kirkiu sókn með só felldum landamerkiuð sem hier seiger. að ur kielldu þeirre eige hreppur er geingur austur ur leyrgróff og í kielldu far það er geingur nedan að gautublett og vpp í fialled í stein þann er vier kölluð Móklett. og alldreí keiffta eg framar eda selde enn hier seiger og hier effter vil eg sveria eff þórf þiker.

thil sannendamerkes set [eg mitt nafn og ápriche sidvanalegu signete¹) Anno 1489.

604.

1489.

REIKNINGSGREIN Múlakirkju í Aðaldal, sem séra Magnús Jónsson stóð Ólafi biskupi á Hólum.

AM. Fasc. XXIX, 13, ritað með samtíða hendi utan á frumrit af dóminum um Múlakirkju peninga frá ²⁷/₁₀₀, 1490 eftir séra Sveinbjörn Þórðarson andaðan. Sbr. Apogr. 3605.

Anno domini M^o cd^o lxxx^o. nono. Giordi sira magnus ionsson suo uordin reikningsskap uorum andaligum faundur biskup olafe sem registurin utuisar. uar þa kirkian skyll dug sira magnuse vij hundrud ok kuit allt porcio ok mortalia. lagdi hann til haukul ok korkapu.

¹) [Svo stendr í handritinu, og er ekki nema tvent til, að annað hvort er þetta bréf falsbréf, því að svona getr þetta með réttu ekki hafa verið orðað 1489, ellegar þá að afskrifarin hafir flaustrað af niðr-lagi bréfsins í kæruleysi án þess að lita á hvað í því stóð, sem hann hafði fyrir sér, og að eins hirt um að efnið, en ekki orðin, kæmi nokkurn veginn heim, og er það fult svo líklegt, enda mun Þorgils Kolbeinsson að réttu lagi hafa verið til á þessum stöðvum um þetta leyti, og hafa verið sonr Kolbeins Þorgilssonar á Borg (1417—1436).

605.

28. Marts 1490. í Kaupmannahöfn.

HANS Danakonungr leyfir verzlunarstöðunum í Hollandi, einkum Amsterdam, að verzla í ríkjum sínum, sérstaklega þó í Björgvin, á Hetlandi og Íslandi, með sömu skilmálum og Hansamönnum á Þjóðverjalandi.

Dipl. Norv. VI, Nr. 609, bls. 643—44, eptir frumritinu á skiinni í borgarskjalasafninu í Nikuláskirkjukapellu í Amsterdam. Sbr. P. Scheltema: Het archief der ijzeren Kapel etc. bls. 120—122.

Wii Johann van gotsgnaden to Denmargken Norwegen der Wende vnnde Gotten konigk gekarnn to Sweden hertog to Sleswig ock to Holsten Stormarnn vnnde der Dithmerschin hertog to Oldemborg vnnde Delmenhorst greue. bekennen vnde betugen apembare voralsweme dat wij durch sunderge gunst den Hollandeschen steden vnnde sunderges den van Amstelredam vnnse ryke Denmargken Norwegen vnde alle coplegere nemlich Berghen Hetlande vnde Jslande erer kopenschoppaluen to allen tiiden des jars gelyck andern der Dudeschen hensze kopluden dar jnne tokopende vorkopende hanterende vnnde vorkerende tobekende. ere szechewragk vor eyn redelich bergegelt suluest tobergende, vns doch dith alles nach gelegenheit vnnde nutsamheit vnnser ryke alltiidt beholden towandelende gnedichlich vnnsen gewonlichin tollen vnnde koninglichin fryheiden vnnde herlicheiden jn allermathe vnuorfenglich gegunnet vnde vororlauet. en vnde erem copman vnnsze veylige szekere geleyde so dat vnnse vndersaten coppman vnde vnsze denere vnde krigeslude vppe vnse vyande vthgeferdiget de sie mit vnnsen open breuen van vnnszerwegen besokende werden jn eren steden landen vnde gebeden vnde sunderges van der stede Amstelredam ane geuerde alletiidt ock geleydet vnde geveyliget sin scholen. togesecht vnnde gegeuen hebben. toseggen vnde geuen en dat alszo jegenwardigen jn vnde mit crafft vnde macht desses vnnses breues. Vorbeden darumme allen vnsen amptluden vogeden tolneren borgermesternn rathmannen steden gemenheiden denerenn vndersaten vnde allen den jennen de vmme vnnsentwillen

dohen vnnde laten scholen vnnde willen de genanten stede vnde eren coppman hiirentbauen tohinderende hinderen tolatende edder jn jennigermathe an liue edder gude woráne tobeschedigende vnnnder vnnsen koninglichin hulden vnnde gnaden. Vnnde wannere wij den genanten steden sodanne vnnsse geleyde durch vorfall edder sust andere nottrofftige szakehaluen. nicht holden konden edder wolden so scholen wii eynsodant en eyn jarelangk touornne mit vnsem apen breue vorkundigen des geliken scholen sie och vns todonde vorplichtet syn so ere breue vnns daruppe gegeuen wider vormelden.

Datum to Copenhauen amm sondage Judica na gades gebort dusentveerhundert jm negentigesten jare vnnnder vnsem ahangenden koninglichin secrete.

606.

12. April 1490.

í Vatnsfirði.

VITNISBURÐR, að Erlingr Nikulásson veitti aldrei meðgaungu Valgerði dóttur Ástriðar Oddsdóttur.

AM. Fasc. XXIX, 22, frumrit á skinni. Bæði innsiglin eru dottin frá. — Apogr. 785.

Vitnisburður að Ellingur niculasson veitti allðri meðgongu Valgerði dottur astríðar oddzdóttur.¹⁾

Þat giorum uid markus prestur arnason og þorleifur aurnolfsson god(um) monnum kunnigt með þess(u) ockru opnu brefi adh vid vorum þar j hia saum og heyrdum að að sigrun ellingsdotter handfesti þorgeiri sigrdzsyni suo felldan vitnisburð. at hun heyrdi sigrdrifu modr sina lysa þui fyrir sier og morgum audrum ath ellingr nikulasson hefði allðri ueitt uidgaungu valgerði dottr astríðar oddzdóttur og adur nefndr ellingr hefði opt lyst þui fyrir adr nefndre sigrdrifu konu sinne ath hann ætti hana ecki og allðri ueitte hann henni framfære medan hann lifði. so og hefði hann þui lyst fyrir henni og morgum audrum godum

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 16. öld.

monnum bædi j sinni duztid¹⁾ og endra nær ath astridr moder ualgerdar hefði uerid með kúikre haufn þá hann kom j bland með hana að sinum uizmunum aðh þú sama barni valgerði. Enn epter optnefndan elling laten heimte fyrrnefnd ualgerdr framfære að adrgreindri sigurdrifu á peninga þá sem ellingr heiten hafði att. enn þratt nefnd sigdrif²⁾ sagde hun ætte ecki framfære á þeim eda þú adr nefnd astridr moder hennar hefði ecke suarit hana jnn j þerñeuk og ellingr heitinn hafði bodit henni að sueria ef hun mætti og þar uar þá profastur. og hun tok bokena og lietz skylldu sveria en hun hefte sier sialf og sor ecki. og hier epter uiliu uid sueria ef þurfa þicer. Og til sanninda hier um settum uid fyrr nefnder menn ockur jnnsigle fyrir þetta uitnisburdabref er skrifad uar j uazfirde manudaginn næsta epter passionem domini. arum epter guds burd þusund cccc attatiger og tíu ar.

607.

14. Apríl 1490.

á Ökrum.

KRISTÍN Þorsteinsdóttir gefr Ingvildi Helgadóttur dóttur sinni í tíundargjöf sína jarðirnar Syðra-Djúpadal og Minni-Akra í Skagafirði, en selr henni Syðri-Akra fyrir hundrað hundraða, og kvittar um andvirðið.

AM. Fasc. XXIX, 20, frumrit á skinni. Af 10 innsiglium eru 9 fyrir bréfinu,

Sydre Akrar. Minne Akrar. Sydre Diupedalur.³⁾

Þat giörum uær arne einarson. einar arnason. simon þalson. jon þorgeirsson. snorre þorgeirson. magnus asgrimsson. sýgvrdur jonsson. nikolas jussason ok jon magnusson godum monnum kunnegt með þesso uoro opno brefi. Þa er lidit uar fra hingatburd uors herra jhesu christi þushund .cccc. ok niutiger ara a syðrum aukrum j blaundohlid þridia

¹⁾ þ. e. dauðstið. ²⁾ Svo. ³⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. Þar stendr og með annari hendi: „Þetta er kaup Bref fyrir öllum Syðri Ökrum og nefner öngva frida peninga“.

dag j paskum¹⁾. Worum uær j hia saum ok heyrðum æ ord ok handaband þessara kuenna. hustru kristinar þorsteinsdottur af eirne halfo enn ynguelldar helgadottur af annari at suo fyrir skildo at hustru kristin medkendizt fyrir oss at hun hefði gefid ynguellde dottur sinne sina tiundargiof ok lukt henne þessar jarder þar j sýdra diupadal ok minne akra. er liggia j mýklabæiar kirkiusokn med aullvm þeim gognum ok gædum sem greindum jordum fylger ok fylgt hefer at forno ok nýiu. ok hun uard fremst eigandi at med laugum. j annari grein medkendizt hustru kristin fyrir oss adur greindum Monnum j sama handabande at hun hefði sellt adurnefndri ynguellde helgadottur jordena alla sýdri akra j blaundohlid er liggur j mýklabæiar kirkiu sokn. Med avllvm þeim gognum ok gædum sem greindri jordo fylger ok fylgt hefer at forno ok nýo ok hun uard fremst eigandi at med laugum. fyrir hvndrat hundrada. Reiknade kristin þorsteinsdotter þar fyrir oss at hun hefde suo fellða peninga upp borit fyrir jordena sem hier seger. Þauskaullstade j laxardal er liggur j hiardarholzt kirkiu sokn fyrir flora tige hundrada ok þar til. xiii. malnýto kugillde ok xx. ok hier til .v. hundrud ok .i. j aullum þarflugum peningum. J þridiu grein medkendizt optnefnd kristin þorsteinsdotter fyrir oss at hon hefði fulla ok alla peninga upp borit fyrir adurnefnda jord suo sem henne uel anægdi. Ok þui gaf hun tittnefnda ynguelldi helgadottur aurlungis kuitta ok akærulasa um fyrnefnt jardaruerd fyrir sier ok aullum sinum laugligvm epterkomendum. ok til meiri stadfestu hier vm setti þrattnefnd hustru kristin þorsteinsdotter sitt insigli med uorum fyrnefndra manna jnsiglum fyrir þetta bref skrifat j sama stad ok á ári degi sidar enn fyr seger.

¹⁾ þ. e. 13. Apr.

608.

14. Apríl 1490.

á Ökrum.

INGVILDR Helgadóttir ættleiðir dætr sínar þrjár, Kristínu, Helgu og Guðnýju Þorleifsdætr.

AM. Fasc. XXIX, 26, frumritið á skinni. Öll (9) innsiglin eru dottin frá.

Jnguelldur Helga Dotter ættleijder dætur sinar
kristino. helgu og Gudnyo Þorleifsdætur.

Anno 1490 ar.¹⁾)

Þat giorum uær arne einarson. einar arnason. simon palsson. jon þorgeirsson. snorri þorgeirsson. magnus asgrimsson. nikolas jussason. sygurdur jonson ok jon magnusson godum Monnum kunnegt med þesso uoro opnu brefi. Þa er lidit var frá hingatburd uors herra jhesu christi .M.^o cccc. ok niutiger ara. a sydrum aukrum j blaundohlid þridiadag j paskum²⁾). Worum uær j hia saum ok heýrdum æ at ynguelldur helga-dotter ættleiddi þar dætur sinar suo heitande kristinu þorleifsdottur. helgo þorleifsdottur ok gudnyu þorleifsdottur til allz fiar sins feingins ok ofeingins ok arfs epter sig. Stodo þessar kuinnur allar fyrir kirkiv dyrum j adurnefndum stad ok helldo allar æ eirne bok. ynguelldr helgadotter er ættleiddi. Hustru kristin þorsteinsdotter moder ynguelldar skilfeingin er jatade arfenum undan sier ok þa uar laugligur erfingi ynguelldar helgadottur ok dætur ynguelldar kristin. helga ok gudny er ættleiddar uoro. talade tittnefnd ynguelldur helgadotter suo felldum ordum. Ek ættleide hier j dag baurn min þesse kristino. helgu ok gudnyu þorleifsdætur til fiar þess er eg gef þeim til gialldz ok til giafar til sess og til sætis ok til allz rettar þess er ættleidingur æ at hafa at laugum. Gefande sæmiligan grip huerri þeirra j ættleidinguni. kristino kross. helgu spenzl. gudnyu koppur. Ok til sanenda hier um settum uær fyrnefnder menn uor jusigli fyrir þetta ættleidingar bref er skrifad uar j sama stad ok æ ari degi sidar enn fyr seger.

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld öndverðri. ²⁾ þ. e. 13. Apr.

609

19. Apríl 1490.

á Helgafelli.

ÞURÍÐR Björnsdóttir og Þorvaldr Narfason sonr hennar selja Haldóri ábóta á Helgafelli jörðina Kárstaði í Kárstaðabotni fyrir tíu málnytu kúgildi og þar með gaf ábóti þau kvitt um sektir allar og dómrof, er Narfi „heitinn“ (Þorvaldsson) hafði orðið sektugr ábóta og klaustrinu.

Eptir skjalabók í 4to, úr safni Jóns háyfirdómara Péturssonar, bl. 130b—131a, nú í Landsskjalasafni 94, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar, c. — 1600. Ágrip bréfsins með ártali 1490 er í AM. 252. 4to bls. 46; AM. 430 4to bls. 6; Apogr. 1589.

Brief fyrir Kárstodum.

In nomine Domini Amen

var so felldur giorningur gior og stadfestur mille Halldorz Abota a Helgafelli med samþycke hanz conventtubrædra og Þurijdar Biornzd(ottur) og sonar hennar Þorvalldz Narffasonar vm Jordina Karstade er liggur j Karstada Botni j Eyrar kirkiu sochn. er abotinn Reiknade klaustursinz eign a Helgafelli. effter þeim briefum sem hann hafdi þar fyrir. enn þau Reiknudu sijna eign epter þui skiale sem þau hofdu fyrir greindre Jordu. giordu þau stodugañ giorning og obrigdguligañ sijn j millum vñ greinda Jord Karstade med sofelldum skilmala ad fyrrgreinder menn Þurijdur Biornsdotter og sonur hennar Þorvalldur Narffason feingu og selldu Abota Halldori j greindu klaustri a Helgafelli til æfinligrar eignar firskrifada Jord Karstade vndañ sier og sijnum erfingium med ollum þeim gognum og giædum sem greindre Jordu fylger og fylggt hefur ad fornu og nýiu. og þau hofdu matt framast eigandi ad verda. Hier j mot lofade abotin Halldor ad lwka þeim x málnytu kugilldi ad næstum fardogum. so og gaf hann þau kvitt og akiærulaus vm sechtter allar og domroff það sem narfi heitinn hafdi klaustrino og abotanum seckttugur ordid vñ þann dom. sem sijra Helge heitinn Magnusson dæmdi þeirra á mille. enn landamerki standi epter þui sem dæmtt var.

for þesse giorningur fram a Helgafelli j Helgafellz-sueit manudaginn næstañ eptter paskavijku Anno 1490 þess-

um vottum vidverandi og tilkolludum Eirijke Halldorssyne. Jone Þordarsyne. Jone Magnussyne. Magnuse Halldorssyne. Magnuse narffasyne. Sugurde Gudnasyne og morgum odrum godum monnum.

Og thil sanninda hier v̄m et cetera.

610.

25. Aprfl 1490. á Signýjarstöðum.

STEPHÁN Þórarinsson lýsir því, að hann hafi gert alsætti við Einar Björnsson fyrir aðförina á Læk á Barðaströnd, þegar Bjarni bróðir Stepháns var í hel sleginn, og kvittar hann Einar um fulla peninga og alla fyrir sjálfan hann og alla hans menn.

Kriegers safn 2. 4to, bls.359—362, með hendi Styr's Þorvaldssonar c. 1700.

Kvittunar(bref) Einars Biörnssonar af Step(h)ani
Þórarinssyni af slagi hans bróður Biarnar.¹⁾

Það giðri ec Step(h)an Þórarinsson godum monnum viturligt með þessu mijnu opnu brefi. að eg medkiennunst það að eg hefi giðrt alsætti við Einar Biörnsson fyrir þá sök að hann fór til lækiar á Barðaströnd. þá er Biarni heitinn þórarinsson Bróðer minn var í hel sleiginn. sem Gud hans sál náði. Medkennunst eg nefndur Step(h)an að eg hefi fulla peningia¹⁾ og alla áður uttekid þar fyrir af greindum Einari Biörnssyni. svo mier vel ánægir fyrir hann og hans alla menn þá er til greinds stadar foru með optnefndum Einari Biörnssyni í því sinni. er það fyrst í Jörðum. Hnitstader sem liggur á mýrum. og þar til vj. málhýtu kugilldi. og því gerer og gefur (eg) þratnefndur Step(h)an Þórarinsson tigtnefndan Einar Biörnsson. og alla hans ádurgreinda menn hier um æfnnlega kvitta. og ákierulausa. frialsa og liduga fyrir mier og öllum mijnum Lögligum Erfingium og eptirkomendum. svo framarlega sem eg má það fremst með lögum giðra eptir laganna skilordi (og) bidia

¹⁾ Svo.

þess minn liufa lausnara. að láta það sýna fyrir sitt blessaða ljúfilæti. að giora hann svo kvittan andlega. sem hann er nu mior veraldlega hier um. og þar til meiri stadfestu og til sanninda hier um setta eg mitt Jnnsigli fyrir þetta mitt giörningsbref og kvittunar. hvert giört var á Signýarstöðum j Borgarfyrði mánudægin næsta fyrir phlippi et Jacobi árum eptir gudz burd M. cccc. og niju tygir ára.

611.

7. Maí 1490.

á Hólum.

TRANSSKRIPITARBRÉF

AM. Fasc. XXII, 18, frumtransskript á skinni. — AM. Fasc. XXII, 20, frumtransskript á skinni. Apogr. 3247 & 3249.

Þat giorum við ion þordarson ok ormur ionsson godum monnum uiturligt með þessu ockru opnu brefe at uid saum ok yferlasum [iardarkaups bref þorleifs biorssonar ok sueins gudmundssonar¹⁾ með heilum²⁾ ok hangandum³⁾ in-ciglum⁴⁾ suo latanda ord epter ord sem hier seiger. [Hér kemr:

1, i XXII, 18, kaupbréf um Kryddhól og Ásgrimsstaði frá 9. Janúar 1477, Dipl. Isl. VI. Nr. 94.

2, i XXII, 20, kvittunarbréf um andvirði Kryddhóls frá 8. Janúar 1477, Dipl. Isl. VI. Nr. 93.]

Ok til sanenda hier um settum uid adurnefnder menn ockur in-scigli firir þetta transkriptarbréf skrifad á holum j hialltadal fostudagen næsta epter krossmessu um uorit. anno domini M. cdo. lxxxxo.

612.

11. Maí 1490.

í Geldingaholti.

VITNISBURÐER Erlends Ólafssonar um afhending Merkigils.

AM. Fasc. XXIX, 17, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá. — Apogr. 3324.

Um Merkegil.⁵⁾

Þat gere ek erlendur olafsson godum monnum uiturligt

¹⁾ [kvittunarbréf þorleifs biorssonar XXII, 20; ²⁾ oskoddu XXII, 20. ³⁾ hanganda XXII, 20. ⁴⁾ inncigli XXII, 20. ⁵⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17 öld.

med þessu minu opnu brefi ath ek afeñte iordina merkigil er liggr i eystrum daulum umbodsmanni simonar palssonar ath skipun arna þorleifssonar ok umbodi er hann fleck mier þar til. Ok til sanninda hier um setta ek mitt incigle fyrir þetta bref skrifat i gellingaholli þridiudaghinn næsta fyrir halluardsmesso anno domini m^o. cd^o. nonagessimo.

613.

19. Maí 1490. í Þykkvabæ í Veri.

SVEINN prestur Jónsson selr í umboði klaustrsins í Kirkjubæ Bárði ábóta í Þykkvabæ, hálfra jörðina Eystri-Ása í Skaptártungu fyrir allan þann skóg, er síðastnefnt klaustr átti í Brandalandi, og eru ummerki hans tilgreind.

AM. Fasc. LXXIII, 9, frumbréfið á skinni götugt og sköllótt. — AM. Apogr. Nr. 2872 „ex originali Bessestad.“ með hendi Árna. „Originalenn af þessu brefi er ordinn lasen. J honum eru einger punctar uppi yfer i. helldur alleina yfer ý. og literis qvæ dupplices esse debent. eins og hier er. Brefit hefi eg accuratè skrifad so vitt sem lesed vard. ordenn sem under eru strikud. eda staferner. voru ölldungis olæs. og er það tilsett ex apographo Havardz loptssonar og Jons Runolfssonar, qvod habeo. og svara þesse ord riect til proportionem defectuum. lang. f. er vidast in fine vocom, qvod imitari nolui. Med fullum stöfum er hier: aboti. abbas. sera. conuentu er alltid bundit *quentu*. finale i brefinu er: — eins og i apographo. Jnnsiglen eru öll i burtu, er þo ad visu originall. Brefid hefur eflaust heyrt til forna Kirkiubæarklaustre til“ (AM.). — AM. Apogr. 2826, afskrift af transcripto Hávarðs Loptssonar og Jóns Runólfssonar, og er það, sem eptir því er tekið, sett hér í hornklofa.

Maldagabref kirkiubæarklausturs.¹⁾

Þat giorum ver hrafn hrei[ðarsson]. jmi þorsteinsson. biorn jonsson. jngimundur ketilsson. orækia stephansson. hallvarðr jonsson. god[um monnum] viturlikt med þessu voru opnu brefi. at ver vorum i hia. saum oc heyrdum aa ord oc handaband þessarra manna. bro[d]ur bardar med gu[ds nad] abota i þykkaby i alptaveri af einne halfu oc hans conventubrædra. ok af annarre halfu sera sueins jons-

¹⁾ 2862.

sonar er þá var radsmadur [i] kirkiubæ oc fru abbadisar ornyiar oc hennar conventu systra. at suo firir skildu. med radi oc samþycki herra magnus er þá var [biskup i skala]-holhti. at adrnefndur sera sveinn selldi adrgreindum herra abota bardi iordina eystri ása halfa er liggur i skaptaar-[tungu med] aullum þeim gognum oc gædum. skogum oc rekum sem greindri jordu hefer fylgt at fornu oc nyiu oc kirkiubæiarklaustur vard fr[emst] eiganda at. her i mot gaf tittnefndur herra aboti bardur skog þann er þyckvabæiarklaustur atte firir innan[skap]tá i brandalandi all[an] all[t] til þeira merkia er sett woru i millum árskogs oc adrgreinds brandalands. þá greindur skogur var afentur tittnefn[dum se]ra sueini. standa þar tueir steinar oc er kross klappadr i annann. en [or ey]stra steinum er sionhending oc upp i foss þann er [dri]fandi heiter [oc] fram fellvr af skalarfialli. her med skylldi su itala uppgefazt er þyckabæiarklaus(ur) atte i iordina hraun er liggur i skardz kirkiusokn. i suodan grein. at þat var kyrfoðr oc eins nauts fodur gelldz er upp var gefit. suo nu skal eigi frammar hér epter fæda enn eitt naut a annann vetur a greindri iordu árliga. skylldu oc hvorer til laga hallda sinu adrgreindu kaupi. enn hvorer ganga aptur at sinni eign ef af geingi med logum. for þessi giorningur fram i þyckabæiar klaustri oss oc morgum audrum dandimomnum nærverundum. manadag næsta epter allra heilagra messo um vetrinn. sub anno gratie M^o. cdo. lxxxo. octavo.¹⁾ setti herra aboti bardr sitt conuentu innscigli oc fru abbadis orny sins klausturs conventu innscigli oc adrnefndur sera sveinn sitt innscigli med vorum [fyrn]efndra manna innsciglum firir þetta kaupbref. skrifat i adurgreindu klaustri þyckabæ in festo sancti dunstani episcopi um [vorit t]veimur arum sidar enn fyrr seger: .—

¹⁾ = 7. Nóv. 1488.

614.

16. Júní 1490. á Grenjaðarstöðum.

FINNBØGI lögmaðr Jónsson heimilar Guðmundi Jónssyni jörð-
ina Þorbjargarstaði til fullrar eignar, og kvittar hann um
andvirði hennar.

AM. Fasc. XXIX, 25, frumritið á skinni, og er innsigli Finnboga
lögmanns fyrir bréfinu. — Apogr. 3326.

Sambíckt finnþoga logmanns um þorbiargarstade.¹⁾

Þat gíore eg finnþoge Jonsson laugmann nordaþ ok
uestaþ a íislande goodum monnum uiturlígtt með þessu
míþnu þrefue. ath eg hefue samþýcke til lagtt ath guðmundur
jonsson skal hafua ok hallda ok frelselegha eignazst jorð-
ena þorbiargarstade eptter þui kaupe ok saulu er hann
hefuer keyþtt greinda jorð af hwstrw kristinu þorsteins-
dottur. eptter þui sem þeirra kaupmale þar vþ gíorr wt-
wíjsar. Suo ok hefuer ec wt tekid þa peninga sem eptter
stodu af greindu jardar werde vnder nefndum guðmunde.
þui gíorer eg adur nefndur finnþoge jonsson þrattnefndan
guðmund jonsson aurlungíss kvittan ok ákiærulausan. vþ
adur nefnda jorð. ok alltt jardarwerd áá optnef(n)dre
jordu. Ok til sannenna hier vþ setta eg mitt jncíglle
fyrir þetta þref. skrífuath áá grenjadarstaudum j Reykia-
dal miduikudagenn²⁾ næsta fyrir botolfs Mæssu. anno dom-
ini M^o cd^o nonogesímo.

615.

17. Júní 1490.

í Launguhlíð.

Ðómur tólf manna útnefndr af Þorvarði Erlendssyni, er þá
hafði sýslu í Vaðlaþingi, um kærnu Odds Sigurðssonar til
Björns Ásgrímssonar, að Björn hefði farið að honum á
heimili hans með flokk, misþyrmt honum og gripið fé fyrir
honum.

Add. British Museum 11,242. 4to, bl. 53b, skr. c. 1543. (Syrpa séra
Gottskálks í Glaumbæ). — ÍBfél. 309. 8vo, 52a—53b skr. c. 1620. —

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ dagenen, frbr.

ÍBfél. 125B. 4to nr. 216, skr. c. 1680 (ártal 1512!). — ÍBfél. 114. 8vo CXXXIX (ártal 1540!). — AM. 196. 4to, bl. 33—34 (ártal 1590!, en á spássíu sett 1489; lók afskrípt). — AM. 211c 4to, bls. 162—163, c. 1700 (ártal 1489).

domur vm heimsokn.

Ollvm monnvm þeim sem þetta brief sia edur heyra senda steinn brandzson. Styfle magnusson. havskvöldur arnason. logrettvmenn. þorsteinn Jonsson. vernard¹⁾ einarsson. þorsteinn jonsson. þorlakur gislason. jon haldanarson hallur jslEIFsson. jon rynolfsson. sveinn oddzson²⁾. stefan biornsson. Q[vediu] G[udz] oc sina kvnnigt giorandi at þa lidit var fra gvdz byrd. [∞. cccc. oc ix tiger³⁾] ara. fimtv-dagen næsta epter dyradag vm vorid j lavngvhlid enne nedri j havrgardal á þingstad rettv. worvm vier j dom nefnder af velbornvm manne þorvardi ellenzsyne er þa hafdi minz herra kongzins syslv oc vmbod j vodlapiugi til at rannsaka oc jnnvirdvliga at skoda hvort biorn asgrimsson væri þangat logliga stefndr.

J fyrstv dæmdvm vier stefnvna logliga oc biorn asgrimzson logliga firir kalladan.

J annare grein kærði oddur sigurdzson til fyrgreindz biarnar at hann hefði farid heim til hola j avxnadal a hanz logheimile med flokk mana oc gripit sig oc tekit oc byndit sig med reipi oc kv gat af sier peninga til ve. hnyckt sier oc jardvarpat. xxx sinnvm oc veitt sier iij blodvokur.

Nv saker þess at fyrrgreindur oddur sor fyllan bokar-eid þar j domenvm firir þorvardi ellenzsyne kongz vmbodz-mane. at hann hefði med fyllri kv gan oc navdvng aflagt þessa fyrgreinda peninga vid biorn asgrimsson oc hanz fylgiara. Enn saker þess at vor landz laga bok seigir svo. ef flokkur manna geingr at gardi oc bera bonda ofridi oc bera vt fe hanz. þa er þat vtlegdarverk oc hver j landi vill vera af þeim færi aptur fie bonda slikt sem þeir tokv oc gialldi kongi .x. merkr en þeim fvlretti er fyrir vard. oc því

1) Vernardur 309. 2) Ottsson 309. 3) [M. d. og niu .x, 309, og er rangt; sbr. og Sýslumannaæfir I, 227—228.

dæmdum vier fyrnefnder domzmenn fyrgreindan biorn asgrimzson skylldugan at giallda kongi .x. merkur en adurgreindvm oddi half[a] fiordv mork j fvlldretti. nv af því at greindur oddur kærði til optz nefnz biarnar at hann hefði byndit sig med reipi. enn logbok vor seigir svo. Ef madr bindr frialsan mann at osyniv gialldi v merkur en þeim fvlldretti er bynden var. oc því dæmdum vier optnefndum oddi [halfa fiordu¹) mork²) en kongi .v. merkur.

J þridiv grein kærði þrattnefndr oddur til tittnefndz biarnar at hann hefði veitt sier iij blodvokur oc xxx hnyckingar oc jardvorp. oc því dæmdum vier tittnefndum oddi half[a] fiordv mork æ hverre blodvokv ok svo kongenvm. en ij avrar j hveria hnycking oc jardvarp. Nv af því at logbok vor seiger svo. ef hann skemmer mann eda særer med fvlriettis ordvm eda verkvm æ heimile sialfz hans. þa eykz at helmingi rettur þeirra er firir skemdvum eda saarsavkvum verda. oc svo kongdomzens oc því dæmdvm vier tvefalldan rett opt nefndum odde oc svo kongdomenvm. firir allar adurgreindar saker þær sem titt nefndr biorn afbatadi ei. en skylldvgan at sveria lyritareid enn meira firir kongz vmbodzmane j vodlapingi jnnan halfs manadar at heyrdivm domenvm edur hanz logligum vmbodzmanne j longublid enne nedri j horgardal. Enn ef þrattnefndum birne felliz þessi eidr þa dæmdvm vier biorn skylldugan at giallda odde þridivng af ollu sakferli er hann yrði honum skylldvgr oc færa honvm heim til heimilis hanz jnnan halfs manadar at heyrdivm domenum. enn allt golldit at næstum fardogum oc rett golldit j avllum peningum sem bok gerer rad firir oc svo kongdomenum j þat sakferli er hann yrði honum skylldugur firir greindar saker. skal golldit þridiungr jnnan halfs manadar at heyrdivm domenum oc jnnan syslu j vodlu þinge toruardi ellenzsyni eda hanz logligum vmbodzmanne. en allt golldit at næstum fardogum [oc rett golldit j ollum peningum sem bok gerer rad firir³).

Oc til sanenda hier [vm⁴).

¹) fiorda (!)11,242. ²) [iiij merkur 309. ³) [sl. 309. ⁴) [sl. 11,242

616. 18. Júní 1490. á Hólum í Hjaltadal.
TRANSSKRIFTARBBÉF þriggja presta.

Bisk. Isl. Hol. Fasc. VI, transskriptið á skinni. — AM. Apogr. Nr. 3565 með hendi séra Snorra Jónssonar, og Nr. 3141.

Þath giaurum vær olafur jónsson. gudvlfr magnusson. eirekr sigmundzson prestar holabiskups dæmis godum monnum viturligth með þessu voru opnv brefe. ath vær saum. ok yferlasym transskriptarbrief. með heilvm ok oskavddvm hangaundvm inciglum svo latanda ord epter ord sem hier seger.

[Hér kemr:

1. Sættargerð séra Jóns Pálssonar og séra Þorkels Guðbjartssonar frá 24. Apr. 1440, DI, IV, Nr. 647, í
2. transskripti frá 14. August 1471, gerðu í Laufási, DI, V, Nr. 568].

Ok til sanninda hier vm settum ver fyrskrifader prestar vor incigle fyrir þetta transskriptarbrief er skrifat uar æ holvm j hialltadal faustudaginn næsta fyrir jonsmessu baptiste. anno domini M^o. cd^o. lxxxx^o.

617. 1. Júlí 1490. á Öxarárþingi.

PÍNINGSDÓMR UM SIGLINGAR, VERZLUN OG VETRARSETUR ÚTLENDINGA, UM BÚÐSETUMENN, KAUPALAG Á SKREIÐ OG VARNINGI, OG UM SKATTFRELSI NEFNDARMANNA.

Dómr þessi er tekinn hér eptir transskripti Ara lögmanns Jónssonar og fleiri manna gerðu á skinn í Núpufelli 7. Marts 1544, sem nú er í Ríkisskjalasafni Dana „Island & Færö“ I, 10. En til samanburðar eru hafðar tvær fornar afskriftir, og er önnur þeirra í lögbók Páls höfuðsmanns Stígssonar, sem rituð er á skinn á árunum 1561—1565 og er nú í safni Árna Magnússonar 161. 4^{to} (bls. 300—302); hin er í „Sópdyingju“ séra Gottskálks í Glaumbæ í British Museum Add. 11, 242. 4^{to}, (bl. 38 a—b), ritaðri á árunum 1543—1590. En til er dómr þessi í ótölulegum sæg afskrifta frá 16., 17., 18. og 19. öld, sem ekki eru hér notaðar, bæði á skinni (svo sem AM. 37. 8^{vo} bls. 1—2 frá c. 1500; AM. 54. 8^{vo}, bls. 17—20, frá c. 1570; AM. 170.A 4^{to}, bls. 16—17 frá c. 1565; Stockh. C 2. 4^{to}, frá c. 1580) og á pappír. Elzta pappírsafskriptin, sem til er af þessum dómi, er sú, sem hér er notuð og sú,

sem er í bréfabók Gizurar biskups Einarssonar í AM. 232., 8vo frá c. 1544. Eru pappírsafskriptirnar margar hverjar marklitlar og arbakáðar bæði um ártal og annað, og víða er dómr þessi kubbaðr sundr. Í einu handriti stendr þessi klausa (AM. 196. 4to, bl. 23a með hendi séra Sigurðar Jónssonar í Holti 1669): „Hirds(tiora) d(omur) Didrichs Pjnings lögtekiñ a alp(íjnge). ad huar sem nefndarmenn gefuast vpp vegna Elli och kränkleika. þá sieu skattfrijer alla sijna daga“. En hér í dómnum standa þó eingin slik ákvæði. Er því næst að halda, að þetta sé leitt út úr síðustu ályktunargreininni í dómnum, og væri það þá gott sýnishorn þess, hvernig menn hafa farið með gamlar samþyktir stundum, sé hér ekki einhver misskilningr í. Dómr þessi er áðr prentaðr í Lagasafni Magnúsar Ketilssonar I, 78—87 og í Lagasafni handa Íslandi I, 41—43.

Piningzdomvr¹⁾

Ollvm [monnvm þeim²⁾] sem þetta bref síðá edr heyra senda Eýolfr einarsson logman³⁾ svnnan oc áustan á⁴⁾ jslandi. finbogi jonsson logman nordan oc vestan á jslandi oc allir logriettvmenn kuediv gudz oc sina kvnnigt giör-andi at þú lidit var frá gudz⁵⁾ burd vors herra jesv christi 1000. iiiij. c nivtiger ára midvikudagin næstan epter peturs mēssu oc páls á almenniligu oxaróurþingi vorum vier [til kallader af heidsamligum manne⁶⁾] Didrik pining ⁷⁾hofudzmanni ýfer [ollv islandi⁸⁾] oc uördhvsin⁹⁾ at dæma oc skoda huern frid at vtlenker kavpmenn¹⁰⁾ skvlv hafa hier j landit oc þær fleiri greiner sem hier epter fylgia.

Jn primis þat sama kongzens¹¹⁾ bref sem birtizt vm frid millvm [noregs konvngz oc einglandz konvngz¹²⁾] þar [á þinginv¹³⁾] vm eingelska menn at þeir skylldu mega sigla med frij j island med rettan kavpskap oc falslavsan.

Suo oc eigi síjdr vm þyska menn þú sem konvngsins bref hafa firir sier oc med rettan kavpskap vilia fara med suoddan tvnuvmál attvnga kuartiel oc stíkr sem at fornv hefer verid hier j landit. enn hver sem fals selr. sekr .xiiij. morkvm¹⁴⁾ enn hiner¹⁵⁾ sem keyptv¹⁶⁾ epter því sem sem log-

¹⁾ 11,242. ²⁾ [þeim godvm monnvm 11, 242. ³⁾ firir b. v. 11,242. ⁴⁾ i 11,242. ⁵⁾ hingad 161,11,242. ⁶⁾ [j dom nefnder af 11, 242. ⁷⁾ hirdstiora og b. v. 161; foveta og b. v. 11,242. ⁸⁾ [allt jsland 11,242. ⁹⁾ warhusen 161, 11,242. ¹⁰⁾ menn 161. ¹¹⁾ b. v. 11,242. ¹²⁾ [eingla kgs. og Noregs kgs. 161. ¹³⁾ [j logretto 11,242. ¹⁴⁾ vid kong b. v. 161, 11,242. ¹⁵⁾ hinum 161. ¹⁶⁾ keypte 161, 11,242.

bok vtvíjsar. enn ef þeir vilja eigi bæta sem misgiordu. þá se þeim firirbodin kavpskapr æ því skipi. enn hver sem vid þæ kavper þar epter. sekizt sem þeir kavpi vid vtlæga menn.

Suo oc höfvm vier dæmt at þysker oc eingilsker. skvly hallda frid [sin j millvm¹⁾] hier j landit medan þeir liggia j höfnvm. saker þess at konvngsins skipan verdr landinv eigi [til nýckta²⁾] ef þeir hallda ecki frid sin á millum [enn huorer³⁾] hafi hafner sem [þeim hentar⁴⁾]. Enn hvorir sem fridin briota þa se eigi vid þá keypt. vnder slíka sekt sem firr⁵⁾] skrifat stendr. skvly vorer landzmenn líka svára þeim logum oc retti sem vid þá kvnna brotliger at verða. sem þeir vid oss.

[Suo oc skvly hier⁶⁾] avngver vtlendzsker⁶⁾] menn hafa⁷⁾] hier⁶⁾] vetursetv vtan firir fvlla navdsyn [anat hvort ef þeir kvnna at verða sarer eða sívker eða j skipbrote⁸⁾] oc seli þo avngvan pening dýrra vetr enn svmar. oc hallda⁹⁾] avngvan jslendzkan man sier til þionvztv oc giori¹⁰⁾] hvorki skip ne menn til síos. Enn hver sem þá hysir eða heimer avdrvvijs. enn nv er sakt. svári slikv¹¹⁾] firir sem hann hýsi [vtlægan mann.¹²⁾] Enn hver [j slendzkra manna¹³⁾] sem þeim þionar. svári slikri seckt sem hiner. eignizt konvngr halfar seckter¹⁴⁾] oc suo þat godz sem oleyfliga stendr. enn konvngs vmbodzmadur halft. oc hans fylgdarmenn.

Suo oc höfum vier dæmt oc samþýckt af allri logrettvne at avngver bvdsetvmenn¹⁵⁾] skvly vera j landinv þeir sem eigi hafa bvfe til at fæða sig vid. svo þo at þeir eigi ecki minna enn .iije. svo kallar sem kon(ur). oc skyllder [til vinnv¹⁶⁾] hía bændvm. allir þeir sem minna fe eigv.

1) [a mille sin 161. 2) nytta 161 [nyttvg 11242. 3) [oc þeir 11,242. 4) [hentta 161; fyrre koma oc sialfum semur 11,242. 5) adr 161. 6) sl. 161; [Svo oc höfvm vær dæmdt j sama dome at 11,242. 7) skvly hafa 11,242. 8) [b. v. 11,242. 9) halldi 161. 10) þo b. v. 161. 11) slikri seckt 11,242. 12) [vtlæga menn 161, 11242. 13) [Jslenzkr 161. 11,242. 14) fiesekter 161. 15) busetumenn 161. 16) [ad vinna 161.

enn nv er sakt kon(u)r oc kallar. Enn þeir kallar oc kon-
(u)r sem eigi vilja vinna. se vpp tækr allr þeirra afli kon-
vngs vmbodzmanne oc [bændum ollvm j sveitinne¹). Enn
hver sem þá helldr eda styrker j moti þessvm vorvm domi
oc samþycki se sekr fiorvm morkvm vid konvng.

Enn vm kavpalag á skreid edr varning [j sveitvm²).
se epter því sem dandimenn verda á sáutter med syslv-
mans ráði. enn ef þeir ellr³) þær vilja helldr fara á hus-
gang enn vinna hia [bændum⁴) hafi refsing til .vj. avra sem
sýslvmenn oc bændr verda á sáutter.

Jtem hofvm vier dæmt alla nefndarmenn kongsins [oc
handgeingna⁵) menn fríj vm [skatt. enn⁶) taka oskert þing-
fararkavp vm fram oc alla skyldvga at ríjda med log-
manni til þingz sem lógbok vtvíjsar oc samreid⁷) eiga vid
hann. edr sekr .xij. avrv. oc gialldi⁸) apr skatt oc þing-
fararkavp oc se vr nefndinne vtan valldzmonnvm litizt ann-
at sannara.

Samþykti þennann vorn dom. fyr nefndr Didrik pin-
ing. sira Arne Snæbiarnarson officialis heilagrar skalholtz
kirkiv. herra halldor ormsson aboti æ helgafelli. herra jon
arason áboti j videy oc allr almvgi [sem þa var á þing-
inv⁹).

Ogh til sanninda hier vm settu fyrskrifader dandi menn
sin jnsigli med fyr skrifadra lögmanna jnsiglv firir þetta
doms bref er skrifat var j sama stad [deigi¹⁰) sijdar enn
fyr seigir.

618.

1. Júlí 1490.

á Öxarárþingi.

TYLFTARDÓMR útnefndr á Öxarárþingi af Finnboga lögmanni
Jónssyni um það, hvort lögleg skyldi sala sú, er Kristín
Þorsteinsdóttir seldi Ingvildi Helgadóttur jörðina Stærri-
Akra.

1) [ollum þeim er honvm fylgia til þess 11,242) [sl. 161. 3) [edr
161; eda 11,242. 4) [b. v. 11,242. 5) [handgeingna z, skbr. handgeingna
161. 6) [skatten oc 11, 242. 7) samleid 161. 8) þa b. v. 161. 9) [er
a alþinge var 161. 10) [tueimur dogum 161.

AM. Apogr. 4109 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna „Ex originali á kalfskinn“.

Þat giorum vær eigill grimsson. sigurdr dadason. gisli filpusson. jon ellingsson. einar þorolfsson. þorsteinn þorleifsson. jon arngrimsson. þorleifr ormsson. asmundr jonsson. salamon einarsson. jon hrafnsson ok þorvalldur gudmundsson. godum monnum viturligt með þessu uoru opnu brefi arvm epter gudz burd. M. cccc. ok niutiger ara. á almennligu augstrarþingi t(u)eim nottum epter petursmessu vórum vær j dom nefnder af ærligum manni finnbóga jonssýni laugmanni nordan ok vestan æ jslande at skoda ok dæma þeirra j millum fyrnefnz finnboga laugmanz ok jnguelldar helga-dottur huortt su jardar sala skýllde lauglig vera. er kristinn þorsteinsdotter moder nefndrar jnguelldar hafde sellt henne jordina alla stærri akra er liggr j skagafirde j myklabæiar kirkiusokn edr eigi. nv af þui at þau laugdu (sig) þar vnder með hándabañde þenna vorn dom at asianda hirdstioranvm ok laugmanninum eyolfi ok maurgum audrum godvm monnum. sauvm¹⁾ uær ok bæde kaupbref ok kuitanar er jnguelldur hafde þar. suo ok ei sidur sk(o)dudum vær bokarinar ord bæde vm vel ok fals. ok gatam vær þat ecki fundit at oss þætti hrinda²⁾ mega þessu kaupi. saker þess at nefnd kristin hafdi skilit þessa saumv jord akra aptur vnder sig eda sina erfingia. baurn eda barna baurn. suo framt sem baurn fyrnefnðrar jnguelldar mætti hana eigi laugliga eignazt mega epter nefnda jngvellde framlidna. nu saker þess at næstv erfingiar kærduzt vid epter framlidnu kristino. suo at finnbogi laugmann kallade olugt jardar verdit. ok þui dæmdum vær kaupit standugt j alla stade. enn jnguellde skýllduga at leida tvo lauglig vitne fyrir ýmbruviku at hausti fyrir kongs vmbodsmanni j hegranesþingi at hun hefde alla peninga lugt epter skildaugum fyrir títtnefnda jord akra. enn ef jnguelldr hefer eigi vitne til. til lukniñganna vm jardar verdit. þá skal hvn sialf sanna savgn sina með lýrtareidi³⁾ enum minna fyrir kongs vmbodsmanni j fyrnefnðu þingi. ok þat sem þa stendr epter

1) Svo = sáum. 2) hnioda, Apogr. 3) Svo. = lýrittareidi.

af jardar verdinu at eidinum vnum. þat skal hun luka adur enn peñngvnum¹⁾ er skipt j arfskiptit epter optnefnda kristinv þorsteinsdottur. enn þo sem adr lauglig eign þrattnefndrar jnguelldar optnefnd jord stærri akrar j skagafirde.

sambýkti þenna vorn dom didrek píníng hirdstiore yfer allt ísland ok eyolfur laugmadr einarsson ok allir laugrettvmenntan vebanda ok jnnan.

Ok til sañinda hier vm setti fyrnefndr didrek pining hirdstiore [med vorum jnnsiglum²⁾] sitt jnnsigli [med vorum jnnsiglum²⁾] fyrir þetta domsbref skrifat á þinguelli á sama deigi ok ari sem fyrr seiger.

619.

4. Júlí 1490. í Bæ í Borgarfirði.

ARI Magnússon lýsir því, að hann hafi selt Magnúsi biskupi Eyjölfssyni hálfu jörðina Lund í Lundarreykjadal, „en afsagði, að hún skyldi undir kirkju eða biskup“, og skildi hana undir Gísla Filippusson og hans erfingja, og kvittar hann Gísla um andvirðið.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 11, frumrit á skinni, og er innsiglið dottið frá. — AM. Apogr. 2598.

kaup bref vñ hálfañ lund j lunda Reykiadal³⁾

Þath giorer ek ari Magnússon godum monnum kunnigth med þessv minv opnv brefi ath ek medkennvntth. ath eg hefi sellth biskup Magnúsi alla hálfu jordina lund er ligr j lunda reykiardal med þeim skilmala. ath adr greindr ari skildi þessa saumv jord lund vnder gísla filippusson. eða hans logliga erfingja. enn afsagði ath hñ skildi falla under kirkiv eða biskup. med ollvm þeim gognum ok gæðum sem⁴⁾ greindri halfri jordu hefer fylgth ath fornu ok nyiv. ok fyrnefndr ari vard fremzth eigandi ath. medkenvmzth ek optth nefndr ari ath eg hefi fulla ok alla peñinga upp borit firir adr greinda hálfu jord so mier vel anæger. því gefur ekh þrattnefndur ari opttnefndañ gísla avl(l)vngis kvittan ok akiærulavsan vm allth adur greinth halfth jardar

1) Svo. 2) [Svo. 3) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. 4) tvískr.

werd. lund. þath sem biskup Magnus atti mier ath giallda. Okhtilsanninda hier vm set(t)a egh mitth incigli firir þetta kvittvnarbref. skrifath j bæ j borgarfirdi. svndagin næsta eptter petvrsmessv ok pals. arvm eptter gvdz byrd þusvnd flogur hvndrud ok nijv tiger.

620.

5. Júlí 1490.

í Flatey.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

Kriegers safn 2. 4^{to}, bls. 348 & 357, með hendi Styrðs Þorvaldssonar c. 1700.

Transkriptarbrief og vitnisburður um tilgiörð Biarna Þorarinssonar við Einar Biörnsson í Skor.

Það giörum vær stulli þorðarson. Gudlaugur Loftsson. Jon Þorarinsson. nafni Jónsson. göðum monnum viturlegt með þessu voru opnu brefi. að vær höfum sied og heyrðt og yfirlesid opiñ bref með heilum og oskóddum hangandi Jnnsiglum. svo látanda ord eptter ord sem hier stendur skrifad.

[Hér koma vitnisburðir um mál Bjarna Þorarinssonar:

- 1) Saurbæ á Rauðasandi 2. Maí 1482, DI, VI, Nr. 389;
- 2) Hvammi á Barðaströnd 6. Maí 1482, DI, VI, Nr. 390;
- 3) Saurbæ á Rauðasandi 2. Maí 1482, DI, VI, Nr. 388;
- 4) Reykhólum 14. Febr. 1478, DI, VI, Nr. 127].

Og til sanninda hier um settum vier fyrnefnder menn vor Jnnsigli fyrir þetta transkriptarbrief er skrifad var j Flatey á Breiðafjrdi. þriðjudaginn næsta eptter visitatio Sancte Marie virginis. þa er lidid var frá hingadbúrd vors herra Jesu Christi. M. cccc. nijutijger ára.

621.

6. Júlí 1490. í Flatey á Breiðafirði.

ÞRÍR menn transskribera aðalsbréf Bjarnar ríka Þorleifssonar frá 16. Maí 1457, Dipl. Isl. V, Nr. 138.

AM. Fasc. XXIX, 21, frumtransskriptið á skinni.

Medkennunzt vær jon þorarinsson. marteinn jonsson. hallgrimur skulason at uær hofvm sied oc yferlesit oc heýrt yferlesit opit bref uors nadugs herra kong kristierns under hans heilu oc oskoddu hanganda jnsigle. suo latanda ord epter ord sem hier fyr stendur skrifad. Og til saninda hier um settum uær fyr nef(n)der menn uor jnsigle fyrir þetta transkriptarbrief er skrifad uar j flatey á brejðafirde þridindaginn næstá epter uisetacio sancte marie. arum epter gudz burd þusund flogur hvndrud atta tiger og x ar.

622.

7. Júlí 1490.

á Stafafelli.

SVEINN Jónsson prófastr og almennilegr dómari milli Helkunduheiðar og Breiðdalsár lýsir eiði Benedikts Sæmundssonar um sölu hans á fimtán hundraða parti í Borgarhöfn til síra Ögmundar Andréssonar.

AM. Fasc. XXVIII, 9, frumritið á skinni, og er læst með innsigli síra Sveins saman við Borgarhafnarbréf frá 13. Maí 1486. — Apogr. 2878a. (Skriðuklaustrsbréf).

Þath giðrer egh sveinn prestur jonsson profastur og almenniligr domari j millvm helkuñduheidar ogh breiddalsar. godum monnum vitanlekt med þessv minu brefe. ath sub anno gracie. M^o. cd^o. nonagesimo. aa setberge er ligur j fiozdalshierade. M^oidukudagin næsta fyrir gagndagaviku¹) var egh staddr j sögdum stad ogh dagh. at benedict sæmundzson sor fyrir mier fullnadar bokareid epter þui sem þetta hans bref vtvisar sem hier er med fest mitt bref ath hann hafde ðngvm manne nie kvinny selt eda lofath ath selia ogh eige gefith nie lofath ath gefa nockrvn manne nema sera ðgmvnde aðressyni. þann fimtan hundraða jardar partt sem hann erfde j borgarhöfn er ligr j kalffafellz kirkiu sokn j fellzhverfe ogh hann hafde tekith j erfð epter sigridi heitena jonsdottur modr sina ogh suo sagdizt sigridr hallzdotter kuinna fyr nefndz benedictz alldre sitt jayrde eda samþýcke til hafa lagt at adr skrifadr fimtañ

1) þ. e. 12. Maí.

hundratha jardar partr j greindre borgarhöfn hefde verith selldr nema optskrifudum sera ðgmundi andressyni. voru hier ogh marger goder menn vit stadder siaande ogh heyr-andi vpp æ þenna giorning. Ogh til saunenda hier vñ setta ek¹) mitt jnsigle fyrir þetta bref skrifat æ stafafelli j lone Midvikudagenn næsta fyrir seliumanna Mæssu. anno domini. M^o. cd^o. nonagesimo.

623.

12. Júlí 1490.

í Flatey.

FIMM menn transskribera tvö bréf um peninga Guðmundar ríka Arasonar.

AM. Fasc. LXV, 11, transskriptið á skinni; 5. innsiglið er enn fyrir bréfinu, en hin eru dottin frá.

Þat giorum vær þorolfur augmundzson. hallgrímur skulason. narfi jonsson. jon þorarinsson. jon jonsson godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefi at uær haufum sied og heyrnt yferlesidh opinn bref med heilum og o-skoddum hanningandi jnciglum so latandi ord epter ord sem hier epter stenndr skrifadh.

(Hér kemr:

Ok til sanenda hier um settum uær aller fyr skrifader prestar nor incigle fyrir þetta domsbref skrifad a holum j hialltadaal. dege sidar en fyr skrifat stendur.¹⁾

¹⁾ 28. Janúar.

645.

4. Febrúar 1491.

á Hólum.

KAUPMÁLABRÉF Þorgils Þorsteinssonar og Guðrúnar Jónsdóttur.

AM. Fasc. XXX, 11, frumritið á skinni. Af 4 innsiglium er nú eitt fyrir bréfinu. — Apogr. 3332.

Kaupmalabref Þorgils Þorsteinssonar og Guðrunar
Jonsdotter.¹⁾

In nomine domini amen.

lystezt ok stadfestizt suo felldur kaupmalæ æ holum j hialltadal a brullaupsdege þorgils þorsteinssonar af annari halfu. en gudrun(ar) jonsdottur af annari. j fyrstu grein ath þau laugdu helmingarfelag med sier feingens²⁾ fiar ok ofeingens. hier æ ofuan gaf huort audru fiordungsgiof sem leingur lifde. ok allar þær loggiafer sem þau mattu fremzt med laugum gefa. voru þesser kaupuottar. ketill grimolfs-son ok niculas þormodsson prestar holabiskupsdæmis. jon þordarson ok þormodur bergsson leickmen ok settu sin jncigli fyrir þetta kaupmalabref er skrifat uar æ holum j hialltadal fostudagen fyrstan j niu uikna fostu. þa er lidet uar fra hingatburd uors herra ihesu christi þusund flogur hundrud niutiger ok eitt ar.

646.

7. Febrúar 1491.

á Möðruvöllum.

ERLENDR bóndi Erlendsson selr með samþykki Guðríðar Þorvarðsdóttur konu sinnar Árna Einarssyni jörðina Kambfell í Ytra-Djúpadals kirkjusókn fyrir þrjátígi hundraða.

AM. Fasc. XXX, 10, frumritið á skinni. Af 4 innsiglium er nú eitt fyrir bréfinu.

Þeim godum monnum sem þetta bref sia edur heyra sender thomas kolbeinsson ok ellendur jonsson. jwar þorgrimsson. jon arnason kuediu guds ok sina kunnigt giorande þa lidit war fra hingathurd vors herra jhesu christi þushund. cccc. niutiger ok eitt ar manudaginn næsta epter

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ tvískrifað.

kyndilmessu vñ veturinn æ modruuollum j eyiafirde worvm uier j hia saum ok heyrðum æ ord ok handabañð þessara manna ellendz boñða elleñzsonar ok gudridar þoruardzdottur kuinnu hans af einne halfu enn arna einarssonar af annare ath suo fyrir skildu ath adur nefndur ellendur selldi fyr greindum arna einarssyne medur fullu upplage gudridar þoruardzdottur konu sinnar jordina kambfell er liggur j ytra diupadals kirkiusokn medur ollum þeim gognum og gædum er greindri jordu fylger ok fylgt hefer ath fornu ok nþiu ok tittnefndur ellendur ok gudridur kona hans urdu fremst eigande ath. hier j mote gaf adur nefndur arne þriatige hundrada med suodan fridleika. ellefu kyr ok sex asandar kugillde .cc. j smiorum. c. j uadmalm. cccc. i gelldum nautum. cc. j gelldum saudum. hesta tuo fyrir fiogur hundrud. skyllde elleñdur suara laga riptingu æ greindri jordu enn arne hallda til laga Ok til sannenda hier umm settum uier fyrskrifader menn vor jnsigle fyrir þetta bref giort j sama stad deige ok are sem fyr seger.

647.

14. Febrúar 1491.

á Hólum.

TYLFTARDÓMR klerka, útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum, um kæru biskups til Odds Arnórssonar, að Oddr hefði höggvið Skeggja Oddsson biskupssvein ófæran í visitatione, að hann hefði hlaupið burt úr þjónustu biskups, að hann hefði hlaupið í kirkjudyrnar á Munkaþverá með spent „armbyrsti“ og pílu, að hann vildi höggva mann biskups í sömu visitatione á Bægisá og sló mat og öl á klæði biskups, að hann hefði gripið heingi sitt og kirkjunnar og ekki skilað aptr, að hann hefði bölvað biskupinum svo óheyrilega, að hann bað fjandann að eiga biskup og alla hans presta og enn fleira.

AM. Fasc. XXX, 2, frumritið á skinni. Af 12 innsiglium eru nú 11 fyrir bréfinu. — Apogr. 3327.

Oddur skilldast að gjallda 60 Merkur til Hóla¹⁾.

Þat giorum ver ketill grimolfsson Officialis Heilagrar

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld,

Hola Domkirkio fyrir nordan aúxnadallssheidi. Andres ionsson Radzmadur þess sama stadar. jon þorualldzsson. biorn þorsteinsson. olafur ionsson. gudmundur ionsson. gudmundur kollasson. jon helgason. godskalk nicolasson. gudwlfur magnusson. eirikur sigmundzsson och ion ormsson prestar hola-biskupsdæmiss godum monnum viturligt med þesso voru brefui at þa er lidit var fra hingatburd vorss herra ihesu christi Med niutiger ok eit ar manadagen i faustugang heima a domkirkionne (a) holum i hialtadal voru ver i dom nefnder af vorum virduligum herra ok andaligum fodur olafui med gudz nad biskupi a holum at dæma vm þa akæru er biskupin kerdi til oddz arnorssonar med ollum þeim saukum er i þui brefui stod er biskupinn stemdi honum. þui ad tilkalladre gudz nad dæmdum ver firsagder xij prestar j fyrstu stefnona logliga þui hon var suarin fyrir oss af magnusi presti ionssyni med ollum þeim greinum sem þar vti stod och odd arnorsson logliga fyrir kalladan hier i dag och skylldugan at luka mork i stefnufall nema hann syni loglig forfaull at hann matti ecki koma. En fyrir þa fyrstu sauk er i stefnunne stod och biskupin kerde til oddz at hann hefði haugguit sin suein skeggia oddzsson ofæran j sinne visitacione suo at biskupin miste han burt vr sinne þionusto vppa ii manodu edur leingur en baud aunguan annan man biskupinum i stadin aptur i þionustuna. þui dæmdum ver odd arnorsson skylldugan at sue(r)ia settar-eid innan halfss manadar at heyrðum dominum fyrir biskupinum edur hanss vmbodzmanne at hann hefde ecki mannen ofæran haugguit. fellz honum þessi eidur þa dæmdum ver hann skylldugan at gialda biskupinum xv merkur i sitt fullretti en hola domkirkiu xxx marka i sinn rett. J annare grein stod suo i stefnunne at oddur arnorsson hefði hlaupit i burtt vr biskupsinss þionustu med fullt fortrott och hugmod. dæmdum ver fyrir þessa sauk biskupinum och kirkiunne ix merkur. Jtem i þridiu grein gaf biskupin odde arnorssyni þa sauk i stefnunne at hann hefde hlaupit i kirkiudyrnar a munkapuera med spentt

armbyrste ok¹⁾ pilu a lagda och villde skiota men och var hamladur þar vt af þessa adur greinda sauk dæmdum ver fyrgreinder xij prestar til næstu prestastefnu er biskupin setur vnder fleire prestanna ransakan huorsu ha sauk þar verdur a dæmd. J fiordu grein stod suo i stefnunne at nefndur oddur arnorsson villde hauggua vorn man i saumu visitacione a bægissaa ock¹⁾ slo nidur och vppa oss maatt ock¹⁾ aul ock¹⁾ a vor kledi morgum dandimonnum nerverandum ock¹⁾ vppa siandum. fyrir þessa fyrskrifada sauk dæmdum ver optnefndan odd arnorsson skylldugan at sueria tylftareid fyrir biskupinum edur hans vmbodzmanne innan halfss manadar at heyrdum dominum at hann hafui eigi þetta giortt. felltz honum þessi eidur þa dæmdum ver biskupinum xxx marka rett fyrir þat er hann feck þenna hugmod i sinne visitacione en adrar xxx merkur i sitt fullretti fyrir þa forsman och suiuirdingh er slegitt var nidur hanss eigit bord ock¹⁾ huorttueggia matur och dryckur vpp a hanss kledi i hanss riettre maltid och holadomkirkiu lx marka i sitt fullretti och titnefndan odd arnorsson fallin i bann af sialfuu verkinu och skylldugan at taka skript ok lausn heima a holum af biskupinum innan halfs manadar at heyrdum dominum. J fimtu grein gaf biskupin þa sauk i stefnunne odde arnorssyni at hann hefdi gripit hengi sitt och kirkiunnar sidan hann leet heimta þat aptur och echi feingit. en þui dæmdum ver epter þui sem kristin rettur seiger biskupinum xxx marka i sitt fullretti och titnefndan odd skylldugan at skila aptur heingino þui hino sama vnder sinn bokareid innan halfs manadar at heyrdum dominum och skylldugan at taka lausn ok skript sem fyr seiger. J settu grein stemdi biskupin fyr nefndum oddi arnorssyni fyrir þa sauk at hann hefdi boluad honum a modrvuollum i haurgardall med suo oheyrilego ordtaki at hann bad fiandan eiga biskupin oc¹⁾ alla hanss presta. handfeste ein prestur biskupinum bokareid at hann hefdi heyrtt vppa þetta och at suðrdum þessum eidum dæmdum

¹⁾ Svo hér; annars: och.

ver biskupinum xv merkur i sitt fullretti en ollum prestum i biskupssdæminu huerium fyrir sig sitt fullretti epter þui sem huer er mannadur til en hola domkirkiu xxx marka i sitt fullretti. J siaundu grein stod suo i stefnunne at sira gudmundur ionsson kerde fyrir biskupinum at oddur arnorsson hefði verit i radum med sigride modur sinne þa gripner haufdu verit peningar hanss fra holum. hefer hann þa alldre aptur feingit sidan. ero þau likende hier til at hon lyste fyrir ij monnum at hvn hefði kledit af sier tek-it. þui dæmdum ver titnefndan odd skylldúgan at sueria settareid innan halfsmanadar at heyrdum dominum fyrir biskupinum edur hanss vmbodzmanne med þeim eidamonnum er þeir til nefna med honum at hann hefði (i) aungwm radum hier vm verit ath peningarner voro tekner. felltz honum þessi eidur þa dæmdum ver hann skylldúgan at leggja aptur suo myckla peninga sem hann hefuer i burt haft och fallin i bann af sialfu verkinu och skylldugan at taka skrift och lausn innan halfsmanadar at heyrdum dominum af biskupinum och skylldugan at giallda sira gudmundi ionssyni xii merkur i sitt fullretti en xxx marka biskupinum ock kirkiunne i sitt fullretti en fyrir (þa) sauk er sira magnus ionsson kerdi fyrir biskupinum at optnefndur oddur arnorsson hefði taksett sig och byrt sig i husi och stadi fyrir framan dyrnar med nakit suerd och handzska och suikit sig suo i trygdum at hann let sækia hann fyrst til konu sinnar siwkrar en ofan a þat skipade hann þessare savmu kono och modur sinne at standa i dvronum och byrgia hann suo at hann kemistz ecki i burt. lyste och fyrnefndur oddur at hann skyllde þar bida til þess er vti vere stefnudagurin ok sagdizt þetta giora i fullt fortrott och hugarmot vid biskupin och epter þat tok hann burt stefnubrefit med biskupsins incigle af af prestinum. hafði presturin vpp a sier gudz likama i þenna sama tima och blifdi honum þat ecki. Sor och fyrnefndur sira magnus fyrir oss at han var þar naudigur taksettur och vard at leggja af brefit þui hann komstz ecki i burtu ellegar. þui fyrir þenna fyrsagdan ogiorningh

oddz arnorssonar er hann giordi prestenum med gudz likama och i naudgan brefsinss burt tauku dæmdum ver fyr-skrifader prestar titnefdan odd arnorsson fallin i hæsta bann af sialfuun verkinu och skylldugan at taka lausn och skrift af biskupinum innan halfsmanadar at heyrðum dominum en sira magnusi xij merkur i fullretti epter kirkiunne a wollum en adrar xij merkur fyrir þat at hann hafdi gudz likama vppa sier och var taksettur med honum och for i kirkiunnar naudsyn och ærendi epter sinne skylldu. en biskupinum xxx marka fyrir bref sitt och þreingingh prestzinss. en hola domkirkiu sextige marka. skulu þessir allir peningar och sakeyrir lukazst at nestum fardogum heim at domkirkiunne (a) holum biskupinum i hand edur hanss vmbodzmanne.

Och till sannenda hier vm settum ver fyrnefnder xij prestar vor insigle fyrir þetta domssbref skrifuat i sama stad och are. deigi sidar en fyr seiger.

648.

30. Marts 1491.

á Stafafelli.

ANDRÉS prestr Árnason fær Ögmundi presti Andrésyni gangandi fé nokkurt, er bréfið greinir, fyrir þann kostnað, er séra Ögmundur hafði fyrir honum nær Jónsmessna á milli karlægum.

Bisk. Skalh. XVII, 23 frumrit á skinni. — AM. Apogr. 2366 „accurate“. „Jnnsiglen hanga 2. vid brefed“ (AM.).

Þath gerum vit gisle jonsson ogh sigurdr markusson godum monnum vitanlegt med þessu ockru opnu brefi ath vith vorum j hia saum ogh heyrðum æ ord ogh handaband þessara manna sera ögmundar andressonar af einne alfu enn sera andresar arnasonar af anare alfu ath suo firir skildu ath fyr nefndr sera andres fleck adrnefndum sera ögmundi andressyni til fullrar eignar tuð hross. med fylum ogh þriar ær med lömbum ogh tuo saude tuævetra firir

Þann kostnad sem fyrskrifadr sera ogmundr hafde boreth firir þrattnefndum sera andresi vpp æ þann tima sem hann hieilt hann karlægañ sem var vpp fra jonsmessu baptiste ogh framan til sunnudagsens næsta firir jonsmessu baptiste annath areth næsta epter komanda. Ogh til sannenda hier vñ settum vit fyrnefnder menn ockr jnsigle firir þetta bref skrifath æ stæfafelli j lone miduikudagen j helgu viku anno. domini. M. cdo. nonagesimo primo.

649.

13. Apríl 1491.

á Hólum.

TYLFTARDÓMR klerka útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um kæru biskups til Helga Ásgrímssonar daglegs sveins síns, að hann hefði ekki viljað ríða norðr með öðrum sínum sveinum með séra Nikulási Vilhjálmsyni að lesa dóm yfir Oddi Arnórssyni.

AM. Fasc. XXX, 3, frumritið á skinni. Af 12 innsiglium eru 9 fyrir bréfinu, sum bráknö. — Apogr. 3328.

60 merkur dæmdar thil Hóla¹⁾.

Þath giorum uær andres jonsson radzman heilagrar holakirkju. gudmundur jonsson. olafur jonsson. gotskalk niculasson. gudmundur kollason. biorn þorsteinsson. jon helgason. gudolfur magnusson. sigurdr jonsson. jon ormsson. ok eirikur sigmundzsson prestar ok magnus halldorsson messudiakn. godum monnum uiturligt med þessu uoro opnu brefe ath þa er lidet uar fra hingat burd uors herra ihesuchristi þusund fiogr hundrud niutiger. ok eitt ar. heima á holum j hialltadal miduikudagen næstan epter paskauiku uorum uær j dom nefnder af uorum uirduligum herra ok andaligum fodr olafe med guds nad biskupe ath holum ath dæma um þa akæru er biskupen kærði til helga asgrimssonar síns dagligs sveins ath nefndur helge hefði ecke uiliat ríða norðr

1) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

med odrum sueinum biskup(s)ins med sira niculase uilhialms-
 syne er lesa atte dom yfer odde arnorssyne kirkiunnar
 negna ok biskup(s)ins.. suo ath greindur sira niculas skilde¹⁾
 oforsmadur uera fyrir fyr nefndum odde ok hans fulgerum.
 en þratt nefndur helge sat heima ok uilldi ecki fara. epter
 biskup(s)ins skipan. en uar hans logradin sueinn forsmaande
 suo kirkiunar reitt¹⁾ ok biskup(s)ins skipan. ok suo riofit¹⁾
 sina lofan. ok þionustu med biskupin. Suo ok ei sidur uar
 þar suarit fyrir oss fyr nefndum prestum at greindur helge
 hefði uerit stefndur j sama stad. ok dag fyrir fyrnefnda
 sok. ok þær fleire saker sem biskupinn matte þar med log-
 um til hans tala. soro þenna eid tueir prestar. þui ath til
 kalladre guds nad dæmdum uer j fyrstu stefnuna logliga
 ok tit nefndan helga þar rettliga fyrir kalladan. Nu saker
 þess ath greindr helge kom eigi j sagdan stad ok dag. ok
 einge hans logligr forsuarismadur. En biskupin beiditz hans
 þar ok krafde. þui dæmdum uær mork j stefnufall. en hei-
 lagre holadomkirkiu .lx. marka j si t fullretti. ok xxx marka
 biskupinum j sinn rett. Suo ok ei sidur kærði biskupin
 þar til hans ath hann hefði farit j burt ur hans þionustu
 an hans orlofue. þui dæmdum uær æ þessare sok kirkiunne.
 .xxx. marka j sinn rett. en biskupinum .xv. merkur j sin
 rett. En firir saker þriozku ok ohlydne uid heilaga kirkiu.
 ok biskupen dæmdum uær fyr greinder prestar opt nefnd-
 an helga asgrimsson fallen j bann ok skulldugan ath taka
 lausn ok skript af biskupinum. epter þui sem kirkiunnar
 log utuisa. Skulu þessir peningar gialldazst aller ath næst-
 um fardogum heima ath holum. biskupinum eda hans log-
 ligum umbodsmanne. en ef greindur helge heyrer ei domen
 fyrir næstu fardaga. þa gialldi hann alla þessa peninga jnn-
 an fiortan natta ath heyrðum dominum. þar sem biskup-
 inum likar eda hans umbodsmanne. Ok til sannenda hier
 um settum uær fyrskrifader prestar uor jncigle fyrir þetta
 domsbref er skrifat uar æ holum j hialltadaal æsama dege
 ok are sem fyr seger.

1) Svo.

650.

24. Apríl 1491.

í Haga.

VITNISBURÐAR Gísla Filippussonar um eignalýsing Vigfúsar Bjarnarsonar, þá er hann reið til að biðja Steinunar Gunnarsdóttur.

Bisk. Skólh. XVII, 24, frumrit á skinnl. — AM. Apogr. 2367 „accurate“. „innsigled er i burtu“ (AM.). „Hönden a originalnum af þessu brefe, og a kaupmalabrefe bardar Jonssonar og Gudrunar Halldorsdotter daterudu Ytrafelli a Medalfellströnd, laugardagenn epter krossmessu 1470. eru so likar, ad það er annadhvert hins sama, eda og så sidare skrifarenn hefur plus qvam sollicité imiterad hönd þess fyrra. Hönden á brefi sira Jons Halldorssonar um Saurbæiarkirkju á Raudasande er og med þessare sömu helði (so mikid sem dæmast kann). Daterad M. CCCC. og tiutiger. liggia þesse 2 bref i Skalhollte, medal stolsens brefa“ (AM.).

Þat giore eg gisle filippusson godum monnum kvnngit med þessu minv opnv brefe at vigfus biarnason lyste þui firir mier heima j haga. þa hann reid til at bidia steinvhar gunarsdottur at hann ætte aungua peninga ok aungua telde hann sier. vtan medaldal j durafirde ok þar til fiogur kugillde. enn alla penninga adra þa sem hann hafde at hallda kuika ok dauda fasta ok lausa lyste hann eign barna síða jons ok gudrunar er hann hafde att vid eigen kuiu sinne kristrunu heitiþe ormsdottur. sagdiz greindur vigfus huorke vilia firirgiora nie firirmæla þeim peningum j huad sem hann kynne at falla. suo ok lyste adur greindur vigfus þessu sudur j tungu j huams sueit. þa hann keyp(t)e nefnda steinuþe ok talde sier þa aungua peninga adra. eþ fyrr nefndan medaldal ok þar til fiogur kugillde. enn alla adra peninga þa sem hann hefde at hallda lyste hann eign fyr nefndra barna síða. Ok til sanninda hier vin setta eg mitt jnsigle firir þetta vitnesburdarbref skrifad j haga a bardaströnd sunnudagiþ næsta epter jons messu holabiskups þa er lidit uar fra hingadburd vors herra jhesu christi. þusund. fiogur hundrut niutiger ok eitt ar.

651.

4. Maí 1491.

á Víðivöllum.

TVÆGGJA tylfta dómr klerka útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum á prestastefnu um óhlyðni séra Guðmundar Skúlasonar við biskup.

AM. Fasc. XXX, 4, frumritið á skinni. Af 24 innsiglium er nú 21 fyrir bréfinu. — Apogr. 3328. — Fasc. XXX, 5, afskript eða uppkast sama bréfs á skinni og samtíða. — Apogr. 3330.

Um ohlydne presta við sinn biskup.¹⁾

Þat giorum uær ketil grimolfsson officialis heilagrar holakirkju fyrir nordan oxnadalsheide. andress ionsson radzmadur þess sama stadar. einar benedicsson. sigurdur þorlaksson. magnus ionsson. jon þorualldsson. olafur jngemundarson. niculas þormodsson. arne haldsson. þorstein gudmundsson. stigur jngemundarson. gunnar jonsson. geir uigfusson. þordur jngemundar(son). gudmundur ionsson. olafur þorgeirsson. olafur klængsson. are olafsson. biorn þorsteinson. gudmundur jonsson. þorlakur þorgeirsson. kaar jonsson. jon olafsson. ok ellendur broddason godum monnum uiturligt með þessu uoro brefe at sub anno gracie M^o cd^o xc^o primo æ uideuollum j skagafirdi a prestastefnu rettri a miduikudagen næstan epter krossmesso a uorit uorum uær j dom nefnder af uirduligum herra ok andaligum fodur olafe með guds nad biskupe æ holum. at dæma um þa akæru er nefndur biskup olaf kærði til sira gudmundar skulasonar. ath hann hefði j fullri ohlydne setit suo iij ar samfleyt ath hann uildi ekki koma til prestastefnu. ok uar þo prestastefnubref lesit æ hans heimele. suo latanda at hann skilldi²⁾ koma æ prestastefnu sem logliga stefndur. Nu saker þess. ath þat uar suarit a prestastefnunne af messudiaknanum sem brefit bar. ath hann hefði lesit prestastefnu brefit heima a mel upp a .ij. ar. dande monnum næruerondum. suo ok uar suarit af tueimur prestum þar a prestastefnunne. ath gudmundur skulason. hefði ecki komit upp a iij ar j fyr sagða prestastefnu. þui ath til kalladri

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo.

guds nad. dæmdum uær fyrskrifader prestar opt nefndan guðmund prest skulason logliga fyrir kalladan. epter þui sem prestastefnu brefit utuisar. en fyrir þessa fyrsagða ohlydne. ath hann forsomade biskup(s)ins bref ok bodskap þa dæmdum uær sira guðmund skulason hafa brotit af sier sinn messusaung ok stad ok biskupin skylldugan ath lata rida til mels strakzst nu epter prestastefnuna ok lata lesa þar domen upp æ .iij. re(i)sur. ok beidazst þar sira guðmundar skulasonar eda hans logligs umbodsmanz ath syna loglig forfaull med suordum eidum ath hann mate ecki koma upp a þesse aull ar. en koma þau ecki fram. þa dæmdum uær biskupin skylldugan ath taka ath sier stadin ok stadarins peninga ath næstum fardogum. suo ok hefer fyrnefndur sira guðmundur skulason¹⁾ ecke uiliad taka uid biskupinum j hans rettri uisitacione upp a ij ar ok aunguan reikningskap honum giora uilia(d). helldur blaupit j burt j fullri þrausku²⁾ ok ohlydne. Ok til sanenda hier um settum uær fyrnefnder prestar uor incigle fyrir þetta domsbref med samþycke uors nadugs herra ok uirduligs fodurs olafue³⁾ med guds nad biskups æ holum. abbota asgrims æ þingeyrum ok jons abbota a munkaþuera ok allra annara presta er þa uoro a prestastefnu. er samþucktu med oss þenna uorn dom skrifadan j sama stad deige ok are sem fyr seger.

652. 9. Maí eða 19. September 1491. á Desjarmýri.

VITNISBURÐR Páls prests Grímssonar um torfskurð frá Valþjófsstað í Skriðu jörð í Fljótsdal.

AM. Apogr. 4431 „Epter Transscripto 14. gamallra Skriduklausturs brefa, giördu þann 28. Septembris Anno 1697 (= a). Samanlesed vid annat Transscriptum XI Skriduklausturs pergaments brefa, giort þann

¹⁾ hér stendr „hefer“ í frumritinu, og er það ofritað. ²⁾ Svo. ³⁾ Svo.

17. Septembris 1697^a. „Þesse vitnisburður er skrifadur á kalfskinn með gamla skrift og innsigleslaus“.

Það giorer eg Þáll prestur Grimsson godum monnum kunnigt með þessu minu brefe. at jeg sege upp á min sannende. at eg var á Valþiofstad j Fliotzdal .xviij. vetur eða .xviiiij. heimilesfastur. og vissa eg að skored var upp á .xx. hesta letorf hvert ár j Skridu jördu er liggur j Valþiofstadar kirkiusokn. og vissa eg engann að finna. og engann heyrda eg ákiæra. at su jtala være kirkiunnar eign og stadarens á Valþiofstad. enn þar j mote¹⁾ kiæme lambarekstur j Tungurnar frá þeim bonda sem²⁾ bygge á Skridu.

Og til sannenda hier um setta³⁾ eg mitt Jnnsigle firir þetta bref. er skrifad var á Desiarmyre j Borgarfirde. á mánudagenn næsta⁴⁾ firir krossmessu. þá er lidid var frá hingadburd vors herra Jehsu Christi Anno M. [CD⁵⁾] lxxxx. primo.

653.

17. Maí 1491.

í Heydölum.

TRANSSKRÍPTARBREÐ.

Bisk. Skalh. Fasc. XVII, 22, frumritið á skinni. — AM. Apogr. 2365 með hendi Árna sjálfs „ordriett“. „Jnnsiglen eru frá brefönu“. (AM.).

Það giorum við kodran jonsson ogh arnþiörn gudmundsson godum monnum vitanlegt að við höfum sied ogh yfer lesit ogh giörla skodat með heilum ogh oskoddum ogh hangöndum jnnsiglum suo latanda domsbref ord firir ord sem hier epter stendr skrifad. [Hér kemr dómr um Raufarberg frá 20. Aug. 1490, DL, VI, Nr. 628].

Og til sannenda hier vñ settum við fyr nefnder menn okkr jnsigle firir þetta transkriptarbrief skrifath j heydolum þridiudagenn næsta firir huita sunnu. anno. domini. M.^o cd.^o nonagesimo primo.

¹⁾ mot, b. ²⁾ er b. ³⁾ sette, a. ⁴⁾ næstan, a. ⁵⁾ [D, b. „sed perperam“ (AM.).

654.

27. Maí 1491.

á Hólum.

TRANSSKRÍPTARBREÐ.

AM. Fasc. XXVI, 15, frumtransskriptið á skinni með þrem innsiglium nokkuð brákuðum. — Apogr. 3286.

Dath giorum vær olafur jonsson gudmundur kollasson gudulfur magnvsson ok jon ormsson prestar holabiskupsdæmis godum monnum uiturligt med þessu uoru opnu brefe at vær hofvm sied ok yfer lesid bref med oskavddum hangandvm jnnciglum suo latanda ord epter ord sem hier seger. [Hér kemr bréf um Syðra-Holt í Svarfaðardal gert á Hólum 1. Márs 1481, DI, VI, Nr. 324].

ok til sannenna hier um settum vær fyr nefnder prestar uor jnncigle fyrir þetta transkriptarbrief er skrifat var æ holum j hialtadal a faustudagin j huitasunno uiku. anno domini M^o cd^o lxxxx^o primo.

655.

1. Júní 1491.

í Móskógum.

VITNISBURÐR UM LANDAMERKI MÓSKÓGA Í FLJÓTUM.

AM. Fasc. XXX, 7, frumritið á skinni, frá Haldóri sýslumanni Einarsyni. — Apogr. 311, afskr. staðfest 5. Dec. 1707 í Skálholti.

Þat ger¹⁾ ek þorsteinn markusson godum monnum uiturligt med þessu minu brefi at þar uar ek j hia sa ok heyrd¹⁾ ek a at teitur prestur fiintzson let ríða a landamerki milli mos ok moskoga þa han uar radzman holakirkju en hafdi umbod yfir moskogum ok uoru þessar men þar vit gudmundur jonsson (er) þa bio a bakka. haldan hoskoltzson er bio a moi ok fleiri men adrer ok sogdvtz þessar fyrnefnder men hafa heyrt kollut ok halldin hafa verit landamerki milli adr greindra jarda vr lækjarosinum fyrir svnan gardin ok a snid vpp epter myrini ok j hamraendana þa er ofan ganga j fiallit. Ok til sanenda her vm setta ek mit jusigli fyrir þetta vitnisburdarbrief er skrifat var j

¹⁾ Svo.

moskogum j fliotum miduikvdagin næsta fyrir dyradag vm vorit þa lidit var fra byrd krist(s) þvshvndravd flogvr hundrud nivtigir ok eit.

656.

4. Júní 1491.

á Hólum.

Sex prestar transskribera tvö bréf um Tjörn í Aðaldal.

Bisk. 3. Fol. bl. 97—99., skr. 1641—42. — Apogr. Nr. 27.

Það giðrum vær Olaffur Jonsson. Gudmundur Kollason. Olafur Jngimundarson. Gudulfur Magnusson. Eyrjukur Sigmundsson og Jon Ormsson prestar HólaByskupzdæmis godum monnum viturligt med þessu voru Opnu Brefi að vier hofum sied og yferlesid opin Bref med heilum og Oskauddum hangundum Jnsiglum. so latanda ord epter Ord sem hier seiger [Hér kemr a) bréf Gottskálks biskups, að hann tekr Ásgrím Jónsson fyrir prófentumann að Hólum með jörðinni Tjörn í Aðaldal 25. April 1456, DI, V, Nr. 127; b) bréf um landamerki Tjarnar í Aðaldal frá 5. Maí 1397, DI, III, Nr. 514 og VI, Nr. 34 (betra)]. Og til sanninda hier vm setium wær fyrr nefnder prestar wor Jnsigle fyrer þessi Transskriftar Bref er skrifud voru a Holum j Hialltadal a Langardaginn næsta epter festum corporis Christi. Anno Domini M^o cd^o lxxxx^o. primo.

657.

25. Júní 1491.

í Stafholti.

BRÉF Odds prests Pétrssonar baccalaurei artium og officialis milli Hvítár í Borgarfirði og Hrutafjarðarar um staðarpeninga á Gilsbakka í Hvítársíðu.

Biskupsskjalasafn. Skalh. Faec. XII, 5, frumrit á skinni nokkuð skemt af fúa. — AM. Apogr. 2446.

Þath Giore ek oddur prestur petursson backalarius arcium. godum monnum kunnigth med þessu minu opnu brefi. at þó er ek war officialis heilagrar skalholltz kirkiu j millum huitar j borgarfirdi ok hrutáfiardarár skalholltz

biskupsdæmis. kom ek til gilsbacka stadar j huitarsidu. j borgarfirdi. ok spurdi ek sira þorbiörn heitinn æmundason. at þui huersu mýkla eda hueria þeninga. hann hefði tekit þar med stadnum ok kirkiunni. Giordi hann mier suo felldann reikning sem hier stendur nu epter skrifadur. [Hér kemr staðarafhending á Gilsbakka frá 1463, Dipl. Isl. V, Nr. 352].

Hýgg ek at sira snorre helgasson hafi skrifat þennann maldaga þæ er hann var hia mier subdiakni. opinberadi ek þennan maldaga sialfur wm worit æ manudaginn j settu wiku sumars. á greindum gilsbacka stad. þá er ek afhenta adur nefndann gilsbacka stad sira oddi bergssýni. j wmbodi sira olafs oddzsonar officialis heilagrar skalholtzkirkju. suo ok uændizt ek þessum maldaga j sidumula nu æ fimtudaginn er war firir greindum sira olafi oddzsyni officiali ok óðrum godum monnum leikum sem lærdum.

Ok til sanninda hier wm setta ek mitt jusigli firir þetta mitt vitnisburdabref skrifat j stafholhti j stafholtztungum. laugardaginn næsta epter nativitatem beati johannis baptiste. anno domini M.^o cd.^o lxxx.^o primo.

658.

30. Júní 1491. á Öxarárþingi.

ALÞINGISDÓMR tólf manna útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni, að Guttormr Ólafsson skyldi ferjandi til Noregs fyrir það manslag, er hann hafði ófyrirsynju í hel slegið Ólaf Indriðason.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni, skr. c. 1608.

Domur vm Guttorm Olafsson.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra Senda Hauskulldur Arnason. Magnus magnusson. Einar Arnason. Ben(e)dikt Magnusson. Jon Asgrimsson. Þorleifur Ormsson. Olafur halldorsson. Þorlakur Þorsteinsson. Þorlakur Þorkielsson. Jon Hrafnsson. Helgi Þorualldzson. og Eyuindur Gudmundzson kuediu Gudz og sijna kunnigt

giorandi. að þá er lidit var fra hingad Burd vors herra Jhesu Christi Ɖ. cccc. lxxxx og eitt Ar fimtudæginn næsta eptir pieturs messo og pals á almenniligu Auxararþingi vorum vier j dom nefndir af ærligum manni Fimmboga Jonsyni laugmanni nordan og vestan á Jslandi að skoda og dæma. huort Guttormur Olafsson skyldi ferandi til Noregs til mins herra kongsins nada. fyrir það mannslag sem hann hafdi oforsyniu j hel slegit Olaf Jndridason.

Nu sakir þess það syndist þar laugliga fyrir oss að greindur Guttormur Olafsson hafdi golldit þria hluti Bota. laugligum Erfingium hins vegna kuittan fyrir tekid. enn Arnor Finnsson gieck j fulla Borgun með handa Bandi að giallda hinn fiorda part sem eptir stod þeim taka ætti sagdar vigs Bætur jnað manudar. sýdan er hann kiæmi heim. ef eigi er(u) adur allar golldnar. Þess annars að greindur Guttormur hafdi feingid full grid og æfinligað frid vtan gridastada og jnað fyrir sagt mannslag suo og eirnin golldit kongsdomsins vegna og laugliga kuittun fyrir tekid og [fielegañ¹⁾] dag feingid af²⁾] kongs vmbodsmanni til mins herra kongsins nada. Og þui dæmum vier optskrifadañ mann Guttorm Olafsson laugliga ferandi. Jtem dæmdum vær hann og fridhelgañ fyrir huorium manni vm sagt mannslag vtan landz og jnnan. þar til sem hann kiemur fyrir mins herra kongsins nadir og myskunn sem hann vill á giora vñ hans skulld. Og til sanninda hier vm setium vier fyrr nefndir menn vor Jnsigli fyrir þetta domsbref skrifad á sama stad og ari degi sidar enn fyrr seigir.

659.

1. Júlí 1491.

á alþingi.

SAMPYKT tuttugu og fimm manna á alþingi, að forgaungu Finn-boga lögmanns Jónssonar, að biðja Hans konung um að skipa Einar Björnsson hirðstjóra yfir Ísland, því að þeir hafi sannfrétt lát Diðriks hirðstjóra Þínings.

¹⁾ [eyða í handritinu og hefir ekki orðið lesið í frumritinu um 1608.
— ²⁾ eyða, þó nokkuru stærri en þessu orði svari; varla hefir þó getað staðið hér annað en þetta.

Advocates Library í Eíðinaborg 64. 4to, (21, 7, 14) með hendi séra Björns Haldórssonar í Sauðlauksdal c. 1770., og er þetta þó að eins langt ágríp bréfsins, en ekki þekkist það öðruvísi, enda virðist hér eingu efni vera úr því slept.

Um dædafregn Didrichs Pínings 1491.

Finnboge Jonsson lögmaður nordan og vestan á Jslandi nefndir þessa menn í dom a ælþingi 1491. föstudaginn næst-ann efter Petursmessu og Páls. Pál Brandsson. Gudna Jónsson, Þorvard Erlendsson, Pál Jónsson sýslumenn, Sturlu Magnússon, Arnór Finnsson, Grím Pálsson, Salomon Einarsson, Jón Hrafnsson, Einar Árnason, Einar Brandsson, Snjólf Brandsson, Þorlák Gíslason, Helga Þorvaldsson, Höskuld Árnason, Höskuld Einarsson, Eyvind Gudmundsson, Finnboga Jónsson, Símon Pálsson, Jón Arngrímsson, Ingimund Finnsson lögréttumenn, Ormr Bjarnarson, Torfi Jónsson, Sigurdr Þorleifsson, Björn Gudnason, Gamaliel Þorleifsson. Þessir allir hafa frétt það af útlenskum mönnum, enskum og þýzkum, að Didrik Píning, sem hér var fögeti settur af kongi Hans, sé dauðr utanlands og segjast þeir trúa fréttinni. Þeir segja að hinn yngri Didrik Píning, sem hér sé á landi og hafi umbod frænda síns hins eldra Pínings hafi eingva borgun né peninga að bæta fyrir sig ef hann geri mönnum ei rétt, þar er þó sáttmáli í milli Noregs kongs og þeirra sem landid byggja og skattinum játudu, bjóði svo og ávísi, að vær skulum hafa og halda lögmennt og lénsmennt íslenska, og þó þá, sem þar til eru bornir og fullvedja eru að bæta ef þeir taka rangliga, nema bændur samþykki annað. Þeir vilja blifa í allri hlýdni við Hans kong, styrkja allan hans bodskap og breffvísara, hverja sem hann sendir hingad í land með hirdstjórn, enn af því nú sé hér einginn, sem kongsbréf hafi fyrir hirdstjórn né fögetadæmi, þá er allra þeirra bön með fullri audmýkt og göðvilja með samþykki alls almúgans úr norðr og vestr lögdæminu, að Hans kongr með guds náð skipi þeim til hirdstjóra og höfudsmanns jungkærann Einar Björnsson, enn aungvann annann, svo framt sem hinn eldri Didrik Píning sé dauðr. Þeim virðist jungkæri Einar Björnsson í allan máta hér til vel fallinn fyrir sakir sinna slekta og burda og þeirra friheita,

sem hans fadir Björn Þorleifsson hafði af Kristjáni kongi födur Hans kongs, svo og fyrir sakir ríkdóms og höfðing-skapar, spektar og sidsemdar þar hann hafi eingum gert né gera látid ofríki, svo þeir viti að hann hafi í öllu verid kongi trúr og hollr, og svo vænta þeir hann verdi í þessari kóngsins þjónustu, ef hans náð vill hann þar til skipa, og loksins setja þeir sín innsigli fyrir þetta bréf. datum ut supra.

660.

14. Júlí 1491.

í Óslo.

RÉTTARBÓT Hans konungs handa Noregsríki, að einginn sé bastaðr eða bundinn saklaus, með öðru fleira, er bréfið greinir.

Gl. kgl. saml. 1154. Fol. bl. 91, skinnbók, og er þetta með hendi frá c. 1500. — Ny kgl. saml. 1642. 4^{to}, bls. 329, skinnb., og er þetta skr. c. 1500. Réttarbót þessi er til í mörgum norskum handritum frá 16. öld, en hvenær Íslendingar hafa farið að taka hana upp í söfn sín, er óvíst; hitt er víst, að Magnús Ketilsson, sem prentar réttarbótina í Lagasafni sínu I, 87—90, segir að hún finnist í „gömlum söfnum og dómabókum“ íslenskum. Sbr. Landsb. 58. 8vo.

Wij hans med gudz nadh Norgis Danmarkis Vendes ok Gotha koning wtwaldh koning¹⁾ til swerghe hertugh j slesswick ok hertugh j²⁾ holsten Stormarn ok ditmersken Greffwe vthi oldhenborgh oc delmenhorsth Görer alle witerligt adh wi med wore elskelighe Rodhe haffwe nw offwerweghet worth ok Norigis Rikess ok thess jnbyggeress bestha oc [bestand uppð³⁾ thet adh jnghen skal olaggelighe⁴⁾ twingess eller beskathess⁵⁾ her effther thenne dagh Oc ther fore haffwe wi nadelighe wnth ok giiffwit alle wore [kære⁶⁾ wndhersaathe wti Norgis Rike tesse efftherscreffne rettebøther oc wylie adh [alle⁶⁾ wore lagmen offwer alth worth Rike Norighe them swo strenghelighe holdhe skulle Och ther effther alztingh⁷⁾ rettelighe dōme och ffore reth lagh [ath seighe⁸⁾ swo wel offwer⁹⁾ then rike som offwer then fatike.

ffōsth wylie wij adh jnghen skal bastass¹⁰⁾ eller bindess

¹⁾ b. v. 1642. ²⁾ vti 1642. ³⁾ [bestand paa 1642. ⁴⁾ alagunger 1642. ⁵⁾ beskattes 1642. ⁶⁾ [b. v. 1642. ⁷⁾ altingies 1642. ⁸⁾ [aff at sigie 1642, ⁹⁾ sl. 1642. ¹⁰⁾ bastees 1642.

vthen [han sigh¹) lag[ligie] forbryther eller worder gripen met ferske gerninghe Oc [anlagess eller wppo klages²) fore the sacker som laghen vtviser ath geldhe uppo liiff eller ære Hwo som her amoot gør bõthe konungdomen xl lybskie mark Oc staa then som saa³) wordher gripen fulretthis effter xij manne dome.

Jtem hwo som [kommer for oss ok kerer⁴) sine retthe keremool oc bristh⁵) eller oc fore the dommere som wij til skicke met wore opne befalelse breff wilie wij oc⁶) ath then skal wora⁷) ther fore ofeigt⁸) obasteth ok obündhen hwo som ther amot gør eller gõrendis wordher bætha oss xl libschie mark oc misthe sine len oc standhe then som swo⁹) aakerer fulretthis effther laghen med tolf manne dome. (n⁹) komme nokre fore oss eller fore the domere som wij swo tilskickit haffwa met worth opne breff ok haffuer ey retthe keremaall Tha bæthe amoth then som han swo⁹) met oretthe uppa kerth haffuer effther laghen.

[Jtem hwo¹⁰) som forbrytther sine Jordher oc odhol effther laghen tha skülle the falle til oss ok kronen ok ej til them¹¹) som haffuer landh eller len aff oss.

Jtem⁰) hwilke domere som wij till skicke met wore opne breff ath sitthe dom ok rett hwem the tha steffne fore them sitther ther tha noker offuerhörighe ok wil ey lidhe steffningh¹²) oc ey bewiser siith laghlighe forfall fore domererne bæthe til oss fore hwar tiidh otthe ortwgher ok trettan mark och then som aakærer sinæ kosthaldh.

[Jtem hwo¹³) som feigdher¹⁴) eller offerretther offuer laghen nokon then som wore¹⁵) beskermselse breff¹⁶) haffuer tha bæthe ther fore som lagh wtviser.

Jtem¹⁷) mynthen her wti Ricket skal ware [licka jaffn oc oc goth¹⁸) met mynthen wti danmark ok skal gaa her wti Ricket fore fyllesthe¹⁹) wthi alle køpemol som j dan-

¹) [at han siig 1642. ²) [audklaffues(!) eller paakæress 1642. ³) b. v. 1642. ⁴) [fore oss kærer 1642. ⁵) bryst 1642. ⁶) b. v. 1642. ⁷) ware 1642. ⁸) wfigdet 1642. ⁹) sl. 1642. ¹⁰) [Then 1642. ¹¹) then 1642, ¹²) steffnænæ 1642. ¹³) [Then 1642. ¹⁴) figdær 1642. ¹⁵) wor 3642. ¹⁶) b. v. 1642. ¹⁷) sl. 1642, ¹⁸) [jefngod 1642. ¹⁹) fyllista 1642.

mark ok skal dansk mynth ytess¹⁾ ok vtgyffwess oc gengz²⁾ wora fore licke werdh her j Ricket licke som Norgis mynth oc tesslickess Norgis mynth skal ydhess oc gengze ware j danmark som dansk mynth. fintz ther nokon bristh uppo mynth tha wilie wij latha rethe offwer mynthemesteren som thet segh bør.

Datum jn ciuitate nostra asloensi Quinta feria jnfra octauam visitacionis Marie. Anno domini Mcd xc primo et cetera.

661.

20. Júlí 1491.

í Skálholti.

DÓMR tólf presta útnefndr af Stepháni Jónssyni biskupi í Skálholti um fiskatiund til kirknanna í Vestmannaeyjum.

AM. 232. 8vo 88_b—89_b, bréfabók Gizurar biskups Einarssonar með hans eigin hendi á árunum 1540—1548. — AM. 263. Fol. bls. 91, skr. 1598 („Þessi domur finnst j gomlu maldagabokinni j Skalholti Anno 1598“).

Domur um [tiund j³⁾ Westmanneyjum.

Ollum monnum sem þetta bref sia edur heyra senda arni prestur snæbiarnason. officialis heilagrar Schalholltzkirkiu. Sigurdur jonsson. audun þoruardzson. þorualldur snorrason. Narfe jonsson. þoruardur helgason. Gudmundur olafsffon. Eirekur sigurdarson. Oddur bergson. arni jonsson. jon hall-dorsson og helgi jonsson. prestar. kuediu gudz og sina kunnigt giorandi at sub anno gracie M^o cd^o. nonagesimo primo a þridiudaginn næsta firir Translacionem sancti thorlaci episcopi⁴⁾ j Schalholti Vorum uier j dom nefndir af wirdu-ligum herra og andaligum faudur herra steffani med gudz nad biskup j schalholti at dæma og skoda um þa akiæru sem sira snorre helgason kiærði til jons jonssonar. er kend-ur er hringalin at hann hefði ecki golldit retta

¹⁾ ytthes 1642. ²⁾ giengsa 1642. ³⁾ fiskatijvnd af 263. ⁴⁾ þ. e. 19. Júlí.

prestz tiund og kirkiutiund um ij áur af þeim afla sem hann hafði feingit af þui skipe. sem hann var formadur firir eptir gomlum uana. komu þar fram ij bref under godra manna jnnciglum. at þar ætti at gialldazt enn tiundi huor fiskur. af allri þeirri skreid sem þar kæmi a land. var stefnan langlig gior og greindur jon laugliga firir kalladur. þui j gudz nafni amen. dæmdum wier fyrnefndir prestar med fullu doms atkuædi at hinn tiundi huer fiskur skuli gialldazt æuenliga og obrigduliga med samfengna skreid kirk(i)-unum j uestmannaeyium af ollum þeim fiskum og ueidiskap sem þar kemur a land. nema heilafiske. epter þui sem dandimanna bref og maldaginn j schalholhti utuisar og takizt eingi fiskur af fyr enn tiundiñ er golldiñ. Suo og dæmdum uier fyr nefndañ jon skulldugañ¹⁾ at giallda suo marga fiska sem þrattnefndur sira snorre kynni at beuisa at hann hefði eigi lukt og slika sekt sem a audrum tiundum og j kristinriett²⁾ standa.

Samþykki þenna uorn dom greindur biskup Stephan og setti sitt inncigle med uorum jnnciglum firir þetta bref er skrifat war j sama stad. deigi sidar en fyr seigir.

662.

22. Júlí 1491.

á Hólum.

SNJÓLFUR prestr Sigurðsson lýsir því að hann hafi vegna Ólafs biskups lukt síra Guðmundi Skúlasyni svo mikla peninga fyrir jörðina Býjasker, sem bréfið greinir.

AM. Fasc. XXX, 8, frumritið á skinni með brákuðu innsigli. — Apogr. 3331. — Í sumum bréfabókum er þetta bréf ranglega árfært til 1481, og í bréfabók Biskupsskjalasafns 3. Fol., bls. 391—92, er það árfært til 1490.

Brief um jordena Biaskier.³⁾

Þat giore eg sira sniolfur sigvrdzson godum monnum uiturligt med þessw minw opnv brefe ad eg medkenunzt ad eg hefi lugtt sira gudmundi skulasyne suo mikla pen-

¹⁾ skyldugañ 263. ²⁾ christnum rett 263. ³⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi.

inga biskupsens uegna fyrir jordina bíasker: fim kyr og vj hundrud j gellum nautum. og vj hundrud j gellum saudum. og iiij saudi gamla ad auk. med haustlagi. hier med gaf sira gudmundr biskupen avllungis kuittan med handabandi. vm fyrskrifada peninga. ad þessum Monnum nærveraundum einare biornssyne og eigle grimssyne og morgum dande Monnum audrum hia veraundvm æ holtstavdvm j langadal. og til sanenda hier vm setta eg mitt jusigli fyrir þetta vitnisburðarbref skrifad æ holum j hialltadal fostvdagin næstan epter þorlagx Messo. anno domini M^o cd^o lxxxx primo.

663. 28. Júlí 1491. í Lögmanshlíð.
6. Júní 1492. í Ási í Öxarfirði.

SVEINN bóndi Sumarliðason lýsir sig löggarfa eptir Sumarliða föður sinn og fjárhaldsmann systkina sinna Eiríks, Árna og Ólofar, og leggr lög og dóm fyrir þá peninga, er faðir hans átti, þegar hann dó.

AM. Fasc. XXX, 9, frumrit á skinni, flagnað af fúa til stórskemda Innsiglin eru dottin frá, 6 að tölu.

Þat [giorum] uer þoru[ardur] gislason. ion arnason. ey-iolfur b[od]varson. halldor ionson. M[agnus] snorason. kæri þorgrimsson godum monnum uitrligt med þesso uoro opnu brefi at þa lidit uar fra hingatburd vors herra ihesu christi þushvndr[vd] flógr hundrud [niu ti]ger¹⁾ ok eitt ar i logmanzhl[id] j kraklingahlid æ fimtud[ag]in næstañ fyrir olafsmessu ena fyrri epter andadan sumarlida eireksson uoro [ue]r þ[ar] j hia savm ok h[eyrdum a] at [s]veirn bondi svmarlidason [set]tiz þ[a j öndvegi . . .] llogvm ok lýsti sig logligan erfingia epter greindan svmarlida fodur sinn at fostum eignum ok lavsvm er svmarlidi hafði att. ok svo lysti hann sig logligan fiarhallzman syskina sinna eireks.

¹⁾ Árni ritar utan á bréfið „1491“, og sama ártal stendr í bréfaskrá Grunnavíkr-Jóns.

arna ok olofar þat þeim [b]æri med logum at eignaz af fyrnefndum arfi. uorv þar . . . ntar skvld[er] up a peningana. enn sveirn bondi lagdi log ok dom fyrir þa peninga er svmarl(id)i fader hans hafdi att ok med farit nv ad[ur] enn [h]an deydi. ok til sanenda her vm settu uærr fyrskrifader men uor insigli fyrir þetta bref skrifat i asi i oxarfirdi midvikudaginn næsta fyrir huitasvnnv. ari sidar en fyr seger.

664.

6. August 1491. í Hafrafellstungu.

KAUPMÁLABRÉF Jóns bónda Finnbogasonar og Helgu Sæmundsdóttur.

AM. Apogr. 5611 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna „Ex originali a kalfskinn“.

Þath giðrum wier Einar benedikzson. jon diakne finnbogason. sigmundur tíidelsson ok hauskuddur sygurdzson godum monnum uiturligtt med þessu woru opnu brefue. ath þa lidith war fra guds burd M.^o cd.^o xc. ok eitt ær. a laugardaghenn næsta fyrir laurenciusmessu (j) hafrafellztungu j auxarfirde. worum wier hia. sahum ok heyrðum æ. ord ok handaband jons bonda finnboghasonar af einne halfu enn helgu sæmundardottur kuinnu hans af ánnare. ath sua fyrir skildu. j fyrstu ath greindur jon medkendizst. ath helga kuinna síjn ætte j sinn gard xiii hundrud ok xx i jardagozse er hann hefde tekid hennar vegna ok þar til lxxx. hundrud ok .xix. hundrvth betur. ath til reiknadri tilgiöf. er hann gaf til hennar. ath þeirra gipttingardeghe. sem reiknadizst fiordungur wr fiortantighe hundradha. er hann hafdi haftt til kaups ok eigenordz uid adurgreinda helgu. var ok skilid i þessu þeirra handabande ath jon bonde skyllde megha skipa ok giallda greindri helgu þa peninga sem hann willde fyrir fyrr greinda hennar mala-peninga i fostu ok lausu. þui hun gaf þar fulltt jaayrde ok samþycke til af sinne hende. Suo ok fieck sagdur jon

finnbogason greindri helgu sæmundzdottur kuinnu sinne. fulltt ok allt valld. magtt ok vmbod til vmskiptte áá ath giora. samþycke til ath gefua vñ sijna malapeninga. ok til sijn kiosa mega þa peninga. fasta ok lausa sem hann villde henne giallda ok til skipa j sagdañ mala. ath ollu jafnfullu. sem hun vøre ein fyrir sier. þar bok akuedur. ath þeirre kuinnu ber suaurum ath hallda eptter laugum. þar eptter fleck ok luktte opttnefndur jon finnbogason adrnefndre helgu sæmundzdottur til fullrar eignar fyr greinda mala peninga. jordena hafrafellztungu. er liggur i auxarfirde. med ollum þeim gognum ok giædum. sem greindri jordu hefuer fylggt ath fornv ok nýio ok hann vard fremzst eigande ath. ok þar til jardernar gilsbacka og¹⁾ halfuañ hol a fialle. er liggia i skinnastadaþingum. skyllde hun taka þessar. iij. jarder fyrir xij hundrvth ok .xx. fyrir þath jardagoz er hun atte i hans garde. hier til skipade hann ok luktte henne .xx. malnytu kwgillde .xx. gelldfiar kwgillde .x. hundrud j kauplum. xx. vætter smiors fyrir fyrir x. hundruth. j silfre ok klædum .x. hundrvth. j hwsbunade. sængum ok aklædum .x. hundrud. j kauttlum. pottum. koparsmide. tinsmijde. ok audrum bordbwnade .x. hundrvth. j kistum ok bwsgagne. sma ok stæru med odrum bwhlutum ok þarfigum peningum. x. hundrud. Hier i mote gaf optt nefnd helga títt nefnda jon bonda sinn ok giorde aurlu(n)giss kuittañ ok akiærulausañ. vñ alla þa peninga sem hun atte j hans gard. fasta ok lansa. war ok þath fullkomligha skilith i þessum greindra hiona giorninge ok handabañde. ath nær a .xij. manudum sem þeirra misdaude kynne ath werda. suo ath hun lifde honum leingur. þa skyllde nefnd helga taka ath sier til fullrar eignar. frials forrædiss ok asetu greinda jord tvngu. vnder sitt bw ok peninga. suo ok skyllde hun taka til sijn greind tíjtige¹⁾ hundradha af þeim peningum. er saman stæde heima i tungu. med dañdemanna maate ok ýfuersyn. erfingionum til vissuligrar audsyningar. enn

¹⁾ Svo

það goz frijtt edur ofrijtt. sem meira kynne saman standa a greindre jordu. ok jon hefde átt. skulu erfingiar til sijn taka. ath riettu laghaskiptte. kynne ok suo werda ath hann lifde henne leingur. þa skilde þrattnefndur jon finnbogason sier apttur til fullrar eignar. allar fyrnefndar jarder. tungu. gilsbacka ok hol. enn erfingiar greindrar helgu skýlldu þa taka i sinn modurarf .xiiij. hundrud ok .xx. i jordum. ok jordunne rangáá. þar i tilskildre. ok sliectt af lausafie sem reikningur til stendur ath tilgiof nidur felldri. sem logmal tilskipar. Stadfestu. jatudhu ok samþyckttu med síjnu handabande þesse þrattnefnd hion. jon finnbogason ok helga sæmundzdotter. allan þenna giorning. af beggia hende. fastan. stodugan ok obrigdileghan wera ok wera skýlldu fyrir sier ok sijnum erfingium. war finnboghe jonsson laugmadur forsagnarvottur fyrir þessum þeirra giorninge. ok samþycktti a laganna veggna allan þenna giorning. skipan ok fleskiptte greindra hiona i mille. þui ef suo kynne ath profuazst med riettu logmale ath tíjttnefnd helga mætte minne peninga eignazst enn fyrrskrifuad stendur. j sin mala ok af fie bonda síjns. þa gaf þrattnefndur jon finnboghason henne suo mikid i síjna logiof vpp i þessa fyrrsagða peninga sem af hennar mala kynne reiknazst. ok apttur teliazst. ath riettu logmale. Ok til sannenda hier vin setti finnboghe jonsson laugman sitt jnciglle med worra fyrrgreindra manna jncigllum fyrir þetta bref. giortt ok skrifad i sama stad deghe ok áare sem fyrr sager.

665.

21. August 1491.

í Snóksdal.

SIGURÐB Daðason kongs umboðsmaðr í Húnavatnsþingi gefr Egli bónda Grímssyni fult umboð til að halda þing um mannslag Jóns Sigurðssonar, að leiða megi víglýsing hans.

Bréf þetta er merkilegt fyrir það, að það er grundvöllr falsbréfanna um Jón lögmann Sigmundsson.

A.

[Ófalsaða bréfið].

Eptir „*Morðbréfabæklingi*“ Guðbrands biskups Þorlákssonar hinum þriðja og síðasta, er hann kallar: „*Sönn undirvísun um þau ómannlegu, hræðilegu og óviðurkvæmilegu morð og manndráps bréf, og nokkra aðra gjörninga, sem skrifaðir og lognir hafa verið uppá Jón Sigmundsson laungu eptir hans dauða og afgang*“, Hólum 1608, bl. Bj. Um bréf þetta fer biskup svo látandi orðum: „Úr þessu bréfi hafa þeir fyrst morðbréfin smíðað með þessum hætti: Maðr var í Húnavatnsþingi, hét Jón Sigurðsson, faðir Gísla bónda, bjó á Mærðarnúpi; hann varð manni að skaða, sem hét Jón Markússon, sem bevisað verður með gömlum bréfum og innsiglium. Þar af má merkja, að einhver efi hefr verið á, hvort Jón Sigurðsson muni hafa lýst vígi eptir lögum. Því hefr Sigurðr Daðason sýslumaðr viljað rannsaka það. Hér hafa þeir falsarar feingið kveikina, og á þessum grundvelli og af þessu bréfi diktað þetta bróðurmorð,¹⁾ fyrst svo, að krabba og gera Jón Sigmundsson úr Jóni Sigurðssyni, sem berlega sér á bréfinu, hugsandi ekki þar um, að Ágrímr var veginn átta árum fyrri en Jón Markússon; síðan hafa þeir gert hvert bréf eptir annað, og skammzart sín ekki, heldr burtkastað allri æru og öllum guðs-ötta, öllum náungans kærleika, og skrifað svo hvert falsbréfið eptir annað“.

Það giöre eg Sigurdur Dada son Kongs Vmbods maður j Húnavatsþinge. godum Móñum kunnugt með þessu voru opnu Briefe. að eg hefe feinged Eigle Bonda Grijms-syne fullt og allt Vmbod til að setia þing vm það Mañslag. sem Jon *Sigursson* hefur ofyrersyniu j falled so þar meige hans Vmbodsmañ leida hans Vijglysing. gief eg honum þar fullt valld til. Dom að nefna. Eid að taka að jafnfullu sem eg sialfur. Og til sañenda hier um set eg mitt Jñsigle fyrer þetta Brief. skrifad j Snogsdal j Middölum. sunnudagen næstañ fyrer Bartholomei messu. Arum epter Guds burd 1491.

B.

[Falsbréfið].

AM. Apogr. 693, að því er virðist, eptir sjálfu frumfalsbréfinu. — Apogr. 3956 eptir transskripti á pappír frá 1594. — Bisk. 4. 4to bls. 217

¹⁾ Þ. e. að Jón Sigmundsson hafi vegið Ásgrím bróður sinn 1488.

(Syrpa Guðbrands biskups). Ófalsaða bréfið (A.), sem hlýðir upp á Jón Sigurðsson, er prentað í þriðja Morðbréfabæklingnum 1608, Bj, en þetta er ekki prentað þar.

Þat giorer ek sigurdr dadason kongs umbodsman j hona-uazþingi¹⁾ godum monnum viturlíkt med þessu [voru opnu²⁾] brefi at ek hefur³⁾ feingid egli bonda grimssyni fullt ok allt umbod til at setia þing um þat manslag sem ion *sigmundsson* hefur ufyrrersyniu j fallid suo þar megi hans umbodsman leida hans uiglysing [giefr ek⁴⁾] honum þar fullt valld til doma at nefna ok eida at taka at iafnfullu sem ek sialfur. ok til sannenda her um setta ek mitt jnsigli fyrer þetta bref er skrifat var j snoxdal j middaulum sunnudagin næsta fyrir bartolumeus Messo arum epter guds burd [M^o cccc notiger ok eitt ar.⁵⁾]

666. 27. September 1491. á Þingeyrum.

VITNISBURÐUR um reka fyrir Gnýstaðalandi á Vatnsnesi.

AM. Fasc. XXX, 6, frumritið á skinni. Öll (3) innsiglin eru dottin frá. — Apogr. 419.

Bref vīm nystadi.⁶⁾

Þath giorvm vier arni jonson og skulijonson og saului þorvallzson godum monnum viturlígt med þessv vorv opnv brefi at þa er lidith var fra hingadbvrd vors herra jhesv christi þushund fiogr hundrvt notiger og eit ar. a þingeyrum j hvnavazþingi a þriðiudaginn næsta fyrir micaelssmesso vorum vier j hia saum ok heyrðvm a at asgrimr aboti tok svo felldañ vitnisburd med hañdabandi af gunnari biarnarsyni at adrgreindur gvnnar sagdizt hafa farit med jord klaustursins a þingeyrum nýstade a uatznesi vīm þriu ar epter bygging jons abota. sagdi fyr nefndur gunnar at aboti jon hefði sagt ser at kirkian a asgeirsa ætti þar halfan

¹⁾ 693; Hunavatnþing 3956. ²⁾ voru opnu 3956.; brjáluð skammstafan í 693. ³⁾ 693; hefe 3956. ⁴⁾ [giefum vier 3956. ⁵⁾ [m. iiiijc xc og j ár (!) 3956. ⁶⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

